


279.2
Men

Til nýrrar aldar

Framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins
í skólamálum til ársins 2000



BÓKASAFN



Menntamálaráðuneytið
1991

Til nýrrar aldar - Framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins
í skólamálum til ársins 2000

Prentun: Gutenberg

Hönnun kápu: Haukur Már Haraldsson

Menntamálaráðuneytið - Reykjavík 1991

ISBN 9979-821-01-9

Til nýrrar aldar

Þessi stefnumótun í skólamállum til áratugar - til næstu aldar - á að vera eins konar hjálpartæki ráðuneytisins, skóla og annarra sem sinna skólamállum á Íslandi allt frá leikskólum til endurmenntunar og fullorðinsfræðslu. Kannski ætti frekar að nefna þetta skjal leiðarvísi. Tilgangurinn er sá að öllum megi vera ljóst að fylgt er **heildarstefnu í skólamállum**. Það er ekki ætlunin að stefnan sé skrifuð í eitt skipti fyrir öll; stefnugerð verður þá takmarkandi og leggur hömlur á þau verkefni sem lífið kallar fram hverju sinni. Þess vegna verður stefnan stöðugt að vera í endurmótun og endursköpun.

En tilgangurinn er einnig sá að skapa starfsmönnum ráðuneytisins aðstöðu til þess að starfa eftir stefnu sem þeir hafa mótað í samvinnu við aðra aðila í þjóðfélaginu. Þar með hefur skjalið líka þann tilgang að styrkja faglegan metnað og aðstöðu starfsmanna menntamálaráðuneytisins á hverjum tíma. Þeir eiga þá ekki að þurfa að hlíta dyntum og uppákomum augnabliksins sem oft eru algerlega úr samhengi við það sem kalla mætti skólastefnu.

Stefnan hefur ekki sprottið fram úr höfði okkar sem vinnum í ráðuneytinu um þessar mundir. Hún tekur í fyrsta lagi mið af umhverfi sínu, lögum landsins, fjárlögum og fjárhagsáætlunum. Hún tekur mið af þeim stofnunum sveitarfélaga og ríkis og samtökum starfsmanna sem standa að skólamállum á Íslandi.

Þessi framkvæmdáætlun er mótuð af starfshópi sem menntamálaráðherra skipaði. Í honum sátu settur ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, skrifstofustjórar, deildarstjórar í fagdeildum um skólamál og deildarsérfræðingar, auk Gerðar G. Óskarsdóttur ráðunautar ráðherra um skólamál, sem skipulagði og stýrði verkinu og skrifaði textann. Áætlunin fékk einnig víðtæka umfjöllun meðal annarra starfsmanna ráðuneytisins í einstökum deildum og auk þess var leitað eftir viðbrögðum nefnda og hópa sem starfa á vegum ráðuneytisins um einstaka þætti og sótt til þeirra ráð og frekari tillögur. Þar má nefna fræðslustjóra, samstarfsnefnd framhaldsskóla, iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegsins, samstarfsnefnd háskólastigsins, samstarfsnefnd um fullorðinsfræðslu og starfshópa kennara og fóstura um ákveðna þætti. Viðhorf þessara aðila hafa haft mikil áhrif á áætlunina.

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir menntamálaþingi 16. - 17. nóv. 1990 þar sem drög að þessari áætlun voru lögð fram til umræðu og var boðið þangað um 200 fulltrúum innan og utan skólakerfisins. Þetta var fyrsta menntamálaþingið hér á landi sem fjallaði um skólastefnuna í heild. Ýmsir aðilar voru fengnir til að láta í ljós álit sitt á áætluninni og einstökum þáttum hennar og þingfulltrúar ræddu efni hennar í starfshópum. Einnig var óskað eftir skriflegum athugasemdum og sendu tæplega 30 aðilar ráðuneytinu tillögur um breytingar. Nokkrir þeirra komu einnig á fundi í ráðuneytinu. Starfsmenn ráðuneytisins hafa nú unnið úr þeim athugasemdum sem fram komu á þinginu eða bárust að því loknu og liggur niðurstaða nú fyrir. Það er álit okkar að umræðan á þinginu og

eftir það hafi styrkt stefnuna og gert hana að betra hjálpartæki. Við þökkum öllum þeim sem hér komu við sögu fyrir gott framlag.

Tillaga um vinnu við framkvæmdaáætlunina og tímaáætlun lá fyrir í lok janúar 1990. Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn í febrúar 1990 og hópurinn hefur síðan fylgt verkinu eftir í heilt ár.

Stefna menntamálaráðherra á hverjum tíma mótast af lögum og þeim áherslum sem ráðherrann tekur mið af. Liggi skýr stefna fyrir við ráðherraskipti sér nýr ráðherra hvaða málum verið er að vinna að. Hann getur þá tekið afstöðu til einstakra mála, samþykkt að halda áfram á sömu braut, breytt um áherslur og forgangsröðun eða tekið upp ný mál. Þannig komast upplýsingar um breytingar betur til skila. Meðan ráðherra hefur ekki ákveðið að breyta um áherslur geta starfsmenn innan og utan ráðuneytisins haldið áfram vinnu á markaðri braut. Það kemur í veg fyrir röskun sem stafað getur af óvissu við ráðherraskipti. Það er að sjálfsögðu á valdi Alþingis á hverjum tíma að breyta heildarstefnu eða marka nýja með lagasetningu.

Á undanförunum tveimur árum hefur verið unnið að því á vegum menntamálaráðuneytisins að draga upp mynd af skólakerfinu í heild frá leikskóla til fullorðinsfræðslu, m.a. á fjölda funda um allt land með skólafólki á öllum skólastigum svo og foreldrum, þar sem núverandi stöðu hefur verið lýst og rætt um brýn verkefni sem liggja fyrir á öllum skólastigum.


Skólakerfið á Íslandi stendur nú á krossgötum. Frumvarp um leikskóla liggur fyrir. Aðalnámskrá grunnskóla kom út vorið 1989; 6 ára börn eru nú skólaskyld og grunnskólafrumvarp liggur fyrir Alþingi. Framhaldsskólalögin hafa verið endurbætt, unnið er að breytingum á verkefnum framhaldsskólanna og breytingum á innri skipan þeirra. Háskólinn er sjálfstæð stofnun um mannaáætlun og samstarf skóla á háskólastigi hefur verið eft. Frumvörp um almenna fullorðinsfræðslu og endurmenntun í atvinnulífinu liggja fyrir. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga um skólana er skýrari en áður. Sérkennsla hefur verið aukin verulega og þar með hefur fötluðum og öðrum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda verið veitt meiri hlutdeild í menntun og daglegu lífi hinna. Skólatími yngstu barnanna hefur verið lengdur, á annan tug funda um aukið samstarf heimila og skóla hefur verið haldinn um allt land að undanförunum og svo mætti lengi telja. Þannig hefur á sl. tveimur árum verið lagður nýr grundvöllur að skólastefnunni sem hér liggur fyrir.

Til þess að framkvæma þessa stefnu þarf margt að koma til. Fyrst er öflug kennara- og fósturstétt sem er sátt við laun sín og starfsaðstæður. Annað eru foreldrar sem sinna skólagöngu barna sinna með reglulegum hætti og traust samvinna heimila og skóla. Hið þriðja er almennur skilningur yfirvalda, Alþingis og sveitarstjórna, á skólanum. Allt þetta mun síðan skila því sem oftast er nefnt fyrst: Fjármunum til að framkvæma stefnuna.

Hér með leggjum við þessa vinnu fyrir alla þá sem vinna að menntamálum og þá sem áhuga hafa á starfi skóla.

Það er von okkar að áætlunin sem heild nýtist til þess að koma skólamálunum með ábyrgari hætti í umræðu, fleiri láti sig skólamálin varða og hún verði trúverðugur rökstuðningur þegar sóst er eftir auknum fjárfraumlögum til skólamála. Síðast en ekki síst er þess vænst að stefnan verði gagnlegt hjálpartæki til þess að lyfta skólamálunum á 10. áratugnum - til nýrrar aldar.

Reykjavík, 22. febrúar 1991.



Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	7
Samantekt á helstu áhersluþáttum	16
1. Meginmarkmið	19
2. Leikskólar	29
3. Grunnskólar	39
4. Framhaldsskólar	83
5. Háskólar	113
6. Fullorðinsfræðsla	137
7. Kennara- og fósturmenntun	149
8. Menntamálaráðuneytið	165
Niðurlag	175
Heimildir	177

Viðauki um fjármál

INNGANGUR

Hér liggur fyrir framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000 þar sem lagðar eru línur um áherslur á sviði menntamála á næsta áratug innan þeirra heildarmarkmiða sem sett hafa verið og myndast hefur samstaða um, m.a. við lagasetningu á Alþingi. Þetta er langtímaáætlun um þróun skólamála - sóknaráætlun - þar sem tengd eru saman markmið til langs og skamms tíma.

Þessi áætlun er unnin að tilhlutan núverandi menntamálaráðherra, Svavars Gestssonar. Hún felur í sér tillögur um framkvæmd og útfærslu fyrirbyggjandi stefnumiða, en hún er jafnframt yfirlit yfir núverandi stöðu skólamála og þróun þeirra á síðustu árum.

Tekið skal fram að áætlunin fjallar ekki um inntak náms í einstökum námsgreinum eða á einstökum námsbrautum, það er gert í námskrám. Ekki eru gerðar áætlanir um framkvæmd þeirra þátta skólamála sem eru á vegum sveitarfélaga, en fjallað er um samvinnu við þau um ýmis mál. Ekki eru heldur gerðar áætlanir um einstakar stofnanir því að áhersla er lögð á sem mest sjálfstæði þeirra til að móta starfið innan þess ramma sem þeim er settur, m.a. með fjárframlögum og samræmdum námskrám þar sem því er að skipta. Í umfjöllun um háskólastigið er aðeins fjallað um kennsluþátt þessara stofnana en ekki rannsóknir eða vísindastarfsemi á þeirra vegum. Stefnumörkun á sviði vísinda og tækni liggur fyrir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu frá því í nóvember 1990.¹ Á grundvelli hennar þarf m.a. að taka afstöðu til hlutdeildar einstakra háskólastofnana í rannsóknum.

Menntamálaráðuneytið fjallar um þrjá mikilvæga þætti í íslensku þjóðlífi: Menningarmál, vísindi og skólamál. Nú hefur verið mörkuð stefna um vísindin og skólamálin og fyrir liggur stefna til ársins 2000 um þann þátt menningarmála sem snýr að íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamálum.²

Rök fyrir gerð framkvæmdaáætlunar

Lífsafkoma þjóðarinnar byggist annars vegar á auðæfum lands og sjávar og hins vegar á menntun þjóðarinnar og þekkingu. Nemendur sem nú eru í grunnskólum stíga sín fyrstu spor í atvinnulífinu og stofna fjölskyldur um og eftir aldamótin. Þau börn sem um þessar mundir eru að hefja skólagöngu í leikskóla koma á vinnumarkaðinn á öðrum áratug næstu aldar. Því skiptir miklu máli að þeir sem vinna að skólamálum geri sér far um að sjá sem lengst fram á veginn.

Þessari langtímaáætlun um framkvæmd ýmissa þátta skólamála er ætlað að auðvelda öllum þeim sem vinna að menntamálum að sjá verkefni í samhengi, hvetja menn til að horfa fram í tímann og stuðla að meiri samfelli í starfsemi og þróun þeirra mála sem unnið er að. Henni er jafnframt ætlað að örva framsækna hugsun og stuðla að hagræðingu og samvinnu á sviði menntamála. Hún á að varpa ljósi á vandamál sem bíða úrlausnar í skólakerfinu og beina athyglinni að ákveðnum forgangsverkefnum sem leysa þarf á síðasta áratug 20. aldar. Þannig er á hverjum tíma ljóst hvert er stefnt en ekki teknar

ákvarðanir um einstaka þætti án samhengis við annað; meiri líkur eru á að málum verði fylgt eftir; auðveldara en ella að útskýra það sem gert er; menn vita betur hvar þeir standa og auðveldara er að andmæla stefnunni eða lýsa sig fylgjandi henni. Þegar fjármagni er skipt á Alþingi er stefnan rökstuðningur fyrir fjárlagatilögum og þannig stuðningur við fjárbeiðnir.

Stuðningsgögn og samráð

Í upphafi árs 1989 leitaði menntamálaráðuneytið til ýmissa aðila bæði innan og utan skólakerfisins eftir hugmyndum þeirra um verkefni á sviði skólamála sem leggja þyrfti áherslu á næstu 10 árin. Skólafólk, foreldrasamtök, þingflokkar, landshlutasamtök sveitarfélaga, aðilar vinnumarkaðarins, félagasamtök og fleiri voru beðnir að tilgreina um 10 forgangsverkefni á grunn- og framhaldsskólastigi á næsta áratug, færa rök fyrir mikilvægi hvers verkefnis og tilgreina nauðsynleg skref sem stíga þyrfti til að koma málefnum í framkvæmd. Svarendur sem voru hátt á fjórða þúsund í misstórum hópum nefndu samtals um 60 málaflokka. Hér liggur fyrir mikilvægt safn upplýsinga og hugmynda sem unnið hefur verið úr á ýmsan hátt.^{3 4} Meirihluti svarenda vildi m.a. leggja áherslu á eftirtalda málaflokka:

- Einsetinn og samfelldan skóla, lengri skóladag fyrir yngri börnin og skólamáltíðir,
- aukin og bætt námsgögn,
- aukinn hlut lista og verkmenntagreina,
- bætt kjör og starfsaðstöðu kennara,
- fækkun nemenda í námshópum,
- menntun kennara, bæði grunn- og endurmenntun,
- móðurmálskenntu og menningarmál,
- sérkenntu,
- jafnrétti til náms,
- byggingarmál,
- aukið samstarf skóla og atvinnulífs.

Í janúar 1990 sendi ráðuneytið spurningalista til allra framhaldsskóla í landinu um málefni framhaldsskólans. M.a. var spurt um áherslur í námskrá, þróunarstarf, sjálfstæði skóla, ýmsa þjónustu við nemendur, verkaskiptingu skóla og samstarf skóla og atvinnulífs.⁵ Spurningarnar komu í framhaldi af umræðum sem fram fóru skólaárið 1989 - 1990 í kjölfar skýrslu nefndar um innra starf framhaldsskóla sem kom út í júní 1989. Sú skýrsla var m.a. rædd á um tíu umræðufundum menntamálaráðherra og starfsmanna úr ráðuneytinu með starfsmönnum allra framhaldsskóla víða um land.

Í ársbyrjun 1990 var einnig sendur út spurningalisti til skóla á háskólastigi og sérskóla sem starfa á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs um málefni og þróun þess skólastigs. Þar var m.a. spurt um hlutverk háskóla og tegundir náms, starfsskyldur kennara, skil framhaldsskóla og háskóla, samstarf og verkaskiptingu skóla á þessu skólastigi.⁶ Nokkru áður höfðu umræðupunktur um háskólastigið verði sendir skólunum og voru þeir ræddir á ráðstefnu síðla árs 1989.

Segja má að þessi áætlun sem hér liggur fyrir sé framhald af könnuninni um 10 helstu forgangsverkefni og spurningalistunum - helstu þættir sem fram komu í svörunum eru teknir upp hér - en megingrunnur áætlunarinnar byggir á þeim markmiðum sem sett eru í fyrirliggjandi lögum og reglugerðum. Jafnframt var við þessa áætlanagerð tekið

mið af margvíslegum öðrum gögnum, svo sem niðurstöðum nefnda um ýmsa málaflokka frá síðasta áratug, frumvörpum og álitsgerðum, stefnuskrám kennarasamtaka og stjórnmalaflokka, úttekt OECD á skólstarfi á Íslandi,⁷ samanburðargögnum við önnur lönd, svo og könnunum og niðurstöðum af rannsóknum. Vinna vegna málræktarátaksins 1989, fimm ára átaks um námsráðgjöf og starfsfræðslu sem hófst haustið 1989, átaks um barnameningu 1990-1991, Árs læsis 1990 og fyrirbyggjandi Íþróttá-, æskulýðs- og tómsundastefna til ársins 2000⁸ hafa einnig nýst við þessa áætlanagerð. Einnig var aflað upplýsinga frá Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og Byggingastofnun um efnahagsmál, mannfjölda- og byggðaþróun (sjá að öðru leyti heimildaskrá).

Dagana 16. - 17. nóv. 1990 stóð menntamálaráðuneytið fyrir menntamálaþingi að Hótel Loftleidum og var um 200 manns víðs vegar að úr skólakerfinu og atvinnulífinu boðið til þingsins. Þingfulltrúar fengu drög að framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í skólamálu til ársins 2000 til skoðunar um 10 dögum fyrir þingið. Í framsögum og umræðum á þinginu komu fram margar gagnlegar ábendingar sem teknar hafa verið til greina og eftir þingið bárust ráðuneytinu hátt á þriðja tug bréfa með ábendingum og athugasemdum við drögin. Fjöldi athugasemda var tekinn til greina og var öllum aðilum sent svarbréf þar sem greint var frá hvers vegna sumar ábendingar voru ekki teknar í áætlunina. Einnig voru haldnir fundir í ráðuneytinu með nokkrum aðilum í framhaldi af bréfum þeirra.

Í áskorun Evrópuráðstefnu Alþjóðakennarasamtakanna (WCOTP) sem haldin var í Reykjavík 12. - 15. október 1990 er m.a. lögð áhersla á að litið sé til framtíðar og hverju Evrópuríki beri að koma á skipulagðri áætlanagerð í menntamálu fyrir landið allt sem unnin sé og metin í samvinnu við stéttarsamtök og sérfræðileg samtök kennara.⁹

Það sem einkennir því þessa áætlun er að margs konar markmið sem sett hafa verið, áætlunir sem unnið hefur verið að og kannanir sem gerðar hafa verið og snerta skólamál eru hér tvinnnaðar saman á einum stað, jafnframt því sem farið hefur fram viðtæk umræða við fjölda aðila um áætlunina. Allra stuðningsgagna er getið í heimildaskrá og auk þess er listi yfir útgáfur menntamálaráðuneytisins frá undanförunum árum fremst í öðrum til sjöunda kafla.

Hér hefur verið stuðst við upplýsingar og gögn sem liggja fyrir í byrjun árs 1991. Þeim sem að áætluninni unnu er ljóst að tíminn hefur ný viðhorf í för með sér og forsendur munu því breytast. Ný mál koma upp sem þarf að sinna. Áætlun sem þessi verður því aldrei fullunnin heldur hlýtur hún að vera í sífelldri þróun og endurskoðun með hliðsjón af nýjum upplýsingum, reynslu af framkvæmd stefnunnar og pólitískum áherslum á hverjum tíma.

Umgjörð áætlunarinnar

Þeir áhersluþættir sem hér eru settir fram rúmast innan ramma gildandi laga, en einnig hefur verið tekið mið af frumvörpum til laga sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Þetta er því áætlun um útfærslu og forgangsroðun. Auk lagarammans hefur verið tekið mið af ytri aðstæðum svo sem:

- fjöldi nemenda; fjöldi kennara og fóstora og nema í kennara- og fóstunámi;
- samfélagsþróun, t.d. hvað varðar fjölskyldur og sameiginlegt uppeldishlutverk skóla og heimila; sókn í menntun; umhverfisvernd; atvinnu- og iðnþróun; þróun menntamála á alþjóðlegum vettvangi og gagnkvæmri viðurkenningu á menntun á milli landa;

- c) þróun efnahagsmála og fjárhagslegri getu á hverjum tíma;
- d) hefðum um skólahald, svo sem skiptingu tíma á námsgreinar o.fl.;
- e) húsnæði, bæði viðhaldi og nýbyggingum, aðstöðu o.fl.;
- f) nýrri þekkingu sem hefur áhrif á inntak náms, kennsluhætti, námsefni og kennaramenntun.


a) Nemendafjöldi; fjöldi kennara og fóstura

Nemendum á grunnskólaaldri fjölga nú ekki eins hratt og verið hefur á undanföllum áratugum. Árgangar sem nú eru tveggja til sex ára eru fámennari en fyrri árgangar, aftur á móti hefur fjölgað nokkuð í tveimur yngstu árgöngunum (1988 og 1989). Fækkun grunnskólanemenda getur gefið aukið svigrúm til þess að taka á málum sem ekki hefur verið fjárhagsleg geta til að sinna.

Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á heildarnemendafjölda í grunn- og framhaldsskólum á næsta áratug. Meiri óvissa er um háskólastigið.

Mynd 1

Mannfjöldi 31. desember 1989 eftir fæðingarári



Fæðingarár

Heimild : Hagfóðindi 1990.


Börn á leikskólaaldri, þ.e. hálfis árs til fimm ára eru nú um 22.600 og eru yngstu árgangarnir, þ.e. börn fædd 1988 og 1989, langfjölmennastir eða um 4.500 en þeir eldri um 4.000. Í framreikningum Byggðastofnunar er gert ráð fyrir að fjöldi í hverjum árgangi á næstu árum verði um 4.300.¹⁰

Skólaárið 1989 - 1990 voru nemendur í grunnskólum um 42.000 að forskóla meðtöldum (sem þá var ekki skólaskyldur), en voru um 41.400 árið 1981. Um miðjan þennan áratug verða grunnskólanemendur enn um 42.000.¹¹ Samkvæmt framreikningum Byggðastofnunar helst þessi fjöldi til aldamóta. Bent skal á að foreldraárgangar sem þá verða á milli tvítugs og þrítugs eru fámennari en árgangar sem nú eru á þessum aldri. Miðað við þróun undanfarinna ára má búast við að nemendum í dreifbýli fækki á þessu tímabili og því gæti skólum fækkað þar.

Nemendum í framhaldsskólum fjölga aftur á móti nokkuð vegna stærri árganga og meiri sóknar nemenda í framhaldsnám en þess ber að geta að gert er ráð fyrir að hópur nemenda stundi námið að hluta í atvinnulífinu. Ungmennni á aldrinum 16-19 ára voru árið 1990 tæplega 16.900 en verða um 17.300 árið 2000. Sama má segja um háskóla (sjá kafla 5).

Mynd 2

Hlutfall nemenda og kennara



Fjöldi nemenda á kennara í öllu skólakerfinu.

Útreikningar á mannafla við skólahald eru byggðir á útreikningum Þjóðhagsstofnunar á ársverkum út frá launagreiðslum.

Margs konar þróun í skólamállum, þar á meðal þróun sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun, krefst fleiri kennara og fóstara en nú eru starfandi eða hefur í för með sér þörf fyrir kennara með annars konar menntun en nú er kostur á.

Mynd 2 sýnir mjög öra þróun í þá átt að nemendum á hvern kennara fækkar. Sú þróun heldur væntanlega áfram, t.d. vegna lengri skóladags og fækkunar í nemendahópum (sbr. kafla 3.1 og 3.2).

Sókn nemenda í kennara- og fóstrunám og möguleikar þeirrar menntunar hafa mikil áhrif á alla þróun, hún getur verið háð efnahagsþróun og stöðu í kjaramálum. Tækifæri til kennara- og fóstrunáms án tillits til búsetu skipta einnig miklu máli (sjá 7. kafla).

b) Samfélagsþróun

Breytt staða fjölskyldunnar og aukin atvinnuþátttaka foreldra breytir hlutföllum í skiptingu uppeldishlutverksins á milli skóla og heimila og hefur þannig áhrif á lengd skóladags, inntak náms og kennara- og fóstrumenntun. Sömuleiðis hafa breytingar í atvinnulífi og ör þróun á sviði þekkingar og tækni afgerandi áhrif. Við ákvarðanir um áherslur í námi verður að hafa hliðsjón af stóru auknum samskiptum og samvinnu við önnur

lönd og aukin samræming á skólanámi á milli landa getur haft meiri áhrif á þróun skólamála hér á landi á næstunni en nú er unnt að gera sér grein fyrir.


c) Fjármál

Heildarframlög ríkissjóðs til skólamála nema liðlega 13 milljörðum króna eða rúmlega 13% ríkisútgjalda samkvæmt fjárlögum ársins 1990.

Fjárveitingar til skólamála hafa undanfarna tvo áratugi verið á bilinu 14-15% ríkisútgjalda. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð á undanförunum árum. Á því eru margar skýringar, m.a. má nefna að stór hluti ríkisútgjalda fer í afborganir og vexti af lánnum.

Mynd 3

Hlutfall skólamála af heildarútgjöldum ríkissjóðs (A-hluti)



Framlög til menntamála hafa að jafnaði verið um 4,5% af þjóðarframleiðslu.

Áætlað er að á síðasta áratug hafi hlutur sveitarfélaga í kostnaði við skólakerfið verið um 10-15%, þ.e. 20-25% af rekstri grunnskóla og um 10% af rekstri framhaldsskóla. Til viðbótar greiða sveitarfélög nær allan kostnað við leikskóla.


Nokkur breyting varð á þátttöku sveitarfélaga í rekstri skóla með breyttum verkaskiptalögum sem tóku gildi 1. janúar 1990. Sveitarfélögin greiða nú ein stofnkostnað og rekstur skólahúsnæðis í grunnskólum en á móti greiðir ríkissjóður einn rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Miklir fjármunir fara til menntamála og því er mikilvægt að þeim sér vel varið og hagræðingu beitt á öllum sviðum. Gott menntakerfi skilar þjóðfélaginu fólki sem á grundvelli menntunar sinnar getur stuðlað að aukinni hagsæld fyrir alla landsmenn.

Hér fer á eftir yfirlit yfir fjárframlög ríkisins til skólakerfisins á síðasta áratug. Vakin er athygli á að hlutur sveitarfélaga er ekki reiknaður með. Tilgreind eru fjárframlög til einstakra skólastiga á árunum 1980-90, án stofnkostnaðar (tekið er beint framlag ríkisins til Háskóla Íslands, en ekki reynt að meta stofnkostnað né sértekjur). Einungis er um að ræða skóla sem falla undir menntamálaráðuneytið.

Mynd 4

Útgjöld menntamálaráðuneytisins til skólamála og stjórnunar



Þessi mynd miðast við júní-verðlag 1990, framreiknað með framfærsluvísitölu.

Raunsæ stefna í menntamálum verður ekki mörkuð nema reiknaður sé kostnaður við þær endurbætur sem mótaðar eru á faglegum grundvelli. Í viðauka er gerð grein fyrir áætluðum kostnaðarauka sem stefnan felur í sér. Faglegum rökum stefnunnar er ætlað að vera vopn í baráttunni fyrir auknum skilningi á fjárþörf til þessa málaflokks, en fáist ekki það sem sóst er eftir verður að raða verkefnum í forgangs röð eftir faglegum og fjárhagslegum forsendum.

Möguleikar á áframhaldandi þróun í menntamálum byggjast á því að ná aftur sama hlutfalli ríkisútgjalda og verið hefur á liðnum árum og/eða að aukinn hagvöxtur skili sér til fræðslumála. Þannig eru fjárframlög til skólamála háð þróun efnahagsmála og stjórnmálalegum áherslum á hverjum tíma.

d) Hefðir um skólalald

Hér á landi eins og annars staðar hafa skapast sterkar hefðir um skólalald sem eru hluti af menningu þjóðarinnar. Ekki er ætlunin að breyta þeim í meginatriðum með þessari áætlun, þótt lagt sé til að ýmsum hefðbundnum starfsháttum sé breytt.

e) Húsnæði

Þróun skólamála er að hluta háð því húsnæði sem er til reiðu. Á árinu 1990 lagði ríkið um 750 milljónir kr. til framkvæmda við skólabyggingar og ætla má að sveitarfélögin hafi lagt fram um einn milljarð kr. Háskóli Íslands lagði á því ári um 160 milljónir kr. í byggingar og var þess fjár aflað með arði af happdrætti hans. Ekki liggur fyrir heildaryfirlit yfir framlög sveitarfélaga á undangengnum árum en reikna má með að hlutfallið hafi verið svipað um nokkurt skeið. Á næstu árum er þörf á að stórúkið fé fari í viðhald skólalúsnæðis.

f) Ný þekking

Ný þekking mun breyta áherslum í inntaki náms á næstu árum en um þann þátt er, eins og fyrir segir, ekki fjallað nema að litlu leyti í þessari áætlun.

Þessar ytri aðstæður sem hér hefur verið fjallað um í liðum a - f hafa áhrif á skólann einar sér eða í tengslum hver við aðra og mynda m.a. umgjörð um þessa framkvæmda-áætlun.

Kjör starfsmanna skóla

Árangur og þróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins byggir að verulegu leyti á menntun þegnanna og þar með á starfi skóla. Störf við uppeldi og menntun hafa úrslitaáhrif á líf sérhvers einstaklings um lengri eða skemmri tíma og geta ráðið miklu um persónuþroska og lífshlaup manna.

Árangur af skólastarfi og skólaþróun er öðru fremur háður starfsfólki skólanna. Alkunna er að það hefur veruleg áhrif á gæði og afköst vinnu að starfsmönnum líði vel á vinnustað, að þeir finni að virðing sé borin fyrir störfum þeirra og að þeir séu sæmilega sáttir við kjör sín og starfsaðstöðu. *Menntamálaráðuneytið leggur því áherslu á að uppeldis- og fræðslustörf öðlist þann virðingarsess sem þeim ber og að starfsmönnum skóla séu boðin kjör og starfsaðstaða sem þeir setta sig við.*

Eins og málum er háttað fer menntamálaráðuneytið ekki með launa- og kjaramál og því eru þau ekki sérstakt verkefni í þessari áætlun. Það er hins vegar stefna ráðuneytisins að fjallað verði um fagleg sjónarmið og kjör starfsmanna í samhengi, þ.e. í skólasamningi með fullri aðild menntamálaráðuneytisins þar sem samið sé um kjörin í tengslum við breytingar á skólastarfi og þróun skólamála.

Útgáfa þessarar áætlunar er liður í þeirri viðleitni að vekja áhuga og athygli á uppeldis- og menntamálum, benda á það mikilvæga starf sem unnið er í skólum, stuðla að auknum hlut skóla í þjóðfélagsumræðunni og styrkari stöðu þeirra við ráðstöfun sameiginlegra fjármuna. Almenn umræða og áhugi á skólamálum skiptir miklu fyrir skólastarf, þróun þess og kjör kennara og fóstara.

Uppsetning áætlunarinnar

Áætlunin skiptist í 8 kafla. Í 1. kafla er fjallað um skólakerfið í heild og meginmarkmið sem snerta öll skólastig. Hverju skólastigi eru síðan gerð skil í sérstökum kafla og auk grunn-, framhalds- og háskólastigs, sem eru lögbundin skólastig, er fjallað um leikskóla og fullorðinsfræðslu. Sérstakur kafli er um menntun kennara og fóstara til þess að leggja áherslu á mikilvægi fóstura- og kennaramenntunar fyrir þróun skóla. Sá kafli er hafður á eftir köflunum um skólastigin öll þar sem kennaramenntun er hugsuð fyrir kennara allt frá leikskóla til háskóla og fullorðinsfræðslu. Að lokum er kafli um menntamálaráðuneytið, starfshætti þess og áætlanagerð.

Kaflar 2 - 7 eru byggðir upp þannig að fyrst er almennur **inngangur** um viðkomandi skólastig eða málaflökk, þar sem sagt er frá fjölda nemenda, fjölda og gerð skóla, starfsháttum, lögum um skólastarfið o.fl. Þá eru dregnir saman helstu áhersluþættir á þessum áratug varðandi skólastigið eða málaflökkinn.

Þessum áhersluþáttum eru síðan gerð skil í undirköflum. Hver kafli hefst á **markmiði** sem menn vilja ná fyrir árið 2000. Síðan kemur **skilgreining** á þeim þætti sem fjallað er um og markmiðið **rökstutt**. Að lokum er í undirliðum fjallað um þau **skref**

sem stíga þarf til þess að ná tilætluðu markmiði. Stundum eru einstök skref tímasett til þess að unnt sé að fylgjast með hvernig til hefur tekist og hvort miðað hefur áleiðis að settu marki.

Flestar tillögur í áætluninni eru þaulræddar en aðrar hafa hlotið minni umfjöllun. Stundum ná áætlanir alveg til enda áratugarins, einkum um mál sem lengi hafa verið í umræðu. Í öðrum tilfellum eru hugmyndirnar svo lítið mótaðar að ekki er horft lengra en að leggja til að nefnd eða hópi verði falið að móta þær áfram. Ráðuneytið sinnir þar með þeirri skyldu sinni að greina þörf fyrir aðgerðir og benda á mál sem þarfnast úrlausnar. Auðveldara er að láta hugmyndir þróast og nýjar tillögur kvikna út frá þeim þegar þær hafa verið settar fram á prenti.

Í **viðauka** með þessu riti eru útreikningar á **kostnaði** við einstaka þætti. Þá útreikninga þarf að endurnýja reglulega.

Gert er ráð fyrir að á grundvelli þessarar áætlunar verði unnar **starfsáætlanir** ráðuneytisins í einstökum skrifstofum og deildum þeirra til eins árs í senn. Sú vinna er þegar hafin (sbr. kafla 8.1.1).

Samantekt á helstu áhersluþáttum í köflunum hér á eftir

1. Meginmarkmið. Í þessum fyrsta kafla eru dregnir fram fjórir megináhersluþættir, m.a. úr markmiðsgreinum laga, sem eiga við öll skólastigin. Þeir varða jafnrétti allra til náms eða menntun fyrir alla allt lífið; lýðræði og valddreifingu; mat og rannsóknir á skólastarfi; tengsl skóla við umhverfi sitt, manngert og náttúrulegt í ljósi alþjóðlegra viðhorfa.

2. Leikskólar. Á leikskólastigi leggur ráðuneytið höfuðáherslu á hlutverk sitt til stefnumótunar og faglegrar umsjónar með þessu skólastigi sem nú er rekið af sveitarfélögum. Á næstu árum verði unnið að markvissri stefnumótun fyrir starfsemi leikskóla, þróunarstarf eftl og gefin út stuðningsgögn fyrir starfsmenn, auk þess sem unnið verði að uppbyggingu ráðgjafarþjónustu um landið. Ráðuneytið leggur áherslu á að öll börn eigi kost á því að vera í leikskóla þar sem fram fer markvisst uppeldis- og kennslustarf undir handleiðslu sérmenntaðs fólks.

3. Grunnskólar. Á grunnskólastigi er lögð höfuðáhersla á skóla sem tekur mið af þörfum allra nemenda - skóla fyrir alla. Hann sé heilsdagsvinnustaður fyrir nemendur, þ.e. einsetinn, skóladagurinn samfelldur og lengri en nú er hjá yngri nemendum. Tekin verði upp samvinna við sveitarfélög og foreldra um að koma á skólamáltíðum. Eigi skóli að mæta þörfum ólíkra nemenda þarf fjölbreytt námsefni að vera fyrir hendi og skólar að hafa ákveðið frelsi um starfshætti og áherslur. Aukið frelsi krefst leiðsagnar og eftirlits sem lítið hefur verið sinnt hér á landi hingað til. Í þeirri viðleitni að mæta betur þörfum fjölbreytts nemendahóps er einnig lögð áhersla á að listir, verkmenntir og skólaíþróttir skipi hærri sess í skólastarfinu en verið hefur. Tekið er sérstaklega á málefnum unglíngastigsins.

4. Framhaldsskólar. Ráðuneytið leggur höfuðáherslu á að allir nemendur sem lokið hafa grunnskóla geti fundið nám við hæfi í framhaldsskólum og að nám á öllum námsbrautum sé að hluta verklegt og/eða tengist atvinnulífínu á einhvern hátt. Listiðkun eða umfjöllun um listir verði hluti af námi á öllum námsbrautum; hlutur framhaldsskóla í fullorðinsfræðslu aukist; skipulögð verði verkaskipting milli skóla hvað varðar námsframboð og þróunarstarf og sjálfstæði þeirra aukid; nægileg námsgögn séu fyrir hendi og húsnaði og búnaður svari þörfum á hverjum tíma.

5. Háskólar. Lögð er höfuðáhersla á samvinnu og samtengingu skóla á háskólastigi til þess að stuðla að hagkvæmni og aukinni fjölbreytni í námi, t.d. um innritun, gagnkvæma viðurkenningu náms, brautskráningu nemenda og störf kennara. Fjölgað verði stuttum starfsmiðuduðum brautum. Gert er ráð fyrir að menntun í einhverjum greinum flytjist á háskólastig, en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir nýjum skólum á þessu stigi. Aftur á móti er hvatt til þess að háskólar flytji ákveðinn þátt starfsemi sinnar um skemmri eða lengri tíma út um landið eða skipuleggi nám með hliðsjón af dreifðri búsetu nemenda.

6. Fullorðinsfræðsla. Ráðuneytið leggur áherslu á öflun og miðlun upplýsinga um almenna fullorðinsfræðslu og endurmenntun í atvinnulífínu sem bæði er starfrækt af opinberum aðilum og einkaaðilum; leiðsögn og ráðgjöf vegna fullorðinsfræðslu og fjarkennslu; áætlanagerð og þróunarstarf á þessu sviði og stofnun menntunarsjóðs

fullorðinna.

7. Kennara- og fóstrumenntun. Ráðuneytið leggur höfuðáherslu á að völ sé á kennaramenntun (grunn-, viðbótar- og endurmenntun) í landinu fyrir allar helstu greinar upp að háskólastigi og að unnt verði að stunda kennara- og fóstrunám óháð búsetu. Jafnframt er lögð áhersla á gott samstarf ráðuneytisins við þær stofnanir sem mennta kennara og fóstrur vegna tengsla kennaramenntunar við stefnumótun í uppeldis- og skólamálum svo og samvinnu og markvissa verkaskiptingu á milli þessara stofnana.


8. Menntamálaráðuneytið. Ráðuneytið lítur í eigin barm og setur sér markmið um bætta þjónustu og aukna áherslu á yfirsýn, samhæfingu og stefnumörkun. Lögð er áhersla á aukið samstarf við ýmsa aðila, öflun og miðlun upplýsinga um skólakerfið og eflingu fræðsluskrifstofa í fræðsluumdæmunum til þess að stuðla að sem bestri þjónustu við allar byggðir landsins. Lagt er til að stofnað verði þróunarráð sem fjalli um skólastigin frá leikskóla til framhaldsskóla og fylgist m.a. með framvindu þessarar áætlunar.

* * * * *

Í sumum tilfellum þykja skil á milli skólastiga nú vera of skörp og nokkur áherslumunur á vinnubrögðum, kröfum og álagi í námi. Auk þess er upplýsingamiðlun milli skólastiga ábótavant, bæði miðlun upplýsinga á milli starfsmanna og til nemenda um næsta skólastig, þ.e. um grunnskóla í leikskólum, um framhaldsskólastigið í grunnskólum og um háskólastigið í framhaldsskólum, svo og um fullorðinsfræðslu á öllum skólastigum. Ráðuneytið leggur áherslu á góð tengsl skólastiga. Skipulagðir samráðsfundir starfsmanna og stóraukin námsráðgjöf til nemenda eru m.a leiðir til þess að bæta úr þessu.

Mynd 5

Íslenska skólakerfið



Skólastig	Fjöldi skóla	Fjöldi nem.	Hlutfall
Leikskólar (1/2 - 5 ára)	215	11.000	47% 1/2 - 5 ára
Grunnskólar (6 - 15 ára)	220	42.000	nánast 100% 7 ára
Framhaldsskólar (frá 16 ára)	47	15.500	67% 17 ára
Háskólastig (frá 20 ára)	7	tæpl. 6.000	um 25% 21 árs
Fullorðinsfræðsla	um 150*	um 45.000	um 30% yfir 20 ára

* fræðsluaðilar

1. MEGINMARKMIÐ

Heildarstefnumótun um skólamál fer fram í samræmi við ákvarðanir Alþingis og menntamálaráðherra. Það er hlutverk menntamálaráðuneytisins að greina hvaða þörf er fyrir opinbera þjónustu og afskipti af mennta- og menningarmálum. Ráðuneytið leitast við að skapa skilyrði og benda á leiðir til þess að unnt sé að sinna þeirri þörf sem greind hefur verið og stefna mörkuð um. Þetta er meðal annars gert með því að setja reglur um framkvæmd stefnunnar svo og með markvissri áætlanagerð, bæði um starfið sjálft og fjármögnun þess, til skamms tíma en einnig til langs tíma eins og hér er gert.

Til þess að skólastarf sé skilvirkt og unnt sé að vinna að áætlanagerð þarf að vera ljóst hvaða markmiðum ætlunin er að ná, þannig að velja megi heppilegar leiðir og meta reglulega árangurinn. Stöðugt þarf að endurmeta markmið og leiðir í ljósi reynslu og með hliðsjón af fjárhagslegri getu á hverjum tíma og miðla reynslu til þeirra sem málið varðar. Markmiðin eru af ýmsum toga, sum eru skýr og önnur óljós og sum til langs tíma en önnur til skamms tíma.

Tveir stærstu lagabálkar okkar um skóla, grunnskóla- og framhaldsskólalög, marka skýra stefnu.^{12 13} Markmiðssetning um háskólastigið er í lögum um einstakar skólastofnanir. Stefna hefur ennfremur verið sett fram um leikskóla með *frumvarpi til laga um leikskóla*¹⁴ og fullorðinsfræðslu með *frumvarpi til laga um almenna fullorðinsfræðslu*¹⁵ sem lögð hafa verið fram á Alþingi. Frumvörpin eru unnin á vegum menntamálaráðuneytis í samvinnu við fjölda aðila og eru því á vissan hátt stefnumörkun þótt þau séu ekki orðin að lögum. Einnig má nefna *frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu* sem samið var á vegum félagsmálaráðuneytisins¹⁶ og einnig hefur verið lagt fram á Alþingi.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir fjórum meginmarkmiðum sem ráðuneytið leggur sérstaka áherslu á í þessari áætlun og varða öll skólastigin. Umfjöllunin er að hluta túlkun á markmiðsgreinum ofanefndra laga.

Markmiðsþættirnir eru:

- * *jafnrétti allra til náms - menntun fyrir alla, allt lífið*
- * *ljóðræði og skólastarf - valddreifing og aukið sjálfstæði skóla*
- * *mat og rannsóknir á skólastarfi*
- * *tengsl skóla við umhverfi sitt - náttúru og mannlegt samfélag í alþjóðlegu ljósi.*

Valddreifing, mat og tengsl skólastarfs við alla þætti samfélagsins eru leiðir til að stuðla að betri menntun. **Góð menntun fyrir alla, allt lífið** eru því einkunnarorð þessar áætlunar í skólamálu til ársins 2000.

1.1 Jafnrétti allra til náms - menntun fyrir alla, allt lífið

Í þessari framkvæmdaáætlun er lögð áhersla á menntun fyrir alla, alla ævina eða símenntun frá leikskóla til fullorðinsfræðslu sem staðið getur fram á eftirlaunaár. Lögð er áhersla á að allir eigi kost á að ganga í leikskóla þar sem lagður er grunnur að ævilöngu námi, en það er nýlunda að líta á leikskólann sem sérstakt skólastig. Grunnskólinn sé opinn öllum og hagi störfum sínum í samræmi við stöðu hvers og eins. Framhaldsskólinn bjóði upp á fjölbreytt nám svo allir geti fundið þar nám við hæfi og reynt verði eftir megni að draga úr brottfalli nemenda. Fjölbreytni á háskólastigi verði aukin og síðast en ekki síst eigi allir kost á fullorðinsfræðslu af margvíslegu tagi allt til æviloka þar sem jöfnum höndum er lögð áhersla á faglegan, persónulegan og félagslegan þroska. Einnig er nýmæli að líta á fullorðinsfræðslu sem skólastig. Þannig er lögð áhersla á að menntun er ekki aðeins fyrir útvalda hópa eða þá sem besta undirstöðu hafa, heldur fyrir alla. Í framtíðinni dregur að öllum líkindum úr skilum á milli framhaldsskólanáms, háskólanáms og fullorðinsfræðslu. Þróunin verður e.t.v. sú að fólk kemur reglubundið í skóla eða menntasetur í nágrenni heimilis eða vinnustaðar til þess að taka áfanga á framhaldsskólastigi og háskólaáfanga, sækja starfsmiðuð námskeið og almenna fullorðinsfræðslu eða stundar slíkt nám í fjarkennslu.

a) Skóli fyrir alla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli „haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhiða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins“¹⁷ og í framhaldsskólalögum segir að skapa skuli „skilyrði til náms og þroska við allra hæfi.“¹⁸ Í frumvarpi til laga um leikskóla sem samið var á vegum menntamálaráðuneytisins segir að hlutverk leikskólans sé m.a. „að efla athliða þroska barnanna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.“¹⁹ Hér er átt við að þessir skóla séu fyrir alla, allir eigi rétt á skólagöngu miðað við eigin hæfileika og skólahald miðist við að koma til móts við hvern og einn í samræmi við þarfir hans og þroska. Það merkir m.a. að fötlun, kyn, búseta, aldur, andlegir og félagslegir erfiðleikar eða efnahagur eigi ekki að hindra neinn í þessum efnunum.

Miklar breytingar hafa orðið á möguleikum **fatlaðra** til náms og starfa á undanförunum áratugum en þó vantar töluvert á að fatlaðir njóti í reynd jafnréttis til náms og þroska. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að haldið verði áfram að vinna að því að draga úr áhrifum fötlunar á möguleika til náms m.a. með því að hafa hjálpartæki og sérstaklega hannað námsefni tiltækt; skipuleggja námsbrautir með hliðsjón af þörfum fatlaðra; stuðla að því að allir eigi aðgang að leikskóla, geti stundað grunnskólanám í sinni heimabyggð og eigi aðgang að frekara námi í skóla og á námskeiðum.

Vanda þarf vel til námsaðstæðna **erlendra barna og fullorðinna innflytjenda** sem ekki hafa vald á íslensku og skapa þeim möguleika til þess að læra tungumálið og aðlagast sem best íslenskum aðstæðum og menningu. Sömuleiðis þurfa íslensk börn sem dvalið hafa langdvölum erlendis að eiga tímabundið kost á sérstöku íslenskunámi.

Atvinnuþátttaka kvenna hefur stórauðist á undanförunum árum og eru konur nú tæplega helmingur mannafla á vinnumarkaði. Engu að síður eru tekjur kvenna almennt

aðeins 50% af tekjum karla, heimilisstörf eru enn sem fyrr frekar í höndum kvenna en karla, náms- og starfsval kynjanna er verulega frábrugðið, formleg völd karla í þjóðfélaginu eru mun meiri en kvenna, t.d. eru konur aðeins 11% fulltrúa í opinberum nefndum, stjórnnum og ráðum á Íslandi.²⁰ Menntamálaráðuneytið mun fyrir sitt leyti stuðla að því að lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla** verði framfylgt. Í skýrslu starfshóps um jafna stöðu kynja í skólum frá 1990,²¹ þar sem fjallað er um skólastigin frá leikskóla til háskóla, er lögð áhersla á að í öllu skólastarfi skuli leitast við að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu bæði stúlkna og drengja og búa þau jafnt undir virka þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og mótun samfélagsins. Þetta meginmarkmið er greint í eftirfarandi þrjú undirmarkmið:

- a) að allir einstaklingar, óháð kyni, njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við áhuga sinn og þroska...
- b) að tekið verði mið af kynjamun og ólíkri stöðu kynja í öllu skólastarfi...
- c) að reynsla kvenna og kvennamenning verði gerð sýnilegri en áður.²²

Til þess að þessum markmiðum verði náð þurfa viðfangsefni í skóla og námsgögn að höfða til og taka mið af reynslu beggja kynja. Flétta þarf umfjöllun um stöðu kynja í þjóðfélaginu inn í sem flesta námsþætti þar sem lögð sé áhersla á þátttöku beggja í atvinnulífi, fjölskyldulífi og þjóðfélaginu öllu.

Íslendingar búa dreift í stóru landi með stórbrotna náttúru. Allir landsmenn eiga jafnan rétt til að stunda fjölbreytt nám á öllum skólastigum. Miklu skiptir að **búseta** hindri engan í námi og skortur á menntunarmöguleikum verði ekki til þess að fjölskyldur telji sig knúnar til þess að flytja sig um set. Tryggja þarf að börn og unglingar eigi kost á sambærilegri menntun hvar sem er á landinu og geti sótt grunnskóla í heimabyggð. Halda þarf áfram uppbyggingu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi og við þá uppbyggingu verði m.a. tekið mið af þörfum byggðarlaga fyrir sérmenntað fólk. Til þess að fullorðið fólk geti haldið áfram að bæta við menntun sína þarf að stórefla fullorðinsfræðslu og endurmenntun um land allt, m.a. að tilstuðlan framhaldsskóla og jafnhliða starfi í atvinnulífinu. Því skiptir máli að þróuð verði tækni og gögn til fjarkennslu. Jafnframt þarf að byggja upp nám á háskólastigi sem taki mið af dreifðri búsetu nemenda. Möguleikar fólks á námi hafa mikil áhrif á byggðapróun.

Skortur á grunn- og framhaldsskólakennurum hefur verið verulegur á landsbyggðinni á undanförunum árum (sjá 7. kafla um kennara- og fóstrumenntun). Móta þarf tillögur um hvernig auka mætti kynningu og fræðslu til nýrra kennara um starfshætti og kosti fámennra skóla, bæta starfsskilyrði í skólum á landsbyggðinni, t.d. með ráðgjöf og þjónustu á fræðsluskrifstofum (sjá 8. kafla) og auka þannig líkur á að fá kennara með réttindi þar til starfa. Hugmyndir eru uppi um flutningsstyrkjasjóð, námsstyrki og fleira sem skoða þarf nánar, sbr. nýja álitserð starfshóps fræðslustjóra um kennaravandann á landsbyggðinni.²³ Fámennir skólar hafa nú bundist samtökum sem hafa það að markmiði að efla þessa skóla og benda á möguleika sem þeir hafa upp á að bjóða (sbr. skýrslu²⁴). Sama má segja um mikilvægi þess að fá fóstrur til starfa í leikskólum um allt land (sjá umfjöllun um launakjör í inngangi).

Liður í jöfnum rétti allra til náms er öflug **upplýsingamiðlun og leiðsögn** um náms- og starfsval. Unglingar og fullorðnir sem hefja vilja nám í framhaldsskóla eða háskóla hafa mismunandi tækifæri til þess að fá haldgóðar upplýsingar um möguleika sína og fá mismikla hvatningu frá fjölskyldu og umhverfi til þess að velja sér nám og starf við hæfi. Persónuleg vandamál geta einnig hindrað að námsferill sé með eðlilegum hætti.

Því leggur menntamálaráðuneytið mikla áherslu á að allir nemendur á grunn-, framhalds- og háskólastigi og fullorðnir utan skólakerfisins eigi kost á **námsráðgjöf og starfsfræðslu**. Haustið 1989 hófst 5 ára áttak á vegum menntamálaráðuneytisins um að efla námsráðgjöf og starfsfræðslu á öllum skólastigum (sjá kafla 3.2.7, 4.1.6, 5.4.5, 6.4.2 og 7.2.5a).

Þáttur í markmiði um skóla fyrir alla er að allir fái notið sín í námi og að líkamleg og andleg líðan eða félagslegir erfiðleikar séu þar í sem minnstum mæli þrándur í götu. Í heilbrigðiskerfinu, sálfræðipjónustu skóla og félagslegri þjónustu sveitarfélaga er unnið að margs konar fyrirbyggjandi starfi og leitað leiða til þess að bæta líðan manna. Skapa þarf samstarfsvettvang þessara aðila, fólks í æskulýðsstarfsemi, skólans og foreldra um það verkefni. Í þessu sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á **heildstæðri ráðgjafar- og sálfræðipjónustu** sem hafi með höndum aðstoð við lausn vandamála einstaklinga og fjölskyldna vegna uppeldis barna og ungmenna frá 0 til 18 ára (barnaverndarlög ná til 18 ára aldurs) og þjóni **leik-, grunn- og framhaldsskólum, heilsugæslustöðvum, félagsmálastofnunum** á vegum sveitarfélaga, **stofnunum** á vegum svæðisstjórna um **málefni fatlaðra** og aðilum sem sinna **æskulýðsstarfi**. Þessi þjónusta er nú á vegum mennta-, félags- og heilbrigðisráðuneytis (sjá kafla 2.1.3, 3.2.6 og 4.1.7).

Bágur **efnahagur** má ekki hindra neinn í að afla sér menntunar. Hér á landi eru ekki tekin kennslugjöld í grunn-, framhalds- og háskólum sem reknir eru af opinberum aðilum (þó er greitt fyrir hluta af kennslukostnaði í öldungadeildum framhaldsskóla). Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að svo verði áfram. Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að jafna möguleika manna til háskólanáms (sjá kafla 5.7). Á framhaldsskólastigi þarf að leggja áherslu á að að jafna aðstöðu nemenda sem ekki geta stundað nám í heimabyggð, m.a. með möguleikum á dvöl í heimavist og með mótuneytum sem að hluta eru kostuð af ríkinu (sjá kafla 4.1.4 og 4.8). Foreldrar greiða nú verulegan hluta af kostnaði við leikskóla. Það getur komið í veg fyrir að börn eigi þess kost að sækja þá. Leikskólar eru nú reknir af sveitarfélögum. Ráðuneytið leggur áherslu á að smám saman verði dregið úr greiðslum foreldra. Því verði skoðaðir möguleikar á því að ríkið styðji sveitarfélög með einhverjum hætti í rekstri leikskóla eða að til komi nýir tekjustofnar þeim til handa. Möguleikar á styrkjum til fólks í fullorðinsfræðslu þurfa einnig að vera fyrir hendi.

Lestrarkunnátta er undirstaða menntunar. Nú er í gangi umfangsmikil rannsókn á læsi hér á landi sem fram fer á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála í samvinnu við menntamálaráðuneytið, en er hluti af alþjóðlegri rannsókn sem gerð er samtímis í 42 þjóðlöndum. Ísland er einnig þátttakandi í átaki á vegum Sameinuðu þjóðanna til að tryggja læsi allra árið 2000 sem hófst á Ári læsis 1990. Mikilvægt er að þeim aðgerðum sem þá var efnt til verði fylgt eftir, því eins og segir í drögum að skýrslu um Ár læsis: „*Enginn veit hvernig heimurinn verður árið 2000 en óhætt er að fullyrða að sá heimur verður illur yfirferðar þeim sem ekki er læs.*”²⁵

b) Menntun alla ævi

Nátengd markmiðum um skóla fyrir alla eru markmið um menntun allt lífið eða símenntun sem hefst í leikskóla og endar í fullorðinsfræðslu. Í markmiðsgrein frumvarps til laga um almenna fullorðinsfræðslu segir m.a. að markmið þeirra sé „*að skapa fullorðnum skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar, sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu.*”²⁶

Allir þegnar þjóðfélagsins eiga ekki aðeins að hafa jafnan rétt á grunn- og framhalds-menntun á yngri árum heldur einnig til fullorðinsfræðslu og endurmenntunar alla ævi svo hæfileikar hvers og eins fái notið sín og þeir fái tækifæri til að virkja sköpunargáfu sína og hugmyndaauðgi í bóklegu og verklegu námi. Fullorðinsfræðsla getur verið grunn-, framhalds- og endurmenntun. Allt skólastarf þarf að miða við möguleika á námi allt lífið, m.a. með því að búa ungt fólk undir að ekkert nám sé endanlegt og skipuleggja nám þannig að fólk á öllum aldri finni sig velkomið í skóla. Með nánari tengslum skóla við störf í atvinnulífinu og menntun samhliða starfi dofna skilin á milli aldurshópa. Framfarir á öllum sviðum atvinnulífsins gerast nú mjög hratt og því er ekki unnt að gera ráð fyrir að starfsmenntun á unglingsárum dugi einstaklingum allan starfsferilinn. Símenntun er nauðsynleg til þess að Íslendingar geti staðið jafnfætis öðrum í samfélagi þjóða, hvort sem hún fer fram í skóla, á skipulögðum námskeiðum, í námsleyfum, í starfi á vinnustað eða á vettvangi félagsstarfs og menningarlífs.

Stöðugt koma fram kröfur um lengra formlegt sérnám til ákveðinna starfa eða talin er þörf á að auka almenna menntun sem grunn að ákveðnu starfsnámi. Með hliðsjón af þeirri þróun sem hér hefur verið lýst leggur ráðuneytið því áherslu á að **reynt verði að forðast að lengja einstakar námsleiðir**, frekar verði athugaðir möguleikar á því að byggja viðbótarmenntun og framhaldsmenntun í formi styttri og lengri námskeiða fyrir starfandi fólk í atvinnulífinu ofan á þá fagmenntun sem það hefur fyrir. Með þeim hætti næst betur markmiðið um símenntun alla ævi og skilin á milli náms og vinnu verða minni. Sömuleiðis er lögð áhersla á að reynt verði að bæta undirstöðumenntun í stað þess að lengja hana.

1.2 Lýðræði og skólastarf - valddreifing og aukið sjálfstæði skóla

Í grunnskólalögum segir að hlutverk grunnskólans sé m.a. „að húa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi.“ Starfshættir skólans skuli því „mótast af ... lýðræðislegu samstarfi.“²⁷ Í framhaldsskólalögum segir einnig að hlutverk framhaldsskóla sé „að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi.“²⁸ Í frumvarpi að leikskólalögum segir að leikskólinn skuli „leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir hátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.“²⁹

Hér er bæði um að ræða lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfinu, umfjöllun um lýðræði og lýðræðislegt stjórnkerfi sem birtist m.a. í sjálfstæði stofnana og valddreifingu. Með auknu sjálfstæði og dreifingu valds til fræðsluumdæma, skóla og skólanefnda er gengið út frá því að starfið verði árangursríkara og þar með verði menntunin betri og fjármagn sem lagt er í menntun nýtist betur.

Auknu sjálfstæði skóla fylgir sú kvöð á stjórnvöld að fylgjast með því að haldið sé uppi sem bestri menntun og tryggðir jafnir möguleikar nemenda hvar svo sem nám er stundað.

a) Uppeldi til lýðræðis

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að ungt fólk sé alið upp í **lýðræðisanda í skólum** til þess að það sé fært um að starfa á lýðræðislegan hátt í atvinnulífinu, á heimilum og í ýmisskonar félagsstarfi. Það merkir m.a. að skólastarfið sé mótað í

samstarfi kennara og stjórnenda og höfð sé samvinna um það við nemendur sjálfa, forráðamenn þeirra og aðila í nánasta umhverfi skóla. Mikilvægt er að þessir aðilar eigi þess kost að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri. Þannig venjast nemendur lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við samstarfsmenn í skólanum og nánasta umhverfi sitt. Þetta þýðir einnig að leggja þarf áherslu í skólum á að þjálfar nemendur í að móta sér hugmyndir og skoðanir og koma þeim á framfæri, temja sér gagnrýna hugsun og gera sér far um að taka tillit til mismunandi gildismats og skoðana fólks.

Ekki má gleyma að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi fylgir ábyrgð. Eitt grundvallaratriði í uppeldi er að menn nái þeim þroska að bera ábyrgð á verkum sínum og taka afleiðingum gerða sinna. Það þýðir að nemendur þurfa sjálfir að vera ábyrgir fyrir námi sínu og gera sér grein fyrir kröfum sem til þeirra eru gerðar. Það gera þeir með því að vinna skipulega að því að ná settu marki undir verkstjórn kennara.

b) Valddreifing - sjálfstæði skóla

Unnið er að eflingu fræðsluskrifstofa í fræðsluumdæmunum og verkefni hafa verið flutt frá ráðuneytinu til þeirra t.d. á sviði mannaráðninga og kennsluráðgjafar. Í þessari áætlun er lögð áhersla á sjálfstæði grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla á mismunandi sviðum, svo sem um námsskipan, skólaþróun, mannaráðningar og fjármál (sjá kafla 3.5, 4.6 og 5.3). Faglegt sjálfstæði leikskóla hefur alla tíð verið mikið og er lögð áhersla á að svo verði áfram.

Auknu sjálfstæði fylgir að sjálfsögðu aukin ábyrgð og krafa um frumkvæði. Skólar þurfa að sjálfsögðu aðlögunartíma fyrir hvert skref sem stigið er í þeim efnunum.

c) Hlutur foreldra

Hér skiptir einnig miklu **aukinn hlutur foreldra og forráðamanna nemenda í skólastarfinu** í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Aukin þátttaka þeirra í skólastarfinu er spor í lýðræðisátt og liður í valddreifingu. Í skýrslu starfshóps um samstarf heimila og skóla frá 1990³⁰ er lögð áhersla á að viðurkenna í verki aukið uppeldishlutverk skóla, með hliðsjón af því að báðir foreldrar vinna nú í flestum tilfellum utan heimilis. Það hefur í för með sér þörf fyrir meiri virkni foreldra í samstarfi við skólana og aukna fræðslu til foreldra og ráðgjöf og samvinnu um uppeldi og fræðslu barna þeirra, m.a. vegna heimanáms (sjá einnig kafla 3.2.10).

1.3 Mat og rannsóknir á skólastarfi

Menntamálaráðuneytið leggur mikla áherslu á öflun gagna um skólakerfið, bæði með aukinni tölfræðilegri úrvinnslu, ýmisskonar könnunum og ekki síst fræðilegum rannsóknnum á sviði skólamála. Rannsóknir á námi og öðru skólastarfi eru mun minni en rannsóknir á ýmsum öðrum sviðum samfélagsins, bæði hér á landi og í öðrum löndum.

Mat og rannsóknir á skólastarfi hafa þann tilgang að hjálpa skólum til þess að bæta menntun, bera kennsl á þróun og greina vandamál svo bregðast megi við þeim. Upplýsingaöflun, rannsóknir og þróunarstarf þarf að vera grunnur ákvarðana og stefnumótunar. Sömuleiðis þarf að fylgja breytingum og nýjungum eftir með könnunum, rannsóknnum og annars konar mati.

Markmiðið með eftirliti og mati er að tryggja að gæði menntunar séu sambærileg á milli skóla og að stuðla að því að einstakar skólastofnanir nái sem bestum árangri. Slíku mati þarf að fylgja ráðgjöf um frekari þróun eða úrbætur.

Hér getur verið um að ræða upplýsingaöflun t.d. um námsgengi nemenda, skólasókn og námsferil, rannsóknir og mat á kennsluháttum, nýtingu námsefnis eða áhrifum ákveðinna breytinga og þróunarverkefna. Einnig mætti nefna í þessu sambandi samanburð við önnur lönd, kannanir á menntunarþörf í atvinnulífinu, hagfræðilegar úttektir o.s.frv. Jafnframt leggur ráðuneytið áherslu á að stöðugt séu gerðar athuganir á viðhorfum skólamanna og annarra til ýmissa þátta í skólastarfi.

Skólastofnanir geta sjálfar gert kannanir á ákveðnum þáttum í starfi sínu að eigin frumkvæði einar sér eða undir leiðsögn eða í samvinnu við aðra aðila. Í menntamálaráðuneytinu er aflað margs konar upplýsinga sem varða skóla (sjá kafla 8.1.2) eða það leitar til ýmissa stofnana um upplýsingaöflun, kannanir og grundvallarrannsóknir. Þessar stofnanir geta verið Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála sem gegnir mikilvægu hlutverki sem hlutlaus og sjálfstæð stofnun, stofnanir á vegum háskóla og í sumum tilfellum fræðsluskrifstofur. Þessir aðilar þurfa jafnframt að geta veitt faglega ráðgjöf í framhaldi af úttekt eða mati, auk þess að standa fyrir þjálfun á sviði rannsóknar- og þróunarstarfa. (Sjá kafla 3.6, 4.6.7, 5.3.4 og 5.5.4).

1.4 Tengsl skóla við umhverfi sitt - náttúru og mannlegt samfélag í alþjóðlegu ljósi

Markmiðsgrein framhaldsskólalaga um að hlutverk skólans sé að búa nemendur undir líff og starf í lýðræðissamfélagi þarf einnig að líta á út frá tengslum skólans við næsta umhverfi. Sama á við um sambærilega markmiðsgrein grunnskólalaga og einnig þau orð greinarinnar að skólinn skuli „*efla skilning ... á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi ... sérkennum þess og skyldum einstaklings við samfélagið.*”³¹ Orð leikskólafrumvarps um grundvöll að ábyrgri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi vísa í sömu átt. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á tengsl skóla við næsta nágrenni sitt. Þar er átt við **atvinnulíf, heilbrigðisþjónustu, félagslíf og menningarlíf** viðkomandi skólahverfis, bæjarfélags eða fræðsluumdæmis.

Hér er einnig átt við tengsl skólans við **náttúru og náttúruvernd**. Túlka má orðin „*skilning ... á ... umhverfi*” í markmiðsgrein grunnskólalaga³² sem bæði náttúrulegt og manggert umhverfi.

Vettvangsverkefni nemenda þar sem þeir kynna sér samfélag og náttúru heima- byggðar undir leiðsögn skólans og í samvinnu við aðila utan hans, eru mikilvægur þáttur í þekkingaröflun og ættu jafnframt að stuðla að traustari tengslum við heimabyggðina. Því betur sem nemendur læra á umhverfi sitt því færari verða þeir að nýta sér gæði þess og eiga þar ánægjulega búsetu.

a) Tengsl skóla og atvinnulífs

Menntamálaráðuneytið telur mikilvægt að nemendur **kynnist og taki þátt í atvinnulífinu** í nánasta umhverfi sínu með heimsóknnum og dvöl á vinnustöðum, við-

tölum, verkefnum sem tengjast atvinnulífínu og heimsóknum starfsmanna ýmissa vinnustaða í skólann. Einnig að eldri nemendur á sem flestum námsbrautum hljóti þjálfun í atvinnulífínu til ákveðinna starfa sem byggir á samvinnu skóla og aðila í atvinnulífínu eða samkvæmt samningum einstakra nemenda við aðila í viðkomandi grein (sjá kafla 4.2). Í þessari áætlun er mikil áhersla lögð á að allir hljóti einhvers konar sérmenntun til starfa í atvinnulífínu í framhaldsskóla, á vinnustað eða í háskóla. Sömuleiðis er lögð áhersla á aukinn hlut verkmennta á öllum skólastigum.

b) Tækni og vísindi

Í *Yfirlýsingu ríkisstjórnar um vísinda- og tæknistefnu* (1990) segir m.a.:

Unnið verði markvisst að því að auka skilning þjóðarinnar á mikilvægi vísinda og tækni. Eflað verði kennsla á þeim sviðum í grunnskólum og framhaldsskólum og tengsl skólanna við vísindastarf í landinu aukin. Menntun til vísindastarfsemi verði eflað m.a. með skipulegri uppbyggingu framhaldsnáms við Háskóla Íslands og aðrar æðri menntastofnanir landsins.³³

Í greinargerð með yfirlýsingunni segir að æskilegt væri að hvetja sérfræðinga til að semja bækur fyrir kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum til þess að koma í veg fyrir að ný þekking lokist inni í sérfræðitímaritum og væri þetta einn liður í því að efla tengsl vísinda og tækni við skólakerfið og almenning. Ljóst er að gera verður **átak á sviði tækni og raungreina í íslenskum skólum á öllum skólastigum** eigi Ísland ekki að dragast enn lengra aftur úr öðrum þjóðum á þessum sviðum en nú er (sjá kafla 3.3.10 og 8.4).

c) Skóli og menning

Mikilvægt er að nemendur eigi þess kost að tengjast **menningarlífi**, m.a. með því að **iðka list og njóta hennar**, en í þessari áætlun er mikil áhersla lögð á aukinn hlut lista í skólastarfi (sbr. kafla 3.3, 4.3 og 7.2.1). Nemendur þurfa m.a. að eiga þess kost að sækja menningarviðburði, s.s. leiksýningar, myndlistarsýningar og tónleika í næsta nágrenni skóla eða annars staðar, jafnframt því sem nemendur sjálfir bjóði íbúum nágrennisins til slíkra menningarviðburða í skólanum á eigin vegum. Sömuleiðis skiptir miklu að skólinn hvetji nemendur til að taka virkan þátt í margs konar **félagsstarfi** innan og utan skóla. Á móti þarf skólinn að leggja áherslu á að kynna starf sitt og markmið, ekki aðeins fyrir foreldrum heldur einnig almennt í viðkomandi bæjarfélagi, hverfi eða sveit. Viða hafa skólar náðið samstarf við aðila utan skólans um ýmis konar íþróttastarfsemi. Sérhver skóli ætti að kappkosta að vera í raun **menningarmiðstöð** í skólahverfinu eins og reyndar margir skólar eru.

d) Umhverfismál - náttúruvernd

Íbúar jarðar ganga nú á náttúruleg auðæfi hennar. Verði ekkert að gert er ekki séð fyrir hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér í framtíðinni. Mikilvægt er að snúa vörn í sókn, m.a. með tækni sem ekki veldur röskun á lífríki, nýta endurnýjanlegar orkulindir í meira mæli en nú er gert, breyta neysluvenjum, endurnýta úrgang og koma í veg fyrir náttúruspjöll. Í skólastarfi allt frá leikskóla þarf að leggja rækt við **virðingu fyrir náttúrugæðum og rétti komandi kynslóða til jarðarinnar** og gæða hennar með margs konar verkefnum innan og utan skólans. Skólarnir þurfa einnig að leggja áherslu á samhengið í náttúrunni, samhengið á milli náttúru og mannlegs samfélags og mismunandi leiðir til skynsamlegrar nýtingar náttúruauðæfa. Umfjöllun um þessa þætti

þarf að flétta inn í nám á öllum skólastigum en ekki síst inn í starfsmenntun í tækni og viðskiptum vegna þess að starfsemi á þessum sviðum hefur afgerandi áhrif. Venja þarf nemendur við að hugsa um umgengni við nánasta umhverfi sitt sem lið í varðveislu jarðarinnar í heild eða *að hugsa á heimsvísu en framkvæma heima*.

e) Alþjóðlegt samstarf - varðveisla íslenskrar menningar og tungu

Við Íslendingar þurfum að auka **virka þátttöku** okkar á ýmsum sviðum í **alþjóðlegri samvinnu** og leggja okkar af mörkum til samábyrgðar á lífinu á jörðunni, til friðar og samstöðu allra manna. Uppeldisstarf skólanna þarf að hafa þetta að leiðarljósi.

Með aukinni samvinnu Evrópuþjóða munu þær á næstu árum vinna að aukinni samhæfingu í menntamálum. Hafinn er undirbúningur undir gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum á milli landa, á þeim sviðum eru gamlir múrar að hrynja. Mikilvægt er að við fylgjumst nú á næstu misserum vel með þróuninni á þessum vettvangi, tökum afstöðu til þess hvernig við viljum taka þátt í henni og gerum okkur grein fyrir að hve miklu leyti við höfum bolmagn til þess, jafnframt því sem við höldum áfram að stuðla að aukinni samvinnu við hinar Norðurlandþjóðirnar.

Á sumum sviðum hentar okkur að sækja **nám til annarra landa**, móta þarf stefnu um það og vinna að því að tryggja Íslendingum aðgang að menntastofnunum í öðrum löndum (sbr. kafla 5.4.3). Á öðrum sviðum, þar sem við höfum mikla þekkingu og reynslu, eigum við möguleika á að **leggja fram okkar skerf** og byggja upp alþjóðlega menntun. Í því sambandi má nefna *Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna* og *Norrænu eldfjallastöðina*. Huga þarf að möguleikum á öðrum sviðum, m.a. í menntun á sviði sjávarútvegs.

Í einstökum námsþáttum þarf umfjöllun um ýmis efni að tengjast alþjóðaskilningi og alþjóðlegum viðhorfum, jafnframt því að leggja áherslu á að **varðveita sérstöðu okkar sem smáþjóðar, menningu okkar og tungu**. Í öllu skólastarfi þarf að leggja áherslu á málrækt í viðum skilningi og stuðla að jákvæðum viðhorfum til tungu og menningar. Efla þarf með nemendum þau viðhorf að í hverju landi eigi að nota þjóðtunguna í leik og starfi og að hverri þjóðtungu tengist ómetanleg menningarverðmæti sem þjóðinni beri að varðveita og ávaxta og öðrum að virða. Þó að námsefni í sérskólum eða á háskólastigi sé mestallt á erlendum tungumálum, aðallega ensku, þá höldum við áfram að smíða íslensk heiti yfir hugtök og hluti en föllum ekki í þá freistni að taka upp ensku sem samskiptamál í vísindum eða tækni. Orðasmíði þarf því að stórefla á öllum sviðum tækni og vísinda og vinna markvisst gegn útlenskuskotinni orðanotkun og setningaskipan. Það er verkefni hverrar kynslóðar að skila tungu og menningu þjóðarinnar áfram með ábyrgum hætti til komandi kynslóða.

2. LEIKSKÓLAR

Staðan 1990

1. Fjöldi barna á aldrinum 1/2 til 5 ára	22.500
2. Fjöldi barna í leikskólum (dagheimilum og leikskólum) þ.e. 47% barna 1/2 - 5 ára	um 11.000
3. Fjöldi rýma í leikskólum (heilsdagspláss) þar af fyrir 1/2 - 1 árs heilsdagsdvöl	um 6.700 420
hálfisdagsdvöl (hvert rými nýtt af 2 börnum)	um 2.800 13% 1/2 - 5 ára 7.700 48% 2 - 5 ára
4. Heildarútgjöld til leikskóla á ári	um 1,8 milljarðar kr.
5. Fjöldi leikskóla (dagvistarheimila) í landinu	215
6. Fjöldi fóstura (36% starfsliðs)	500
7. Fjöldi starfsfólks með aðra uppeldismenntun (5%)	70
8. Fjöldi ófaglærðs starfsfólks (59%)	um 800
9. Útskrifaðar fósturur frá Fósturskóla Íslands vorið 1990	60
10. Fjöldi útskrifaðra fóstura frá stofnun Fósturskóla Íslands árið 1946	1.250

Lög er varða leikskóla:

- Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn nr. 112/1976. Breyt. nr. 40/1981, 87/1989.
- Lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983, breyt. 1989.

Frumvarp:

- Frumvarp til laga um leikskóla 1990.

Reglugerðir um leikskóla:

- Reglugerð um dagvistarheimili fyrir börn nr. 149/1977.

Nýleg rit og skýrslur um leikskóla unnar á vegum eða með styrk frá menntamálaráðuneytinu:

- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 1989. *Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra*.
- Fósturskólanefnd. 1988. *Nefndarálit*.
- Menntamálaráðuneytið. 1985. Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili - markmið og leiðir.
- Menntamálaráðuneytið. 1987 og 1989. Fylgirit með uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili.
- Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. 1988. *Áfangaskýrsla um skóla- og dagvistarmál*.
- Sigurlín Sveinbjarnardóttir (umsjón). 1990. *Umhverfismenntun á Íslandi. Könnun á viðfangsefnum dagvistarheimila, grunnskóla og framhaldsskóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um stöðu kynja í skólum. 1990. *Jöfn staða kynja í skólum*. Skýrsla (sjá m.a. kafla III. 1 um leikskóla).
- Verkefnisstjórn um málrættaráttak. 1989. *Málrækt 1989. Skýrsla* (sjá m.a. kafla 3.1 um leikskóla).

Hugtakið leikskóli

Hugtakið leikskóli er hér notað yfir þá starfsemi sem hingað til hefur verið nefnd dagheimili ef um heils dags dvöl barna hefur verið að ræða og leikskóli ef um hálf dags dvöl hefur verið að ræða. Orðið dagvistarheimili hefur gjarnan verið notað sem heildarheiti.

Í notkun orðsins „leikskóli“ í stað dagvistarheimili eða dagheimili felst ákveðin stefnumörkun. Lögð er áhersla á að í leikskóla fari fram markvisst uppeldisstarf byggt á leik og hvers konar sköpun í máli, myndum, tónum og hreyfingu en ekki aðeins gæsla barna meðan foreldrar þeirra stunda vinnu. Aðgreining í leikskóla og dagheimili er villandi og gefur í skyn að markmið þessara stofnana séu ólík. Með því að afnema skiptinguna er lögð áhersla á að hlutverk leikskóla sé það sama hvort sem barn dvelur þar fjórar eða níu stundir daglega, þ.e. að búa börnum lærdómsrík og örugg leikskilyrði í hópi annarra barna og veita þeim markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra, undir leiðsögn sérmenntaðs starfsfólks. Lögð er áhersla á að leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans, í senn bæði markmið og leið og eðlilegt tjáningarform barna á leikskólaaldri.

Í þessari áætlun er litið á leikskólann sem sérstakt **skólastig** þótt það sé ekki lögbundið.

Núverandi staða

Frumvarp til laga um leikskóla sem unnið var á vegum menntamálaráðuneytisins var lagt fyrir Alþingi vorið 1990.³⁴ Með því er mörkuð stefna um inntak og umgjörð leikskóla. Leikskóli er skilgreindur sem skóli er annast uppeldi barna fram að skóla-skyldualdri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum. Hann er fyrir börn frá 1/2 árs aldri þegar fæðingarorlofi lýkur þar til þau hefja nám í grunnskóla að hausti þess árs er þau verða 6 ára. Börn geti dvalið í leikskóla í 4-9 stundir daglega eftir því sem hentar hverju barni og fjölskylduaðstæðum þess.

Í frumvarpinu segir m.a. að tilgangur laganna sé að veita börnum góða umönnun og örugg uppeldisskilyrði. Leikskólinn skuli í samráði við foreldra eða aðra forráðamenn veita börnum á leikskólaaldri uppeldi og menntun. Þar er einnig kveðið á um stofnun og rekstur leikskóla, yfirstjórn, starfsfólk, uppeldisáætlun, rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, rannsóknir og þróunarstarf, ráðgjafarþjónustu, heilsuvernd og hollustuhætti o.fl. Með frumvarpinu er lögð áhersla á uppeldishlutverk leikskólans, að um skólastarf sé að ræða sem bæði felist í uppeldi og kennslu og sé sambærilegt við grunnskóla. Með samþykkt frumvarpsins yrði heitið leikskóli lögfest og kæmi í stað þeirra heita sem nú eru notuð.

Samkvæmt núgildandi lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga³⁵ hefur **menntamálaráðuneytið** með höndum **faglega umsjón** með starfi dagvistarheimila og skal vera sveitarstjórnnum til ráðuneytis um þau mál. Samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili. **Stofnun og rekstur** þeirra er á ábyrgð **sveitarfélaga**.

Litið er svo á að verkefni menntamálaráðuneytisins á sviði leikskólamála sé m.a. að:

- móta heildaruppeldisstefnu, m.a. með útgáfu uppeldisáætlunar þar sem kveðið er á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla og meginstefnu varðandi starfshætti;
- sinna þróunar- og rannsóknarstarfi, m.a. með úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla;
- veita ráðgjöf og leiðsögn til sveitarstjórna og starfsmanna leikskóla;
- hafa faglegt eftirlit með innra starfi leikskóla;
- veita samþykki sitt til stofnunar leikskóla;
- sinna alþjóðlegum samskiptum;
- sjá um menntun starfsfólks.

Börn á **aldrinum 1/2-5 ára** (5 1/2 árgangur), sbr. töflu 1, eru nú um 22.500. Bygðastofnun hefur framreiknað að árið 2000 verði börn á þessum aldri tæplega 24.000.

Tafla 1

	Fjöldi 0-6 ára barna 1990:	Framreiknaður til ársins 2000:
Meðalfjöldi í árgangi	4.100	4.300
Fjöldi 1/2 - 1 árs (1 1/2 árgangur)	6.800	6.500
Fjöldi 2ja - 5 ára (4 árgangar)	15.700	17.200
Fjöldi 1/2 - 5 ára (5 1/2 árgangur)	22.500	23.700

Heimild: Hagfðindi, júní 1990 og framreikningur Bygðastofnunar 1990.

Nú eru um **6.500 heilsdagsrými** í leikskólum í landinu, þar af um 420 fyrir börn yngri en tveggja ára. Um 3.800 þessara rýma eru notuð af tveimur börnum hálfan daginn hvert. Heilsdagsvistun (dagheimili) er í mörgum sveitarfélögum nær eingöngu fyrir forgangshópa, þ.e. börn einstæðra foreldra og í sumum tilfellum námsfólks. Þar fá börnin mat. Um 20% kostnaðar er greiddur af foreldrum. Í hálf dagsvistun (leikskóla) greiða foreldrar 35% kostnaðar og þar koma börnin með nesti. Sveitarstjórnir ákveða hvort rými eru nýtt fyrir heils eða hálf dags dvöl. Nokkur sveitarfélög hafa tekið upp sveigjanlegan viðverutíma barna.

Um 450 þeirra heilsdagsrýma sem völ er á eru fyrir starfsfólk sjúkrahúsa og eru rekin af ríkinu. Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík rekur auk þess dagvistarheimili með um 40 rými fyrir mjög fötluð börn. Börnin eru bæði á leik- og grunnskólaaldri. Að öðru leyti eru flest dagvistarheimili rekin af sveitarfélögum. Nokkur heimili eru rekin af einkaðilum.

Erfitt er að áætla **þörf fyrir leikskólarými** en ljóst er að þörfin er mikil. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar HÍ um dagvistun barna (1989)³⁶ kemur fram að 90% foreldra fjögurra til fimm ára barna í Reykjavík óska eftir opinberri dagvistun. Ekki liggja fyrir tölur um aðra aldurshópa eða aðra landshluta.

Samhliða frumvarpi um leikskóla voru samin á vegum menntamálaráðuneytisins drög að frumvarpi til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna leikskóla. Þetta

frumvarp var ekki lagt fram á Alþingi en er fylgiskjal með frumvarpi um leikskóla. Þar er lagt til að ríkissjóður leggi til leikskóla sveitarfélaganna ákveðna fasta krónutölu á hvert barn og vistunarstund, allt að 8 stundum á dag. Heildarupphæðin nemi þeirri viðbót sem leggja þarf í rekstrarkostnað miðað við núverandi framlög svo tilteknu markmiði sé náð. Sveitarfélögin bæru þannig sama heildarkostnað og nú og gætu fullnægt eftirspurn án þess að leggja í viðbótarkostnað. Einnig er gert ráð fyrir möguleika á stuðningi vegna stofnkostnaðar.

Í greinargerð starfshópsins með drögum að frumvarpi um ríkisframlag til sveitarfélaga kemur eftirfarandi fram um þörf fyrir leikskólarymi:

a) **Tveggja til fimm ára börn:** Hópurinn gerir í útreikningum sínum ráð fyrir að a.m.k. 80% foreldra vilji nýta sér leikskólann.

-	Það eru af um 17.399 börnum	13.800 börn
-	Hópurinn gefur sér að	
	40% 2-5 ára barna dvelji í 8 stundir	
	30% í 5-6 stundir	
	30% í 4 stundir	
	Samsvarar í heilds dagsrýmum	10.300 börn
-	Heilds dagsrými í landinu 1988 voru	6.100
	(Heilds dagsrými 1990 eru orðin 6.500)	
-	Nauðsynleg aukning rýma að mati hópsins	4.200

b) **Hálfs til eins árs börn:** Hópurinn gefur sér að a.m.k. 40% foreldra vilji nýta sér leikskólann fyrir þennan aldursþóp.

-	Það eru um	2.600 börn (af 6.500)
-	Samsvarar í heilds dagsrýmum	2.200 (sbr. viðmið v/2-5 ára)
-	Heilds dagsrými í landinu 1988 um	420 (yngri en 2 ára)
-	Áætluð viðbót heilds dagsrýma	1.800

c) **Leikskólabyggingar:** Hópurinn gerir ráð fyrir 60 börnum í hverjum leikskóla í útreikningum sínum.

- Nú eru um 215 leikskólar (dagvistarstofnanir) í um 80 sveitarfélögum.
- Umreiknuð í 60 barna heimili eru þau talin vera 109.
- Hópurinn áætlar að byggja þurfi um 100 nýja 60 barna leikskóla til viðbótar.
- Kostnaður við byggingu hvers þeirra er áætlaður um 48 millj. kr.
- Fjárfesta þurfi tæplega 500 millj. kr. á ári næstu 10 árin í nýju dagvistarhúsnæði til að fullnægja þörfinni á 10 árum.

d) **Rekstur leikskóla:**

- Áætluð heildarútgjöld sveitarfélaga eru nú um 1,8 milljarðar kr.
- Heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaga og ríkis á ári yrði 3-4 milljarðar miðað við það sem sagt hefur verið hér að framan. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að foreldrar greiddu frá 21-44% kostnaðar eftir aldri og dvalartíma barnanna.

Uppbygging leikskóla er nú fyrst og fremst í höndum sveitarfélaga. Hvort sem breyting verður þar á eða ekki er hér miðað við að rýmum fjölgi, dagleg viðvera lengist og að dvalartími barnanna verði sveigjanlegri.

Því vill menntamálaráðuneytið mæta ofan nefndri þróun með eftirtöldum áhersluþáttum til ársins 2000:

- 2.1 Leikskóli sem uppeldis- og menntastofnun - leikskóli fyrir alla.
- 2.2 Nýjar viðmiðunarreglur (norm) um húsnæði og aðbúnað.
- 2.3 Markviss tengsl og samstarf leikskóla og grunnskóla.

2.1 Leikskóli sem uppeldis- og menntastofnun - leikskóli fyrir alla

Meginmarkmið

Staða leikskóla sem uppeldis- og menntastofnunar fyrir börn undir grunnskólaaldri verði styrkt og stefnt að því að leikskólinn verði opin allum börnum á leikskólaaldri.

Rök

Í leikskólanum er lagður grunnur að langri skólagöngu sem stendur allt lífið. Mikilvægt er að öll börn fái notið þess uppeldisstarfs sem þar fer fram. Markvisst leikskólauppeldi undir handleiðslu sérmenntaðs fólks er mikilvæg viðbót við það uppeldi sem foreldrar veita.

Þjóðfélagið hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Með fullri atvinnuþátttöku beggja foreldra hefur hlutur heimilanna í uppeldi barna minnkað. Skólar sinna nú hluta af uppeldisstarfinu í samvinnu við foreldra. Mikilvægt er að til uppeldisstarfs sé vandað sem best.

Skilgreining

Ráðuneytið vill styrkja leikskólann m.a. með því að leggja áherslu á það hlutverk sitt að greina þörf fyrir uppeldislega leiðsögn við leikskóla og að hafa faglegt eftirlit með því starfi sem þar fer fram. Það er m.a. unnt að gera með reglulegri útgáfu **uppeldisáætlunar** sem samsvarar *Aðalnámská grunnskóla* og er umgjörð um uppeldisstarfið og sveigjanlegur starfsrammi, útgáfu leiðbeiningarrita fyrir fósturur, aðra starfsmenn leikskóla og foreldra, faglegri leiðsögn og eftirliti um land allt og menntun starfsmanna.

Í þessari áætlun er lögð áhersla á að skólarnir séu fyrir alla, þ.e. að starfsemi þeirra taki mið af mismunandi þörfum þeirra sem sækja þá. Þetta sjónarmið á líka við um leikskólann. Ljóst er að það er á valdi sveitarfélaga hve hratt miðar í þá átt að öll börn eigi kost á að sækja leikskóla, en ráðuneytið telur eðlilegt að stefnt sé að því að leikskólinn verði einsetinn eins og grunnskólinn (sjá kafla 3.2).

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið m.a. stíga eftirtalin skref sem varða:

- ráðgjafarþjónustu um allt land (umdæmisfóstrur),
- stuðning og sálfræðiþjónustu,
- útgáfu uppeldisáætlunar fyrir leikskóla og leiðbeiningarrita fyrir fósturur,
- eflingu þróunarsjóðs leikskóla,
- öflugt foreldrastafr og samvinna við heimilin,
- fjölgun fóstura.

2.1.1 Menntamálaráðuneytið vill stuðla að því að ráðgjafarhlutverki þess á sviði leikskóla verði sinnt úti um landið, t.d. á fræðsluskrifstofum í fræðsluumdæmum. Undirbúningur að tilraunastarfi á einum stað úti á landi hefjist árið 1991. Það felist í ráðgjöf og faglegu eftirliti með uppeldi og menntun í leikskólum. Starfið verði í höndum **umdæmisfóstru** sem vinni í náinni samvinnu við rekstraraðila og hlutaðeigandi nefndir sveitarfélaga. Hún sinni einkum leikskólum í sveitarfélögum þar sem ekki starfa umsjónarfóstrur á vegum sveitarfélags. Hlutverk hennar verði einnig að stuðla að samvinnu leikskóla í umdæminu og samvinnu leikskóla og grunnskóla (sbr. frumvarp til laga um leikskóla).

Gert verði ráð fyrir einu til tveimur stöðugildum í hverju fræðsluumdæmi.

2.1.2 Ríkið leggur nú fram fé vegna stuðnings við fötluð börn í leikskólum (um 70 milljónir kr. árið 1990). Árið 1991 verði hafin vinna við að athuga og skipuleggja með markvissum hætti hvernig best megi aðstoða starfsfólk leikskólanna við að koma til móts við fötluð leikskólabörn og önnur börn sem þurfa á **sérstökum stuðningi** að halda.

2.1.3 Á næstu þremur árum verði gerð tilraun í einu fræðsluumdæmi úti á landi með samtengda **sálfræðiþjónustu** fyrir leikskóla og grunnskóla, jafnvel einnig framhaldsskóla (sjá kafla 3.2.6 og 4.1.7). Árið 1991 verði samið við eina fræðsluskrifstofu um að taka verkefnið að sér og jafnframt leitað til sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi um samvinnu við ráðuneytið um þetta verkefni. Verkið verði skipulagt í samvinnu við umdæmisfóstru í viðkomandi umdæmi (sbr. frumvarp til laga um leikskóla). Tilraunin byggi m.a. á þeirri reynslu sem þegar hefur fengist af samstarfi í Reykjavík.

Sjá einnig kafla 1.1 a um enn víðtækara samstarf um slíka þjónustu.

2.1.4 **Uppeldisáætlunin** sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1985³⁷ verði endurskoðuð á árunum 1992-93. Sama á við um fylgirit hennar, *Uppeldisáætlun sem leiðarvísir* er út kom 1987.³⁸

2.1.5 Á næstu árum mun ráðuneytið beita sér fyrir því að gefin verði út **stuðningsgögn** fyrir starfsfólk leikskóla. Í framhaldi af útgáfu uppeldisáætlunar kom út leiðbeiningarrit fyrir fósturur um myndsköpun barna. Haldið verði áfram slíkri útgáfu og m.a. gefin út rit um leiki, umönnun og daglegar venjur, mál og málörvun, tónlist, náttúru og samfélag, auk rita um foreldrasamstarf, „að byrja í leikskóla“, tengsl leikskóla og grunnskóla og stjórnun og starfsáætlanir. Skipuð verði nefnd á árinu 1991 til þess að móta stefnu um þessa útgáfu.

Í samvinnu við ýmsa aðila verði einnið fræðslurit fyrir fóstur, kennara og foreldra um fötluð börn í leikskóla og börn sem þurfa sérstakan stuðning. Vinna við þetta verkefni hefjist árið 1991. Í ritinu verði m.a. fjallað um blöndun fatlaðra og ófatlaðra og reynslu af henni og réttindi fatlaðra á leikskólaaldri.

Leitað verði samstarfs við útgáfufyrirtæki um útgáfu þessara rita. Þau verði seld foreldrum á almennum markaði, jafnframt því sem þau verði seld sveitarfélögum til notkunar í leikskólum. Athugað verði hvort þýða megi eitthvert efni eða nýta fræðsluefni sem ætlað er grunnskólakennurum. Gert er ráð fyrir að ríkið leggi fram ákveðna fjárupphæð á hverju ári vegna vinnu við þessa útgáfu og nemi hún allt að einum árslaunum.

2.1.6 Aðstoð við þróunarstarf í leikskólum verði efl. Stefnt verði að því að um 5 milljónum kr. verði varið á ári í **Þróunarsjóð leikskóla** sem stofnaður var árið 1989. Þá voru framlög í sjóðinn 3 milljónir kr. og hlutu níu þróunarverkefni styrk. Ári síðar var framlagið 3,5 milljónir kr. og voru þá styrkt sjö verkefni. Ráðuneytið leggur áherslu á að umsóknir um styrki séu vandaðar, gert sé ráð fyrir leiðsögn og/eða mati utanaðakomandi aðila (t.d. frá Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, stofnunum sem mennta fóstur og kennara, umdæmisfóstrum eða öðrum einstaklingum) og þeir sem hljóta framlög skili skýrslu í lok þróunartímabils. Ráðuneytið mun dreifa skýrslunum eða útdrætti úr þeim til allra leikskóla í landinu um leið og þær koma út. Styrkt verði útgáfa efnis sem útbúið er sem hluti af þróunarverkefnum er fá styrki úr þróunarsjóði.

Jafnframt vill ráðuneytið styrkja valda leikskóla sem **þróunarskóla** á ákveðnum sviðum tímabundið.

2.1.7 Leggja þarf áherslu á náð og markvisst **samstarf leikskóla og foreldra** og setja reglur þar um. Starfshópi verði falið að semja slíkar reglur á árinu 1991.

2.1.8 Menntun starfsfólks leikskóla er á vegum menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið leggur áherslu á að við leikskóla starfi **vel menntað starfsfólk**. Eigi að vera unnt að sinna markvissu uppeldisstarfi á leikskólum og gera leikskólann að skóla fyrir alla sem þess óska þurfa mun fleiri fóstur að útskrifast en nú er og vinna verður að því að fá þær til starfa í leikskólum. **Fjöldi útskrifaðra fóstura** á ári hverju næstu 10 árin þyrfti að **tvöfaldast** frá því sem nú er (sjá 7. kafla um kennara- og fósturmenntun).

Eigi leikskóli fyrir alla að verða að veruleika þurfa sveitarfélögin að leggja fram umtalsvert fé í stofnkostnað og rekstur umfram það sem þau gera nú. Það er álit menntamálaráðuneytisins að þar þurfi að koma til stuðningur frá ríkinu (sbr. tillögur nefndar sem greint var frá hér að framan). Það getur orðið með beinum framlögum eða nýjum tekjustofnum.

2.2 Nýjar viðmiðunarreglur um húsnaði og aðbúnað

Meginmarkmið

Húsnaði og aðbúnaður leikskóla svari þörfum starfsins sem þar fer fram.

Rök

Til þess að starfsemi leikskólans sé skilvirk og unnt sé að starfa samkvæmt settum markmiðum þarf húsnaði skólanna að vera skipulagt og uppbyggt í samræmi við þau.

Skilgreining

Í lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989 (og í frumvarpi til laga um leikskóla) er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið, í samráði við stjórn *Sambands íslenskra sveitarfélaga*, setji í reglugerð almenn ákvæði um húsnaði og búnað og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið dagvistarheimila sem falla undir lögin.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varða:

- endurskoðun reglugerðar
- útgáfu leiðbeiningarits fyrir þá sem reka leikskóla.

2.2.1 Árið 1991 verði skipuð nefnd til þess að endurskoða **reglugerð** um húsnaði og búnað leikskóla í samvinnu við *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Þeirri vinnu verði lokið árið 1992. Jafnframt verði á árinu 1993 samið **leiðbeiningarit** fyrir þá sem reka leikskóla. Kveðið verði á um heildarrými, aðstöðu og aðbúnað fatlaðra, leikrými og aðstöðu til listrænnar sköpunar, búnað, vinnuaðstöðu starfsfólks og útivistarsvæði. Þar verði einnig viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið. Einnig verði kveðið á um það hverjir skuli vera umsagnaraðilar um hönnun og byggingu leikskóla (sbr. frumvarp til laga um leikskóla).

Við hönnun húsnaðis þarf að taka mið af því að börn á leikskólum þurfa að eiga kost á máltíðum og aðstöðu til þess að matast. Fari þetta eftir lengd dvalar barnsins, svo og á hvaða tíma dags dvölin er.

2.3 Markviss tengsl og samstarf leikskóla og grunnskóla

Meginmarkmið

Stuðla skal að sem bestum tengslum leikskóla og grunnskóla með samræmdum uppeldismarkmiðum, samstarfi og upplýsingamiðlun.

Rök

Tengslaleysi milli skólastiga getur orðið til þess að dýrmætur tími glatist og að börnin fái ekki þá umönnun sem þau annars gætu fengið. Mikilvægt er að reynsla og þekking þeirra sem unnið hafa með börnin áður en skyldunám þeirra hefst nýtist áfram í grunnskólum og að ekki þurfi að tefja nám viðkomandi einstaklinga vegna þess að upplýsingar skorti eða að endurtaka þurfi rannsóknir eða kannanir sem fram hafa farið á stöðu barnsins á vegum leikskóla eða sálfræðipjónustu.

Reikna má með að átakalítill flutningur barna á milli leikskóla og grunnskóla og upplýsingamiðlun á milli þessara skólastiga stuðli að farsælu upphafi náms í grunnskóla. Samræmd stefnumörkun í *Uppeldisáætlun leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla* ætti m.a. að tryggja samfellu í uppeldi og menntun barna í þessum skólastofnunum.

Skilgreining

Skóladaður í yngstu bekkjum grunnskóla er nú í mörgum tilfellum styttri en dagleg leikskólavist og í leikskóla eru barnahóparnir yfirleitt minni en í grunnskóla. Almennt berast ekki með skipulegum hætti upplýsingar um börnin milli leikskóla og grunnskóla. Mikilvægt er að fóstrur og grunnskólakennarar hittist til að ræða um nám og stöðu þeirra barna sem hefja nám í grunnskóla. Þetta er nú sums staðar gert og mikilvægt er að nýta þá reynslu sem fengist hefur og byggja frekara skipulag á henni.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- reglur um samstarf,
- tilraunastarf,
- samráð um uppeldisáætlun og aðalnámskrá.

2.3.1 Árið 1992 verði mótaðar á vegum ráðuneytisins **reglur um samstarf leikskóla og grunnskóla**. Þessar reglur verði unnar í samstarfi starfsmanna beggja skólastiga. Þar verði m.a. kveðið á um gagnkvæmar heimsóknir barna á milli þessara stofnana, upplýsingamiðlun og samstarf starfsmanna og kynningu fyrir foreldra og samráð við þá. Ef frumvarp til laga um leikskóla verður að lögum gæti hér orðið um reglugerð að ræða.

2.3.2 Árið 1991 verði unnið **tilraunastarf** í þessu skyni á tveimur til þremur stöðum á landinu byggt á reynslu skóla sem þegar hafa haft með sér slíkt samstarf.

2.3.3 Þeir sem vinna að **endurskoðun uppeldisáætlunar** á árunum 1992-93 og **endurskoðun Aðalnámskrár grunnskóla** á árunum 1992-95 skulu hafa **samráð** sín í milli (sjá kafla 3.7).

2.3.4 Skoðaðir verði möguleikar á samnýtingu leikskóla og grunnskóla á húsrými eða gögnum, t.d. íþróttasal, sundlaug eða tækjum eins og myndvarpa, myndbands-upptökuvél o.fl. Leikskóli gæti t.d. nýtt sér íþróttasal eða sundlaug utan starfstíma grunnskóla, svo sem á sumrin. Sömuleiðis gæti grunnskóli nýtt sér leiktæki á lóð leikskóla þegar þau eru ekki í notkun. Slík samnýting þarf að sjálfsgöðu að vera mjög vel skipulögð og með samþykki starfsmanna beggja stofnana.

Sjá einnig lið 2.1.5 hér að framan um **útgáfu rits** um þetta samstarf.

Sjá einnig lið 3.1.1 í næsta kafla um lengingu skóladags yngstu nemenda grunnskólans, 3.2.1 um fækkun nemenda í bekkjardeildum og 7. kafla um kennara- og fóstrumenntun.

Samantekt um leikskólastigið og tengsl við næsta kafla

Á leikskólastigi leggur ráðuneytið höfuðáherslu á hlutverk sitt til stefnumótunar og faglegrar umsjónar með þessu skólastigi sem nú er rekið af sveitarfélögunum. Á næstu árum verði unnið að markvissri stefnumótun fyrir starfsemi leikskóla, þróunarstarf eflt og gefin út stuðningsgögn fyrir starfsmenn, auk þess sem unnið verði að uppbyggingu ráðgjafarþjónustu um landið. Ráðuneytið leggur áherslu á að öll börn eigi kost á að því að vera í leikskóla þar sem fram fer markvisst uppeldis- og kennslustarf undir handleiðslu sérmenntaðs fólks.

Mikilvægt er að upphaf náms í grunnskóla tengist starfsemi leikskóla, því verði mótaðar reglur um samstarf þessara skóla og unnið að því að *Aðalnámskrá grunnskóla* sé eðlilegt framhald af *Uppeldisáætlun leikskóla*.

3. GRUNNSKÓLAR

Staðan 1990

1. Nemendafjöldi í grunnskóla	42.000
Þar af í sérskólum	240
2. Heildarútgjöld til grunnskóla 1990	
Ríki	5 milljarðar kr.
Sveitarfélög (áætlað)	um 1,6 milljarðar kr.
3. Heildarrekstrarkostnaður ríkissjóðs á nemanda á ári (menntun kennara ekki talin með)	um 100 þús.
4. Hlutfall launa af heildarkostnaði ríkisins	80%
5. Fjöldi grunnskóla	220
Þar af sérskólar fyrir fatlaða	7
Þar af með heimavist	28
Með heimavist og daglegan akstur	15
6. Sérkennsla í almennum skólum	
Fjöldi nemenda í sérdeildum	300
Fjöldi nemenda í sérkennslu, einstaklings- og hópkenndu	6.000
Vikustundir til sérkennslu	um 10.000
7. Fjöldi starfandi grunnskólakennara	2.700
8. Fjöldi stundakennara og leiðbeinenda	900
9. Fjöldi stöðugilda	2.600

Lög er varða grunnskóla:

Áfengislög nr. 82/1969. Breyt. 25/1989.

Íþróttalög nr. 49/1956. Breyt. 5/1968, 34/1972, 87/1989.

Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 87/1989.

Lög um grunnskóla nr. 63/1974. Breyt. 94/1975, 29/1978, 16/1983, 23/1983, 43/1984, 87/1989, 52/1990.

Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Lög um heilsuvernd í skólum nr. 61/1957.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985.

Lög um landgræðslustörf skólafólks nr. 58/1974.

Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986.

Lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983. Breyt. 87/1989.

Lög um Námsgagnastofnun nr. 23/1990.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr. 25/1975.

- Lög um skólakerfi nr. 55/1974.
 Lög um tóbaksvarnir nr. 65/1984.
 Lög um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 16/1978. Breyt. 7/1986.
 Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.
 Umferðarlög nr. 50/1987.

Frumvarp:

- Frumvarp til laga um grunnskóla. 1990.

Reglugerðir um grunnskóla:

- Við grunnskólalög hafa verið settar yfir 20 reglugerðir og erindisbréf, þar má nefna reglugerðir um fræðsluráð nr. 80/1990, störf fræðslustjóra nr. 57/1990, orlof grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla nr. 427/1988, starfstíma grunnskóla 191/1984, leyfi í skólum nr. 80/1976, kennarfundi og kennararáð nr. 184/1976, heimavistir grunnskóla nr. 86/1990, sérkennslu nr. 98/1990, námsmat í grunnskóla nr. 65/1985, félagsstörf og félagsmálafræðslu nr. 433/1977 og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu nr. 21/1980.

Útgáfur:

- Elín G. Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. 1989. *Upp úr hjólförunum. Um jafna stöðu kynja í skólum.* Menntamálaráðuneytið.
 Gerður G. Óskarsdóttir. 1990. *Skólar á Íslandi* (sérprent). Menntamálaráðuneytið.
 Jón Torfi Jónasson. 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár. 1985-2010.* Sérprent úr Menning og menntun á tækniöld. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun. Sérrit 2. Reykjavík.
 Kennarasambands Íslands. 1990. *Skólastefna - Mennt er máttur - 3.* útg.
 Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnússon. 1988. *Valdakerfi grunnskólans.* Menntamálaráðuneytið.
 Menntamálaráðuneytið. 1976 -1990. *Nám að loknum grunnskóla* (árleg útgáfa).
 Menntamálaráðuneytið. 1989. *Aðalnámskrá grunnskóla.*
 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Að byrja í skóla. Rit til foreldra* (1. útg. 1986).
 Menntamálaráðuneytið. 1991. *Grunnskólinn okkar. Rit til foreldra.*

Nýlegar skýrslur og álitserðir unnar á vegum eða með styrk frá menntamálaráðuneytinu:

- Ásta Bárðardóttir og Jón Torfi Jónasson. 1989. *Forgangsverkefni í skólastarfi.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
 Bókafulltrúi ríkisins. 1990. *Ársskýrsla skólasafna í grunnskólum 1988-1989.* Menntamálaráðuneytið.
 Efnahgs- og framfarastofnunin, menntamálanefnd (OECD). 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.
 Erlingur Bertelsson. 1990. *Gildandi lög, reglugerðir og erindisbréf varðandi mennta- og menningarmál.* Menntamálaráðuneytið.
 Erna Árnadóttir og Ingibjörg B. Frímansdóttir. 1990. *Drög að skýrslu um Ár læsis á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.
 Félag skólastjóra og yfirkennara. 1981. *Könnun á aðstöðu og búnaði í skólum.*
 Fræðsluráð Vestfjarða. 1987. *Könnun á húsnæði og búnaði grunnskóla á Vestfjörðum.*
 Gerður G. Óskarsdóttir. 1990. *Námsráðgjöf og starfsfræðsla í fimm nágrannalöndum og samanburður við Ísland. Með viðauka um tvö lönd eftir Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur og Harald Finnsson.* Námsgagnastofnun.

- Hrólfur Kjartansson. 1988. *Valgreinar í 9. bekk grunnskóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1988. *Viðhorf kennara til nýs námssefnis. Bráðdabirgðarskýrsla tekin saman að beiðni námsgagnastjóra*. Námsgagnastofnun.
- Jón Torfi Jónasson. 1989. *Lenging skóladags og einsetinn grunnskóli. Skýrsla uminn á vegum vinnuhóps menntamálaráðherra um lengingu skóladags og einsetinn grunnskóla*. Félagsvísindastofnun HÍ.
- Margrét Harðardóttir og Sigurlín Sveinbjarnardóttir. 1987. *Nýting tíma í íslenskum grunnskólum. Afangaskýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnúson. 1990. *Fámennir skólar. Niðurstöður úr könnun*. Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. 1982. *Aðstaða til mynd- og handmenntakennslu í grunnskólum á Austurlandi*.
- Menntamálaráðuneytið. 1986. *Aðstaða til mynd- og handmenntakennslu í grunnskólum á Norðurlandi eystra*.
- Menntamálaráðuneytið. 1986. *Um heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldi í skólum*.
- Menntamálaráðuneytið. 1987. *Aðstaða til mynd- og handmenntakennslu í grunnskólum á Norðurlandi vestra*.
- Menntamálaráðuneytið. 1988. *Skólaþróun. Skýrsla um starfsemi skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins 1985 - 1987*.
- Menntamálaráðuneytið. 1988. *Skýrsla menntamálaráðherra um stöðu list- og verkgreina, heimilisfræði og íþróttakennslu í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum*.
- Menntamálaráðuneytið. 1989. *Aðstaða til mynd og handmenntakennslu í grunnskólum á Suðurlandi*.
- Menntamálaráðuneytið. 1990. *Niðurstöður könnunar um efnisgjöld, kaup nemenda á námsgögnum og kostnað við valgreinar*.
- Menntamálaráðuneytið. 1990. *Skýrsla um könnunarpróf í stafsetningu í 6. og 8. bekk grunnskóla haustið 1986*.
- Menntamálaráðuneytið. 1990. *Skýrslur um niðurstöður samræmdra prófa. Gefnar út árlega*.
- Menntamálaráðuneytið. 1990. *Um könnun á forgangsverkefnum á sviði skólamála*.
- Menntamálaráðuneytið. 1991. *Fjöldi nemenda og kennara í grunnskólum 1990 - 1991*.
- Námsgagnastofnun. 1988. *Könnun á þörf fyrir sérkennsluefni*.
- Námsgagnastofnun. 1990. *Skýrsla yfir tillögur um nýtt og endurskoðað námsefni í íslensku fyrir grunnskóla*.
- Námsmatsnefnd Kennarasambands Íslands og ríkisins. 1990. *Nefndarálit*
- Nefnd á vegum menntamálaráðherra um lesskilning og orðaforða. 1989. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um endurmat á störfum kennara. 1985. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um kennslugagnamiðstöðvar við fræðsluskrifstofur. 1989. *Skýrsla og tillögur*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um Námsgagnastofnun. 1989. *Skýrsla um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um tengsl safnastofnana og skóla. 1981. *Samskipti safna og skóla. Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Rasmussen, P. 1987. *Ledelsespraksis og undervisningsformer. En spørgeskemaundersøgelse af danskundervisningens praksis på Island*. Háskóli Íslands, Stofnun í erlendum tungumálum.
- Samstarfshópur foreldra. 1990. *Samstarf heimila og skóla. Álitgerð unnin að beiðni menntamálaráðherra*. Menntamálaráðuneytið.


- Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. 1988. *Áfangaskýrsla um skóla- og dagvistarmál*.
- Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar. 1990. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Sigríður Sveinsdóttir. 1990. *Könnun á starfsemi og aðbúnaði tónlistarskóla haustið 1989*. Unnin á vegum Félags tónlistarskólakennara. Menntamálaráðuneytið.
- Sigurlín Sveinbjarnardóttir (umsjón). 1990. *Umhverfismenntun á Íslandi. Könnun á viðfangsefnum dagvistarheimila, grunnskóla og framhaldsskóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur á vegum menntamálaráðherra. 1990. *Tillögur um samræmd próf í íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla. Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um samræmd könnunarpróf í grunnskólum. 1990. *Álit og tillögur*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um stöðu kynja í skólum. 1990. *Jöfnu staða kynja í skólum. Stefna - markmið - leiðir. Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Umboðsmaður Alþingis. 1990. *Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Jóns Kristjánssonar* (mál nr. 32/1988).
- „Verkefni nr. 8“. 1988. *Nýbreytni í starfi grunnskóla. Ágrip af aðalniðurstöðum lokaskýrslu*. Menntamálaráðuneytið.
- Verkefnisstjórn um málræktaráttak. 1989. *Málrækt 1989. Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Vinnuhópur um tengsl heimila og skóla. 1984. *Samfelldur skóladaður. Tengsl heimila og skóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Þórólfur Þórlindsson. 1988. *Niðurstöður úr könnun á högum og viðhorfum grunnskólakennara* (stytt útgáfa). Menntamálaráðuneytið.

Núverandi staða

Grunnskólastigið nær til aldursflokka 6 - 15 ára og eru börn skólaskyld frá því ári sem þau verða sex ára. Í hverjum árgangi barna á grunnskólaaldri eru nú um 4.200 - 4.300 börn en í nokkrum árgöngum mun fækka nú á næstu árum í um 4.000 (sjá einnig inngang).

Mynd 6

**Fjöldi nemenda í grunnskólum 1989 - 1990
eftir umdæmum**



Nú eru starfandi **220 grunnskólar** í landinu, þar af 7 sérskólar á grunnskólastigi, með alls um 42 þúsund nemendum á skólaskyldualdri.³⁹

Tafla 2

Fjöldi skóla eftir stærð 1989-90:

færri en 50 nemendur	75
51-100 nemendur	35
101-400 nemendur	70
401-650 nemendur	30
651-1000 nemendur	8
1001-1500 nemendur	2
Alls	220

Langflestir skólanna eru **heimangönguskólar eða heimanakstursskólar**. 28 skólar eru **heimavistarskólar** að hluta eða öllu leyti og eru þeir með rúmlega 1600 nemendur eða 4% allra grunnskólabarna í landinu (1989 - 1990). Sums staðar til sveita eru starfrækt svonefnd skólasel sem eru lítil útibú annarra skóla.

Árlegur **starfstími** flestra grunnskóla er 9 mánuðir en þó stundar tæplega fjórðungur allra grunnskólanemenda í landinu nám í skólum með styttri starfstíma, þ.e. 8 1/2 eða 8 mánuði.

Tafla 3

Starfstími skóla 1988 - 1989 :

	<u>9 mán.</u>	<u>8 1/2 mán.</u>	<u>8 mán.</u>
Hlutfall skóla og nemendafjöldi:	77% (33.000)	14% (6.000)	9% (4.000)

Í mörgum heimavistarskólum og heimanakstursskólum er skólatími yngstu barnanna skertur og koma þau þá í skólann nokkra daga í viku, aðra hverja viku eða sjaldnar. Skoða þarf ástæður þess að skólar starfa ekki fullan kennslutíma.

Kennslustundafjöldi á viku sem nemendur eiga rétt á að sækja er frá 23 stundum í yngstu árgöngunum þar sem full kennsla er veitt upp í 35 stundir hjá 8. til 10. bekk á viku. Nemendur sumra sérskóla fá þó aðeins 15 - 20 vikustundir.

Grunnskólar starfa eftir **Aðalnámskrá grunnskóla**. Gildandi aðalnámskrá er frá 1989. Í námskránni er settur fram starfsrammi fyrir grunnskólann og lögð áhersla á samtvinnað uppeldis- og fræðsluhlutverk grunnskóla, fjallað er um grundvallaratriði starfshátta; markmið, nám og kennslu í einstökum námsgreinum og námsþáttum; skipulag skólustarfsins svo og grundvallarviðmið við skiptingu tíma.

Námshögnum fyrir grunnskóla er úthlutað ókeypis á vegum *Námshögnaforstöfnunar*. Síðastliðin 10 ár hafa komið út um 800 nýir titlar námsbóka og annarra námshögna á vegum stofnunarinnar (utan fræðslumynda) og á síðustu fimm árum hefur verið dreift 550 - 650 þúsund eintökum til skóla á ári. Á árinu 1989 var kostnaður á eintak til skóla (bækur og bæklingar) um 300 kr.

Fram til haustsins 1990 tíðkaðist að nemendur keyptu sjálfir námshögna í valgreinum í 10. bekk. Einnig hafa nemendur í allmörgum skólum verið látnir greiða fyrir námshögna frá öðrum en Námshögnaforstöfnun. Í kjölfar álitserðar umboðsmanns Alþingis 1990⁴⁰ um kaup á námshögnum og efnisgjöld í grunnskólum, hefur ráðuneytið tekið af skarið um að óheimilt sé að ætla nemendum í skyldunámi að kaupa námshögna og einnig að óheimilt sé að innheimta efnisgjöld. Ríki og sveitarfélögum ber að standa straum að kostnaði við skyldunám. Samkvæmt könnun menntamálaráðuneytisins haustið 1990 keyptu nemendur námshögna í almennum skyldunámshögnum fyrir 5 - 6 milljónir kr. skólaárið 1989 - 1990 og námshögna í valgreinum voru áætluð að verðmæti 25 - 30 milljónir kr.⁴¹

Nemendur með **mismunandi þroska og færni** eru saman í bekkjum. Reynt er að haga málum þannig að fatlaðir nemendur stundi eftir föngum nám í almennum grunnskólum í sínu skólahverfi við hlið annarra nemenda. Sums staðar eru starfandi sérdeildir innan grunnskóla t.d. fyrir blinda, hreyfihamlaða, fjölfatlaða eða mjög seinfæra nemendur, en einnig eru starfandi nokkrir sérskólar, svo sem fyrir þroskahefta.

Gera má ráð fyrir að um 4% barna í árgangi þurfi sérhæfða kennslu vegna fötlunar eða alvarlegra geðrænna, félags- og tilfinningalegra erfiðleika. Samkvæmt tíðnitölum má gera ráð fyrir að þessi hópur skiptist í um einn blindan einstakling í árgangi, tvo heyrnarlausa eða mjög heyrnarskerta, tvo einhverfa og tvo með einhverfueinkenni, tíu fjölfatlaða sem þurfa mjög sérhæfða kennslu, tíu fjölfatlaða sem þurfa sérhæfða kennslu, auk einstaklinga sem verða fyrir alvarlegum slysum. Álitid er að um 3-5% af árgangi búi við sértæka lestrarerfiðleika. Áætlað hefur verið að um 2-7% barna séu misþroska en það þýðir að þau hafi eðlilega greind en eigi við erfiðleika að stríða hvað varðar skynúrvinnslu, einbeitingu, of- eða vanvirkni, fin- eða grófhreyfingar, lestur, skrift o.fl. Auk þessa hóps er fjöldi nemenda sem einhvern tíma á skólagöngunni þarf á að halda einhvers konar aðstoð við nám af ýmsum ástæðum, svo sem vegna námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika og er í þeim tilfellum í raun um þörf á sveigjanleika í kennsluháttum að ræða. Nú njóta um 6.000 grunnskólanemendur sérkennslu, einir sér eða í litlum hópum, tímabundið eða til lengri tíma, um 300 nemendur eru í sérdeildum grunnskóla og um 240 í sérskólum eða alls rúmlega 15% grunnskólanemenda.

Við fræðsluskrifstofurnar er starfandi **ráðgjafar- og sálfræðipjónusta** þar sem nú starfa tæplega 30 sálfræðingar. Víða um land hefur gengið illa að manna þessa þjónustu og heilu fræðsluumdæmin hafa verið án hennar mánuðum og jafnvel árum saman. Reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu gerir ráð fyrir því að einn sálfræðingur sé á hverja 1.000 nemendur. Ömannaðar stöður eru því á annan tug.

Kennsluráðgjöf vegna almennrar kennslu og sérkennslu á vegum fræðsluskrifstofa hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförmum árum og er henni sinnt af kennsluráðgjöfum og sérkennslufulltrúum. Hér er um að ræða ráðgjöf fyrir kennara um kennslu.

Námsráðgjöf við nemendur er í örfáum grunnskólum (sjá kafla 3.2.7).

Starfandi eru **safnakennarar** við Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands. Hlutverk þeirra er að skipuleggja ferðir nemenda á söfnin og vera tengiliður milli safna og skóla.⁴²

Próunarsjóður grunnskóla var stofnaður árið 1989. Verkefna- og námsstyrkjasjóður Kennarasambands Íslands var stofnaður í kjölfar kjarasamninga árið 1989 og nemur mánaðarlegt framlag ríkisins í hann 1,5% af launum félagsmanna KÍ (sjá kafla 3.5.5).

Meginstefna menntamálaráðuneytisins á sviði grunnskóla:

Markmið menntamálaráðuneytisins er að framfylgja markmiðsgrein grunnskólalaga sem útfærð er í lögnum í heild, reglugerðum við lögin og í aðalnámskrá sem er reglugerðarígildi.

Í nýju frumvarpi til grunnskólalaga sem unnið var á vegum menntamálaráðuneytisins og lagt hefur verið fram á Alþingi eru m.a. þau nýmæli að stefnt er að einsetnum skóla og um 6 klst. viðveru allra aldurshópa í skólanum daglega. Annað meginverkefni á sviði grunnskólans er að vinna áfram að því að grunnskólinn þjóni öllum nemendum í viðkomandi skólahverfi. Stefnan er sú að starfið í grunnskólanum mótist af sveigjanlegri samkennslu ólíkra barna sem framkvæma má á margvíslegan og ólíkan máta með hliðsjón af möguleikum á hverjum stað. Sérstök áhersla er á skólapróun og aðrar umbætur í skólastarfi. Sjálfstæði og ábyrgð einstakra skóla verði aukin til þess að bæta námið, m.a. með því að þeir eigi kost á að móta sér eigin stefnu og skólabrag með skólanámskrá og geti þannig betur unnið samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Á móti komi aukinn hlutur

ráðgjafar og eftirlits á vegum fræðsluskrifstofa og menntamálaráðuneytis. Í grunnskólafrumvarpinu er stefnt að aukinni valddreifingu, m.a. með því að færa verkefni og ábyrgð til umdæma og skóla. Stefnt er að námsráðgjöf í grunnskólum og auknu samstarfi við foreldra um skólastarfið.

Til þess að þessum markmiðum verði náð þarf að tryggja skólunum vel menntað starfslið og skapa því góðar starfsaðstæður. Það krefst mikils af barni að vera í skóla og með skólagöngunni eru lagðar á það miklar kvaðir. Til þess að góðum árangri verði náð þarf alúð og færni kennara sem vinnur starf sitt í náinni samvinnu við foreldra. Saman verða þeir að vinna að því að styðja barnið á menntabrautinni.

Menntamálaráðuneytið leggur því megináherslu á eftirfarandi þætti á grunnskólastigi næstu árum:

- 3.1 *Einsetinn, samfelldur skóli, lengri skóladagur yngstu nemenda og skólamáltíðir.*
- 3.2 *Skóli fyrir alla.*
- 3.3 *Aukinn hlutur lista, verkmenntagreina og skólaíþróttá (líkams- og heilsurækt).*
- 3.4 *Námsgögn og matsgögn.*
- 3.5 *Sjálfstæði skóla og skólaþróun.*
- 3.6 *Mat og eftirlit með skólastarfi.*
- 3.7 *Unglingastigið - tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.*

Sjá einnig 1. kafla þar sem fjallað er um meginverkefni sem ná til allra skólastiga, 7. kafla um kennaramenntun og 8. kafla um menntamálaráðuneytið, þ.m.t. fræðsluskrifstofur.

3.1 Einsetinn, samfelldur skóli, lengri skóladagur yngstu nemenda og skólamáltíðir

Meginmarkmið

Skóladagur yngstu barna verði lengdur jafnt og þétt á næstu árum þannig að samfelldur skóladagur allra nemenda grunnskóla verði um 6 klst.

Rök

Þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga kalla á breyttar áherslur í skólastarfi. Breyttir atvinnuhættir og ný viðhorf til hlutverks skóla beinast í þá átt að stækka hlut hans í fræðslu og uppeldi æskunnar. Þetta felur m.a. í sér sterkar kröfur um lengri skóladag yngstu barnanna svo unnt sé að sinna margvíslegum verkefnum í skólanum sem nú gefst ekki tími til og til þess að vinnudagur barna í skóla samsvari betur en nú er vinnutíma flestra foreldra. Leysa verður þann vanda sem skapast hefur við aukna atvinnuþátttöku beggja foreldra. Enginn aðili er hæfari til þess en skólinn.

Skóladagheimili sem nú eru starfandi fullnægja ekki þörf. Lengri skóladagur dregur úr þörf á skóladagheimilum sem nú eru rekin af sveitarfélögum.

Í könnun ráðuneytisins á 10 forgangsverkefnum í skólamálum sem fjallað var um í inngangi nefnir yfirgnæfandi meirihluti svarenda einsetinn skóla, samfelldan skóladag og/eða lengri skóladag yngstu nemenda. Kennarasamtök og allir stjórnmalaflokkar hafa einnig lagt áherslu á þessar breytingar. Því er ljóst að mjög víðtæk samstaða er meðal landsmanna um að hrinta þessum breytingum í framkvæmd.

Úr samþykktum kennarasamtaka og stjórnmalaflokka:

Í skólastefnu **Kennarasambands Íslands** er lögð áhersla á að allir grunnskólar í landinu verði einsetnir og ítrekuð er nauðsyn þess að skóladagur nemenda sé samfelldur og lengri en nú er hjá yngstu nemendum.⁴³

Alþýðubandalag: Í ályktunum frá 9. landsfundi Alþýðubandalagsins frá nóv. 1989 um uppeldi og menntun í breyttu samfélagi segir m.a. að aukið fjármagn til grunnskóla verði notað til að „*Gera grunnskóla að einsetnum heilsdagsskólum þar sem vinnutími og viðvera nemenda og kennara er samfelld ... og skóladagur yngstu barnanna verði lengdur verulega frá því sem nú er.*”⁴⁴

Alþýðuflokkur: Í yfirliti yfir stefnumál Alþýðuflokksins fyrir Alþingiskosningar 1987 segir m.a. „*Stefnt verði að ... (því) ... að skólar verði einsetnir og skóladagur samfelldur í grunnskólum.*”⁴⁵

Borgaraflokkur: Í samþykktum 2. landsfundar Borgaraflokksins segir m.a.: „*Stefnt verði markvisst að samfelldum skólatíma barna á grunnskólastigi.*”⁴⁶

Framsóknarflokkur: Í ályktun flokksþings Framsóknarflokksins frá nóv. 1988 segir m.a. að þingið leggi áherslu á „*að komið verði á einsetnum skóla sem allra fyrst*” og að „*skóladagur harna á yngri stigum grunnskólans lengdur og gerður samfelldur.*”⁴⁷

Kvennalistinn: Í stefnuskrá Kvennalistans í landsmálum frá 1987 segir m.a. um grunnskólann að Kvennalistinn vilji „*að grunnskólar verði einsetnir*” og „*að vinnudagur nemenda verði samfelldur og samræmdur vinnudegi foreldra og nemendum gefinn kostur á máltíðum í skólum.*”⁴⁸

Sjálfstæðisflokkur: Í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins 1989 segir m.a. „*Samræma ber vinnutíma foreldra og barna með því að koma á samfelldum skóladegi og einsetnum skóla. Lengja verður daglegan skólatíma yngra- og miðstigs grunnskólans.*”⁴⁹

Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál leggur til í áfangaskýrslu sinni um skóla- og dagvistarmál (1988)⁵⁰ að komið verði á samfelldum skóladegi og að allir grunnskólanemendur njóti skóladvalar í a.m.k. 6 klukkustundir á dag.

72% kvenna og 88% karla 16 - 64 ára vinna utan heimilis (1986).⁵¹

Skilgreining

Hér verður fjallað nánar um eftirfarandi atriði: lengingu skóladags, einsetinn skóla og samfelldan skóladag.

Með lengri skóladegi yngstu nemenda grunnskólans er átt við að skóladagur þeirra verði frá morgni fram á miðjan dag, t.d. frá kl. 8:30 eða 9:00 og fram til kl. 15:00. Bæta þarf alls um 55 stundum á viku við skólatíma 6 - 12 ára barna svo vikustundir allra árganga verði jafn margar eða 35 alls. Hér yrði um skylduviðveru að ræða. Starfsdagurinn skiptist í skipulagt nám, frjálst starf, matarhlé og önnur hlé á milli kennslustunda. Vegna mismunandi aðstæðna víða um land, einkum í dreifbýli þar sem börnum er ekið í skóla, þarf að vera sveigjanleiki í þessum efnun þannig að fjarvera barna frá heimilum verði ekki of löng.

Með einsetnum skóla er átt við skóla þar sem unnt er að skipuleggja vinnudag allra nemenda frá morgni og fram eftir miðjum degi.

Stór hluti skólahúsa hér á landi er tvísetinn. Áætlað er að nú vanti um 500 - 600 skólafundur í grunnskóla landsins til þess að einsetja megi alla grunnskóla, þar af flestar í Reykjavík og í Reykjanesumdæmi eða á fjórða hundrað. Samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga⁵² eru byggingar grunnskóla nú alfarið í höndum sveitarfélaga. Hraði í uppbyggingu grunnskólahúsnæðis til þess að mæta lengingu skóladags og þörfum kennara fyrir vinnuáðstöðu vegna samfelldrar og lengri viðveru er því háður getu og áhuga sveitarfélaga. Í því sambandi er þó vert að geta þess að ef þessi áform ná fram að ganga á tíu árum kallar það ekki á meiri útgjöld á ári fyrir sveitarfélögin en ríki og sveitarfélög lögðu til samans fram árlega á undanförunum árum.⁵³ Lausleg athugun á framlögum sveitarfélaga til skólabygginga árið 1990 bendir til hins sama. Sem dæmi um árið 1991 má geta þess að Reykjavíkurborg áttlar að leggja 609 milljónir kr. til grunnskólabygginga það ár. Byggingarkostnaður vegna einsetins skóla er því innan þeirra áætlana sem gengið var út frá þegar verkaskiptalögin voru samþykkt.

Mikilvægt er að skólar séu ekki of fjölmennir og er talið æskilegt að í einum skóla séu ekki fleiri en tvær til þrjár bekkjardeildir í árgangi. Kennarasamband Íslands leggur til í skólafundum sinni⁵⁴ að miðað verði við að skólar séu ekki stærri en svo að tvær bekkjadeildir séu í árgangi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um grunnskóla frá 1990 er sett fram sú stefna að hver grunnskóli sé að öllu jöfnu ekki stærri en svo að þrjár bekkjardeildir í hefðbundnum skilningi (hliðstæður) séu í hverjum árgangi. Lætur nærri að í grunnskóla með 1. - 10. bekk séu þá um 650 nemendur. Þetta hefur í för með sér að hluti viðbótarkennslustofa þarf að rísa í nýjum skólum, einkum á Reykjavíkursvæðinu. Hér er um viðmiðun að ræða enda verður að taka tillit til óstöðugs íbúa- og nemendafjölda t.d. í bæjum og borgarhverfum í örum vexti. Með takmörkun á stærð skóla er lögð áhersla á mikilvægi þess að skólar séu ekki of stórir og þar með ópersónulegir vinnustaðir fyrir nemendur og kennara. Skóli af þessari stærð er þó nógu stór til þess að stöðugildi séu fyrir sérmenntaða kennara t.d. í listgreinum. Með einsetnum skólum skapast meiri möguleikar á nýtingu skólahúsa til ýmiss konar starfsemi síðari hluta dags og á kvöldin, sbr. það sem sagt var í kafla 1.4 c um skólann sem menningarmiðstöð í skólaverfinu.

Með samfelldum skóladegi er hér átt við samfellda skipulagða viðveru barna í skólanum, þ.e. að nemendur fari aðeins tvisvar á dag milli skóla og heimilis og ljúki allri venjulegri skólavinnu í skólanum. Nemendur geta að auki haft heimavinnu eftir efnum og ástæðum. Vel skipulögð og hæfileg heimavinna er öflugt tæki til samvinnu heimila og skóla og getur gefið börnum og fullorðnum tilefni til margvíslegra verkefna og samskipta (sjá kafla 3.2.10). Fækkun ferða nemenda á milli heimilis og skóla dregur úr slyshættu.

Ljóst er að lengri skóli þýðir einnig öðru vísi skóli, sem nefna má heilsdagsskóla. Því vísar samfelldur skóladagur eða heilsdagsskóli einnig til eðlis þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við í skólanum eða á vegum hans. Samfelldur skóli í þeim skilningi þýðir samfelldur vinnudagur eða samfelld vinnuvika eða vinnulota. Viðfangsefni nemenda mynda heild þar sem skyld verkefni tengjast saman á eðlilegan hátt. Verkefni sem unnin eru utan skólans mynda þannig eðlilega heild við verkefni sem unnin eru í skólanum á skólatíma. Ráðuneytið leggur áherslu á slíka vinnutilhögun en lætur það í hendur hvers skóla að skipuleggja nánar daglega vinnu nemenda. Taka þarf mið af breyttum starfsháttum við stundatöflugerð. Jafnframt hafa breytingar á vinnutilhögun í

skólum með lengdum og samfelldum skóladegi í för með sér aukna vinnu kennara við ýmsa þætti uppeldis- og fræðslustarfs sem erfitt er að sinna nú. Þar má nefna gerð áætlana og samstarfs- og skipulagsverkefni af ýmsu tagi. Yfirvöld og skólastjórnendur þurfa að taka mið af þessu.

Samfelldur skóladagur kallar í flestum tilfellum á skólamáltíðir, þó er það ekki einhlítt. Í skýrslu starfshóps um tengsl heimila og skóla frá 1984⁵⁵ er lagt til að nemendum grunnskóla verði gefinn kostur á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma, kennurum eða nemendum sem sjá um skólamáltíðir verði greitt sérstaklega fyrir þá vinnu, ráðið verði sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárrreiður, nemendur greiði hóflegt verð fyrir matinn og lögð er áhersla á að skólamatur verði að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur.

Til þess að ná ofangreindu markmiði vill ráðuneytið m.a. taka eftirfarandi skref er varða:

- aukinn heildarstundafjöldi fyrir yngri nemendur,
 - samninga við kennara um lengda viðveru í skólum,
 - fjölgun kennara,
 - skólamáltíðir,
 - samvinnu við sveitarfélög um skólabyggingar, félagslíf í skólum, skólasöfn o.fl.
- (sjá einnig kafla 3.2 um skóla fyrir alla og kafla 3.4 um námsgögn)*

3.1.1 Á hverju ári næstu árin **verði stöðugt bætt við heildarstundafjölda** nemenda grunnskólans þar til náð verður **35 kennslustundum** (40 mín.) á viku fyrir alla nemendur.

Haustið 1990 var fyrsta skrefið stigið þegar heildarstundafjöldi allra 6 ára barna varð 23 viðmiðunarstundir á viku og einni stund var bætt við stundafjölda 7 og 8 ára barna þannig að hann er einnig 23 stundir. Á árinu 1991 verður annað skref stigið en þá verður einni stund bætt við 1., 2., 3. og 4. bekk. Auk þess bætist skiptistund við 1. bekk.

Hver kennslustund á heilan árgang kostar rúmlega 8 milljónir á ári. Með því að dreifa viðbótarstundum á næstu 9 ár er unnt að ná þessu markmiði fyrir árið 2000.

Tafla 4

Dæmi um hugsanlega dreifingu viðbótarstunda ef ná ætti ofangreindu markmiði á 9 árum:

Stundir nú	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	
	23	23	23	26	29	32	34	
								Alls:
1991			2	2	2			6
1992		3	2	1				6
1993	2	2		2				6
1994	2		2		2			6
1995		2		2		2		6
1996	2		2		2			6
1997	2		2			1	1	6
1998		2	2	2				6
1999	4	3						7
Alls	35	35	35	35	35	35	35	55

Við kostnað af lengri skóladegi fatlaðra nemenda bætist kostnaður vegna aðstoðar-fólks og lítilla hópa eða einstaklingskennslu þeim til handa.

Lenging skóladagsins er háð kennslukröftum (sjá lið 3.1.3), húsnæði (sjá lið 3.1.5) og skólamáltíðum (sjá lið 3.1.4). Staðan í þeim málum er mismunandi eftir fræðslu-umdæmum.

Í þessu sambandi verði athuguð og tekið tillit til **sérstöðu fámennra skóla**.

3.1.2 Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli fjármálaráðuneytis og kennarasamtaka um stefnumörkun um samfelldan, daglegan vinnutíma kennara. Jafnhliða verði hlutverk skólastjóra endurskoðað hvað varðar skipulag á vinnu starfsmanna.

Tryggja þarf kennurum viðunandi **vinnuaðstöðu** ef samfelldur vinnutími þeirra á að verða að veruleika. 1990 - 1991 verði gerð úttekt á vinnuaðstöðu kennara í skólum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hér er átt við aðstöðu til þess að sinna m.a. undirbúningsvinnu og úrvinnslu vegna kennslu, tölvukost, aðstöðu fyrir samstarf kennara og samvinnu við foreldra (sbr. lið 3.1.5).

Vinnutími kennara, þ.e. bundin viðvera í skóla undir verkstjórn skólastjóra yrði t.d. 35 klst. á viku frá 15. ágúst til 7. júní sem skiptist í kennslu, aðstoð við einstaka nemendur, námskrárgerð og annan undirbúning undir kennslu, matsstörf og skýrslugerð, samráðs-fundi innan skólans, samstarf við foreldra og símenntun. Auk þessa sinntu kennarar undirbúningi undir kennslu og endurmenntun hluta af sumrinu eins og nú er.

Semjíst um slíka vinnutilhögun yrði starfstími nemenda frá 1. sept. til 31. maí. Skóli sem starfað hefur fram að þessu í 8 eða 8 1/2 mánuð aðlagist slíkri tilhögun með því að nýta sér svigrúm skólanámskrárgerðar (sbr. kafla 3.5 um sjálfstæði skóla) þar sem taka mætti tillit til séraðstæðna skólans, staðsetningar og atvinnuhátta í umhverfinu.

Nýtt verði reynsla Fossvogsskóla í Reykjavík af lengri samfelldum skóladegi. Einnig fari hluti þess fjár sem veitt verður í lengdan skóladag strax haustið 1991 í tilraunastarf í tveimur skólum með samfellda viðveru kennara og lengri skóladag nemenda. Gert verði sérstakt samkomulag við kennara þessara skóla um það.

3.1.3 Fjölga þarf nemendum í kennaranámi og gera átak til þess að **fá menntaða kennara til starfa** í skólunum. Við það að jafna vikustundafjölda allra árganga í grunnskóla fjölga stöðugildum kennara í grunnskólum um 4 - 500, en þau eru nú um 2.600. Nú útskrifast rúmlega 100 grunnskólakennarar á ári frá KHÍ og um 25 íþróttakennarar á ári frá Íþróttakennaraskóla Íslands. Reikna má með að um 60 - 75% þessara kennara fari til starfa í grunnskólum strax eftir útskrift og á fyrstu fimm árum eftir brautskráningu prófi um 90 - 95% þeirra að kenna (áætlanir frá KHÍ).

Ljóst er að fjöldi fólks með kennaramenntun sinnir nú öðrum störfum í þjóðfélaginu. Með bætum kjörum kennara og betri vinnuástöðu mætti reikna með að þeir kæmu frekar til starfa í skólunum en nú. Hvetja þarf fólk sem lýkur háskólanámi í grein og bætir við sig uppeldis- og kennslufræðum til þess að fara til kennslu í grunnskóla, einkum í efstu bekkjum, í meira mæli en nú. Til þess að stuðla að fjölbreytni og vísýni í skólastarfi er æskilegt að starfsmenn skólanna hafi mismunandi nám að baki. Með auknum möguleikum fólks á því að stunda kennaranám utan Reykjavíkur þegar kennarar fara að útskrifast frá farskóla KHÍ fjölga útskrifuðum kennurum hugsanlega um 10 - 30 á ári frá og með árinu 1995 (sjá kafla 7.3). Í álitserð starfshóps fræðslustjóra um kennaravandann á landsbyggðinni⁵⁶ er m.a. rætt um mikilvægi slíks námsfyrirkomulags og fleiri aðgerðir sem gera þyrfti (sbr. kafla 1.1 a).

Engu að síður er ljóst að fleiri kennarar þurfa að útskrifast á hverju ári og einkum er skortur á kennurum í listum og verkmenntum (sbr. kafla 3.3 og 7.2).

3.1.4 Nemendur grunnskóla eigi kost á skólamáltíð í hádegi. Útfærsla verði skipulögð á hverjum stað miðað við aðstæður. Leitað verði eftir samstarfi við kennarasamtök og samtök sveitarfélaga um þetta verkefni og stefnt að því að það komist til framkvæmda á næstu árum (sbr. lið 3.1.5). Framkvæmdin gæti verið í því formi að nemendur neyttu matar síns í kennslustofum eða sérstökum mótuneytum, matur yrði útbúinn í sérstökum eldhúsum í skólanum eða annars staðar og nemendur yrðu virkjaðir sem mest í framkvæmdinni.

Í heimavistar- og heimanaksturskólum er nemendum nú þegar séð fyrir mat og aðstöðu til þess að matast um hádegið. Gott hádegishlé og samvera fjölskyldu á heimili getur þótt eftirsóknarverðari en samfelld viðvera og skólamáltíðir t.d. í litlum bæjum þar sem vegalengdir milli heimilis og vinnustaðar eru stuttar. Í þessum efnum þarf að sjálfsgöðu að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað.

Hér getur verið um að ræða samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga, foreldra og nemenda sjálfra. Sveitarfélög sjái um húsnæði og starfsfólk til þess að tilreiða matinn, koma honum til nemenda og innheimta matargjöld. Foreldrar greiði efniskostnað. Nemendur hjálpi til við framreiðsluna. Hlutur ríkisins yrði að greiða fyrir umsjón með nemendum á matmálistímum.

Þingsályktunartillaga um þetta efni hefur verið lögð fram á Alþingi.

3.1.5 Við breytingar á lögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sköpuðust nýjar aðstæður þar sem veigamiklir þættir í starfi skólanna færðust til sveitarfélaga. Við þetta hefur eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytisins aukist. Engu að síður standa ríki og sveitarfélög saman að mörgum verkefnum er varða skólalald og

þurfa því að hafa náð samstarf með sér um það. Ráðuneytið mun beita sér fyrir að gerð verði áætlun sem tengi saman verkefni ríkis og sveitarfélaga um lengri skóladag, aukid skólahúsnæði og aðrar aðgerðir sem gera þarf til þess að náð verði markmiðum um einsetinn, samfelldan og lengri skóladag yngstu barnanna. Til þess að vinna það verk verði hlutverki **samstarfsnefndar menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga** breytt (sbr. 10. gr. í frumvarpi til laga um grunnskóla). Hún marki stefnu um markvisst samstarf þessara aðila um skólabyggingar, skólalóðir, félagslíf, skólasöfn, heimavistir, tónlistarskóla, starfsemi skólakóra og skólahljómsveita (sbr. kafla 3.3), íþróttastöðu, auk skólamáltíða (sbr. lið 3.1.4 hér að framan), en í verkaskiptalögunum er menntamálaráðuneytinu ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd laga um grunnskóla og hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu.

- a) Hér gæti verið um að ræða áætlun um uppbyggingu **skólahúsnæðis og kennslubúnaðar** á næstu 10 árum.

Stofnuð hefur verið nefnd sem ætlað er að útfæra ákvæði í lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar með taldar viðmiðunarreglur um stærð húsnæðis og búnað skóla.

Eins og fyrr hefur komið fram vantar nú um 5 - 600 skólastofur í landinu til þess að markmiðum um einsetinn skóla verði náð. Stofnkostnaður við hverja nýja skólastofu fer m.a. eftir stærð og fylgihúsnæði.⁵⁷ Í þessu sambandi hafa verið nefndar tölur frá um 5 upp í 19 milljónir kr. á stofu.

Ráðuneytið minnir á að listir og verkmenntir þarfnast í flestum tilfellum rúmgóðrar og sérhæfðrar aðstöðu, eigi þessar greinar að fá aukinn hlut, sbr. kafla 3.3 hér á eftir. Í sambandi við búnað skóla þykir rétt að nefna möguleika skóla á því að tengjast saman í tölvuneti. Slík tenging er t.d. leið til þess að rjúfa einangrun smærri skóla í dreifbýli.

- b) Annað verkefni nefndarinnar gæti verið að gera áætlun um uppbyggingu **skólasafna**. Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að vel verði staðið að uppbyggingu skólasafna þar sem þau gegna æ mikilvægara hlutverki í starfi skóla, ekki síst með tilkomu samfellds og lengri skóladags og þar sem miðað er við námslega stöðu hvers og eins (sbr. kafla 3.2). Þau verði lifandi menningarmiðstöð í hverjum skóla.

Nú er starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vinnur að samningu reglugerðar um skólasöfn.

Hópur um stefnumörkun í bókasafna- og upplýsingamálum til aldamóta skilaði bráðabirgðaskýrslu í maí 1990.⁵⁸ Þar er lagt til að skólasöfn tengist samskráningu bókasafna landsins sem eigi að hafa miðstöð í Þjóðarbókhöfðu, þannig að þau fái smám saman tölvuaðgang að bókakosti í öllum söfnum á landinu. Það þýðir að nemendur og kennarar grunnskóla jafnt sem aðrir eiga möguleika á að nýta sér allar heimildir sem eru á bókasöfnum á vegum opinberra aðila.

Fyrir liggur skrá yfir bækur og tímarit fyrir grunnskóla sem ætlað er að vera til leiðbeiningar um innkaup við uppbyggingu skólasafna. Hún er gefin út á nokkurra ára fresti á vegum bókafulltrúa ríkisins í samvinnu við Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur (1987)⁵⁹ og send öllum grunnskólum. Í síðustu útgáfu voru skráð um 1050 rit, aðallega fræðirit og ljóðasöfn sem fyrirliggjandi eru á markaði. Farið er að huga að skrá yfir valdar sögubækur fyrir skólasöfn, en fyrir liggur listi frá árunum 1987-1989 yfir barnabækur sem mælt er með.⁶⁰

Athuga þarf hvort unnt er að gera samninga við bókaforlög um magnafslátt fyrir sveitarfélögin. Jafnframt þarf að huga að öðrum náms- og kennslugögnum.

Ráðuneytið leggur til að athugaðir verði möguleikar á samstarfi sveitarfélaga um stofnun skólasafnamiðstöðvar er þjóni öllu landinu varðandi ráðgjöf um innkaup og frágang á því efni sem keypt er til skólasafna.

- c) Í lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga⁶¹ segir að kostnaður við **félagsstörf** í skólum skuli greiðast af hlutaðeigandi sveitarfélagi. Engu að síður leggur ráðuneytið áherslu á að félagslíf sé hluti af heildarstarfi skólans (sbr. frumvarp um grunnskóla) og tengist tómsundastarfi nemenda utan skóla t.d. í félagsmiðstöðvum og tómsundastarfi annarra aldurshópa (sjá *Íþróttá-, æskulýðs- og tómsundastefnu til ársins 2000*⁶² og kafla 1.4). Áætlanir um félagslíf þurfa að vera hluti af annarri áætlanagerð um skólastarfið sem unnar eru undir stjórn skólastjóra.
- d) Nú er starfsemi **tónlistarskóla** alfarið á vegum sveitarfélaga. Engu að síður er ráðuneytinu ætlað að hafa á hendi faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu og samkvæmt verkaskiptalögum starfar samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar á vegum ráðuneytisins sem m.a. á að fjalla um samstarf tónlistarskóla og samstarf þeirra við grunn- og framhaldsskóla. Eigi starfsemi tónlistarskóla að tengjast starfi grunnskóla (sbr. kafla 3.3.6), þarf að gera áætlanir um það. Starfsemi skólakóra og skóla-hljómsveita er einnig dæmi um sameiginlegt verkefni sem þarf að skipuleggja (sbr. 3.3.9).
- e) Samfelldur og lengri skóladagur hefur áhrif á starfsemi **heimavista** og eykur e.t.v. þörf á að tengja starf þeirra enn betur en víða er nú við daglegt skólastarf. Samkvæmt lögum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum í heimvistum vera í höndum kennara, fóstura eða annarra starfsmanna með sambærilega uppeldismenntun en rekstur þeirra er í höndum sveitarfélaga. Í reglugerð um heimavistir er lögð áhersla á að þær líkist sem mest heimilum, aðstaða sé til tómsunda- og félagsstarfa, nemendur hafi aðgang að góðu bókasafni og búnaður sé í samræmi við aldur og þarfir nemenda.

Sjá einnig kafla 3.4 um þörf fyrir aukna útgáfu námsgagna eigi að lengja skóladag yngstu nemenda í grunnskóla.

3.2 Skóli fyrir alla

Meginmarkmið

Stefnt verði að því að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi í skólahverfi sínu og nám í grunnskólum sé skipulagt á forsendum allra nemenda.

Rök

Í lýðræðisþjóðfélagi eiga allir þegar jafnan rétt á möguleikum til náms, sbr. markmiðsgrein grunnskólalaga en þar segir m.a. að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda. Útfærsla þessa markmiðs byggist á því að hver einstaklingur fái leiðsögn og verkefni í samræmi við hæfni sína og þroska í stað þess að ætla öllum að aðlaga sig að óskilgreindum meðaltalsþörfum. Nemendur læra einstaka námsþætti með mismunandi hraða og fötlun af einhverju tagi eða sérhæfileikar geta gert það að verkum að einstaklingur þarfnast sérstaks námsskipulags. Við skipulag skólustarfs þarf að taka mið af þessu.

Kennarasamband Íslands leggur í skólustefnu sinni⁶³ áherslu á rétt hvers nemanda til að fá kennslu í samræmi við þroska sinn og getu.

Skilgreining

Með námi á forsendum allra nemenda og skóla fyrir alla er lögð áhersla á að námsskipan í grunnskólum miði við margvíslegan og mismunandi þroska og færni. M.a. er lögð áhersla á fjölbreytt verkefni vegna mismunandi námsstöðu einstakra nemenda; fjölbreytta starfshætti og kennsluform og aðferðir sem lagaðar eru að margbreytilegum nemendahópi og blöndun og aðgreiningu af margvíslegu tagi. Hér er um að ræða viðurkennda stefnu sem lýst er í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá 1989⁶⁴ og einnig er mörkuð í stefnuskrá Kennarasambands Íslands, en þar er lögð áhersla á rétt nemenda til að fá kennslu við hæfi hvers og eins. Útfærsla þessarar stefnu er enn í mótun.

Lögð er áhersla á að fatlaðir nemendur eigi rétt á skólagöngu í almennum grunnskólum við hlið annarra nemenda og gengið út frá því að grunnskólar séu fyrir alla nemendur á grunnskólaaldri í viðkomandi skólahverfi. Bæði verði um að ræða stuðning í námshópum og sérdeildir. Starfshættir skóla verði með þeim hætti að allir kennarar og annað starfsfólk skóla finni til ábyrgðar gagnvart öllum nemendum skólans, t.d. með því að kennarahópar hafi umsjón með ákveðnum hópi nemenda. Vinna þarf markvisst þróunarstarf til þess að þessu markmiði verði náð.

Á sama hátt er lögð áhersla á að börn með sérhæfileika fái verkefni við hæfi.

Útfærsla gæti verið með eftirfarandi hætti:

Nemendur sinna mismunandi verkefnum á sama tíma, sumir lesa, aðrir skrifa, sumir fara hraðar yfir stærðfræðiefni en aðrir o.s.frv.; tveir eða fleiri kennarar kenna saman tveimur eða fleiri námshópum, nemendum skipt niður í smærri hópa, nemendur hjálpa hver öðrum; nemendur á mismunandi getustigum eru saman í bekkjum, fatlaðir blandast ófötluðum, viðhöfð er margs konar útfærsla á samkennslu og aðgreiningu sem beitt er hnitmiðað og er kennslufræðilega

rökstudd; Það skal tekið fram að með aðgreiningu af margvíslegu tagi er alls ekki verið að tala um að skipa nemendum í bekkir eftir bóklegri námsgetu heldur er verið að tala um innri aðgreiningu, t.d. innan bekkja eða námshópa þar sem aðgreiningin miðar við ákveðið verkefni eða svið. T.d. er eðlilegt að seinfær nemandi fái sérstaka aðstoð einn sér eða með fáum nemendum innan eða utan bekkjar eða sé aðeins í hluta námstímans með bekknum o.s.frv.

Það sem nú er nefnt **sérkennsla** og kvóti til sérkennslu í almennum grunnskóla er því í raun leið til þess að gera skólum mögulegt að viðhafa **sveigjanleika í skólastarfi** og miða starfið við sérþarfir jafnt sem almennar þarfir.

Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála vinnur nú að rannsókn á fyrirkomulagi og framkvæmd sérkennslu hér á landi hvað varðar leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Búið er að safna gögnum og gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir fyrri hluta árs 1991.

Í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir auknum stundafjölda til sérkennslu frá því sem nú er, en á árinu 1991 verður stundafjölda til sérkennslu samkvæmt nýrri reglugerð um sérkennslu⁶⁵ fullnægt.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varða:

- stærð nemendahópa,
- menntun starfandi kennara,
- leiðsögn við kennara og skóla, m.a. um kennsluhætti,
- sálfræðipjónustu,
- námsráðgjöf fyrir nemendur,
- nýjar áherslur við endurskoðun aðalnámskrár,
- samstarf við foreldra.

(Sjá einnig kafla 3.4 um námsgögn).

3.2.1 Ákvæði um bekkjarstærðir er í raun aðeins viðmiðun við útreikninga á fjölda kennslustunda til skóla. Það er síðan á valdi skóla að raða þeim niður á nemendahópa og liður í sjálfstæði skóla að skipta nemendum niður með ýmsum hætti í breytilegar hópastærðir eftir viðfangsefnum á hverjum tíma. Í nágildandi grunnskólalögum segir að miða skuli við að nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild fari ekki yfir 30 og hafa þessar reglur verið í gildi frá samþykkt laganna 1974. Víða um landið eru bekkir mjög litlir, jafnvel í þéttbýli. Meðaltal nemenda í bekk yfir landið hefur farið minnkandi á undanförunum árum og er nú 14 - 22, misjafnt eftir fræðsluumdæmum.

Í mörgum skólum þurfa nemendahópar að vera minni en nú er til þess að unnt sé að viðhafa þau vinnubrögð og kennsluskipan sem hér er stefnt að. Við útreikninga á stundum til skóla verði **hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild lækkaður** í áföngum, jafnframt því sem möguleikar þurfa að vera á skiptistundum. Stærð námshópa miðist við að hægt sé að kenna saman ólíkum nemendum með viðeigandi aðferðum og ráða við samkennslu og aðgreiningu í hópa. Í frumvarpi að nýjum grunnskólalögum segir að við útreikninga á fjárframlögum til skóla skuli að jafnaði miða við að hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild verði 22 í þremur yngstu bekkjunum og 28 í öðrum, að viðbættum skiptistundum og kvóta til sérkennslu sem nú er 0,23 - 0,25 stundir á hvern nemanda í

viðkomandi skóla (sjá reglugerð um sérkennslu). Í þessum áfanga er um talsverða fækkun að ræða, en þessi hámarkstala þyrfti að lækka enn frekar eigi í öllum skólum að vera unnt að ná þeim markmiðum sem hér er lýst.

Í skólafestefnu KÍ er lögð áhersla á að ekki verði fleiri nemendur en 20 í hverri bekkjadeild í 3. - 10. bekk og 15 nemendur í 1. - 2. bekk.

Samkvæmt lögum í Danmörku er hámarksnemendafjöldi í bekk 28 nemendur, og samkvæmt lögum í Finnlandi er hámarkið 25 nemendur í bekk í 7 og 8 ára árgöngum, en 32 nemendur eru hámark í efri bekkjum.

3.2.2 Til þess að ná markmiðum um skóla fyrir alla nemendur tekur ráðuneytið upp viðræður og samstarf við stofnanir sem **mennta kennara** um að búa verðandi kennara betur en verið hefur undir slíkt skólastarf og miða endurmenntunartilboð fyrir starfandi kennara við þessi viðhorf (sjá 7. kafla um kennaramenntun).

3.2.3 Leiðsagnarhlutverk fræðsluskrifstofa verði eftt til þess að þær geti veitt **leiðsögn** um kennslu sem miðar við einstaklinga. Þaðan verði einnig miðlað upplýsingum um athuganir á slíkum vinnubrögðum og um mögulega matstækni. Það starf tengist eftirliti ráðuneytisins með skólastarfi. Kennsluráðgjafar og sérkennslufulltrúar hafa þessa leiðsögn með höndum, sbr. það kerfi sem verið hefur í uppbyggingu á undanförunum árum (sjá kafla 3.5.6 og 8.2.1).

3.2.4 Séð verði til þess að **mikið fatlaðir** nemendur eigi kost á kennslu og að sú kennsla fari fram í heimaskóla sé þess nokkur kostur, en að öðrum kosti sé vöð á vönduðum, sérhæfðum úrræðum annars staðar, þ.e. í sérdeild eða sérskóla. Taka verður tillit til fatlaðra við hönnun húsnæðis og niðurröðun nemenda í námshópa.

Komið verði á **tengslaneti** þeirra aðila sem vinna að sérkennslu, t.d. fyrir sjónskerta eða nemendur með lestrarörðugleika og verði framkvæmd þessara tengsla í höndum fræðsluskrifstofa undir heildarstjórn menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið hefur undirbúing að stofnun netsins á árinu 1991.

Sérskólar verði starfræktir áfram fyrir mikið fötluð börn. Hafið verði skipulegt samstarf sérskóla og grunnskóla, sem m.a. felist í því að nemendur og nemendastundir megi færa á milli þessara skóla og foreldrar geti valið á milli almenns skóla og sérskóla fyrir barn sitt. Sérskólar verði **ráðgjafarmiðstöðvar** á vegum fræðsluskrifstofa. Árið 1991 verði skipuð fastanefnd til að fjalla um framtíðarfyrirkomulag og skipan ráðgjafar vegna fatlaðra nemenda.

Áætlun:

- 1991: fundir með starfsfólki sérskóla og fræðsluskrifstofa,
- 1992: áætlun gerð um framtíðarskipan sérskóla og hlutverk þeirra,
- 1993: áætlun send til umsagnar og tillögur unnar um framkvæmd,
- 1994: skipulag komi til framkvæmda.

3.2.5 Tekið verði á málum **barna sem búa við erfiðar uppeldisaðstæður** og verði nemendaverndarráðum skólanna ætlað hlutverk í því sambandi. Menntamálaráðuneytið geri áætlun um leiðsögn við ráðin um meðferð mála þessara barna og fræðslu til foreldra þeirra eða fósturforeldra.

3.2.6 **Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta** grunnskóla hefur gegnt mikilvægu hlutverki í skólastarfi hér á landi í um þrjá áratugi. Frá setningu grunnskólalaga 1974 hefur viðmiðunartala við útreikninga á fjárframlögum til þessarar þjónustu verið ein staða sálfræðings á hverja 1.000 nemendur. Hafin er **endurskoðun þessarar þjónustu** út frá

stefnumörkun í frumvarpi til laga um grunnskóla frá 1990 og út frá nýjum hugmyndum um tengingu á sálfræðipjónustu skóla, félagsmálastofnana og heilsugæslu (sbr. kafla 1.1 a, 2.1.3 og 4.1.7). Þeirri vinnu verði lokið á árinu 1992.

3.2.7 Byggð verði upp **námsráðgjöf** fyrir alla nemendur grunnskólans og verði henni sinnt af kennurum með viðbótarmenntun í námsráðgjöf sem starfi í náinni samvinnu við umsjónarkennara og séu í góðum tengslum við sálfræðipjónustu. Tekið skal fram að námsráðgjöfum er á engan hátt ætlað að koma í stað umsjónarkennara (bekkjarkennara). Þeir skipa eftir sem áður lykilhlutverk í skólastarfinu og er námsráðgjöfin hugsuð sem viðbótarþjónusta við þá, aðra kennara, skólastjórnendur, nemendur og foreldra. Verkefni þeirra verði m.a.

- persónuleg ráðgjöf vegna mála sem hindra nemendur í námi,
- ráðgjöf vegna vals á námi og starfi, náms- og starfsfræðsla og stuðningur við kennara vegna slíkrar fræðslu,
- leiðsögn um námstækni,
- fyrirbyggjandi starf sem m.a. byggir á rannsóknum og mati á skólastarfi,
- stuðningur við nemendur eftir að grunnskólanámi lýkur.

Stefnt verði að því að fylgja nemendum eftir í tvö ár að loknum grunnskóla og veita þeim sem ekki fara í framhaldsskóla sérstaka leiðsögn (sjá kafla 3.7 um unglingsstigið). Þetta verkefni verði í höndum námsráðgjafa grunnskóla undir umsjón fræðsluskrifstofa.

Námsráðgjafar sinni námsráðgjöf ýmist í fullu starfi eða kenni jafnhliða. Þeir starfi ýmist við einn skóla eða sinni fleiri skólum, t.d. í dreifbýli, og þá undir samhæfingu fræðsluskrifstofu.

Stefnt verði að því að einn námsráðgjafi verði á hverja 500 nemendur í grunnskóla. Til þess að ná þessu markmiði þarf að vinna að markvissri áætlanagerð um uppbyggingu þessarar þjónustu og hópur manna þarf að hljóta menntun í námsráðgjöf. Þetta hvort tveggja tekur tíma, því er ekki talið að unnt sé að ná settu marki á næstu 10 árum. Aftur á móti verði námsráðgjöf orðin fastur liður í starfi allra grunnskóla árið 2000 og verði í fyrstu lögð áhersla á 8. til 10. bekk.

Ef stefnt er að því að þessi þjónusta verði eitt stöðugildi á hverja 650 nemendur árið 2000 (um 50 - 60 stöðugildi alls) og eftir það verði haldið áfram að auka þessa þjónustu þar til að markmiðinu um eitt stöðugildi á hverja 500 nemendur er náð, getur áætlun litið þannig út:

Tafla 5

<u>Fjölgun stöðugilda:</u>		<u>Útskrift úr viðbótarnámi í námsráðgjöf við H.Í:</u>
1991	5	
1992	5	10
1993	5	10
o.s.frv. til ársins 2006		

Samhæfing námsráðgjafar á öllum skólastigum verði í höndum **fastrar nefndar um námsráðgjöf og starfsfræðslu** á vegum menntamálaráðuneytisins. Slík fastanefnd verði skipuð til þriggja ára vorið 1991 þegar nefnd um 5 ára átak í námsráðgjöf og starfsfræðslu sem skipuð var 1989 hefur lokið störfum en hún skilar í mars 1991 tillögum um útfærslu námsráðgjafar á öllum skólastigum og tengsl hennar við annað skólastarf.

Nokkur námsráðgjöf er þegar fyrir hendi á grunnskólastigi og er mikilvægt að byggja á þeirri reynslu sem þar hefur fengist. Á árinu 1990 var unnið þróunarstarf á þessu sviði í einum skóla sem hluti af 5 ára átaki ráðuneytisins í námsráðgjöf og starfsfræðslu. Árið 1991 verði hafið þróunarstarf í námsráðgjöf í nokkrum skólum til viðbótar þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Um verði að ræða litla og stóra skóla í þéttbýli og dreifbýli.

Sjá einnig kafla 4.1.6, 5.4.5, 6.4.2 og 7.2.5 a.

3.2.8 Endurskoðuð Aðalnámskrá grunnskóla komi út árið 1996. Nýjar áherslur í skólustarfi kalla stöðugt á breytingar á aðalnámskrá. Eigi skólinn að breyta vinnubrögðum sínum samkvæmt því sem hér er rætt um þarf aðalnámskráin m.a. að vísa veginn. Stefnumörkun næstu útgáfu námskrár miðist meira en hingað til við einstaklingsbundin markmið, þ.e. að kennslan sé í meira mæli miðuð við hæfni og þroska hvers einstaklings í námshópi. Jafnframt verði hugað að því að horfa meira en áður á líf nemenda í heild og búa þá jöfnum höndum undir virka þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og mótun samfélagsins.

Áætlun:

- 1991: Fundur með skólum sem mennta kennara um það hvernig kennarmentun taki mið af aðalanámskrá.
Menntamálaráðuneytið viðhaldi stöðugri upplýsingasöfnun vegna endurskoðunar aðalnámskrár.
- 1992: Gert innanhússplagg um breytingar á aðalnámskrá, skipulag og skilgreiningu þeirrar nýju.
- 1993: Umræðuplagg sent út.
- 1994: Gert uppkast. Samstarfsnefnd skipuð (sbr. 1988).
- 1995-96: Útkoma endurskoðaðrar aðalnámskrár.

Eftir útkomu aðalnámskrár verði fundir haldnir með kennaramenntunarstofnunum og Námsgagnastofnun vegna grunnmenntunar og endurmenntunar kennara og náms-efnisgerðar í ljósi aðalnámskrár. Einnig verði kynningarfundir með kennurum og foreldrum.

3.2.9 Lögð verði áhersla á samábyrgð alls starfsliðs skóla á námi allra nemenda skólans. Því má ná með gerð skólanámskrár sem unnin er af öllum kennarahópnum, með sameiginlegri ábyrgð allra starfsmanna eða ákveðins hóps þeirra á nemendum með sérþarfir o.fl.

3.2.10 Liður í því að aðlaga skólann þörfum allra nemenda er aukin þátttaka foreldra í skólustarfinu (sbr. kafla 1.2 c) Menntamálaráðuneytið gerir að stefnu sinni ábendingar fulltrúa foreldra- og kennarafélaga frá 1990⁶⁶ um leiðir til samstarfs. Þær eru m.a.:

- aukin samvinna foreldra og umsjónarkennara,
- reglubundin kynning á námsefni skóla og upplýsingamiðlun um starf skóla,
- regluleg foreldraviðtöl og samskiptabækur,
- skipulögð þátttaka foreldra í kennslu 1 - 2 stundir á vetri og þátttaka þeirra í samstarfsverkefnum og umfjöllun um ákveðin mál,
- stofnun foreldra- og kennarafélaga.

Hópurinn leggur jafnframt áherslu á kynningu á námi og starfsemi framhaldsskóla og mikilvægi starfsfræðslu.

Við þetta má bæta þátttöku foreldra í félagslífi nemenda: ferðalögum, skemmti-kvöldum, tómstundum, námskeiðum o.fl. og umræðum við foreldra um breytingar á skólastarfi og foreldrafraeðslu ýmiss konar, svo sem um fíkniefnavandann og samskipti foreldra og barna.

Ráðuneytið leggur einnig áherslu á samvinnu við foreldra um nám og uppeldi barnanna, m.a. með ráðgjöf og leiðsögn við foreldra, samvinnu við foreldra um það hvernig sérstökum þörfum barna þeirra verði mætt, samstarfi um heimaverkefni eða önnur verkefni sem unnin eru utan skólans og samvinnu um lausn vandamála er upp koma. Jafnframt því sem aukin verði formleg þátttaka foreldra í skipulagi skólanna. Með slíkri samvinnu er stefnt að því að auka samábyrgð foreldra og kennara um nám og uppeldi og draga úr þörf á sérúrræðum eða skyndiaðgerðum.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að fræðsluskrifstofur fylgist með því hvernig skólar koma upplýsingum til foreldra og taki árlega saman yfirlit yfir starfsemi foreldrafélaga eða foreldra- og kennarafélaga. Þeim upplýsingum verði safnað í menntamálaráðuneytinu og yfirliti dreift til allra foreldrafélaga árlega. Einn ákveðinn aðili í hverjum skóla (t.d. aðstoðarskólastjóri eða námsráðgjafi) þarf að vera fastur tengiliður á milli skóla og foreldrafélags.

Árið 1991 verður gefinn út á vegum menntamálaráðuneytisins foreldrabæklingur með almennum upplýsingum um grunnskóla og skólastarfið og megin áherslur í aðalnámskrá.⁶⁷

Samtök foreldra og kennara í Reykjavík (SAMFOK) hafa gefið út bækling með hugmyndum að samstarfi heimila og skóla.⁶⁸

Sjá kafla 3.4 um aukna útgáfu námsgagna sem mikilvægan þátt í þeirri stefnu að grunnskólinn sé fyrir alla.

3.3 Aukinn hlutur lista, verkmennta og skólaíprótta

Meginmarkmið

Þegar markmiðum um lengdan skóladag hefur verið náð verði um 10% tíma nemenda varið í skólaípróttir (líkams- og heilsurækt) og síðan verði um þriðjung þess tíma sem eftir er varið í íslensku og stærðfræði, um þriðjung í listir og verkmenntir og um þriðjung í aðrar greinar, svo sem náttúrufræði, samfélagsfræði og erlend mál, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Fjölbreytni í námsframboði á þessum sviðum verði sem mest.

Ekki er gert ráð fyrir að heildartími til bóklegra greina allan grunnskólann minnki frá því sem nú er heldur að viðbótartíma verði varið í þessar greinar og verkefni færð á milli ára.

Skilgreining

Hér er fjallað um listir, verkmenntir og skólaípróttir í sama kafla þótt þetta séu mjög ólíkar greinar og greinasvið. Það er gert vegna þess að þær eiga það allar sameiginlegt að þeim er ætlað að skipa hærri sess í námi nemenda í grunnskólanum á þessum áratug. Listir, verkmenntir og skólaípróttir eiga það einnig sameiginlegt að fjölga þarf sérmenntuðum kennurum í þessum greinum til þess að unnt sé að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og gera þarf sérstakt átak til að byggja upp aðstöðu í skólunum svo þeim verði sinnt af reisu.

Með listum eða listuppeldi er hér átt við nám í myndlist (sjónlistir), tónlist, leiklist (þ.m.t. leikræn tjáning) og dansi (þ.m.t. listdans eða ballett) að meðtöldum tengdum greinum, t.d. ljósmyndun og kvikmynda- og myndbandagerð. Sem sjálfstæðar námsgreinar beinast þær bæði að listiðkun og umfjöllun um listir. Með **listiðkun** er átt við að nemendur tileinki sér ákveðna tækni og áræðni til þess að skapa sjálfir og þar með tjá og túlka tilfinningar sínar og viðhorf í myndlist, tónlist, leiklist og dansi, m.a. til að þroska sköpunarhæfni og efla sjálfstraust. Með **umfjöllun um listir** er stefnt að því að gera nemendur læsa á listir í umhverfi sínu, skapa þeim tækifæri til þess að upplifa og njóta lista með markvissri umfjöllun, einkum á eldri stigum og öðlast þar með þekkingu og skilning á listarfi þjóðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Listir eru einnig þýðingarmikið **tæki sem nýta má í kennslu** í nánast öllum öðrum námsgreinum.

Með verkmenntum í grunnskóla er m.a. átt við: a) handmennt eða hannyrðir og smíðar af ýmsu tagi sem æskilegt er að tengist einkum myndmennt (hönnun verkefna) en einnig öðrum námsgreinum; b) heimilisfræði sem miðar að því að gera nemendur færa um að gera sér grein fyrir eigin neyslu, taka þátt í heimilishaldi og búa þá undir að standa sjálfir fyrir heimili; c) margs konar verkefni á tæknisviði og vélavinnu sem tengjast m.a. eðlisfræði, en umfjöllun um tækni, tæknilegar tilraunir, tilraunir með rafmagn, hönnun, fjarskipti og fleira á þessu sviði er nú lítið sinnt í skólum. Verkefni á þessum sviðum í grunnskóla miði m.a. að því að gera menn sjálfbjarga í daglegu lífi.

Sjá skilgreiningu á verkmenntun í 4. kafla.

Með skólaípróttum er átt við alhliða líkams- og heilsurækt. Markvisst hreyfinám og efling líkams- og hreyfiþroska er mikilvægur þáttur í lífi barna fyrstu skólaárin, hvort heldur sem litið er á námsþætti skólaípróttar til eflingar líkams- og hreyfiþroska eða sem stuðning við þroska og nám. Í efri bekkjum grunnskóla gildir slíkt hið sama að viðbættu því að fá nemendur til að skilja mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og hjálpa þeim að finna leiðir við hæfi.

Mikilvægt er að átta sig á því að hugtakið íprótt hefur oft fengið á sig ranga mynd, ímynd átaka og keppni, þar sem fáir eru útvaldir. Í ípróttalögum er þó merking orðsins önnur, en þar segir: „*Orðið íprótt merkir hvers konar líkamsæfingar er stefni að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsþrek, vinnuþrek og táp.*”⁶⁹

Nauðsynlegt er að tengja skólaípróttir öðrum greinum eins og heimilisfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði o.fl. greinum.

Nám í ofanefndum greinum í grunnskóla miðist fyrst og fremst við að vera leið til persónulegrar tjáningar og sköpunar, geri nemendur færa um að bjarga sér í daglegu lífi og njóta tómstunda, en sé jafnframt kynning á starfsnámi (sjá einnig aðalnámskrá).

Þessar greinar eru einnig bóklegar, einkum heimilisfræðin sem leggur t.d. mikla áherslu á næringar- og neytendafræði jafnhliða verklegri þjálfun. Í mörgum öðrum greinum fer fram umtalsvert verklegt nám þótt þær flokkist ekki til verkmennta í daglegu tali, í því sambandi má t.d. nefna náttúrufræði, þ.e. eðlisfræði, efnafræði og líffræði.

Núverandi staða:

Í skýrslu menntamálaráðherra um stöðu list- og verkgreina, heimilisfræða og íþróttá í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum⁷⁰ sem lögð var fram á Alþingi 1988 kemur m.a. eftirfarandi fram:

- a) Um heimilisfræði segir m.a.:
 - Samkvæmt könnun frá 1986 - 1987 vantar 42 kennslueldhús og 105 „einingainnréttingar eða hliðstætt húsnæði.”
 - Vegna aðstöðuleysis er engin heimilisfræðikennsla í 45 skólum og í mörgum ófullnægjandi kennsla vegna slæmrar aðstöðu, þar á meðal í sjö stærstu skólunum.
 - Kennd stöðugildi eru um 75, viðmiðunarstundaskrá miðar við 120 - 130 stöðugildi. Heimilisfræði er ekki í kjarna kennaranáms.
- b) Um mynd og handmennt segir m.a. í skýrslunni:
 - Flestir skólar bjóða nemendum sínum þann tímafjölda í þessum greinum sem viðmiðunarstundaskrá mælir fyrir um, eða 2 - 4 stundir á viku.
 - Ekki er ætlast til að bekkjum sé skipt í myndmenntartímum en það hefur sums staðar verið gert og þá fækkar tímum um helming. Í handmennt er gert ráð fyrir að bekkjum sé skipt ef nemendafjöldi fer yfir 15.
 - Kennara vantaði í 13 stöðugildi í myndmennt þegar könnunin var gerð. Um 28 stöður voru umfram lágmark viðmiðunarstundaskrár.

Handmennt virðist því vel sett í skólunum hvað varðar tímafjölda og kennara með réttindi. Annað er uppi á teningnum með myndmennt.
- c) Um tónmennt segir m.a.:
 - Af 216 skólum var tónmennt kennd í 141 skólaárið 1987 - 1988.
 - 47% nemenda fengu tónmenntarkennslu (sem dæmi má nefna að 56% nemenda hlutu kennslu í tónmennt í Reykjanesumdæmi, 32% í Norðurlandi vestra og 48% í Reykjavík). Þegar komið er upp í 7. og 8. bekk fá undir 20% nemenda tónmenntarkennslu.
 - 168 kennarar og leiðbeinendur önnuðust tónmenntarkennslu þetta ár, þar af 70 með full réttindi til kennslu í þeirri grein.

Heildarkennsluþörf í tónmennt var um 70 stöður samkvæmt lágmarki viðmiðunarstundaskrár en um 106 samkvæmt hámarki. Tónmenntarkennsla þetta skólaár var hins vegar einungis um 59 kennarastöður.

Tónmennt í grunnskólum líður því fyrst og fremst fyrir skort á sérmenntuðum kennurum, en einnig fyrir lélega kennsluáðstöðu og tilfinnanlegan skort á námsgögnum, margir skólar eru of fámennir til þess að unnt sé að ráða til þeirra sérmenntaða kennara og margir almennir kennarar treysta sér ekki til að kenna tónmennt.
- d) Um skólaíþróttir segir m.a. í skýrslunni:
 - Stundafjöldi til íþróttá hefur nokkuð dregist saman á síðustu árum.
 - Notuð stöðugildi voru árið sem könnunin var gerð sjö umfram lágmarksstundafjölda á viðmiðunarstundaskrá, en 48 vantaði til þess að hámarki væri náð.

Einnig er bent á að staða skólaíþróttá hafi versnað vegna breytinga á viðmiðunarstundaskrá 1984 þar sem heimilað var að fækka stundum til íþróttá um eina á viku og hafi flestir skólar nýtt sér þessa heimild.

Leiklist eða leikræn tjáning og dans eru ekki námsgreinar á viðmiðunarstundaskrá og því ekki nefndar í skýrslunni. Um þær er ekki sérstakur kafli í aðalnámskrá. Hér á landi er ekki unnt að stunda nám til þess að verða leiklistarkennari í skóla.

Skólakórar eru víða mikilvægur þáttur í skólastarfinu en ekki er ljóst hvernig eða hver eigi að greiða fyrir kórstjórn. Í mörgum skólum eru tónmenntatímar notaðir til kórstarfs þótt það geti að sjálfsögðu aldrei komið í stað tónmenntarkennslu heldur ætti að vera sjálfsögð viðbót við hana. Í öðrum skólum eru kórtímar greiddir af sveitarfélögum eins og um félagsstörf sé að ræða, þótt kórstarf sé alls ekki sambærilegt við það sem nefnt er félagsstörf í skólum, þar sem það er kennsla sem krefst mikillar ögunar og markvissrar þjálfunar og það tekur langan tíma að byggja upp góðan kór. Þetta hefur orðið til þess að kórar starfa yfirleitt ekki í skólum eða hafa verið lagðir niður.

Hljómsveitir, s.s. skólalúðrasveitir, eru sums staðar starfandi í tengslum við grunnskóla, og er sú starfsemi alfarið á vegum sveitarfélaga og þurfa nemendur í mörgum tilvikum að greiða fyrir þátttöku og kennslu líkt og í tónlistarskólum.

Uppsetning leikrita er annar mikilvægur þáttur í listastarfi í skólum. Leikstjórar starfa þá tímabundið með börnunum og er greitt fyrir það eins og félagsstarf með nemendum þótt hér sé um mjög ólíka starfsemi að ræða.

Listræn starfsemi eins og kórstarf, hljómsveitarstarfsemi eða uppsetning leikrita öðlast ekki fastan sess í skólastarfinu meðan línur um ábyrgð á fjármögnun eru óskýrar og frumkvæði þarf að vera háð velvilja og áhuga skólustjórnenda og sveitarstjórna.

Þegar hefur verið ákveðið að umsóknir um þróunarverkefni á sviði lista og verkmennta hafi **forgang um styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla** á árinu 1991. Úthlutun fer fram í mars ár hvert.

Árið 1990 fór af stað á vegum menntamálaráðuneytisins nefnd um barnamenningu sem haft hefur frumkvæði að ýmsum framkvæmdum og kemur með frekari tillögur á næstu mánuðum. Ísland tekur þátt í norrænu nefndinni „*Barn och kultur*” sem er samráðsnefnd menntamálaráðuneyta á Norðurlöndum.

Breytingar á viðmiðunarstundaskrá:

Í skýrslu um *nýtingu tíma í íslenskum grunnskólum*⁷¹ má sjá samanburð á nýtingu tíma til námsgreina og þróun í viðmiðunarstundaskráum frá 1960, 1974, 1977 og 1984.

Tafla 6

Niðurröðun tíma hefur m.a. verið þessi:

Viðmiðunarstundaskrár:	1960	1974	1977	1984
mynd og handmennt	12%	11%	10%	12%
heimilisfræði	4%	3%	1%	4%
tónmennt	2,5%	3%	3%	5%
skólafróttir	12%	8%	8%	8%
Samtals:	30,5%	25%	22%	29%

Af þessu sést að hlutur þessara greina í heildarstundafjölda fór minnkandi frá 1974 en stækkaði aftur 1984. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá sem nú er í gildi er ætlast til að fast að þriðjungur tímans sem nemendur eru í grunnskóla sé varið til náms á þessum sviðum. Í raun er hlutfallið lægra því tímar í t.d. heimilisfræði og tónmennt eru færri en viðmiðunarstundaskrá segir til um. Ástæðurnar eru einkum skortur á sérmenntuðum kennurum og aðstöðu. Stundum til skólaíþróttar hefur fækkað frá 1984 sérstaklega eftir að sund færðist inn í viðmiðunarstundaskrá. Árið 1984 voru sett ákvæði um samanlagðan lágmarkstíma. Það ákvæði veitti heimild t.d. til að fækka tónmenntastundum frá því sem var fram til 1977.

Rök

Sköpunargáfan er einn af mikilvægustu og um leið viðkvæmstu hæfileikum mannsins. Hún hefur margháttaða þýðingu fyrir einstaklinginn, líf hans í samfélagi við annað fólk og þróun þjóðfélagsins. Hana þarf því að vekja og rækta á sem fjölbreyttastan hátt í öllu námi.

Listir auðga líf allra, bæði þeirra sem eru skapendur lista og hinna sem njóta, þær glæða með nemendum frumleika og fegurðarskyn og hafa áhrif á gildismat.

Með áherslu á skólaíþróttir er verið að stuðla að bættri heilsu landsmanna (sjá Íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastefnu til ársins 2000⁷²). Einstaklingur sem á unga aldri venst við heilbriggt líferni og uppbyggilega líkamsrækt er líklegri til þess að veita þessum þáttum athygli og tíma síðar á ævinni. Miklu skiptir að nemendur í skólum læri að átta sig á tengslum mataræðis og heilsu og líkamsræktar og heilsufars.⁷³

Með aukningu á námi og þjálfun í listum, verkgreinum og skólaíþróttum er verið að vinna gegn þeirri þróun í nútímaþjóðfélagi að einstaklingurinn verði í æ ríkari mæli óvirkur þiggjandi sem hefur lítið frumkvæði og í raun litla möguleika til að nýta sköpunarhæfileika sína og frumkvæði. Hæfni til að iðka listir, verkmenntir og íþróttir og njóta þeirra er því mótvægi við þá sérhæfingu sem ríkir í nútímasamfélagi.

Með aukinni áherslu á listir og verkmenntir vinnst m.a. eftirfarandi:

- Nemendur fá fleiri tækifæri til þess að tjá sig á margvíslegan hátt og öðlast leikni í því.
- Möguleikar nemenda aukast til að þróa frumkvæði sitt, frjálsa hugsun, hugmyndaflug og rökhugsun.
- Nemendur gera sér betur grein fyrir eigin tilfinningum og löngunum og læra að vinna með þær og fá útrás fyrir þær.
- Iðkun lista þroskar umburðarlyndi og tillitssemi og gerir nemendur hæfari í mannlegum samskiptum.
- Nemendur verða betur búnir undir fjölmörg störf sem krefjast m.a. listræns viðhorfs.
- Fjölbreyttari leiðir skapast fyrir nemendur til þess að temja sér öguð og vönduð vinnubrögð.
- Nemendur fá betri undirbúning undir líf sem væntanlega mun gefa fleiri tómstundir.
- Það má einnig minna á að listgreinar eru gjarnan notaðar í meðferðarskyni. Því er mikilvægt að börn í sérkennslu fái stuðning í gegnum listgreinar.

Vandinn sem við blasir er m.a.:

- skortur á viðunandi húsnæði og aðstöðu,
- kennaraskortur,
- viðhorf og vilji skólastjórnenda og almennra kennara,
- listamenn geta nú ekki komið inn í skólana til starfa á eigin forsendum (þ.e. sem listamenn; varðar starfsheiti og laun).

Til þess að ná ofangreindu markmiði vill ráðuneytið því stíga eftirfarandi skref sem m.a. varða:

- aukinn fjöldi tíma fyrir þessar greinar,
 - tengsl við aðrar greinar og aukna aðstoð og leiðsögn við kennara (sjá einnig 7. kafla um kennaramenntun),
 - störf listamanna með nemendum,
 - tengsl grunn- og tónlistarskóla,
 - dans, leiklist og kórstarf,
 - aukna áherslu á verkefni á sviði tækni.
- (Sjá einnig kafla 3.4 um námsgögn).*

3.3.1 Með lengdum skóladegi yngstu nemenda verði **viðbótartími einkum notaður í listir, verkmenntir og skólaíþróttir** (sjá lið 3.1.1 um lengdan skóladeig). Stefnt verði að því að þessari kennslu sé sinnt af sérmenntuðum kennurum ásamt almennum kennurum. Ljóst er að ekki verður unnt að hafa sérmenntaða kennara í öllum listum og verkmenntum í fámönnum skólum. Til að mæta þörfum þeirra verði lögð áhersla á endurmenntunarnámskeið fyrir almenna kennara, leiðsögn og stuðning á vegum fræðsluskrifstofa, gestakennara eða jafnvel farkennara sé þess kostur. Hugsanlegt er að kennarar í þessum greinum geti starfað við tvo eða fleiri skóla sem einnig starfa saman á öðrum sviðum.

3.3.2 Æskilegt er að listir, verkmenntir og skólaíþróttir **séu samofnar öðrum verkefnum**. Almennir kennarar nýti sér þær við kennslu annarra námsgreina undir handleiðslu fagfólks (sbr. listasmiðjur og leiksmiðjur).

3.3.3 Skólar verði hvattir til þess að nýta kvóta til **fagstjórnar** ekki síður í listir, verkmenntir og skólaíþróttir en aðrar greinar til að styðja almenna kennara og stuðla að samtengingu þessara greina. Kennarar í þessum greinum geta verið fagstjórar í einum skóla eða í nokkrum litlum skólum. Með þessu er verið að leggja áherslu á að nota listir sem tæki í kennslu í öllum greinum.

3.3.4 Komið verði upp **teymum listamanna** og/eða listgreinakennara úr ólíkum listgreinum. Þessir aðilar taki að sér verkefni í skólum sem tímabundna vinnu t.d. í eina eða fleiri vikur hvert teymi. Þeir vinni í ákveðinn tíma í skóla með kennurum og nemendum. Einnig geta listgreinakennarar úr einum skóla farið tímabundið í annan skóla. Listateymi getur sinnt fleiri en einum skóla í einu ef um mjög litla skóla er að ræða. Þetta starf verði skipulagt af fræðsluskrifstofum og hafi þær ákveðinn kvóta á ári til þessarar starfsemi. Leitað verði samstarfs við sveitarfélög og foreldra á hverjum stað

um framkvæmd og kostnað við þetta verkefni. Listateymi sem kemur í skóla getur jafnframt sinnt fullorðinsfræðslu og margs konar uppákomum með íbúum hverfis, bæjar eða sveitar eftir atvikum. Semja þarf við samtök listamanna um milligöngu vegna þessa verkefnis.

Með því að taka þátt í starfi með skapandi listamönnum kynnast nemendur eldmóði og hæfni þeirra sem hafa listina að ævistarfi.

Árið 1991 verði hafin tilraun í einu fræðsluumdæmi með teymisvinnu listamanna í skólum. Unnið verði eftir fyrirfram gerðri áætlun sem síðan verði metin.

Stefnt verði að því að ráðstafa sem svarar tveimur stöðugildum í hverju fræðsluumdæmi á ári í þessa starfsemi (sjá kafla 8.2.4).

3.3.5 Teymi listamanna fari einnig í skóla til að **kynna eða flytja list sína**. Listamenn bjóði fram dagskrár sem skólar geta valið úr með hliðsjón af starfi sínu á hverjum tíma og pantað í skólann. Slíka heimsókn þarf að undirbúa, t.d. með því að byggja á efni sem skólinn hefur fengið í tæka tíð áður. Þessi starfsemi verði einnig skipulögð á vegum fræðsluskrifstofa.

3.3.6 Komið verði á nánum **tengslum tónlistarskóla og grunnskóla**. Með lengdum skóladegi yngstu nemenda grunnskólans minnka möguleikar þeirra á að stunda nám í ýmsum sérskólum með náminu í grunnskólanum. Hér er einkum um að ræða nám við þá rúmlega 60 tónlistarskóla sem starfræktir eru víða um land. Menntamálaráðuneytið vill beita sér fyrir því að leitað verði leiða til þess að tengja nám í tónlistarskólum við grunnskólanám. Það má gera t.d. með því að nemendur fari í tíma í tónlistarskóla meðan á viðveru þeirra í grunnskóla stendur, þetta á einkum að vera auðvelt í skólum sem starfa með sveigjanlegum kennsluháttum. Slíkt fyrirkomulag er mögulegt og hefur verið reynt á um 20 stöðum þar sem grunnskólar og tónlistarskólar eru í sama húsi (37 tónlistarskólar eru í sama húsi og grunnskólar) eða í námunda hvor við annan. Hugsanlegt er að í stærri bæjum þar sem starfa einn eða fleiri tónlistarskólar en margir grunnskólar, eins og t.d. í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og á Akureyri, verði stofnuð útibú frá tónlistarskólunum í viðkomandi grunnskólum ef húsrúm leyfir. Ef til vill þurfa bæjarfélög að taka mið af þessu við skipulag húsnæðis fyrir þessa skóla. Slík útibú hafa verið starfrækt á landsbyggðinni og reynst vel (sbr. niðurstöður samstarfsnefndar um tónlistarfræðslu sem skilaði niðurstöðum 1990⁷⁴).

Dæmi um útfærslu:

Útfærsla skólanna á Húsavík er hér tekin sem dæmi en hún er með þeim hætti að starfsemi tónlistarskólans er samofin starfsemi grunnskólans, sem starfar með sveigjanlegum starfsháttum. Um helmingur nemenda fer reglulega úr tímum í grunnskóla í tíma í tónlistarskóla, auk þess sem stór hópur nemenda er á biðlista um tónlistarnám. Nemendur eru bæði í einkatímum og hóptímum í hljóðfæranáminu. Tveir kórar starfa á vegum skólanna og skólarnir standa saman að vikulegum samkomum með öllum nemendum grunnskólans þar sem tónlist og aðrar listgreinar eru í hávegum hafðar.

Hugsanlega gætu einhverjir tónlistarskólar útfært starfsemi sína og orðið **listaskólar og listamiðstöðvar** í sinni byggð sem sinna einnig myndlist og leiklist.⁷⁵ Slíkt fyrirkomulag myndi auka fjölbreytni í samstarfi og menningu byggðarinnar.

3.3.7 Undirbúningur hljóðfæranáms (forskólanám) hefur fram til þessa verið í tónlistarskólum og hefur í sumum tilvikum skarast við tónmennt í grunnskóla. Ráðuneytið

vill efla tónmenntakennslu í grunnskólum og beita sér fyrir því að **undirbúningur hljóðfæranáms geti farið fram innan veggja grunnskóla**. Framtíðarmarkmið gæti verið að allir nemendur ættu þess kost að læra t.d. í eitt ár á eitthvert hljóðfæri eða að 1. og 2. stig tónlistarnáms fari fram innan grunnskóla. Vilji nemendur halda því námi áfram, fara þeir í tónlistarskóla. Ef byrjendakennsla í hljóðfæraleik færist að miklu leyti inn í grunnskólann verður að auka verulega hópkenntu á hljóðfæri. Forsenda fyrir slíkum breytingum er stóraukin endurmenntun hljóðfæraakennara.

3.3.8 Við næstu endurskoðun aðalnámskrár verði gengið út frá því að **dans verði fastur liður** í námi tengdur skólaíþróttum og félagsstarfi. Hér er um að ræða margvíslega tjáningu í hreyfingu sem tengd er tónlist og hljómfalli, meðal annars gamla og nýja dansa (sjá *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989, bls. 130). Mögulegt er að dans tengist öðrum greinum svo sem samfélagsfræði. Sömuleiðis verði **leiklist** (þ.m.t. leikræn tjáning) gerð skil í aðalnámskánni og geti m.a. tengst íslensku.

3.3.9 Setja þarf reglur sem tryggja **kórstarfi** öruggan sess í skólastarfi grunnskóla, þar sem kórstjórn sé skilgreind sem kennsla, stundir til kórstarfs komi til viðbótar skyldunámi í tónmennt, unnt sé að sækja um viðbótarstundir til kórstarfs til fræðslustjóra og að minni skólar geti unnið saman að kórstarfi.

3.3.10 Gert verði sérstakt átak til þess að innleiða ýmiss konar **verkefni á sviði framleiðslu og tækni, þ.m.t. fjarskipti**, í skólastarfið og leitað samstarfs við ýmsa aðila utan skólanna í því skyni (sbr. kafla 1.4 b).

Sjá kafla 3.4 um námsgögn. Ráðuneytið mun eiga viðræður við Námsgagnastofnun um áætlun hennar um útgáfu **námsefnis og stuðningsefnis fyrir kennara** í listum, verkmenntum og skólaíþróttum og forgangsröðun þess.

Sjá einnig lið 3.1.5 hér að framan um **uppbyggingu aðstöðu vegna kennslu í listum, verkgreinum og skólaíþróttum**.

Sjá 7. kafla um kennaramenntun þar sem m.a. er fjallað um að fjölga **námsleiðum fyrir list- og verkmenntakennara** og lið 3.3.1 þar sem t.d. voru nefndar lausnir fyrir fámenna skóla.

3.4 Námsgögn og matsgögn

Meginmarkmið

Nemendum standi til boða fjölbreytt úrval námsgagna. Samfeltt námsefni sé fyrir hendi í öllum skyldunámsgreinum grunnskólans.

Rök

Til þess að geta sinnt fjölbreyttum nemendahópi og síbreytilegum kröfum er mjög mikilvægt fyrir kennara að hafa aðgang að góðu námsefni. Það kom m.a. skýrt fram í skoðanakönnun menntamálaráðuneytisins um 10 forgangsverkefni í skólamálum frá 1989 að kennarar og foreldrar leggja mikla áherslu á gott og fjölbreytt námsefni. Þar var aukið

og bætt námsefni efst á blaði í röð forgangsverkefna hvort sem miðað var við fjölda svara eða fjölda að baki svaranna. Nútímaskólastarf byggir á góðum námsgögnum og möguleikum nemenda til þess að afla sér upplýsinga sjálfir. Því eru fjölbreytt námsgögn ein af undirstöðum skólastarfsins.

Ýmiss konar matsgögn eru mikilvæg hjálpartæki fyrir kennara til þess að þeir geti gert sér sem besta grein fyrir stöðu nemenda og byggt námsáætlanir á haldgóðu mati.

Lengri skóladagur yngstu nemendanna kallar einnig á meiri námsgögn en nú eru fyrir hendi.

Skilgreining

Með **námsgögnum** er átt við grunnefni, ítarefni og öll þau gögn sem notuð eru í kennslunni. Á síðari árum hefur markvisst verið unnið að því að bæta námsefnisgerð Námsgagnastofnunar og segja má að fjölbreytni sé mikil í útgáfum hennar miðað við fjármagn sem til umráða hefur verið. Árið 1988 dreifði Námsgagnastofnun um það bil 600 þúsund eintökum af námsgögnum til nemenda fyrir utan fræðslumyndir eða rúmlega 15 eintökum á nemanda að meðaltali. Námsgagnastofnun úthlutar námsefni endurgjaldslaust til nemenda grunnskólans.

Í tillögum nefndar um Námsgagnastofnun frá 1989⁷⁶ er lögð áhersla á að á næstu 5 árum verði unnt að gefa út námsefni í greinum þar sem vantar námsefni og eldra efni en 10 ára verði endurskoðað. Jafnframt liggja alltaf fyrir 5 ára áætlun um útgáfu. Einnig er fjallað um útgáfu myndbanda og hugbúnaðar fyrir tölvur. Nefndin lagði til að skólum yrði gert kleift að fá úthlutað efni frá öðrum útgefendum og yrði miðað við að verðgildi þess færi að öllu jöfnu ekki yfir 5% af úthlutunarkvóta skóla. Bréf um þetta var sent skólum vorið 1990. Nefndin vildi efla þögnarþjónustu á vegum Námsgagnastofnunar og lagði til að Kennslumiðstöðin yrði þjónustumiðstöð fyrir kennslugagnamiðstöðvar á fræðsluskrifstofum (sjá kafla 8.2.3). Að lokum lagði nefndin til að nýtt námsefni verði metið og gerðar verði rannsóknir og kannanir á námsefni og notkun þess.

Ekki liggur fyrir kerfisbundið yfirlit yfir það efni sem vantar í grunnskólum og ekki hefur verið gerð heildstæð áætlun um útgáfu til lengri tíma, en Námsgagnastofnun hefur hafið undirbúning að gerð áætlunar 5 ár fram í tímann og eru nú að verki starfshópar um einstakar greinar. Þegar hafa nokkrar áætlanir verið gerðar, t.d. í íslensku og tónmennt, og aðrar eru væntanlegar. Ljóst er að í sumum greinum hefur myndast „rof“ í námsefnisútgáfuna, svo sem í samfélagsfræði, og í öðrum greinum er mikill skortur á efni eins og t.d. í listgreinum. Í öðrum tilfellum er endurnýjun námsefnis of hæg. Stór hluti námsefnis t.d. í náttúrufræðum og íslensku er 10 - 30 ára gamall og fellur illa að nútímakröfum.

Sérstakt átak hefur verið gert á undanförmum árum í útgáfu námsefnis fyrir sérkennslu, en misþungt námsefni skortir í nær öllum greinum, það þyrfti einkum að vera til í íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum. Námsefni hefur yfirleitt ekki verið samið með tilliti til þess að mæta ólíkri námsgetu nemenda. Í hefti um *Könnun á þörf fyrir sérkennsluefni* sem Námsgagnastofnun gaf út árið 1988⁷⁷ er m.a. greint frá fyrirliggjandi efni til sérkennslu og tillögum kennara um æskilegt efni til sérkennslu.

Þótt meginstefnan sé sú að nemendur í grunnskólum fái námsgögn endurgjaldslaust er ljóst að sá háttur getur ekki gilt alfarið um valgreinar í efstu bekkjunum ef fjölbreytni viðfangsefna á að vera eins mikil og verið hefur. Í því sambandi má nefna sem dæmi fatasam, bifhjólaviðgerðir, píanóleik og hestamennsku. Þessi fjölbreytni er mjög æskileg.

Auk námsgagna eru ýmiss konar **matsgögn** mikilvæg hjálpartæki í kennslu. Með matsgögnum er t.d. átt við greiningarpróf sem kennarar geta lagt fyrir hvenær sem er, stöðluð próf og skimunarlista sem gefa möguleika á grófu mati. Nú eru fyrirbyggjandi hér á landi nokkur matsgögn til þess að meta lestrargetu og lesskilning barna á grunnskólaaldri. Einnig eru til þrjú hæfileikapróf (hóppróf) til að greina stöðu barna og eru þau hugsuð til leiðsagnar fyrir kennara til að geta betur mætt þörfum barna og rætt við foreldra um stöðu þeirra. Tvö þeirra eru myndapróf í mörgum hlutum fyrir yngri nemendur og eitt er leiðsögupróf í átta þáttum fyrir læsa frá átta til átján ára. Til eru skimunarlistar fyrir kennara í 2. bekk sem taka til hegðunar og ákveðinna námsþátta, t.d. í lestri og stærðfræði, svo kennarar geti gert sér mynd af stöðu einstakra nemenda. Við Félagsvísindastofnun HÍ er nú unnið að undirbúningi að vali erlendra, staðlaðra prófa sem nota má í skólum til að meta námsgetu nemenda.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem m.a. varða:

- árleg fjárframlög til námsgagnagerðar svo gefa megi út efni í öllum greinum og endurnýja eldra efni,
- húsnaði Námsgagnastofnunar,
- mat á námsgögnum,
- stefnumörkun um útgáfu matsgagna.

3.4.1 Fjárframlög til Námsgagnastofnunar verði **aukin** talsvert að raungildi ár hvert á næstu árum, þannig að unnt sé að gefa út efni í öllum skyldunámsgreinum og endurnýja gamalt efni.

Nefndin um Námsgagnastofnun (1989) lagði til að fjárframlög til stofnunarinnar yrðu aukin um 10% á ári næstu 5 árin, en þegar nefndin gerði áætlanir sínar voru 6 ára börn ekki orðin skólaskyld og ekki hafði verið kveðið á um að stofnuninni bæri að sjá skólum fyrir námsgögnum í valgreinum grunnskóla, sbr. álit umboðsmanns Alþingis.^g Við ákvörðun á fjárframlögum til Námsgagnastofnunar þarf auk þessa að taka mið af aukinni þörf fyrir námsefni m.a. vegna:

- lengingar skóladags yngstu nemendanna (sbr. kafla 3.1),
- aukinnar áherslu á listir og verkmenntir (sbr. kafla 3.3),
- markmiða um skóla fyrir alla og samskipan fatlaðra og ófatlaðra (sbr. kafla 3.2),
- þarfa innflytjenda (sbr. kafla 1.1)

Sömuleiðis þarf að taka mið af kostnaði við rannsóknir og kannanir á námsefni og notkun þess.

3.4.2 Bæta þarf **aðstöðu Námsgagnastofnunar** þar sem húsnaði hennar er of þröngt og starfsemin dreifð sem dregur úr möguleikum á hagræðingu í rekstri.

3.4.3 Sett verði á stofn fastanefnd á vegum menntamálaráðuneytisins til þess að **meta útgefið námsefni** grunnskóla með hliðsjón af lágmarksgæðum og því hvernig það fullnægi lögum og aðalnámskrá. Hér verði um úrtaksmat að ræða. Nefndin meti árlega um 5-10 bækur sem valdar verði eftir tilviljun úr nýju efni. Unnt verði að áfrýja til nefndarinnar athugasemdum við námsgögn og ágreiningsmálum.

3.4.4 Árið 1991 verði skipuð nefnd til þess að meta þörf fyrir útgáfu matsgagna og koma með tillögur um útgáfu þeirra.

3.5 Sjálfstæði skóla og skólaþróun

Meginmarkmið

Stefnt verði að því að auka sjálfstæði og ábyrgð skóla hvað varðar nýtingu á tíma nemenda, skipulag skólustarfs og áherslupætti.

Skilgreining

Með auknu sjálfstæði og aukinni ábyrgð skóla er hér m.a. átt við að skólar hafi svigrúm til þess að fara eigin leiðir og skapa sér ákveðna sérstöðu á eigin ábyrgð og öðlast þar með meiri metnað til þess að gera vel. Starfsemi skóla hvert skólaár verði lýst í skólanámskrá (starfsáætlun) sem er nánari útfærsla á *Aðalnámskrá grunnskóla* og lýsing á skipulagi skólustarfs og starfsháttum. Margir skólar hafa hafið slíka áætlanagerð. Vinnubrögð sem þessi gera aðrar kröfur til stjórnenda en nú eru víðast hvar gerðar.

Í skólanámskrá (starfsáætlun) er m.a. gerð grein fyrir slíkri sérstöðu sem hér um ræðir. Þar þurfa að koma fram skýr markmið sem unnt er að fara eftir og skólinn telur sig geta náð; mörkuð leið að markmiðinu, m.a. með tilvísun í efni; loks þarf að vera áætlun um færa leið til að meta árangurinn.

Það er að sjálfsgöðu sameiginlegt markmið allra sem starfa að skólamálum að skólum séu skapaðar sem bestar aðstæður til þess að geta starfað samkvæmt lögum, reglugerðum og námskrá en jafnframt að innan þeirra verði eðlileg þróun í takt við þjóðfélagsbreytingar og umhverfi á hverjum tíma. Til þess að ná þessu markmiði þarf m.a. að skilgreina mörkin á milli miðstýrðra þátta og þeirra þátta sem æskilegt er talið að séu á valdi skólanna sjálfra.

Hefðir í öðrum löndum eru mismunandi að þessu leyti og hafa breyst í tímans rás. Í sumum löndum var lengi vel litið svo á að mikil miðstýring væri nauðsynleg til þess að tryggja samræmi í starfi skóla, í öðrum er aftur á móti löng hefð fyrir sjálfstæði fræðsluhéraða og jafnvel einstakra skóla. Litið hefur verið á skólaþróun í þágu ákveðinna markmiða eins og jafnréttis allra til náms, náms á grundvelli þroskastigs nemenda o.s.frv. Margir hafa talið að þessum markmiðum yrði best náð með mikilli miðstýringu, ríkisforsjá tryggði best jafna möguleika allra til náms og þroska, aðrir hafa aftur á móti talið affarasælla að veita einstökum stofnunum, fræðslunefndum eða skólahéruðum sem mest sjálfstæði í starfi. Hugmyndir um aukið sjálfstæði skóla hafa á síðari árum átt meira fylgi á Vesturlöndum, þar sem menn hafa álitnið að aukið frumkvæði og ábyrgð skólanna sjálfra tryggði betur að æskileg þróun ætti sér stað. Á þessu eru undantekningar eins og t.d. í Bretlandi þar sem sjálfstæði fræðsluhéraða hefur verið mikið en nú á síðustu árum hefur verið horfið þar til meiri miðstýringar.

Það er álit menntamálaráðuneytisins að talsverð miðstýring sé nauðsynleg í grunnskólakerfinu til þess að tryggja öllum nemendum jafna aðstöðu til náms og auðvelda nemendum að fara á milli skóla. Það er engu að síður álit ráðuneytisins að stefna skuli að því að auka sjálfstæði og ábyrgð starfsmanna skóla undir stjórn skólastjóra um

framkvæmd og útfærslu daglegs skólastarfs innan ramma laga og aðalnámskrár í þeim tilgangi að bæta starfið í skólunum. Ljóst er að sumum breytingum verður ekki miðstýrt þannig að tryggt sé að árangur náist, svo sem samskiptum og samvinnu kennara, viðhorfsbreytingum, breyttum kennsluháttum, endurmenntun kennara o.s.frv. Aukið sjálfstæði skóla gerir um leið meiri kröfur til skólayfirvalda um eftirlit með skólastarfi.

Dæmi um sérstæði skóla:

Það gæti verið að skóli vildi viðhafa ákveðin vinnubrögð, þróað yrði sérstakt form á samvinnu kennara, hópaskiptingu í stað bekkjarskiptingar með mismunandi hópastærðir, tveir kennarar kenndu saman eða skólinn vildi viðhafa samkenndu árganga. Einnig gæti skóli kosið að leggja áherslu á ákveðna þætti, t.d. mikla kenndu í erlendum tungumálum, að listir væru þungamiðja og tengdust öðru starfi á öllum sviðum, mikla þjálfun í stærðfræði, að sérstök áhersla væri lögð á nýtingu tölva í öllu skólastarfinu, að líkamleg og andleg heilsurækt væri í hávegum höfð með sérstakri áherslu á íþróttir og heimilsfræði o.s.frv. Hér getur bæði verið um að ræða sérstæði hvað varðar starfið í heild eða einstaka þætti þess. Að sjálfsögðu þyrftu skólar með slíkar áherslur að hafa kennara með sérþekkingu á viðkomandi sviðum og gætu miðað áherslur sínar við þá kennara sem starfa við viðkomandi skóla á hverjum tíma.

Svonefnd viðmiðunarstundaskrá er gefin út af menntamálaráðuneytinu. Hún gefur viðmiðun um skiptingu kennslustunda á milli námsgreina og er ásamt fyrirbyggjandi námsefni eitt sterkasta mótunaraflíð í daglegu starfi skóla. Hlutverk og notkun hennar þarf að breytast, eigi markmið um sjálfstæði skóla um innra starf að verða að veruleika.

Rök

Með því að skólar eigi möguleika á að fara eigin leiðir geta þeir unnið þróunarstarf á ýmsum sviðum á eigin ábyrgð sem fráleitt væri að ætla öllum að vinna samtímis. Þannig skapast reynsla og fordæmi sem aðrir geta lært af. Í þessu sambandi er mikilvægt að skólar miðli reynslu sinni til annarra með skýrslum og frásögnum (sbr. kafla 3.5.5).

Með auknu sjálfstæði um innra starf eiga skólar einnig auðveldara með að aðlaga sig að þörfum einstakra nemenda og umhverfisins sem þeir starfa í, en mikilvægt er að þróunarstarf af því tagi sem hér er lýst sé unnið í samvinnu við aðstandendur nemenda.

Í *Skólalæstefnu Kennarasambands Íslands*⁷⁹ er þess krafist að sjálfstæði skóla verði eflt og aukið til muna frá því sem nú er.

Með auknu sjálfstæði skóla um innra starf er gengið út frá því að námstími og fjármunir nýtist betur, kenndu sem í miklum mæli er mótuð af kennurum sjálfum verði betri og áhugi og metnaður kennara og stjórnenda verði meiri (sjá kafla 3.6 um mat á skólastarfi).

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref er varða:

- rýmkun viðmiðunarstundaskrár,
- hlutverk skólastjóra,
- rýmkun á möguleikum skóla til að ráðstafa úthlutuðum kennslustundum,
- þróunarsjóð grunnskóla,
- aukna leiðsögn við skóla og kennara,
- fámenna skóla.

3.5.1 Í næstu útgáfu **viðmiðunarstundaskrár** sem út komi fyrir hluta árs 1991 hafi skólar frelsi til að ráðstafa um 20% af tíma nemenda. Tilgreindur verði lágmarksstundafjöldi á tilteknum sviðum eða í tilteknum greinum til að tryggja rétt nemenda til lágmarkskennslumagns á viðkomandi sviði. Fræðsluskrifstofur fylgist með að þessi lágmarkstími sé haldinn og samþykki ráðstöfun skóla að öðru leyti. Þannig verði fremur litið á viðmiðunarstundaskrána sem leiðsagnartæki.

(Sjá kafla 3.3. um aukinn hlut lista og verkmennta í viðmiðunarstundaskrá.)

Einnig hafi skólar möguleika á sveigjanleika hvað varðar upphaf og endi **skólaársins** sé fjöldi kennsludaga í samræmi við reglugerð um starfstíma skóla.

3.5.2 Skólar geti sótt til menntamálaráðuneytisins um leyfi til þess að **víkja frá gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá** sbr. 65. gr. grunnskólalaga. Slík umsókn verði metin hverju sinni með tilliti til stöðu nemenda, vilja foreldra og möguleika skóla hvað varðar kennslukrafta og fjármagn.

3.5.3 Skólastjórar gegna mikilvægu hlutverki við stefnumótun um skólastarf í skóla sínum. Í fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um grunnskóla segir að skólastjóri sé forstöðumaður grunnskóla og stjórn og beri ábyrgð á starfi hans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. **Sett verði ný reglugerð um störf skólastjóra** þar sem m.a. verði gerð grein fyrir hlutverki þeirra og ábyrgð í stjórn síns skóla svo og um staðgengil skólastjóra (gildandi erindisbréf fyrir skólastjóra er frá 1976, sjá einnig kafla 7.2.5 b).

3.5.4 Kennslustundum til sérkennslu er nú úthlutað sérstaklega samkvæmt áætlun skóla um þörf fyrir sérkennslu á næsta skólaári. Þetta fyrirkomulag þykir bindandi og raunin er sú að óljós mörk eru á milli sérkennslu og almennrar sveigjanlegrar kennslu. Á skólaárinu 1991-92 **verði gerð tilraun** í nokkrum ólíkum skólum í einu fræðsluumdæmi um breytt fyrirkomulag á úthlutun á kennslumagni. Skólarnir fái **heildarframlag til allrar kennslu fyrir alla þá nemendur sem eiga skólasókn í viðkomandi skóla**, þ.e. bæði til almennrar kennslu og sérkennslu í einu lagi. Reynsla af þessari tilraun verði m.a. grundvöllur að ákvörðunum um framtíðarskipan úthlutunar kennslukvóta til skóla.

3.5.5 Markmið **Þróunarsjóðs grunnskóla** verði eins og verði hefur fyrst og fremst að styðja við þróunarstarf í skólum. Sjóðurinn var stofnaður árið 1989 og þá var úthlutað 4 milljónum kr. úr sjóðnum til 14 verkefna í 14 skólum. Árið 1990 var úthlutað um 9 milljónum kr. til 27 verkefna í 26 skólum. Ekki er stefnt að því að auka umfang sjóðsins til muna. Mjög mikilvægt er að sú reynsla sem fæst í þeim skólum sem styrk hljóta nýtist skólakerfinu í heild. Því skiptir miklu máli að þau verkefni sem unnið er að séu vönduð og að skólarnir fái þann stuðning sem þeir þarfnast. Verði mjög mörg þróunarverkefni í gangi í einu er hætt við að erfitt verði að halda utan um þá reynslu sem skapast og þau nýtist ekki öðrum en þeim sem hlut áttu að máli.

Stefnt verði að því að styrkja um tug stórra verkefna á ári hverju með umtalsverðum framlögum og nokkur smærri verkefni, en hluta sjóðsins verði varið í framhaldsstyrki sem byggðir verða á skýrslu og úttekt. Gengið verði út frá að hluti af styrkveitingu fari í að greiða fyrir leiðsögn og aðstoð og komi umfang hennar fram í umsókn. T.d. má leita eftir slíkri leiðsögn til Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála, kennara í KHÍ, HÍ og Listaháskóla, kennara annarra grunnskóla, starfsmanna fræðsluskrifstofa og ráðuneytis og annarra einstaklinga. Lögð verði áhersla á að skýrslu sé skilað við lok verkefnis og verkefni verði metin með einhverjum hætti. Ráðuneytið fylgist með öllum

verkefnum og gefi árlega út yfirlit yfir verkefni sem lokið hefur verið við og lýst í skýrslu. Fræðsluskrifstofur hafi umsjón með þróunarverkefnum í viðkomandi umdæmi og láti í té leiðsögn og aðstoð við útfærslu sé þess óskað.

Samkvæmt núgildandi starfsreglum **Verkefna- og námsstyrkjasjóðs Kennara-sambands Íslands** eru 40% árlegs framlags hans ætluð til þróunar- og rannsóknarverkefna (sjá kafla 7.4).

3.5.6 Með auknu sjálfstæði skóla, möguleikum þeirra á sérstökum fjárveitingum til skólaþróunar og auknum áhuga á gerð starfsáætlana eða skólanámskráa er mikilvægt að **ráðgjöf, leiðsögn og stuðningur** við skóla sé fyrir hendi. Stefnt verði að því að efla hlut fræðsluskrifstofa á þessu sviði með fjölgun kennsluráðgjafa sem eigi sér bakhjarl í menntamálaráðuneytinu (sbr. kafla 3.2.3 og 8.2.1).

3.5.7 Margir fámennir skólar (undir 100 nemendur) hafa náð því marki að verða einsetnir og eru með fámenna bekki og skólamáltíðir. Þeir nýti sjálfstæði sitt m.a. til að fara eigin leiðir sem stærri skólar eiga ekki möguleika á af ýmsum ástæðum. Unnt er t.d. að sinna ýmsum verkefnum í smærri skólum sem of umfangsmikið yrði eða óframkvæmanlegt í þeim stærri. Skýrsla liggur fyrir um fámenna skóla þar sem m.a. er greint frá húsnæði, búnaði og starfsháttum þeirra,⁸⁰ starfandi er *Lands samband fámennra skóla* og haustið 1988 var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um fámenna skóla og hefur þegar verið safnað miklum upplýsingum á vegum nefndarinnar. Niðurstaðna hennar er að vænta árið 1991 og er stefnt að því að marka fámennum skólum stefnu á grundvelli þeirra.

3.6 Mat og eftirlit með skólastarfi

Meginmarkmið

Komið verði á reglubundnu eftirliti og mati á skólastarfi á grunnskólastigi, tengdu leiðsögn um frekari þróun og úrbætur.

Rök

Tilgangur eftirlits og mats er að draga upp mynd af stöðu mála til þess að auðveldara sé að bæta úr og endurskipuleggja starfið. Því er fyrst og fremst ætlað að bæta skólastarfið; annars vegar að veita skólum aðhald og hvatningu til þess að vinna vel og hins vegar að draga fram í dagsljósið það sem vel er gert og meta það að verðleikum. Skólakerfið er umfangsmikið og í það er varið miklu fé. Mikilvægt er fyrir samfélagið allt að árangur af starfi þess sé eins góður og mögulegt er á hverjum tíma og að með því sé fylgst. Síðast en ekki síst þarf eftirlitið að beinast að því að tryggja rétt nemenda til þess náms og þeirrar aðstöðu sem kveðið er á um í lögum (sjá kafla 1.3).

Skilgreining

Það mat og eftirlit sem hér um ræðir þarf að vera með margvíslegu móti og miklu fjölbreyttara en hingað til hefur þekkt hér á landi. Nánast eingöngu hefur farið fram mat á frammistöðu nemenda í einstökum námsgreinum.

Átt er við upplýsingaöflun af ýmsu tagi. Um getur verið að ræða heildarmat á starfi í einstökum skólum sem unnið er af eða í samstarfi við viðkomandi skóla; mat á kennslu og aðstöðu í einstökum greinum á ákveðnu svæði eða landinu öllu með tilvísun í aðalnámskrá; mat á ákveðnum námsþáttum í einstökum skólum, á ákveðnu svæði eða landinu öllu; mat á nýtingu tíma og fjármuna; eftirlit með mati á frammistöðu nemenda; skoðun á árangri í ákveðnum greinum; mat á ákveðnum kennsluaðferðum; mat á námsgögnum; mat á samskiptum innan skóla o.s.frv.

Matið fari m.a. fram að frumkvæði skólanna sjálfra, fræðsluskrifstofa eða menntamálaráðuneytisins. Það verði m.a. í höndum aðila frá kennaramenntunarstofnunum, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, fastra starfsmanna í menntamálaráðuneytinu eða verkefnaráðinnu aðila á þess vegum og fræðsluskrifstofa eða í höndum starfsmanna viðkomandi skóla undir leiðsögd aðila frá fyrrgreindum stofnunum. Mikilvægt er að slíku mati eða eftirliti fylgi ráðgjöf um úrbætur og endurnýjun.

Matið sjálf getur farið fram með ýmsum hætti, svo sem með spurningalistum til skóla og kennara, viðtölum við starfsmenn skóla, nemendur og foreldra, sjálfsmati kennara, samræmdum lokaprófum og samræmdum könnunarprófum sem byggja á aðalnámskrá, heildarúttektum á stöðu einstakra greina eða námsbrauta, skoðun á námsefni og nýtingu þess o.s.frv. Ef meta ætti t.d. starf kennara yrði metinn undirbúningur undir kennslu, kennslan sjálf, úrvinnsla, samband við foreldra, árangur nemenda o.fl.

Skipulagt, reglubundið eftirlit með skólastarfi á Íslandi er nú ekki fyrir hendi. Aftur á móti hefur árangur nemenda í ákveðnum greinum við lok grunnskóla verið metinn fyrir landið í heild um árabíl með samræmdum prófum og gerðar hafa verið úttektir á stöðu ákveðinna námsgreina á framhaldsskólastigi.⁸¹ Safnað er skipulega vinnuskýrslum kennara og haust- og vorskýrslum grunnskóla, þar liggja miklar upplýsingar sem lítið hefur verið unnið úr.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem m.a. varða:

- áætlun um eftirlit og mat,
- þjálfun á þessu sviði,
- samræmd könnunarpróf, samræmd lokapróf og greiningarpróf,
- viðurkenningu til skóla,
- úrvinnslu tölfraðilegra upplýsinga um skólakerfið,
- samanburð við önnur lönd.

3.6.1 Í menntamálaráðuneytinu verði **gerð áætlun** til ákveðins tíma í samráði við ýmsa aðila, t.d. KHÍ, fræðsluskrifstofur og Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, um **eftirlit og mat á skólastarfi á grunnskólastigi**. Þar verði gerðar tillögur um hvaða þætti æskilegt þykir að meta, hvenær og hvernig, auk þess sem áætlað verði um menntun og þjálfun aðila til að vinna slík verk. Hér er um að ræða margbreytilegt mat af því tagi sem lýst er í skilgreiningunni hér að framan.

3.6.2 Ráðuneytið beiti sér fyrir því að nokkur hópur fólks hljóti **þjálfun** til þess að sinna slíkum verkefnum innanlands eða erlendis. Um getur verið að ræða kennara í skólum, starfsmenn fræðsluskrifstofa og ráðuneytis o.fl.

3.6.3 Ákveðið hefur verið að taka upp **samræmd könnunarpróf** í grunnskólum, sbr. álit og tillögur starfshóps um samræmd könnunarpróf í grunnskólum frá 1990.⁸² Í tillögum starfshópsins, sem ná til ársins 1995, er lagt til að 6 samræmd könnunarpróf verði lögð fyrir í grunnskólum ár hvert. Þrjú próf verði á tímabilinu 15. október til 15. nóvember og þrjú á tímabilinu 15. febrúar til 15. mars. Fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa verði áþekk því sem tíðkast hefur við samræmd lokapróf úr grunnskólum, farið verði yfir prófin á vegum menntamálaráðuneytisins og skýrsla um niðurstöður liggja fyrir ekki seinna en 6 vikum eftir að prófin voru lögð fyrir.

Samræmd könnunarpróf verði ekki yfirlitspróf heldur verði reynt að kanna ákveðna þætti náms í öllum námsgreinum í öllum árgöngum grunnskólans. Könnunarprófin verði ekki lögð fyrir heila árganga heldur verði hvert próf lagt fyrir úrtak 1.200 - 1.500 nemenda. Áhersla verði lögð á að kanna grundvallarþekkingu nemenda, skilning og færni eftir því sem við verður komið. Skólum sem ekki lenda í úttektinni verði send sýniseintök af prófunum og gefst þeim þannig tækifæri til að leggja þau fyrir sína nemendur. Í tillögum starfshópsins er einnig lagt til að unnið verði tölvuforrit sem verði sérstaklega hannað til úrvinnslu prófa.

Pegar niðurstöður liggja fyrir hverju sinni verði gerð áætlun um nýtingu þeirra til framdráttar skólastarfinu.

Samræmd lokapróf (yfirlitspróf) verði haldin í íslensku og stærðfræði við lok 10. bekkjar með svipuðu sniði og verið hefur, sbr. álit starfshóps frá 1990.⁸³

Sjá kafla 3.7.2 um notkun **greiningarprófa** í 8. til 10. bekk.

3.6.4 Athugaðir verði möguleikar á að veita sérstaka **viðurkenningu** til skóla sem fá styrk úr þróunarsjóðum og þykja hafa sýnt afburða starf.

3.6.5 **Upplýsingaöflun** og úrvinnsla, miðlun og varðveisla gagna um skólakerfið verði eflað á vegum ráðuneytisins (sjá kafla 8.1.2). Hér er m.a. um að ræða tölfræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir en ekki hefur verið unnið úr sem skyldi og efni úr skýrslum frá skólum. Í ráðuneytinu er nú unnið að stefnumörkun á þessu sviði.

3.6.6 Skoðaðir verði möguleikar á **samanburði** á starfi í íslenskum skólum og skólakerfinu í heild og skólakerfum **annarra landa**.

Það sem sagt er í þessum kafla um mat og eftirlit með skólastarfi í grunnskólum á flest einnig við um mat og eftirlit á öðrum skólastigum, sbr. kafla 4.6.7 og 5.3.4)

3.7 Unglingastigið Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

Meginmarkmið

Við skipulag náms og kennslu á unglingsstigi verði í auknum mæli tekið tillit til eðlis og þarfa hvers einstaklings (sbr. kafla 3.2), það verði m.a. gert með aukinni fjölbreytni þannig að námið verði markvisst og árangursríkt fyrir hvern og einn. Jafnframt verði unnið að því að tengja betur saman lok náms í grunnskóla og upphaf náms í framhaldsskóla.

Skilgreining

Með unglingsstigi er hér átt við þrjá efstu bekki grunnskólans, 8. til 10. bekk. Hér er fjallað sérstaklega um þetta skólastig vegna þess að talin er þörf á að endurskipuleggja það að nokkru og draga úr því tengslaleyfi sem nú virðist vera á milli grunnskóla og framhaldsskóla. Einhverjir spyrja væntanlega af hverju fjallað sé um þetta stig grunnskólans sérstaklega en ekki t.d. yngri barna stigið (1. til 4. bekk) eða miðstigið (5. til 7. bekk). Það er eitt af markmiðum þessarar áætlunar að benda á mál sem vilji er til að taka sérstaklega fyrir á næstu árum og þetta er eitt af þeim. Það skal engu að síður áréttað að líta ber á nám í grunnskóla sem eina heild, sbr. *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Við gildistöku grunnskólalaga 1974 varð bókleg áhersla ráðandi í námi allra nemenda á unglingsstigi en áður hafði ákveðinn hluti nemendahópsins stundað talsvert verklegt nám. Ástæður þessara áherslubreytinga voru margar. Ein var sú að möguleikar á að velja mismunandi leiðir í námi við lok grunnskóla féllu niður; áður var um tvær leiðir að ræða, þ.e. undirbúning undir landspróf sem tók eitt ár og undirbúning undir gagnfræðapróf sem tók tvö ár og í gagnfræðaprófsbekkjum var víða jafnframt unnt að velja á milli bóklegar og verklegar áherslu. Í staðinn varð hluti námsins í 9. bekk gerður að frjálsum vali nemenda úr valframboði skóla. Önnur ástæða getur verið sú að á viðmiðunarstundaskrá hefur á þessum árum frá gildistöku grunnskólalaga aðeins verið gert ráð fyrir 10 - 14 stundum í vali og hafa fjórar stundir af þeim verið bundnar í bóklegum greinum. Möguleikar nemenda til að velja verklegar greinar eru þá 6 - 10 stundir hið mesta. Víðast hvar hafa þessar stundir bæði verið notaðar í bóklegt og verklegt val, þannig að verklegi hlutinn hefur yfirleitt ekki verið stór. Svonefndar stundir til ráðstöfunar hafa verið 4 - 4 1/2 og hafa þær ekki síður verið notaðar til bóklegar kennslu. Mjög sjaldgæft er að skólar nýti sér sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár eða bregði út af henni svo nokkru nemi. Þriðja ástæðan fyrir því að lögð hefur verið minni áhersla á verklegar greinar en áður getur verið sú að verkleg kennsla krefst í flestum tilfellum sérstakrar aðstöðu og sérhæfðra kennara.

Svonefndar starfsdeildir eru nú starfræktar við nokkra grunnskóla. Þær eru mjög fámennar, en í þeim er mikið verklegt nám. Litið er á þær sem sérúrræði sem greitt er af kvóta til sérkennslu og kemur þannig sveigjanleiki í kennsluháttum fram í sérkennslu. Vart getur talist eðlilegt að sveigjanleiki í kennsluháttum þurfi að vera í nafni sérkennslu.

Talsverður munur er talinn vera á starfsháttum á unglíngastigi og á stíginu á undan sem oft er nefnt miðstígið. Á unglíngastigi kemur sérhæfing kennara fyrst áþreifanlega til sögunnar, hópum er stundum tvístrað, sumir nemendur skípta um skóla, jafnvel byggðarlag o.s.frv. Enn meiri munur er þó talinn vera á starfsháttum og námskröfum í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Í framhaldsskóla eru skýr skil á milli námsgreina og sami kennari kennir yfirleitt aðeins eina grein. Í sumum grunnskólum eru þessi skil einnig skýr, í öðrum kennir sami kennari margar greinar og persónuleg tengsl nemenda við kennara eru meiri. Í grunnskóla eru yfirleitt möguleikar á aðstoð frá sérkennara og sálfræðingi. Meginmunur þessara skólastíga er þó sá að í framhaldsskóla bera nemendur meiri ábyrgð á námi sínu og þeir sem ekki fullnægja kröfum í námsáfangi falla á annarprófi og verða að endurtaka áfangann. Í grunnskóla er aldrei um fall að ræða, nemendur halda áfram hvernig svo sem námsárangur þeirra hefur verið. Að sjálfsögðu er tilbreyting af hinu góða og lærdómsríkt fyrir nemendur að standa frammi fyrir breytingum, en engu að síður þarf að vera um eðlilegt framhald að ræða.

Rök

Nemendur á unglíngastigi í grunnskóla eru á miklu breytingaskeiði í lífi sínu. Á þessu þroskaskeiði eru börn að breytast í fullorðið fólk, þau eru að hefja sína „sjálfstæðisbaráttu“ þar sem mótun sjálfstímyndar skiptir miklu. Því þarf skólinn að vera vel á verði um þarfir nemenda sinna og mjög mikilvægt er að þeir fái að spreyta sig á viðfangsefnum sem þeir ráða við og hafa áhuga á. Einstaklingarnir eru ólíkir og við það þarf að miða, sbr. kafla 3.2 um skóla fyrir alla. Úrbætur á þessu skólastígi þurfa m.a. að beinast að auknum sveigjanleika og að koma raunverulega til móts við „eðli og þarfir nemendanna“ eins og segir í grunnskólalögunum.

Undanfarin ár hefur verulegum fjármunum verið varið í sérkennslu í grunnskólanum og þó vantar mikið á að þeir nægi til að svara eftirspurninni. *Spurningar vakna hvort hluti þessara sérkennsluþarfa sé sprottinn af ósveigjanleika kerfisins, hvort ekki væri hægt að mæta þörfunum með möguleikum á mismunandi leiðum eða áherslum án þess að telja það eitthvað afbrigðilegt.* Heilladrýgra getur verið að byggja upp einstaklinga með því að láta þá fást við viðfangsefni sem þeir ráða við og eru góðir í til að vekja áhuga þeirra á námi. Nemendurnir eru svo ólíkir að það einhæfa kerfi sem við bjóðum nú upp á getur engan veginn komið til móts við alla. Það er því óréttlæti að ætla öllum að gera það sama á sama tíma.

Þetta er ekki ný umræða og bent hefur verið á ýmsar leiðir til úrbóta, t.d. að fækka í bekkjum. Ekki virðist það einhlítt. Árangur í skólum með mjög fámenna bekki virðist ekki betri (sbr. niðurstöður samræmdra prófa). Aðrir benda á ósamfelldan skóladag, mikið vinnuálag kennara, kennaraskort og tíð kennaraskipti, blandaða hópa, aðstöðuleysi og skort á fjölbreyttu og misþungu námsefni og öðrum námsgögnum o.fl.

Með aukinni áherslu á verkmenntir og tækni á unglíngastigi er verið að stuðla að því að nemendur kynnist í meira mæli möguleikum þessara greina og áhugi vakni á þeim. Sókn í bóklegt nám er mikil hér á landi og sumir óttast að verkkunnáttu þjóðarinnar hraki vegna minnkandi sóknar nemenda í verklegt nám.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem m.a. varða:

- meiri fjölbreytni í námi á unglingsstigi,
- aðhald í vinnubrögðum,
- umsjón með nemendum,
- áhrif myndbanda,
- brottfall nemenda úr námi,
- samræmi í námskráargerð og námsmati á unglingsstigi og í framhaldsskóla,
- hraðari eða hægari ferð nemenda í gegnum grunnskóla,
- tillögurétt nemenda,
- upplýsingamiðlun úr grunnskóla í framhaldsskóla.

3.7.1 Nám í efstu bekkjum grunnskóla verði endurskipulagt þannig að nemendum gefist kostur á að **velja nám og leiðir** við sitt hæfi í meira mæli en nú er. Þetta á bæði við um **val á milli námsgreina eða „námsgreinapakka”** (nokkrum námsgreinum raðað saman sem valmöguleika) og einnig **val á mismunandi viðfangsefnum eða áherslum innan sömu námsgreinar** með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað.

Mikilvægt er að útfæra slíka aðgreiningu á fjölbreyttari hátt en almennt hefur verið gert, t.d. tímabundið, í fleiri greinum, með misstóra hópa, með lotuverkefnum, svæðaskiptingu í stórum rýmum, viðbótartímum, vali á ólíkum viðfangsefnum, áherslu á þætti sem einstaklingar eru „góðir” í o.s.frv.

Námsmöguleikum á sviði verkmennta og lista og tengsla við atvinnulífið verði einkum bætt við núverandi framboð til að skapa fjölbreytni í námsleiðum. Þessar leiðir þurfa að vera þannig úr garði gerðar að nemendum, foreldrum og kennurum þyki þær eftirsóknarverðar. Fámennir skólar gætu haft samstarf sín í milli og látið nemendur fara tímabundið á milli skóla til þess að njóta leiðsagnar í ákveðinn tíma á sviði sem ekki er völ á í heimaskóla. Sömuleiðis gætu nemendur úr stærri skólum einnig átt þess kost að sækja leiðsögn í aðra skóla, annaðhvort í nágrannaskóla eða í skóla sem boðið getur upp á heimavist.

Skoða þarf möguleika á mati á umfangsmiklu námi úr sérgreinaskólum, eins og tónlistarskólum, þ.e. að námið verði metið sem hluti af námi í grunnskóla. Sama ætti við t.d. um kórstarf, hljómleikahald eða uppsetningu leikrita á vegum skólans. Skoða mætti möguleika á tengslum skólustarfs við sumarvinnu unglinga.

Slíkar skipulagsbreytingar og þróun fjölbreyttari og sveigjanlegri kennsluhátta verði á valdi skóla, sbr. kafla 3.4 um sjálfstæði skóla. Eins og í þeim kafla segir er mikilvægt að skólar sem fara vilja nýjar leiðir setji sér skýr, aðgengileg og rökstudd markmið, marki færa leið að markinu, geri sér áætlun um mat á árangrinum og leiti sér aðstoðar ef þeir telja það æskilegt. Mikilvægt er að starfsmenn skólans séu sammála um þau markmið sem sett eru og taki fullan þátt í að ná þeim undir stjórn skólustjóra.

Jafnframt feli ráðuneytið ákveðnum skólum þróunarstarf á þessu sviði þar sem reyndar verði mismunandi leiðir, þeir verði nokkurs konar þróunarskólar á unglingsstigi (sjá skilgreiningu í kafla 4.6.3).

Hér er ekki gert ráð fyrir að gefa kost á lengra námi fyrir suma nemendur með því að bæta bekk við grunnskólann eins og margir hafa lagt til (sbr. Skólustefnu KÍ, 1990, bls. 30). Fremur er stefnt að því að framhaldsskólinn taki við nemendum á 16. ári og miði námsframboð sitt við mismunandi stöðu og áhuga nemenda.

3.7.2 Samfara breyttum áherslum þarf að þróa fjölbreyttari kennsluhætti innan skólanna og gera **nemendur sjálfa ábyrgari fyrir námi sínu**. Það verði m.a. gert með rökstuddum skólanámskrám, bekkjarnámskrám og einstaklingsnámskrám þar sem þurfa þykir. Jafnframt verði stefnt að því að gera nemendum kleift að fylgjast stöðugt með árangri sínum og stöðu sem þeir eru nú betur færir um en meðan þeir voru yngri. Hugsanlegt er að gera það m.a. með því að skipta námi í greinum í ákveðin, skilgreind þrep.

Gert verði sérstakt átak til þess að ná því markmiði að **brautskrá nemendur vel „læsa og skrifandi”**, eins og sagt er, úr grunnskóla. Við upphaf 8. bekkjar verði lögð **greiningarpróf** í lestri, skrift og grundvallaratriðum í stærðfræði fyrir alla nemendur. Þau miði við lágmarkskunnáttu á þessum sviðum sem eðlilegt þykir að nemendur á þessum aldri búi yfir. Slík próf eru nú fyrir hendi, bæði innlend og erlend. Þau þarf að búa í hendur kennurum. Fyrir þá nemendur sem ekki ná ákveðnu lágmarki á þessum prófum verði gerðar **einstaklingsnámsáætlanir** þar sem sett eru rökstudd skammtíma- og langtíamarkmið. Markaðar verði rökstuddar leiðir að markmiðum og síðan metið með reglulegu millibili hvernig til tekst. Hér er um að ræða vinnubrögð sem tíðkast í sérkennslu (sbr. gildandi reglugerð um sérkennslu). Foreldrar verði hafðir með í þessu verkefni og þeir aðstoðaðir við að taka þátt í að leiðbeina börnum sínum heima fyrir. Sams konar greiningarpróf verði við upphaf 9. bekkjar lögð fyrir þá sem ekki náðu nægilegum árangri í 8. bekk. Sama verði gert við upphaf 10. bekkjar. Fræðslustjóri fái tvisvar á ári yfirlit yfir þessa nemendur, þau úrræði sem valin hafa verið og framfarir þeirra. Þessar upplýsingar fylgi nemanda í framhaldsskóla. Hér er verið að leggja áherslu á að skólarnir bregðist við ákveðnum vanda með sérstökum og skipulegum hætti.

Árið 1990 var *Ár læsis* og hefur það þegar aukið umræðuna í þjóðfélaginu um lestur og læsi. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett á oddinn að lestrarkunnátta jarðarbúa verði bætt á þessum áratug. Við tökum þátt í því verkefni, m.a. með því átaki sem hér hefur verið lýst (sjá einnig kafla 1.1 a).

Það skal tekið fram að vinnubrögð sem þessi eru víða viðhöfð og einnig áður en á unglíngastigi kemur en hér er lögð áhersla á að gera sérstakt samstillt átak í öllum skólum með nemendur á unglíngastigi.

3.7.3 Hlutur **umsjónarkennara á unglíngastigi** verði eflður m.a. með því að umsjónarkennara í 8. - 10. bekk verði falinn svonefndur „umsjónarkjarni”, 3 - 5 stundir á viku. Þar verði lögð áhersla á persónuleg tengsl umsjónarkennara við umsjónar-nemendur sína og foreldra þeirra og umsjón með öllu námi nemendanna. Einnig verði þar fjallað um ýmsa þætti daglegs lífs og vandamál sem unglíngar standa frammi fyrir og þurfa að taka afstöðu til. Í því sambandi má nefna fíknivarnir, samskipti kynja, náms- og starfsval og það að verða fullorðinn (sjá 17. kafla í *Aðalnámskrá grunnskóla*). Sumir skólar geti haft umsjónartímana sjálfa færri en sinni þá sumum þessara þátta í tengslum við aðrar greinar. Rætt verði við Námsgagnastofnun um útgáfu handbókar fyrir umsjónarkennara í 8. - 10. bekk grunnskóla.

Umsjónarkennari vinni í náinni samvinnu við nemendaverndarráð þegar það á við, starfi slíkt ráð við skólann.

Samkvæmt framangreindu verði námið í 8. - 10. bekk þannig byggt upp af þremur megin þáttum eða kjörnum sem þó tengjast innbyrðis: umsjónarkjarna þar sem áherslan er á hið félagslega uppeldi og tilsjón; bóklegum kjarna þar sem áherslan er á undirstöðuþætti í íslensku og stærðfræði, auk erlendra tungumála, náttúru- og samfélagsgreina, og verklegum kjarna þar sem áherslan er á samhæfða þjálfun hugar og handa, sköpun og listræna tjáningu. Aðalatriðið er að bóklegir og verklegir kjarnar geta verið misstórir hjá einstökum nemendum.

3.7.4 Þau börn sem sitja í unglingadeildum grunnskóla á næstu árum fæddust eftir að **myndbandavæðingin** hóf innreið sína hér á landi. Mikilvægt er að fylgst sé með þeim áhrifum sem það hefur á uppvaxandi æsku að eyða miklum tíma í að horfa á kvikmyndir sem margar sýna ofbeldi og afbrigðileg samskipti manna. Þetta á að sjálfsögðu við alla aldursflokka grunnskólans.

Gerð verði könnun á myndbandaáhorfi nemenda utan skóla, auk þess sem metin verði nýting myndbanda innan skóla með spurningablöðum til nemenda og skipulegum athugunum.

Jafnframt verði hugað að því hvernig gera megi nemendur meðvitaða njótendur fjölmiðlaefnis og hæfa til að velja og hafna í fjölbreyttu framboði og að vera gagnrýnir neytendur.

3.7.5 Í hverjum árgangi virðast einhverjir **nemendur detta út úr skóla** áður en skólaskyldu lýkur. Getgátur eru uppi um að hér sé um 5% af árgangi að ræða. Í þroskarannsókn þar sem 180 nemendum í Reykjavík og á landsbyggðinni sem fæddir eru 1969 var fylgt eftir kom í ljós að 10% þeirra höfðu ekki lokið grunnskóla.⁸⁴

Gerð verði markviss könnun í öllum fræðsluumdæmum á brottfalli nemenda úr grunnskóla, einkum 10. bekk. Þessir nemendur verði leitaðir uppi og studdir til þess að fóta sig í skólakerfinu eða á vinnumarkaðnum ef með þarf. Til þess að þetta sé unnt þurfa sérskólar á grunnskólastigi að skila nemendaskýrslum til nemendaskrár Hagstofu Íslands, þangað þarf að tilkynna sérstaklega þá nemendur sem seinkað er í námi, veitt undanþága frá námi eða flytja úr landi til þess að yfirlit fáiast yfir þá sem hverfa af öðrum ástæðum úr skóla (sjá einnig kafla 3.2.7 um námsráðgjöf í grunnskólum).

Sérstakt átak verði gert til að koma upp „öryggisneti“ innan hvers skóla (sbr. nemendaverndarráð) til þess að skapa aðstæður innan skólans til að koma til móts við þessa nemendur. Verði nemandi af einhverjum orsökum að hverfa frá námi í heimaskóla, t.d. flytjist á milli skóla eða geri hlé á námi verði það hlutverk fræðsluskrifstofu á hverjum stað að finna úrræði til bráðabirgða þar til framtíðarlausn er fundin.

3.7.6 Til þess að samræma betur en nú er nám í efstu bekkjum grunnskóla og nám í framhaldsskóla verði vinna við **Aðalnámskrá grunnskóla og Námskrá handa framhaldsskólum samræmd betur** en nú er.

- a) Skipaður verði starfshópur til þess að setja upp ramma um markmið og leiðir, inntak og vinnubrögð t.d. í íslensku og stærðfræði í 8.-10. bekk grunnskóla og fyrstu tveimur áföngum í framhaldsskóla. Út frá þeim ramma verði síðan unnið að hvorri námskrá. Unnið verði að samræmingu í öðrum greinum að fenginni reynslu af þessum tveimur greinum. Þannig verði í framtíðinni tryggt að nemendur í síðustu áföngum grunnskóla fái við ákveðin mikilvæg grundvallaratriði sem fulltrúar grunnskóla og framhaldsskóla hafa komið sér saman um að leggja áherslu á.

- b) Gerð verði samanburðarúttekt á kennsluháttum í efstu bekkjum grunnskóla og fyrstu áföngum framhaldsskóla.
- c) Skipulagt verði þróunarverkefni þar sem tveir grunnskólar og tveir framhaldsskólar tengi saman vinnu í ákveðnum námsgreinum með hliðsjón af meiri samfellu í námi. Hluti verkefnisins verði að stuðla að aukinni samvinnu kennara þessara skólastiga.
- d) Reynolds skóla sem starfrækja bæði grunnskólalag og framhaldsnám verði könnuð.

Sumir framhaldsskólar gefa nemendum nú kost á upprifjun í einstökum greinum grunnskóla áður en eiginlegt framhaldsnám hefst (nefnt „núll-áfangar“ eða „fornám“). Þetta er í raun millileið fyrir nemendur sem ná ekki lágmarksárangri í grunnskóla. Námsefni og starfshættir í þessu námi verði hluti af ofan nefndri athugun og þróunarstarfi.

3.7.7 Gerð verði áætlun til að **samræma mat á árangri nemenda** á unglingsstigi og í framhaldsskóla í kjarnagreinum (íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum) þar sem fram komi þær kröfur sem gera á til nemenda m.a. um vinnubrögð, þekkingu, leikni og skilning. Þetta verði m.a. gert til þess að draga úr þeim mun sem nú virðist vera á milli greina, kennara og skóla á kröfum sem gerðar eru til nemenda. Hér verði um að ræða þróunarverkefni með aðild menntamálaráðuneytisins þar sem m.a. verði stuðst við samræmd könnunarpróf með ráðgjöf utanaðkomandi aðila.

3.7.8 Ráðuneytið hvetur til þess að nýtt sé 49. grein grunnskólalaga sem kveður á um að nemendur geti farið **hraðar eða hægar** í gegnum grunnskóla en almennt er. Nemendum sem sýna ákveðna þekkingu og leikni í kjarnagreinum (íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum) og hafa náð ákveðnum félagsþroska verði hleypt upp í framhaldsskóla eftir 9. bekk eða við annaskipti á miðjum vetri í 10. bekk.

3.7.9 Skólar sjái til þess að nemendur geti nýtt sér þann **tillögurétt** um skólastarfið sem þeir hafa samkvæmt grunnskólalögum til þess að þroska með þeim ábyrgðar-tilfinningu og þeir sjái að tekið sé tillit til skoðana þeirra.

3.7.10 Á vegum fræðsluskrifstofa verði í samvinnu við nemendur og foreldra þeirra miðlað þeim **upplýsingum** úr grunnskóla sem nauðsynlegar eru vegna skólagöngu í framhaldsskóla.

Sjá grein 3.2.7 um námsráðgjöf í grunnskólum og aðgerðir til að fylgjast með nemendum í tvö ár að grunnskólanámi loknu.

Sjá kafla 3.1.5 c) um félagsstöf í skólum en vel uppbyggt félagslíf innan skóla er ekki síst mikilvægt á unglingsstigi (sjá einnig kafla 1.4 c).

Hér hefur verið rætt um tengsl unglingsstigs og framhaldsskóla á mörgum sviðum. Að sjálfsgöðu leggur ráðuneytið einnig áherslu á að ekki verði heldur of skörp skil á milli miðstigs grunnskóla og unglingsstigs.

Samantekt um grunnskólastigið og tengsl við næstu kafla

Á grunnskólastigi er hér lögð höfuðáhersla á skóla sem tekur mið af þörfum allra nemenda - skóla fyrir alla. Hann sé heilsdagvinnustaður fyrir nemendur, þ.e. einsetinn, skóladagurinn samfelldur og lengri en nú er hjá yngstu nemendunum. Tekin verði upp samvinna við sveitarfélög og foreldra um skólamáltíðir. Eigi skóli að mæta þörfum ólíkra nemenda þarf fjölbreytt námsefni að vera fyrir hendi og skólar að hafa ákveðið frelsi um starfshætti og áherslur. Aukið frelsi krefst leiðsagnar og eftirlits sem lítið hefur verið sinnt hér á landi hingað til. Í þeirri viðleitni að mæta betur þörfum fjölbreytts nemendahóps er einnig lögð áhersla á að listir, verkmenntir og skólaþróttir skipi hærri sess í skólastarfinu en verið hefur.

Ráðuneytið leggur mikla áherslu á tengsl grunnskóla við leikskóla. Sjá kafla 2.3 um markviss tengsl og samstarf **leikskóla** og grunnskóla og samningu reglna þar um.

Með lögum um skólakerfi⁸⁵ er greint á milli grunnskólastigs og **framhaldsskólastigs**. Skólar á þessu skólastigum eru í langflestum tilfellum aðgreindir í byggingum og stofnunum og um þá gilda hvor sín lög og þeir hafa hvor sína námskrá. Engu að síður leggur menntamálaráðuneytið mikla áherslu á að reynt sé svo sem kostur er að draga úr þessum skilum sbr. kafla 3.7 hér að framan. Öflug námsráðgjöf í grunnskóla sem m.a. felur í sér kynningu á framhaldsnámi og leiðsögn um val á námsleið í framhaldsskóla er ein mikilvægasta leiðin sem völ er á til þess að brúa bilið á milli skólastiganna og stuðla að því að nemendur finni sér nám við hæfi.

Því má ekki gleyma að hluti nemenda fer ekki í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla og má reikna með því að svo verði áfram, a.m.k. fyrst um sinn. Mikilvægt er að þessum nemendum sé ljóst að þeir geti hvenær sem er komið aftur í skóla og að **fullorðinsfræðsla** stendur þeim til boða alla ævina. (Sjá kafla 3.2.7 um að nemendum verði fylgt eftir í tvö ár að loknum grunnskóla). Nemendum þarf að vera ljóst að með námi í leikskóla og grunnskóla er **lagður grunnur að menntun þeirra sem standa mun alla ævi**.

Umræða hefur verið uppi um hugsanlega styttingu grunnskólans eftir að 6 ára börn eru orðin skólaskyld og daglegur skólatími lengist en Kennarasamband Íslands leggur aftur á móti til í stefnu sinni að komið verði á 11. námsárinu svo nemendum verði gert mögulegt að ljúka grunnskólanámi á lengri tíma en þeim er skylt.⁸⁶ Í ráðuneytinu eru ekki uppi áætlanir um breytingar á lengd grunnskólans að svo stöddu. En ráðuneytinu þykir rétt að á síðari hluta þessa áratugar verði skoðað hvort æskilegt þyki að nemendur hefji framhaldsskólanám almennt ári fyrir en nú eða hvort rétt sé að breytingin nýtist aðallega í fleiri verkefni á vegum grunnskólans og betri undirbúningi undir framhaldsnám sem framhaldsskólinn geti síðan tekið mið af í sínu starfi.

4. FRAMHALDSSKÓLAR

Staðan 1990

1. Nemendafjöldi í framhaldsskóla	15.500
2. Fjöldi framhaldsskóla	62
3. Heildarútgjöld til framhaldsskóla 1990 (rekstur og stofnkostnaður):	
Ríki	um 3,1 milljarður kr.
Sveitarfélög (áætlað)	um 300-400 milljónir kr.
4. Heildarrekstrarkostnaður ríkissjóðs á nemandi á ári	um kr. 200 þús.
5. Fjöldi starfandi framhaldsskólakennara (utan listaskóla)	670
6. Fjöldi leiðbeinenda (utan listaskóla)	578
7. Fjöldi stöðugilda (utan listaskóla)	1.300

Lög er varða framhaldsskóla:

Lög um búnaðarfræðslu nr. 55/1978.

Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988. Breyt. 107/1988 og 72/1989.

Lög um nokkra sérskóla á framhaldsskólástigi.

Reglugerðir um framhaldsskóla:

Reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990.

Reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistaraðttindi nr. 102/1990.

Reglugerðir um nokkra sérskóla á framhaldsskólástigi.

Útgáfur:

Gerður G. Óskarsdóttir. 1990. *Skólar á Íslandi* (sérprent), Menntamálaráðuneytið.

Jón Torfi Jónasson. 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985-2010*. Sérprent úr Menning og menntun á tækniöld. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun, Sérít 2. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. 1976-1991. *Nám að loknum grunnskóla*. Gefið út árlega.

Menntamálaráðuneytið. 1988. *Skrá yfir námsbækur í almennum framhaldsskólum - bóknám og verknám*.

Menntamálaráðuneytið. 1990. *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar*, 3. útg.

Nýlegar skýrslur unnar á vegum eða með styrk frá menntamálaráðuneytinu:

Ágúst B. Karlsson, Guðmundur Pálmar Kristinsson og Guðbrandur Steinþórsson. 1988. *Niðurstöður nefndar um samræmingu meistaranáms*.

- Ársæll Guðmundsson. 1988. *Um kennslu viðskiptagreina í framhaldsskólum*. Menntamálaráðuneytið.
- Ásta Bárðardóttir og Jón Torfi Jónasson. 1989. *Forgangsverkefni í skólastarfi*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Baldur Hafstað. 1987. *Um íslenskukennslu í framhaldsskólum*. Menntamálaráðuneytið.
- Benedikt Jóhannesson. 1987. *Um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum*. Menntamálaráðuneytið.
- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), menntamálanefnd. 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi*. Menntamálaráðuneytið.
- Félagsvísindastofnun HÍ. 1990. *Vinna framhaldsskólanema með námi*. Menntamálaráðuneytið.
- Haaldór Jónsson, samantekt og úrvinnsla. 1990. *Samantekt úr svörum framhaldsskólakennara við spurningum frá menntamálaráðuneytinu er varða stefnumörkun á sviði framhaldsskólástígsins*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Jónasson og Stefán Ólafur Jónsson. 1983. *Athugun á skólaskipulagi í Kópavogi (framhaldsskólástigi)*. Greinargerð og tillögur. Menntamálaráðuneytið.
- Iðnfræðsluráð. 1980-1981. *Tillögur um gerð, þróun, samþykkt, fjármögnun og rekstur eftirmenntunarnámskeiða*.
- Iðnfræðsluráð. 1985. *Stefnumörkun um þróun verkmenntunar á Íslandi*.
- Kennslumálanefnd Háskóla Íslands. 1987. *Undirbúningur náms við Háskóla Íslands. Leiðbeiningar til framhaldsskóla og nemenda þeirra*. Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands.
- Meistaraskólanefnd. 1984. *Um meistaraskóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Meistaraskólanefnd. 1986. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. 1990. *Um könnun á forgangsverkefnum á sviði skólamála*.
- Nefnd um endurmat á störfum kennara. 1985. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um fiskeldisnám á framhaldsskólástigi. 1988. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um húsnæðismál Iðnskólans í Reykjavík. 1981. *Athugun á húsnæðisþörf Iðnskólans í Reykjavík*. Nefndarálit.
- Nefnd um innra starf framhaldsskóla. 1989. *Tillögur ásamt greinargerðum um starfsemi framhaldsskóla og umbætur í iðnmenntun*. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um mat á sameiginlegum þáttum náms í rafvirkjun og vélfræði. 1985. *Rafvirkjun og vélstjórn*. Iðnfræðsluráð.
- Nefnd um námsbrautir á sviði matvælaíðnaðar og hótél- og veitingareksturs. 1984. *Um menntun í matvælaíðnaði og hótél- og veitingaskóla*. Nefndarálit. Menntamálaráðuneytið.
- Nefnd um skipan og þróun skipstjórnarnáms. 1990. *Nefndarálit*.
- Páll Jónsson, Hallgrímur Guðmundsson og Sigurbjartur Jóhannesson. 1988. *Skýrsla varðandi kennslugögn í byggingargreinum*. Iðnskólaútgáfan.
- Rasmussen, P. 1987. *Ledelsespraksis og undervisningsformer. En spørgeskemaundersøgelse af danskundervisningens praksis på Island*. Háskóli Íslands, Stofnun í erlendum tungumálum.
- Rekstrarstofan. 1984. *Þróun menntunar í bílgreinum*.
- Sigrún Árnadóttir, Helga María Braga og Guðmundur Hjálmarsson. 1987. *Könnun í grunndeildum mál- og tréidna*. Iðnfræðsluráð.
- Sigurlín Sveinbjarnardóttir (umsjón). 1990. *Umhverfismenntun á Íslandi. Könnun á viðfangsefnum dagvistarheimila, grunnskóla og framhaldsskóla*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur iðnfræðsluráðs um þróun verkmenntunar. 1989. *Staða verkmenntunar á Íslandi*. Skýrsla. Iðnfræðsluráð.
- Starfshópur um námstilboð fyrir þroskahefta. 1990. *Skýrsla um námstilboð fyrir þroskahefta nemendur við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki*. Menntamálaráðuneytið.

- Starfshópur um sjávarútvegsbrautir á framhaldsskólastigi. 1980. *Niðurstöður*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um sjávarútvegsskóla. 1986. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um stöðu kynja í skólum. 1990. *Jöfn staða kynja í skólum. Stéfnu - markmið - leiðir*. Skýrsla. Menntamálaráðuneytið.
- Starfshópur um þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi skólaárið 1989-1990. 1990. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.
- Verkefnisstjórn um málrættaráttak. 1989. *Málrækt 1989*. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið.

Núverandi staða

Árið 1990-91 veita **62 skólar** menntun sem samkvæmt lögum er skilgreind á framhaldsskólastigi. Sumir framhaldsskólar bjóða aðeins nám á bóknámsbrautum en aðrir eru bæði með bóklegt og verklegt nám. Þessir skólar eru ýmist nefndir fjölbrautaskólar, menntaskólar, verkmenntaskólar, iðnskólar eða framhaldsskólar. Skólar með öllum þessum nöfnum brautskrá stúdenta og skólar með öll þessi nöfn bjóða fram verklegt nám. Nú er svo komið að lítil tengsl eru á milli nafngiftar skólanna og námsframboðs þeirra. Nokkrir skólar á framhaldsskólastigi eru sérgreinaskólar sem draga heiti af viðkomandi sérgrein og starfa sumir þeirra nú á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs (t.d. lista- og uppeldisskólarnir, sjá kafla 5.4).

Tafla 7

Skólar sem veittu menntun á framhaldsskólastigi skólaárið 1990-1991 flokkuðust þannig:

Fjölbrauta-, framhalds-, iðn-, mennta-, verkmennta- og verslunarskólar	29
Framhaldsdeildir við grunnsk. og héraðsskólar	15
Sérskólar	18
Samtals:	62

Byggt á Nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Af þessum skólum starfa 29 samkvæmt lögum um framhaldsskóla en hinir starfa eftir sérstökum lögum um viðkomandi skóla. Framhaldsdeildir við grunnskóla heyra undir framhaldsskólalög og eru flestar í nánnum tengslum við tiltekinn framhaldsskóla (móðurskóla). Meirihluti skólanna tekur inn nemendur beint úr grunnskóla en aðrir krefjast aðfararnáms úr framhaldsskóla og/eða starfsþjálfunar, einkum skólar er veita menntun á sérsviði.

Nokkrar stofnanir starfrækja skóla fyrir starfsmenn, t.d. Lögregluskólann og Póst- og símamannaskólann.

Heimavistir eru við 20 framhaldsskóla.

Skólaárið 1988 - 89 voru **nemendur** í framhaldsnámi u. þ. b. 15.500. Þar af voru um 1200 iðnemenar í starfsþjálfun í atvinnulífinu hálf t. eða allt árið.


Hlutfallsleg þátttaka í framhaldsnámi hefur aukist á undanförunum árum miðað við hundraðshluta af árgangi eins og tafla 8 sýnir.

Tafla 8

	<u>1982 - 83</u>	<u>1985 - 86</u>	<u>1989 - 90</u>
16 ára	68%	74%	78%
17 ára	60%	63%	67%
18 ára	53%	55%	57%
19 ára	48%	52%	53%

Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

Á mynd 7 má sjá þróun skólasóknar 19 ára árgangsins frá 1967 til 1985.

Mynd 7**Hlutfall 19 ára fólks í námi**

Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

Hlutfallsleg þátttaka í námi er mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Tafla 9 sýnir hver mesta og minnsta skólasókn var eftir fræðsluumdæmum á þremur tímabilum:

Tafla 9

	<u>1982 - 83</u>	<u>1985 - 86</u>	<u>1988 - 89</u>
Mest skólasókn	75%	81%	83%
Minnst skólasókn	54%	63%	62%

Byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands.

Hluti þeirra nemenda sem ekki heldur áfram námi strax að loknum grunnskóla hefur framhaldsnám síðar. Ekki liggja fyrir tölur þar um.

Samkvæmt tölum frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) eru um 90% af árgangi 17 ára ungmenna í skóla í Belgíu, Finnlandi og Japan og milli 80 og 90% í Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Sviss og Bandaríkjunum, en rétt rúmlega 50% í Bretlandi sem hefur lægsta skólasókn þessa aldurshóps innan Evrópubandalagsins.⁸⁷

Nám í framhaldsskólum er fjölbreytt, bæði verklegt og bóklegt. Það er mislangt, allt frá einu ári upp í fjögur ár. Námið er skipulagt á **námsbrautir** og hver braut metin til ákveðins fjölda **eininga**. Flestir skólanna starfa eftir **áfangakerfi** þar sem hverri námsgrein er skipt í nokkra áfanga. Hver áfangi miðast við kennslu í eina **önn** eða hálf t.ár og gefur ákveðinn fjölda eininga.

Í flestum skólanna skiptist ein önn í 13 kennsluvikur og tvær prófavikur. Hver nemandi tekur að meðaltali um 12 - 18 einingar á önn (lágmark er 9 einingar).

Framhaldsskólarnir starfa eftir **námskrá** sem menntamálaráðuneytið gefur út, en þar er lýst innihaldi einstakra námsáfanga og námsbrautum.⁸⁸ Í áfangalýsingum er lýst inntaki náms í viðkomandi áfanga en í brautarlýsingum er yfirlit yfir námsáfanga á viðkomandi braut og einingafjölda.

Helstu námsleiðir í framhaldsskólum eru:

- fjögurra ára *bóknámsbrautir* sem leiða til *stúdentsprófs* með mismunandi áherslum, oft nefndar *almennt bóknámssvið*, svo sem eðlisfræði-, félagsfræði-, mála-, náttúrufræði- og tónlistarbrautir;
- þriggja til fjögurra ára *iðnbrautir* sem búa nemendur undir *sveinspróf* sem fram fer á vegum atvinnulífsins en hluti þessa náms fer í flestum tilfellum fram hjá iðnmeistara eða fyrirtæki samkvæmt samningi; sömuleiðis *starfsnámsbrautir* á öðrum sviðum, svo sem nám sjúkraliða eða matartækna.
- tveggja ára bóknáms- og starfsnámsbrautir, eins og *verslunarbrautir* eða *heilsugæslubrautir*; unnt er að halda áfram á þessum brautum til stúdentsprófs.
- einnar annar eða eins árs brautir eins t.d. vélavarðanám eða *starfsbrautir*.

Með starfsnámi eða starfsmenntun er átt við nám eða námssvið sem er undirbúningur undir ákveðið starf (t.d. nám trésmiða, sjúkraliða og verslunarnám eða lögfræði og lækisfræði á háskólastigi). Með verkmenntun er átt við nám eða námsleið þar sem talsverður hluti námsins er verklegur og fer fram á skólaverkstæði eða í atvinnulífinu (sjá einnig kafla 3.3 þar sem skilgreindar eru verkmenntir í grunnskóla).

Starfandi eru **iðnfræðsluráð** og **fræðsluráð sjávarútvegsins** og verið er að stofna **fræðsluráð ferðaþjónustu**. Þessi ráð eru samráðsvettvangur ráðuneytis, skóla og atvinnulífs um nám á þessum sviðum. Á vegum menntamálaráðuneytisins starfar um tugur fræðslunefnda iðngreinaflokka og iðngreina sem fjalla um tilhögun iðnnáms hver á sínu sviði.

Tafla 10

Skipting nemenda á námssvið skólaárið 1988 - 89:

Námssvið	Alls
Almennt bóknámssvið	7.696
Búfræðslusvið	110
Listasvið	677
Verkmenntunarsvið	4.571
Viðskiptasvið	2.666
Samtals	15.720

Byggt á nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Um 40% af árgangi (í hlutfalli við tölu tvítugra) lýkur stúdentsprófi, 47% kvenna og 34% karla eða alls tæplega 1.700 nemendur á ári. Iðnnemar eru alls um 2.000 eða um 17% af árgangi, um 10 % þeirra eru konur og 90% karlar; 600 til 700 iðnnáms-samningar eru gerðir á ári. Auk þess ljúka örfá prósent nemenda námi af öðrum starfsmenntabrautum.

Sókn nemenda í nám til stúdentsprófs hefur aukist mjög á undanförunum árum. Stór hópur nemenda fer í almennt bóknám með því markmiði að ljúka stúdentsprófi en nær ekki settu marki, a.m.k. ekki á tilsettum tíma.

Markmið nemenda með námi eru misskýr. Sumir velja nám til stúdentsprófs með skýr markmið í huga. Það gera iðnnemar einnig. Aðrir hefja bóknám af því þeir hafa ekki enn gert upp hug sinn og virðist stúdentsprófsleiðin draga þá til sín en stórt hlutfall nemenda lýkur því ekki. Vel gæti verið að þeir veldu annað nám og betur við hæfi ef í boði væru fleiri eftirsóknarverðir möguleikar að þeirra mati. Könnun í tveimur fjölbrautaskólum á námsferli nýnema 1988 - 1989⁸⁹ leiddi í ljós að um 19% nemenda hættu námi eftir fyrstu önn, 16% af skráðum einingum fóru forgörðum og um 10% skráðra eininga voru endurteknar. Þetta verður að hafa í huga við skipulag náms á framhaldsskólastigi. Við þessu má m.a. bregðast með stóraukinni námsráðgjöf og nýjum námsleiðum sem ekki þykja síður eftirsóknarverðar en þær sem nú eru mest sóttar.

Í könnun sem gerð var á vegum menntamálaráðuneytisins á **vinnu** framhaldsskólanema með námi kom fram að um þriðjungur nemenda vinnur með náminu, frekar konur en karlar, en þeir hafa lengri vinnutíma en konur.⁹⁰ Vinna með skóla virðist ekki hafa áhrif á tíma til heimanáms en það tekur að meðaltali tvær klukkustundir á dag.

Á undanförunum áratug hefur verið byggð upp **námsráðgjöf** við framhaldsskóla í þeim tilgangi að veita nemendum persónulega leiðsögn og stuðning vegna námsins. Skólaárið 1990-1991 eru starfandi 36 námsráðgjafar við framhaldsskóla í 18,5 stöðugildum. Engin skipulögð sálfræðiþjónusta er fyrir framhaldsskólastigið. Starfandi eru átta **iðnfulltrúar** í hlutastarfi víðs vegar um landið og einn í Reykjavík. Hlutverk þeirra er að sjá um og leiðbeina um gerð iðnnámssamninga, staðfesta þá, veita upplýsingar um iðnnám og vera tengiliður milli skóla og atvinnulífs.

Við 15 framhaldsskóla eru starfræktar **öldungadeildir** skólaárið 1990-91 og á vegum 5 þeirra starfa **farskólar** sem bjóða margs konar námskeið fyrir fullorðna í viðkomandi landsfjórðungi í samvinnu við ýmsa aðila (sjá kafla 4.7).

Í **samstarfsnefnd framhaldsskóla** sitja skólameistarar þeirra framhaldsskóla sem heyra undir lög um framhaldsskóla. Einnig eru starfandi samstarfsnefndir framhaldsskóla í einstökum landshlutum.

Menntamálaráðuneytið hefur að undanförunu staðið fyrir **umræðu** um framhaldsskólastigið meðal starfsmanna skólanna, m.a. vorið 1989 með könnun á viðhorfum til helstu forgangsverkefna á næsta áratug; skýrslu um innra starf framhaldsskóla sem send var öllum framhaldsskólum haustið 1989; umræðufundum ráðherra og starfsmanna úr ráðuneytinu með starfsmönnum allra framhaldsskóla víða um land veturinn 1989-90 þar sem áðurnefnd skýrsla var m.a. til umræðu og spurningalistum til skólanna um ákveðna þætti er snerta þróun framhaldsskólastigsins fyrri hluta árs 1990. Niðurstöður þessarar umræðu endurspeglast í því sem hér fer á eftir.

Meginverkefni á sviði framhaldsskólans:

Verkefni menntamálaráðuneytisins á sviði framhaldsskóla er að framfylgja stefnu framhaldsskólalaga og útfæra hana í reglugerðum við lögin og námskrá handa framhaldsskólum.

Í 16. gr. laga um framhaldsskóla frá 1988⁹¹ segir að „*allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.*” Í 2. gr. laganna segir að hlutverk framhaldsskólans sé „*að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi*” og „*að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu*” svo og „*að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi.*” Þessi orð eru hér túlkuð á þann veg að hlutverk skólans sé að bjóða fram nám sem henti þeim margbreytilega hópi nemenda sem æskir náms í framhaldsskóla og að um sé að ræða **bæði almennt og sérhæft nám**.

Almennt nám miði að því að nemendur geti bjargað sér í breytilegum heimi, verði læsir í víðtækum skilningi og geti tileinkað sér uppýsingar og unnið með þær; sé undirbúningur undir fjölskyldulíf, þ.e. rekstur heimilis og samskipti í fjölskyldu, og þátttöku í samfélaginu, jafnframt því sem það er undirbúningur undir frekara nám. **Sérhæft nám** miði að því að búa nemendur undir ákveðna starfsgrein eða frekara nám til starfsundirbúings í háskóla eða sérskóla, jafnframt sem það hafi almennt menntunargildi.

Aukin aðsókn að framhaldsskólum veldur því að á næstu árum verður að leggja áherslu á að allir sem í framhaldsskóla sækja finni þar nám sem höfðar til þeirra og þeir ráða við. Námsstilboð skóla verða að mæta þörfum ólíks nemendahóps hvort sem stefnt er á stutt eða langt nám, fræðilegt eða verklegt. Skapa þarf ný námstækifæri á mörgum sviðum, skilgreina verkaskiptingu milli skóla, endurskipuleggja samstarf skóla og atvinnulífs og efla tengsl grunn- og endurmenntunar. Gera verður átak til að mæta þörfum fatlaðra fyrir aðstoð svo þeir njóti jafnréttis.

Gæta skal jafnvægis á milli almenns náms og sérnáms, þ.e. ekki sé tekin upp of mikil sérhæfing. Áhersla á listiðkun og handmenntir verði aukin á öllum námsbrautum. Sem fyrr verði lögð áhersla á íslensku, stærðfræði og erlend tungumál, auk fræðslu um samfélag og náttúru í víðum skilningi.

Hér eru ekki lagðar til breytingar á heildarskipulagi undirbúnings undir háskólanám. Framhaldsskólinn þarf þó að fylgjast grannt með þeim breytingum sem hugsanlega verða á háskólastigi næstu ár og bregðast við þeim.

Til þess að þessi meginmarkmið framhaldsskólans náist þarf að efla stuðning ríkisins við útgáfu námsgagna, styrkja námskrárgerð, stuðla að þróunarstarfi í skólum, efla námsráðgjöf og halda áfram að byggja upp húsnæði og búnað skólanna. Faglegt sjálfstæði skóla verði aukið svo þeir geti verið hver með sínum einkennum, með áherslu t.d. á ákveðna grein eða svið. Auka verður eftirlit og mat á skólastarfi og skilgreina hlutverk atvinnulífsins í starfsmenntun. (Sjá einnig 7. kafla um kennaramenntun).

Áhersluþættir menntamálaráðuneytisins á framhaldsskólastigi á þessum áratug eru því:

- 4.1 Aukin fjölbreytni í námi - framhaldsskóli fyrir alla.
- 4.2 Samstarf skóla og atvinnulífs.
- 4.3 Listiðkun og umfjöllun um listir.
- 4.4 Námskrágerð.
- 4.5 Aukið framboð á náms- og kennslugögnum.
- 4.6 Frumkvæði skóla, sérhæfing og verkaskipting - mat og eftirlit.
- 4.7 Hlutverk framhaldsskóla í fullorðinsfræðslu.
- 4.8 Húsnæði og búnaður í samræmi við þarfir.

Sjá einnig 1. kafla þar sem fjallað er um meginverkefni sem ná til allra skólastiga og 7. kafla um kennaramenntun.

4.1 Aukin fjölbreytni í námi - framhaldsskóli fyrir alla

Meginmarkmið

Allir nemendur í framhaldsskólum eigi vól á fjölbreyttu bóklegu og verklegu námi sem höfðar til þeirra og þeir ráða við. Námið sé mislangt og tengist helstu sviðum atvinnu- og menningarlífs á hverjum tíma. Allir eigi þannig kost á starfsmenntun, ýmist í framhaldsskóla eða háskóla.

Rök

Almenn menntun að viðbætti sérmenntun ætti að auðvelda hverjum einstaklingi að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða og gera hann færari um að leggja sitt af mörkum. Það er einnig nauðsyn hverju nútímapjóðfélagi að þegnar þess séu vel menntaðir til þess að unnt sé að halda uppi lífsgæðum og hafa framfarir á öllum sviðum. Þær þjóðir sem lengst hafa náð leggja áherslu á starfsmenntun fyrir allt ungt fólk. Menntun nátengd starfi getur ekki síður haft almennt menntunargildi en svonefnt almennt nám, hvers kyns verklegt nám getur verið allt eins haldbær undirbúningur undir líf og starf eins og það sem nefnt er bóknám. Markmið starfsnáms má ekki eingöngu miðast við stundarhagsmuni atvinnulífsins.

Framhaldsskólinn þarf að taka mið af breytingum í atvinnulífinu og það þarf að eiga samvinnu við skólann um uppbyggingu á ýmsum sviðum. Það er mikilvægt þegar byggðar eru upp nýjar atvinnugreinar að samhliða sé skipulagt nám á viðkomandi sviði, menntun starfsfólks sé þannig innbyggð í átak til að auka fjölbreytni í efnahags- og atvinnulífi. Ef Ísland á að vera samkeppnisfært í framleiðni þurfa stafsmenn á mörgum

sviðum að kunna betur til verka en nú er. Jafnframt verður að varast að skólaganga verði óeðlilega löng eða að gert sé of mikið úr sérnámi, þ.e. gerðar séu kröfur um sérnám til starfa án þess að þörfin hafi áður verið ítarlega skilgreind og rökstudd. Oft getur hentað best að byggja menntun upp sem viðbótarmenntun á lengri og styttri námskeiðum fyrir fólk sem öðlast hefur reynslu í atvinnulífinu (sbr. kafla 1.1 b).

Skilgreining

Með fjölbreyttu námsframboði eða framhaldsskóla fyrir alla er átt við að allir nemendur sem ljúka 10. bekk grunnskóla eigi þess kost að stunda skilgreint nám í framhaldsskóla um skemmri eða lengri tíma. Þetta þýðir þó ekki að allir nemendur eigi að geta stundað hvaða nám sem er á framhaldsskólastigi, heldur að allir eigi kost á námi af einhverju tagi í samræmi við áhuga og þá þekkingu og færni sem viðkomandi hefur aflað sér. Aðalatriði er að enginn þurfi að hverfa frá námi áður en því er lokið.

Af þessu leiðir breytt hlutverk kennarans. Þeir þurfa að greina færni og forsendur einstakra nemenda og nemendahópa og velja viðfangsefni og kennsluhætti í samræmi við þá greiningu (sjá 7. kafla um kennaramenntun).

Leggja þarf mikla áherslu á að þær námsbrautir sem í boði eru séu eftirsóknarverðar að mati nemenda og foreldra þeirra.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem m.a. byggja á tillögum nefndar um innra starf framhaldsskóla sem skilaði niðurstöðum árið 1989⁹² og varða:

- fjölbreyttara námsframboð,
- hugmyndir um framhaldsskólapróf,
- stuðning við framhaldsdeildir grunnskóla,
- nám fjarri heimili,
- þjónustu við fatlaða,
- aukna námsráðgjöf,
- sálfræðiþjónustu,
- könnun á námsferli.

4.1.1 Námsframboð verði gert fjölbreyttara. Mótun nýrra námsbrauta fer fyrst og fremst fram úti í skólunum og við gerð námskrár fyrir framhaldsskóla. Í því sambandi verði m.a. eftirfarandi haft til viðmiðunar:

- a) Haldið verði áfram uppbyggingu stuttra **starfsbrauta, einnar til tveggja anna**, sem eru nátengdar atvinnulífinu og einkum hugsaðar fyrir nemendur sem ekki hafa hug á eða nægan undirbúning til að ljúka því námi sem nú er í boði innan framhaldsskólanna (sjá nánari lýsingu í tillögum nefndar um innra starf framhaldsskóla, 1989, bls. 11 og 12).

Dæmi um stuttar brautir:

- **Starfsbrautir** í Fjölbrautaskólum Suðurlands og Suðurnesja (sjá nánari lýsingu í skýrslu 1990⁹³). Á þessum brautum fer helmingur námsins fram á vinnustað og er í raun gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda í samvinnu við vinnustaðinn þar sem þjálfunin fer fram og samningur á milli nemanda, vinnustaðar og skóla um starfsnámið.
- **Starfsdeildir** í Iðnskólanum í Reykjavík sem veita undirbúning undir ákveðin störf.
- Vélavardánám er dæmi um stutta starfsbraut sem lýkur með **starfsréttindum** en er um leið **fyrsta þrep** í lengra námi til vélstjórnarréttinda fyrir þá sem áhuga hafa á því.

Skólar sem áhuga hafa sæki um leyfi til að skipuleggja og starfrækja námstilboð af þessu tagi. Tryggt verði að vel sé vandað til námsins á hverjum stað til þess að það verði eftirsóknarvert fyrir nemendur og vekir tiltrú foreldra og atvinnurekenda. Ráðuneytið skipuleggi leiðsögn við skóla um starfrækslu slíkra brauta, óski þeir eftir því.

Ekki er gert ráð fyrir að svo stuttar brautir veiti starfsréttindi heldur veiti ákveðna þjálfun og þeir sem hafi lokið þeim verði eftirsóknarverðir til starfa í atvinnulífinu. Að loknu þessu námi fái nemendur skírteini þar sem greint er frá því hvers konar þjálfun og þekkingu þeir hafa fengið. Þannig getur atvinnurekandi séð hvað viðkomandi hefur lært. Mikilvægt er að unnt sé að treysta slíku skírteini.

Þessar brautir verði skipulagðar sem fyrsta þrep í lengra námi.

Námsbrautir sem skipulagðar hafa verið **fyrir fatlaða** t.d. í Fjölbrautaskólanum á Sauðarkróki (sbr. skýrslu frá 1990),⁹⁴ þar sem lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að bjarga sér í daglegu lífi eru einnig dæmi um stuttar brautir. Haldið verði áfram að byggja upp slíkt nám og aukið við námstilboðið með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst. Stofnuð verði nefnd í því skyni á árinu 1991.

- b) Fjölgað verði **2ja til 3ja ára þrepaskiptum starfsmenntabrautum**. Hér er um að ræða brautir þar sem fram fer almennt nám, sérnám og starfsþjálfun á vinnustað. Námið verði þrepaskipt til þess að gefa nemendum kost á að ljúka stuttu námi, t.d. til aðstoðarstarfa, eða geri hlé á námi sínu en eigi möguleika á að bæta síðar við sig þrepi eða þrepum.

Skipulagðar verði nýjar slíkar brautir, m.a. á sviði sjávarútvegs, þjónustu, skógræktar, tækni, verslunar, stjórnunar og hönnunar. Á sviði iðnaðar má nefna nám í matvælaíðnaði, plast- og fjölliðuíðnaði, vefjaiðnaði og efnaiðnaði en í þessum greinum er nú engin eða lítil formleg menntun í boði hér á landi.

Ef miða á við þróun í skiptingu vinnuaflds eftir atvinnugreinum hér á landi og í nágrannalöndum þá er ljóst að á síðasta áratug hefur mest aukning orðið í þjónustu ýmisskonar, opinberri starfsemi, hjá tryggingarfyrirtækjum og í peningastofnunum. Námsframboð hefur ekki haldist í hendur við þetta.

Dæmi um skipulag:

- a) Almennt nám í hlutfalli við lengd námsins;
- b) starfsþjálfun á vinnustað samkvæmt samningi á milli nemanda, skóla og vinnustaðar sem fer fram eftir námskrá sem unnin er í samvinnu skóla og atvinnulífs;
- c) sérnám sem geti farið fram í skóla og/eða úti í atvinnulífinu eftir atvikum.

Dæmi um hugsanlegt þrepaskipt nám á sviði matvælaíðnaðar:

1. þrep: - eitt ár - Kjarni I + starfsþjálfun í atvinnulífinu + sérnám á viðkomandi sviði, í þessu tilfalli matvælasviði. (Í raun stutt starfsbraut).

Undirbúningur fyrir störf undir stjórn annarra.

2. þrep: - tvö til þrjú ár - Kjarni II (í honum fælist kjarni I) + starfsþjálfun í atvinnulífinu + sérnám á matvælasviði.

Getur unnið sjálfstætt (hugsanlega sveinspróf).

3. þrep: - um fjögur ár - Kjarni III (í honum fælist kjarni I og II) + starfsþjálfun + sérnám á matvælasviði til stúdentsprófs eða nám í meistarakóla.

Getur stjórnað öðrum og rekið fyrirtæki.

Næsta þrep væri í tækniskóla eða háskóla og miðaði að hönnunar- og skipulagsstörfum og lokaprep væri framhaldsnám á háskólastigi til undirbúnings rannsóknna.

Kostir þrepaskipts náms eru að blindgötur verða ekki í náminu og alltaf er opinn sá möguleiki að bæta við sig námi.

Áætlun 1991-1992:

- a) 1991: Skólum verði gefinn kostur á að sækja um að skipuleggja starfstengdar, þrepaskiptar brautir á einhverjum sviðum (sbr. kafla 4.6.3 um þróunarskóla og kafla 4.6.4 um sérhæfingu skóla). Ráðuneytið getur einnig falið ákveðnum skóla verkefni í þessu skyni.
- b) 1991: Leitað verði til aðila í atvinnulífinu um samráð um skipulag náms á viðkomandi sviðum (sjá kafla 4.2.5 um könnun á þörfum fyrir nám). Undirbúningur að einni nýrri iðnbraut verði unninn í samvinnu við iðnfræðsluráð og nýrri námsbraut á sviði sjávarútvegs í samvinnu við fræðsluráð sjávarútvegsins.
- c) 1991: Stofnuð verði ráðgjafarnefnd með fulltrúum atvinnulífs, skólamanna og menntamálaráðuneytis, sbr. 27. gr. framhaldsskólalaga, til þess að gera tillögur að námi á sviði ferðaþjónustu.
- d) 1991 - 1992: Nefndir starfi um þrepaskipt nám t.d. í einni iðngrein (matvæla- eða plastiðnaði) og í sjávarútvegi. Á sama tíma verði skipulagt nám á sviði ferðaþjónustu. Reynsla af þessari vinnu verði nýtt til þess að skipuleggja aðrar nýjar brautir eða endurskipuleggja fyrri brautir.

4.1.2 Til viðbótar við þá formlegu útskrift sem nú er völ á úr framhaldsskóla, þ.e. stúdentspróf, iðnmenntun til sveinsprófs, stig í stýrimanna- og vélstjóranámi og lokaprófum af öðrum starfsmenntabrautum, verði ræddar hugmyndir um útskrift með svonefndu **framhaldsskólaprófi** (eða miðskólaprófi) eftir tiltekinn fjölda námseininga (t.d. 45-60 einingar). Tilgangur prófsins verði að gefa nemendum sem stunda almennt bóknám kost á brautskráningu með prófi í stað þess að yfirgefa skóla án skilgreindra námsloka (sbr. tillögur nefndar um innra starf framhaldsskóla 1989). Prófið gefi réttindi til áframhaldandi náms. Annaðhvort fái allir nemendur skírteini um slíkt próf eftir ákveðinn einingafjölda að fullnægðum tilgreindum skilyrðum eða aðeins þeir sem þess óska. Ætla mætti öllum nemendum að eiga viðtal við umsjónarkennara eða námsráðgjafa við þessi tímamót í námi. Skipuð verði nefnd til þess að kanna þetta mál.

4.1.3 Framhaldsdeildir við grunnskóla eru taldar góður kostur í trausti þess að sé nám í boði í heimabyggð hvetji það fólk enn frekar til þess að afla sér menntunar. Við ákvörðun um rekstur framhaldsdeilda skal miða við ákveðinn lágmarksfjölda nemenda, möguleika á kennurum og aðstöðu. Lögð er áhersla á að deildirnar séu útbú frá næsta framhaldsskóla til þess að tryggja samfellu í námi og að það sé sambærilegt við nám í

öðrum skólum. Hér sé um eins árs nám að ræða, gjarnan kjarnanám án valmöguleika eða stuttar starfsnámsbrautir.

4.1.4 Nemendum sem verða að stunda **nám fjarri heimili sínu** vegna þess að ekki er framhaldsskóli í næsta nágrenni eða vegna þess að viðkomandi nám er ekki í boði í heimaskóla verði skapaðar sem jafnastar aðstæður við aðra nemendur. Lögð verði áhersla á að bæta félagslega aðstöðu, t.d. með ferðastyrkjum, heimavistum og mótuneytum þar sem starfsfólk er kostað af ríkinu (sjá kafla 1.1 a og 4.8).

4.1.5 Árið 1991 verði settur á fót á vegum ráðuneytisins **tengslahópur vegna fatlaðra** nemenda í framhaldsskólum.

Vegna fámennra hópa fatlaðra er misjöfn þörf fyrir þjónustu frá ári til árs, en mikilvægt er að vita um þörfina á hverjum tíma svo skólarnir geti brugðist við henni. Hér er átt við hjálp ýmisskonar svo sem tákmalstúlka, hljóðbækur, bækur á blindralettri og tölvustýrð hjálpargögn af ýmsu tagi, sem auðvelda nemendum aðgang að námi.

Framhaldsskólum verði gert kleift að ráða til sín kennara fyrir nemendur sem eiga við **lestrarerfiðleika** að glíma. Þeir verði ráðnir með sama hætti og aðrir kennarar við framhaldsskóla (ekki af sérstökum kvóta). Hafin verði athugun á þörf fyrir lestrarkennslu í framhaldsskólum 1991 í samvinnu við skólana og verði hún m.a. byggð á niðurstöðum úr alþjóðlegri rannsókn á læsi sem unnin er á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála fyrir Íslands hönd og lýkur væntanlega fyrir árslok 1992 (sbr. kafla 1.1 a).

4.1.6 Fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi krefst þess að allir nemendur eigi aðgang að námsráðgjöf, starfsfræðslu og starfskynningu (sbr. kafla 1.1.a).

a) Á næstu 6 árum verði námsráðgjöf aukin jafnt og þétt þar til því marki hefur verið náð að **einn námsráðgjafi sé í fullu starfi á hverja 300 nemendur** í framhaldsskólum.

Þeir sem sinni námsráðgjöf séu alla jafnan kennarar sem hlotið hafa sérmenntun í námsráðgjöf. Verkefni námsráðgjafa eru m.a. að liðsinna nemendum í einkamálum er snerta skólavist þeirra, veita þeim ráðgjöf um náms- og starfsval, veita leiðsögn í námstækni og skipuleggja umsjón með nemendum, samstarf við foreldra og sérstakan stuðning í námi. Í hverjum skóla þurfa að vera sérstakar skrifstofur með nauðsynlegum búnaði fyrir námsráðgjöfina.

Sjá nánar í tillögum nefndar um námsráðgjöf og starfsfræðslu 1991; sjá einnig kafla 3.2.7, 5.4.5, 6.4.2 og 7.2.5 a.

Tafla 11

Áætlun:

Ár 1990	Hlutfall um 1:750 ⁹⁵	Stöðugildi nú 18,5 Viðbótar- stöðugildi	Útskrifa þarf
1991	1:750	0	5
1992	1:650	4	10
1993	1:500	6	10
1994	1:400	8	15
1995	1:350	5	10
1996	1:300	6	10
Alls:		um 50	

- b) **Innritun** nemenda í framhaldsskóla verði á starfstíma skóla í samvinnu við námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Með því móti verði betur tryggt að nemendur fái þær upplýsingar sem þeir þarfnast um námsmöguleika. Ákveðið hefur verið að gera tilraun í tveimur fræðsluumdæmum vorið 1991 um innritun í mars.
- c) **Komið** verði á reglubundinni **starfsfræðslu** fyrir nemendur í framhaldsskólum. Hún verði skipulögð af námsráðgjöfum og gæti verið annaðhvort í formi stuttra námskeiða utan fastrar stundaskrár nemenda eða fastur liður í námsáföngum sem allir nemendur taka á fyrstu önnum í námi. Námsráðgjafar styðji jafnframt kennara í því að tengja umfjöllun um atvinnulífið og einstök störf inn í mismunandi námsáfanga. Það skal tekið fram að aukin námsráðgjöf dregur á engan hátt úr mikilvægi umsjónarkennara og umsjónarkerfis í framhaldsskólum.

4.1.7 Byggð verði upp **sálfræðiþjónusta** fyrir framhaldsskóla sem starfi í beinum tengslum við sálfræðiþjónustu grunnskóla og leikskóla (sbr. kafla 2.1.3 og 3.2.6), jafnframt því sem hugað verði að heildstæðri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir öll börn og ungmenni frá 0 til 18 ára (sbr. kafla 1.1). Á árinu 1991 verði hafinn undirbúningur að tilraun í einu fræðsluumdæmi með sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla (sbr. kafla 2.1.3).

4.1.8 Kannaður verði **námsferill** nemenda í framhaldsskólum. Ráðuneytið hefur nýlega falið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að athuga námsferil nemenda sem hófu nám í framhaldsskólum haustið 1985 og verður skoðaður náms- og/eða starfsferill þeirra í fimm ár.

4.2 Samstarf skóla og atvinnulífs

Meginmarkmið

Verklegt nám og starfsþjálfun á vinnustöðum verði hluti náms á sem flestum starfsnámsbrautum framhaldsskóla. Námið verði skipulagt í samvinnu við atvinnulífið og taki mið af þróun þess á hverjum tíma.

Rök

Með þessu markmiði er reynt að stuðla að því að tengja nám innan veggja skóla við lifandi starf í atvinnulífnu og gera það raunhæfara fyrir nemendur. Þjálfun nemenda í atvinnulífnu stuðlar að því að nám til starfa á ákveðnu starfssviði samrýmist þeirri þróun sem þar á sér stað, jafnframt nýtist sú mikla kennslugeta sem atvinnulífið býr yfir. Nýjungar úr atvinnulífnu berast einnig betur inn í skólana.

Ætla má að það verði nemendum hvatning til þess að sinna náminu í heild af meiri áhuga og kostgæfni ef þeir sjá til hvers það leiðir. Því dragi slíkt fyrirkomulag úr námsleiða eða brottfalli frá námi.

Meginmarkmið framhaldsskólans vísar til almenns undirbúnings undir líf og starf og til undirbúnings undir sérhæfð störf eða frekara nám. Mörgum nemendum hentar betur skipulagt nám í starfi en skólanám til þess að ná þessum markmiðum.

Það vakti athygli höfundu OECD-skýrslunnar um menntastefnu á Íslandi hve háan sess bóknám skipaði hér á landi.⁹⁶ Það er vilji ráðuneytisins að breyta þeirri áherslu. Ráðuneytið hyggst leita til atvinnulífsins um stuðning í þeirri viðleitni. (Sjá kafla 1.4 og 4.2).

Skilgreining

Að sjálfstöðu er þegar samstarf milli skóla og atvinnulífs um nám á ýmsum sviðum en hér er stefnt að því að auka það stórlega, gera það fjölbreyttara og auka ábyrgð atvinnulífsins.

Dæmi um útfærslu á samstarfi:

- nemendur eru til skiptis í atvinnulífinu og í skólanum í eina eða fleiri annir samfellt (sbr. iðnnám samkvæmt iðnnámssamningi við meistara);
- nemendur starfa á vinnustöðum hluta úr degi einu sinni eða oftar í viku sem hluta af námsáfangi í skólanum (sbr. áfangi á verslunarbrautum);
- nemendur eru í atvinnulífinu nokkra daga eða vikur sem hluta af námi í námsáfangi;
- nemendur eru í starfsþjálfun hluta úr degi daglega í eina eða fleiri annir samhliða námi í skóla (sbr. tilraun með starfsbrautir);
- verkefni eru sótt í atvinnulíf, t.d. í tungumálum, eðlisfræði eða félagsfræði, nemendur kanna ákveðna þætti, taka viðtöl o.s.frv.;
- fólk úr atvinnulífinu kemur í skólann til þess að vinna ákveðin verk með nemendum eða ræða við þá o.s.frv.

Þannig verði ábyrgð á vel menntuðu fólki fyrir íslenskt atvinnulíf jöfnum höndum hjá ríkinu og atvinnulífinu.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem m.a. varða:

- samstarf og samráð við fulltrúa atvinnulífsins,
- tengsl kennara við atvinnulífið,
- könnun á óskum og hugmyndum um menntun,
- rannsóknir á nýtingu menntunar í atvinnulífnu,
- undirbúning undir leiðsögn við nemendur á vinnustað,
- málþing um menntun í framhaldsskólum.

4.2.1 Leitað verði eftir **samstarfi við samtök atvinnurekenda og verklyðsfélög** um skipulag starfsnáms, þátttöku þeirra í starfsþjálfun á vinnustað, viðurkenningu atvinnulífsins á námi o.fl. Fyrrihluta árs 1991 verði stofnuð samstarfsnefnd þessara aðila og menntamálaráðuneytisins.

4.2.2 Skólar leiti eftir **samvinnu við fyrirtæki** um sérhæfða þjálfun nemenda í ákveðnum námsþáttum og kennslu nemendahópa á vinnustað á vegum skólans. Í þessu skyni verði gerðir samningar við fyrirtæki eða stofnanir sem geta lagt til aðstöðu og/eða sérfróða menn til kennslu og leiðbeiningar.

Hugað verði að nýtingu sumartímans til slíkrar þjálfunar.

4.2.3 Starfsmenntakennarar eigi þess kost að **starfa tímabundið utan skólans** til þess að tryggja enn betur tengsl sín við starfsemi og þróun í atvinnugreinum sem þeir mennta til.

4.2.4 Starfsfólk úr atvinnulífinu komi tímabundið **inn í skólana** sem gestakennarar til að kynna ákveðna þætti þess eða til að halda námskeið. Þessi starfsemi verði skipulögð í samvinnu skóla og samtaka atvinnurekenda og launþega eða skóla og einstakra fyrirtækja.

4.2.5 Kanna þarf á sem raunhæfastan hátt **óskir og hugmyndir atvinnulífsins um æskilega menntun** starfsmanna á ýmsum sviðum. Þróunarhópur á vegum iðnfræðsluráðs hefur gert tillögu um að gerð verði slík könnun á sviði iðnaðar, bæði hvað varðar löggiltar iðngreinar og aðrar. Í framhaldi af því var ákveðið að kanna óskir iðnaðarins fyrir menntun og þjálfun í tveimur greinum fyrst í stað. Markmiðið er að kanna núverandi starfshætti, áætla hugsanlega þróun þeirra og kanna námsleiðir í öðrum löndum og byggja síðan tillögugerð á þeim niðurstöðum. Verklýsing verði samin, leitað til samráðsaðila og valin nokkur fyrirtæki til athugunar í samráði við þá. Ráðuneytið hefur falið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að vinna þetta verk. Frekari kannanir verði grundaðar á reynslunni sem fæst af þessari fyrstu tilraun.

4.2.6 Hafnar verði rannsóknir á því **hvernig menntun nýtist í atvinnulífinu**. Byrjað verði með eina grein. Endurskoðun námskrár byggji á slíkum rannsóknum.

4.2.7 Við gerð námskrár fyrir meistarakóla og í námskrám í sérnámi ýmissa stétta, t.d. tæknifræðinga eða matvælafræðinga, verði gert ráð fyrir **undirbúningi undir leiðsögn** nemenda á vinnustað.

4.2.8 Á þriggja ára fresti standi ráðuneytið fyrir **málþingum um þá menntun sem fram fer í framhaldsskólum**. Þar meti fulltrúar skólakerfisins og atvinnulífsins stöðuna og leggi sameiginlega á ráðin um umbætur. Það fyrsta verði haldið árið 1992.

Sjá kafla 4.1.6 um námsráðgjöf, starfsfræðslu og fræðslu um atvinnulífið í framhaldsskólum.

4.3 Listiðkun og umfjöllun um listir

Meginmarkmið

Listiðkun og/eða umfjöllun um listir verði hluti af námi allra nemenda í framhaldsskólum, þ.e. í kjarna og auk þess val fyrir þá sem þess óska (sbr. kafla 3.3 um grunnskólann).

Rök

Sköpunargáfan er einn af mikilvægustu og um leið viðkvæmstu hæfileikum mannsins. Hún hefur margháttaða þýðingu fyrir einstaklinginn, líf hans í samneyti við annað fólk og þróun þjóðfélagsins. Hana þarf því að vekja og rækta á sem fjölbreyttastan hátt í öllu námi.

Listir auðga líf allra, bæði þeirra sem eru virkir skapendur lista og hinna sem njóta, þær glæða með nemendum frumleika og fegurðarskyn og hafa áhrif á gildismat (sbr. það sem segir í kafla 3.3).

Listiðkun eflir einstaklinginn til að þróa frumkvæði sitt, nýta sköpunarhæfileika sína og styrkja persónulega tjáningu. Hún þroskar einstaklinginn til að njóta þeirrar listar sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Jafnframt er listiðkun og umfjöllun um listir leið til þess að búa nemendur undir fjölmörg störf.

Persónulegur þroski einstaklingsins styrkist við listnám. Hæfni til að njóta og iðka list er mótvægi við sérhæfingu í nútímasamfélagi og vinnur gegn því að einstaklingurinn verði aðeins óvirkur þiggjandi.

Skilgreining

Með listgreinum er hér átt við leiklist, myndlist (þ.m.t. textíllist og önnur vinna í mismunandi efni, stundum nefndar einu nafni sjónlistir), tónlist og dans, ásamt tengdum greinum eins og ljósmyndun og kvikmynda- og myndbandagerð. (Hér eru bókmennir ekki taldar með heldur er hér litið svo á að þær séu hluti af námi í íslensku og öðrum tungumálum).

Annars vegar er um að ræða listiðkun, þ.e. iðkun lista í daglegu lífi, t.d. kórstarf, uppsetningu leikrita, gerð leiktjalda og búninga og kynni af vinnu við slíkt í leikhúsum, hljóðfæraleyk, mótun umhverfis og litameðferð. Megináherslan er á að nemendur fái tækifæri til þess að njóta þess að gera eitthvað sjálfir á sviði lista og öðlist þjálfun og áráðni til þess að skapa sjálfir og túlka tilfinningar sínar og viðhorf í myndlist, tónlist, leiklist og dansi.

Hins vegar er um að ræða umfjöllun um listir. Hún á að gefa nemendum tækifæri til þess að upplifa og njóta lista, átta sig á því hvað er að gerast á sviði lista og gera sér grein fyrir þróun þeirra, auk þess að fjalla um gagnrýni og fagurfræði.

Staða listgreina í íslenskum framhaldsskólum er mjög bágborin. Við suma framhaldsskóla eru engar listgreinar kenndar, í öðrum eru þær val fyrir örfáa og aðeins í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti eru þær skylda á öllum brautum. Engin sérhæfð kennaramenntunarleið er til hér á landi fyrir listgreinakennara í framhaldsskólum (sjá kafla 7.2.1).

Til þess að ná ofannefndu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem m.a. varða:

- þróun nýrra áfanga í listgreinum,
- aukin tækifæri nemenda til þess að sækja listviðburði og efna til listviðburða á eigin vegum,
- störf listamanna með nemendum,
- aukinn þátt hönnunar í skólastarfi,
- aukna fjölbreytni í samvinnu framhaldsskóla og tónlistarskóla.

4.3.1 Skipulagðir verði nýir áfangar í listgreinum og stefnt að því að þeir verði í kjarnanámi allra námsbrauta í framhaldsskóla. Þessu markmiði verði náð á næstu 7 árum.

Nemendum verði ætlað að taka einn eða tvo listáfanga eftir lengd námsbrautar. Þeir geti valið á milli þeirra listgreina sem í boði eru í viðkomandi skóla. Í stærri skólum verði allar listgreinar í boði og bæði boðið upp á áfanga sem leggja áherslu á iðkun viðkomandi listgreinar og áfanga sem fyrst og fremst eru umfjöllun um listgrein eða listgreinar. Einnig geti skóli lagt áherslu á eina listgrein, en sumir skólar kynnu að vilja hafa áherslu á listgrein eða listgreinar sem séreinkenni sitt (sbr. kafla 4.6).

4.3.2 Framhaldsskólanemendum verði gert kleift að **sækja listviðburði** fyrir lágt verð og fara á milli landshluta til þess að sækja leiksýningar, málverkasýningar, tónleika eða ballettsýningar. Mikilvægt er að slíkar heimsóknir tengist skólanáminu, þær séu undirbúnar og unnið sé úr þeim á eftir. Nefna má sem dæmi að leikhús, leikhópar, kvikmyndaklúbbar eða tónlistarhópar gefi skólum upplýsingar um fyrirhugaðar sýningar til þess að unnt sé að miða val á námsefni við þær. Sama á við t.d. um fyrirhugaðar myndistarsýningar eða aðra listviðburði. Jafnhliða þessu eigi nemendur kost á að heimsækja listamenn á vinnustaði þeirra. **Skólar komi listiðkun nemenda á framfæri**, t.d. með sýningum af ýmsum toga eða tónlistarflutningi, eins og margir skólar hafa lengi gert. Hvort tveggja verði liður í því að tengja skólann daglegu lífi í samfélaginu (sbr. kafla 1.4).

4.3.3 Mörkuð verði stefna um **störf listamanna með nemendum** í skólunum, reglulega eða tímabundið. Hafa þarf samstarf við samtök listamanna, athuga um réttindamál og laun og sjá til þess að þeir geti komið til starfa í skólunum undir eigin starfsheiti (sbr. kafla 3.3.4).

4.3.4 Hlutur **hönnunar** verði stórlega aukinn í framhaldsskólum, bæði með því að stofna til sérstakra námsbrauta með áherslu á hönnun og með því að gera hönnun að hluta af námi á ákveðnum brautum.

4.3.5 Um 15 tónlistarskólar hafa samstarf við framhaldsskóla um nám á tónlistarbraut eða um tónlist sem valgrein. Nemendur þurfa að hafa lokið fimm stigum í tónlistarskóla til þess að geta hafið nám á **tónlistarbraut** í framhaldsskóla og fer tónlistarnámið fram innan tónlistarskóla. Athuga þarf hvort endurskoða á það mark sem nú er sett við fimmta stigið til þess að geta verið á tónlistarbraut (tengist vinnu við námskrá framhaldsskóla), þannig að nemendur sem komnir eru styttra í tónlistarnámi geti helgað því umtalsverðan tíma.

Sjá kafla 7.2 um nám fyrir listgreinakennara á framhaldsskólastigi.

Sjá einnig kafla 4.8.3 um áætlun um endurbætur á skólahúsnaði og nýbyggingar.

4.4 Námskrágerð

Meginmarkmið

Námskrá framhaldsskóla verði í stöðugri endurskoðun. Í henni skal fjallað um skólastarf almennt, hlutverk framhaldsskóla og markmið brauta og einstakra námsgreina. Stefnt skal að því að breyta framsetningu áfangalýsinga þannig að þær skilgreini þá kunnáttu og færni sem nemendur eiga að hafa við lok hvers áfanga.

Skilgreining

Námskráin er leiðarvísir um skólastarf og stuðningur við skólastjórnendur, kennara og nemendur í daglegu starfi. *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar* var gefin út í fyrsta sinn árið 1986 og hefur tvisvar verið endurútgefin.⁹⁷ Í námskránni eru brautalýsingar fyrir um 60 brautir og áfangalýsingar fyrir hátt á sjöunda hundrað áfanga, þar af tæplega fjögur hundruð í iðngreinum. Áfangalýsingarnar greina frá efni viðkomandi áfanga. Í námskránni er einnig fjallað um fornám, burtfararskírteini og einkunnablöð, mat á milli skóla, námsmat, námsráðgjöf, bókasöfn, einkunnagjöf og reglur um réttindi og skyldur nemenda. *Námskrá handa framhaldsskólum* er allfrábrugðin *Aðalnámskrá grunnskóla* (sjá kafla 3.7.6).

Námskráin er unnin af starfsfólki menntamálaráðuneytisins í samvinnu við skólastjórnendur, kennara og fagfélög þeirra, svo og aðra sérfræðinga. Þáttur iðnfræðslunnar er unnin undir umsjá fræðslunefnda, en þær eru skipaðar fulltrúum sem tilnefndir eru af iðnfræðsluráði, auk fulltrúa ráðuneytisins. Iðnfræðsluráð og fræðsluráð sjávarútvegsins eru menntamálaráðuneytinu til ráðuneytis um þróun náms á þeim sviðum, eins og fyrir segir. Lög um framhaldsskóla gefa möguleika á stofnun slíkra ráða á fleiri sviðum (sbr. fræðsluráð ferðaþjónustu í kafla 4.1.1).

Rök

Til þess að námskráin gegni sem best hlutverki sínu sem leiðarvísir um skólastarf þarf að halda áfram að þróa hana og efla og taka á fleiri þáttum en gert hefur verið. Einkum þurfa að liggja ljós fyrir markmið sem stefnt er að hverju sinni varðandi skólastarfið í heild, einstakar námsbrautir og námsáfangar. Sé markmiðið ljóst er auðveldara að marka leiðina að því og meta hvernig tekist hefur að ná því.

Ráðuneytið vill stíga eftirtalin skref til þess að ná ofan nefndum markmiðum á sviði námskrárgerðar sem varða:

- stefnumótun um kjarnanám,
- markmiðssetningu fyrir greinar og brautir,
- endurskipulagningu brauta og mótun nýrra brauta,
- samræmingu áfanga,
- endurskoðun einingamats,
- 4. útgáfu námskrár 1992,
- kunnáttu- og leiknimarkmið í áfangalýsingum (í 5. útgáfu námskrár),
- útgáfu bæklinga um nám í framhaldsskóla.

4.4.1 Mótuð verði stefna um áherslur í **kjarnanámi** á mislöngum brautum. M.a. verði athugað hvort æskilegt er að hafa sameiginlegan kjarna fyrir margar brautir eða hvort skipuleggja á hverja braut alfarið á eigin forsendum. Í byrjun árs 1991 verði skipuð nefnd til að vinna þetta verk. Við þessa vinnu verði m.a. tekið tillit til þess sem segir í kafla 4.3 um listiðkun og umfjöllun um listir í kjarnanámi allra nemenda.

Stefnt verði að því að auka val nemenda á lengri brautum frá því sem nú er.

4.4.2 Á sama tíma verði haldið áfram vinnu sem þegar er hafin við skilgreiningu á **markmiðum brauta og námsgreina**.

4.4.3 Árið 1991 verði **brautir endurskipulagðar** og byggðar upp **nýjar** með hliðsjón af settum markmiðum. Einnig verði tekin ákvörðun um hvaða áfangalýsingar eiga að vera samræmdar og hvaða áfangalýsingar verði á valdi hvers skóla.

4.4.4. Á sviði starfsmenntunar verði annars vegar unnið að **samræmingu** ákveðinna áfanga í skyldum greinum, t.d. á sviði iðnfræðslu, og hins vegar verði sérhæfðir námsþættir greina **dregnir saman** í sérstaka áfanga. Þetta hvort tveggja verði gert í þeim tilgangi að koma við meiri samkenslu greina og með því stuðla að hagræðingu, samstarfi og auknum skilning milli greina.

4.4.5 **Einingamat verði endurskoðað** fyrir næstu útgáfu námskrár m.a. í þeim tilgangi að auka sveigjanleika kerfisins. Nú er miðað við að ein eining jafngildi tveimur kennslustundum á viku í skóla í bóklegu námi á einni önn. Sú viðmiðun torveldar að unnt sé að byggja áfanga á mismiklu sjálfstæðu námi nemenda utan skóla og getur valdið misvægi í einingamati milli bóklegra og verklegra þátta. Einingamatið miði við heildarvinnu nemenda.

4.4.6 Fjórða útgáfa námskrár komi út árið 1992.

4.4.7 Undirbúingur að fimmtu útgáfu námskrárinnar verði hafinn þegar eftir útkomu þeirrar fjórðu, en þá verði sett markmið í hverjum áfanga sem **skilgreini þá kunnáttu og færni** sem nemendur eiga að hafa náð við lok áfangans. Stefnt að útgáfu árið 1996.

4.4.8 Gefnir verði út **bæklingar** um nám, kennsluhætti og skólaþróun á framhaldsskólastigi fyrir kennara, nemendur, foreldra o.fl. Dæmi um slíkan bækling er *Nám að loknum grunnskóla* sem árlega er gefinn út af ráðuneytinu.

4.4.9 Eftirlit með framkvæmd skóla á markmiðum námskrár verði hluti af viðtækara **eftirliti og mati á skólastarfi** sem tengt verði faglegri ráðgjöf (sbr. kafla 4.6.6, sjá einnig kafla 3.6 og 5.3.4).

4.5 Aukið framboð á náms- og kennslugögnum

Meginmarkmið

Unnið verði að því að gott námsefni sé tiltækt í öllum námsgreinum og áföngum sem kenndir eru á framhaldsskólastigi.

Rök

Markvissri og árangursríkri kennslu á framhaldsskólastigi verður ekki haldið uppi nema fyrir hendi sé hentugt námsefni og kennslugögn. Eigi að stefna að því að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, sjálfsnámi og vaxandi ábyrgð á námi er gott námsefni og önnur hjálpgögn lykilþáttur.

Skilgreining

Nú er skortur á námsefni í fjölmörgum námsgreinum og námsáföngum. Oft ræður tilviljun ein hvað gefið er út. Námsefni handa framhaldsskólum er gefið út af einkaútgáfum, skólum og einstaklingum. Í mörgum áföngum er upplag námsefnis það lítið að ekki svarar kostnaði fyrir útgáfu að gefa það út. Í þeim tilvikum verður ríkisstyrkur að koma til. Nauðsynlegt er að hafa yfirsýn yfir þarfir skólanna í þessum efnum.

Iðnfræðsluráð vann árið 1989 mat á tiltæku námsefni í iðnmenntun. Samkvæmt því mati eru ófullnægjandi námsgögn eða engin gögn til fyrir stóran hluta áfanga í iðngreinum.⁹⁸

Nemendur kaupa sjálfir svo til allt það námsefni sem þeir nota í náminu. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á þessu fyrirkomulagi á því tímabili sem þessi framkvæmdaáætlun tekur til.

Afskipti menntamálaráðuneytisins af námsefnisútgáfu er í höndum *nefndar um námsefni handa framhaldsskólum* sem hóf störf árið 1989. Í henni sitja fulltrúar menntamálaráðuneytisins, útgefenda, kennara og skólameistara. Nefndinni er m.a. ætlað að sjá um útgáfu ritsins *Námsefni fyrir framhaldsskóla*, gera tillögur um útgáfu kennsluefnis, fjalla um veitingu styrkja til námsefnishöfunda eða þýðenda og sjá um mat á útgefnu námsefni.

Á árinu 1991 hefur nefndin 4,7 milljónir kr. til úthlutunar til námsefnishöfunda.

Til þess að ná ofangreindu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- yfirlit yfir þörf fyrir námsefni og forgangsröðun,
- ráðgjöf við höfunda,
- námsefnissjóð,
- mat á námsefni,
- efni til fjarkennslu,
- nýjar leiðir í námsefnisgerð,
- þjónustumiðstöð framhaldsskóla,
- bókasöfn í framhaldsskólum.

4.5.1 Metin verði þörf fyrir útgáfu námsefnis, þ.e. skilgreint hvaða efni vantar, hvaða efni þarf að endurnýja, hver ending efnis hugsanlega er o.fl. Sérstaklega verði könnuð hver þörfin er á útgáfu efnis handa nemendum með sérþarfir. Þetta verði gert til þess að auðvelda höfundum og útgefendum að sjá hvar skóinn kreppir í þessum efnum. Skipulag þessa verks verði í höndum nefndar um námsefni handa framhaldsskólum.

4.5.2 Námsefnisnefndin leggi einnig árlega fram **tillögur um nýjar útgáfur** sem hefja þarf vinnu við að fengnum tillögum frá fagkennarafélögum, sem er í raun forgangsröðun í námsefnisútgáfu. Í tillögunum komi fram hvaða nýtt efni þarf að semja, hvað megi þýða og hvaða erlent efni megi nýta með stuðningsefni. Þessum upplýsingum verði komið til útgefenda.

4.5.3 Komið verði á **kennslufræðilegri og faglegru ráðgjöf til námsefnishöfunda**. Verði þjónustumiðstöð fyrir framhaldsskóla komið upp getur slík ráðgjöf farið fram á vegum hennar (sbr. lið 4.5.8).

4.5.4 Árið 1991 verði stofnaður **námsefnissjóður framhaldsskóla** (hefur verið safnliður á fjárlögum). Námsefnisnefndin veiti árlega styrki úr honum til námsefnishöfunda eða þýðenda til þess að vinna handrit sem síðar verði gefið út af útgáfufyrirtæki. Útgáfusamningur fylgi umsókn. Auglýst verði eftir styrkumsóknum. Við styrkveitingu verði tekið tillit til forgangsröðunar. Einnig verði veittir styrkir til þess að útbúa stuðningsefni við erlendar bækur (sbr. 4.5.7). Til greina komi að útgáfufyrirtæki geti sótt um styrki til útgáfu.

4.5.5 Gerð verði tilraun með **mat á námsefni** samkvæmt ákveðnum reglum. Skipuð verði matsnefnd á vegum námsefnisnefndarinnar. Hér verði um mat á ákveðnu **úrtaki bóka** að ræða. Við matið verði m.a. höfð hliðsjón af námskrá, lögum, reglugerðum, kennslufræðilegum forsendum og viðmiðunum um gæði. Á hverju ári verði t.d. metið útgefið efni í 5 áföngum eða 5 bækur sem valdar verða af tilviljun úr nýju námsefni frá fyrra ári.

4.5.6 Útbúa þarf **námsefni til fjarkennslu** og gera fyrirliggjandi efni aðgengilegt til fjarnáms með ýmiss konar stuðningsefni í samvinnu við *framkvæmdanefnd um fjarkennslu* sem starfar á vegum ráðuneytisins, sjá kafla 6.3.1). Reynslan er sú að gott fjarkennsluefni nýtist jafnframt vel í venjulegri kennslu.

4.5.7 Auk frumsamans námsefnis verði í ríkari mæli en verið hefur hugað að því að:

- a) þýða og staðfæra erlent efni,
- b) útbúa **stuðningsefni** við erlent efni (t.d. samantekt orðalista til að auðvelda nemendum lestur fagrita á erlendum málum),
- c) nota **erlent efni óþýtt** þar sem við á, m.a. til þess að venja fólk við lestur erlendra rita í eigin fagi,
- d) dreifa **tilraunaefni á tölvudiskum**, þetta á t.d. við um efni sem samið verður í þróunarskólum (meðan það er í þróun má dreifa því með þessum hætti),
- e) skapa skólum aðstæður til að útbúa kennsluefni bæði fyrir sig og aðra (sérstakur kvóti).

4.5.8 Komið verði á fót **þjónustumiðstöð framhaldsskóla**. Verkefni hennar verði m.a. að hafa fyrirbyggjandi til kynningar allt námsefni sem á boðstólum er handa framhaldsskólum, standa fyrir kynningum á námsefni, þróunarstarfi og nýjungum, veita ráðgjöf um námsefnisgerð o.fl. og ennfremur að koma á fót verkefnabanka í ýmsum námsgreinum.

Miðstöðin gæti starfað í tengslum við Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar eftir húsrúm leyfir.

4.5.9 Unnið verði áfram að markvissri uppbyggingu **bókasafna** í framhaldsskólum.

Sjá lið 4.1.5 um bækur með **blindralettri** og **hljóðbækur** fyrir blinda.

4. 6 Frumkvæði skóla, sérhæfing og verkaskipting - mat og eftirlit

Meginmarkmið

Stefnt verði að aukinni verkaskiptingu milli skóla og auknu sjálfstæði þeirra, bæði faglegu og fjárhagslegu, auk þess sem skólum verði skapaðar aðstæður til meira frumkvæðis.

Þróun í einstökum námsgreinum, greinaflokkum eða á ákveðnum sviðum skólustarfsins verði falin tilteknum skólum, einum eða fleirum í samvinnu eftir atvikum.

Komið verði á verkaskiptingu milli skóla þannig að fámennar námsbrautir og sérhæft nám verði aðeins í boði á fáum stöðum. Komið verði upp góðri aðstöðu í viðkomandi skólum til kennslu í þessum greinum eða greinaflokkum. Tilteknum skólum verði falið að gegna hlutverki „móðurskóla“ í ákveðinni námsgrein eða námsgreinaflokki.

Rök

Gengið er út frá því að aukin ábyrgð skóla á faglegu starfi, innan þess ramma sem markaður er af lögum, reglugerðum og námskrá, skili sér í betri árangri. Því þurfa skólar að hafa sjálfstæði til að skipuleggja starf sitt í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þetta er því aðeins mögulegt að þeir sýni einnig frumkvæði og sjálfstæði um meðferð fjármuna.

Framhaldsskólakerfið er flókið og margslungið og breytingar taka langan tíma. Því þarf að skipuleggja markvisst þróunarstarf í skólum á afmörkuðum sviðum, sem sé skilgreint í upphafi bæði varðandi viðfangsefni og þátttakendur. Jafnframt þarf að tryggja eftir föngum að niðurstöður þess skili sér til annarra skóla svo eðlileg heildarþróun eigi sér stað.

Hér er miðað við að sem flestir framhaldsskólanna starfræki bæði bóklegt og verklegt nám og bjóði upp á eins fjölbreytt nám og aðstæður leyfa með hliðsjón af nemendafjölda og nánasta umhverfi til þess að nemendur hvar sem þeir búa eigi kost á sem fjölbreyttustu námi. Þrátt fyrir þetta verður að koma á verkaskiptingu milli skóla einkum á fámennum námsbrautum og í mjög sérhæfðu námi til þess að tryggja gæði námsins og stuðla að hagræðingu í rekstri. Leitast verði við að nýta kosti áfangakerfisins eftir því sem unnt er.

Skilgreining

Skólar þurfa að hafa möguleika á að skipuleggja starf sitt eins og hagkvæmast er hverju sinni. Til þess þurfa þeir að geta hagað verkum eftir þörfum hvort sem um er að ræða kennslu, námsgagnagerð, skipulagningu eða annað. Skólar hafa töluvert svigrúm innan ramma námskrár en það nýtist ekki nema þeir hafi frumkvæði til að víkja frá hefðbundnum kennsluháttum svo og frelsi til að ráðstafa fjármunum í samræmi við þarfir.

Mikilvægt er að hafið verði markvisst þróunarstarf á ákveðnum sviðum og í tilteknum námsgreinum í framhaldsskólum, sem m. a. felst í því að prófa nýjar vinnuaðferðir, ný námsgögn og að byggja upp vinnuaðstöðu og búnað sem getur orðið til fyrirmyndar. Komið verði upp sérstakri aðstöðu til þróunarstarfsins sem síðar má nota í endurmenntun og við kynningarstarf. Til þessa fái skólarnir sérstaka fjárveitingu. Þeir kennarar sem eru ábyrgir fyrir þróunarstarfinu verði að kynna öðrum það sem fram fer. Skólar geti tekið að sér slíkt þróunarstarf í ákveðinn árafjölda.

Margar námsbrautir innan framhaldsskólans eru það fámennar eða sérhæfðar að ekki er unnt að starfrækja þær til loka svo viðunandi sé nema á fáum stöðum. Hins vegar geta margir skólar séð um kennslu í töluverðum hluta þeirra námsgreina sem kenndar eru á þessum brautum þó að þeir ráði ekki við sérhæfðustu þætti þeirra. Þetta á aðallega við um fámennari skóla.

Nauðsynlegt er að þeir skólar sem aðeins geta starfrækt hluta tiltekinnar námsbrautar skipuleggi kennslu á henni í samráði og samvinnu við móðurskóla.

Hlutverk móðurskóla getur verið tvenns konar. Annars vegar er það skóli sem tekur að sér að vera bakhjarl annarra skóla eða framhaldsdeilda grunnskóla í sama fræðsluumdæmi sem þá eru útibú (einnig nefndar **úttöðvar**) frá móðurskóla. Stuðningurinn nær til allra sviða viðkomandi útibús. Hins vegar er um að ræða skóla sem tekur að sér að vera miðstöð fyrir nám á ákveðnu sviði fyrir allt landið eða ákveðið svæði. Skólinn gegnir því hlutverki að aðstoða þá skóla sem aðeins geta starfrækt hluta viðkomandi námsbrautar og einnig að sjá um kennslu í sérhæfðustu þáttum námsins.

Það gera þeir með hefðbundinni kennslu þannig að nemendur koma í móðurskólann hluta af námstímanum, með fjarkennslu eða með „farkennurum” milli skóla. Þannig er skólinn einnig móðurskóli í ákveðinni námsgrein eða námsgreinum sem fáir stunda.

Með þessu móti geta nemendur stundað nám í heimaskóla mun lengur, tekið þar allar almennar greinar og jafnvel hluta sérgreina en stundað síðan nám á vegum „móðurskóla” í þeim áföngum sem ekki eru í boði í heimaskólanum. Það geti þeir ýmist gert með því að flytja sig um set í eina eða fleiri annir, stundað nám í fjarkennslu eða sótt nám utan hefðbundins skólaárs (sumarönn). Nemandi geti valið hvort hann útskrifast úr þeim skóla þar sem hann stundaði nám á síðustu önn eða þeim skóla þar sem mestur hluti námsins fór fram.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- vettvangsnám kennara,
- hlutverk skólameistara,
- þróunarverkefni - þróunarskóla,
- sérhæfingu og verkaskiptingu,
- reglur um samsett nám,
- stofnun þróunarsjóðs framhaldsskóla,
- mat og eftirlit með skólastarfi.

4.6.1 Vettvangsnám, sbr. endurmenntunaráttak sem hófst 1990 fyrir framhaldsskólakennara, verði þróað áfram í bóklegum og verklegum greinum og leitað allra leiða til þess að laga það margvíslegum þörfum skóla. Námið er skipulagt samhliða kennslu og getur farið fram í einum skóla eða verið sameiginlegt fyrir stærra svæði, t. d. heilan landsfjórðung (sbr. 7.4.2).

4.6.2 Skólameistarar gegna mikilvægu hlutverki við mótun stefnu og þróun skólastarfs í sínum skóla. Þeir þurfa að hafa forgöngu m.a. um mótun stefnu um námsframboð og sérstöðu skóla. Sú stefnumótun er unnin á ábyrgð þeirra en í samvinnu við starfsmenn. Jafnframt er það hlutverk skólastjórnenda að örva og hvetja kennara til að gera sem best og styrkja vitund þeirra um hlutverk skólans og skyldur. Árið 1990 hófst **vettvangsnám fyrir skólastjórnendur** á framhaldsskólastigi á vegum Háskóla Íslands. Markmið þess náms er að gera skólastjórnendur betur færa um að sinna því hlutverki sem hér um ræðir. Slíkt nám þarf að vera í boði með reglulegu millibili (sbr. kafla 7.4.2).

4.6.3 Þróunarverkefni í ákveðnum greinum eða á tilteknum sviðum verði skilgreind og tveimur til þremur skólum falið að fara af stað með skilgreind þróunarverkefni haustið 1991 og verði þeir „**þróunarskólar**” á viðkomandi sviði.

Með **þróunarskóla** er átt við skóla sem tekur að sér tímabundið verkefni að móta starf og starfsaðferðir á viðkomandi sviði og hlýtur til þess sérstaka fjárveitingu. Hann leitar nýrra leiða, gerir framkvæmdaáætlanir, kynnir sér reynslu annarra þjóða og fylgist með faglegum skrifum á viðkomandi sviði í bókum og fagtímaritum. Eitt meginhlutverk þróunarskóla er að miðla reynslu sinni til annarra skóla á tímabilinu og meta árangur

starfsins. Það gerir hann m.a. með ýtarlegri skýrslu um starf sitt fyrir hvert skólaár sem dreift er til annarra skóla, þátttöku í skipulagi endurmenntunar, t.d. í samvinnu við fagfélag og kennaramenntunarstofnun, og umsjón með kennaranemum í æfingakennslu. Skólinn kynnir niðurstöður mats á einstökum þáttum starfsins í skýrslum og frásögnum. Niðurstöður mats og útkoma úr starfi þróunarskóla verður síðan grundvöllur breytinga á viðkomandi starfsvettvangi í öðrum skólum.

Auglýst verði eftir umsóknum frá skólum til þessara verkefna eða þeim falið verkefni á þessu sviði. Í samráði við skólana verði tryggt að dagleg umsjón verði fullnægjandi og einnig þarf að tryggja skólum faglega ráðgjöf. Ennfremur verði ákveðið hvernig **mati** á starfinu skuli háttað.

Verkefnisstjórar stýri þróunarverkefni á hverjum stað. Þeim verði ætlað að hafa frumkvæði um starfið í samvinnu við aðra aðila í skólanum. Til þeirra verði gerðar ákveðnar kröfur um menntun og reynslu.

Þróunarstarf í skólum verði byggt upp í áföngum og nýjum verkefnum og skólum bætt við árlega eftir því sem aðstæður leyfa.

4.6.4 Fyrrihluta árs 1991 verði lokið gerð yfirlits yfir námsframboð á framhaldsskólastigi á landinu. Síðan verði **kannaður áhugi** skóla á **sérsviði** og hugmyndir þeirra um verkaskiptingu. Á grundvelli þessa verði gerðar tillögur um **verkaskiptingu** milli skóla svo og um skóla sem taka að sér hlutverk „móðurskóla”, sbr. hér að framan.

Gerð verði áætlun um nauðsynlega uppbyggingu í skólum vegna námsframboðs sem ákveðið verður og henni komið til framkvæmda á tilteknum árafjölda.

4.6.5 Samdar verði á vegum ráðuneyltisins **reglur um samsett nám** í tveimur eða fleiri framhaldsskólum, sbr. hér að framan um verkaskiptingu milli skóla.

4.6.6 Stofnaður verði **þróunarsjóður framhaldsskóla** (sbr. *Þróunarsjóð leikskóla* og *Þróunarsjóð grunnskóla* sem báðir voru stofnaðir 1989). Kennarahópar eða heilir skólar geti sótt um styrki úr sjóðnum til þess að vinna að ákveðnum þróunarverkefnum.

4.6.7 Ráðuneytið leggur mikla áherslu á að komið verði á **mati og eftirliti** með skólastarfi á framhaldsskólastigi með svipuðum hætti og lýst er í köflum 1.3, 3.6 og 5.3.4. Á þessu skólastigi nær slíkt mat og eftirlit einnig til starfsnáms á vinnustöðum og í raun þarf að vera um gagnkvæmt eftirlit skóla og atvinnulífs að ræða. Auknu sjálfstæði skóla fylgir aukið eftirlit.

4.7 Hlutverk framhaldsskóla í fullorðinsfræðslu

Meginmarkmið

Hlutur framhaldsskóla á sviði almennrar fullorðinsfræðslu og endurmenntunar í atvinnulífinu verði eflður og stefnt að því að slíkt nám gildi sem hluti af framhaldsmenntun þar sem við á. Á vegum framhaldsskóla, einkum utan Reykjavíkursvæðisins, verði byggð upp víðtæk fullorðinsfræðsla í formi farskóla. Skólar leggi áherslu á að starfa í náinni samvinnu við aðra sem sinna almennri fullorðinsfræðslu og endurmenntun í atvinnulífinu.

Rök

Ljóst er að fólk leitar símenntunar í auknum mæli. Framhaldsskólinn hefur öðrum fremur aðstöðu, kennaralið og kennslugögn til að mæta þessari þörf. Þess vegna er eðlilegt að þeir kostir séu nýttir og skólarnir verði sveigjanlegri en verið hefur. Mikilvægt er að fjölbreytt námsframboð framhaldsskóla nýtist fólki á öllum aldri til margs konar náms og skólarnir þróist í alhliða menntastofnanir sem fólk á greiðan aðgang að. Þannig verða skólarnir tengdari umhverfi sínu og öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Skilgreining

Með fullorðinsfræðslu er hér átt við menntun fullorðinna. Um getur verið að ræða **almenna fullorðinsfræðslu**, þar sem fjallað er um margs konar efni og ekki er tekið mið af ákveðnu starfi, og **starfsmenntun í atvinnulífinu** (eftirmenntun, endurmenntun) sem miðar að því að gera þátttakendur hæfari til ákveðinna verkefna (sjá skilgreiningar í 6. kafla), auk **öldungadeilda**.

Í lögum um framhaldsskóla, 36. gr. segir m.a.: *Heimilt er framhaldsskólum að ... efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.*⁹⁹

Við starfsmenntun í atvinnulífinu og almenna fullorðinsfræðslu virðist farskóla-skipulagið vænlegt. Með hugtakinu farskóli er átt við skipulagt námskeiðahald fyrir fullorðna sem fram fer á ábyrgð tiltekins framhaldsskóla. Námsframboð farskóla er fólgið í sjálfstæðum námskeiðum sem eru auglýst í upphafi hvers kennslutímabils og geta þau farið fram á mismunandi stöðum eftir því sem tilefni gefast til og óskir berast um. Þau eru boðin fram að frumkvæði skóla eða í samráði og samvinnu við fyrirtæki eða félagsamtök. Inntak námskeiðs miðast við þarfir og óskir þess hóps sem námskeiðið er ætlað á hverjum tíma en getur einnig verið hluti af námi sem lýst er í *Námskrá handa framhaldsskólum*. Starfandi eru farskólar við fimm framhaldsskóla og eru umsjónarmenn þeirra nú í rúmlega fjórum stöðugildum alls.

Ljóst að almenn fullorðinsfræðsla og endurmenntun er og verður starfsrækt af mörgum öðrum en skólum. Á þessu sviði starfsemi verður skólinn að starfa í náinni samvinnu við aðra fræðsluaðila og aðila atvinnulífsins.

Í öldungadeildum fer fram sambærilegt nám og í dagskóla. Þar eru kenndir áfangar sem tilgreindir eru í *Námskrá handa framhaldsskólum*. Kennsla fer fram eftir að dagskóla lýkur. Áætlað er að um 2.000 manns stundi nám í öldungadeildum víðs vegar um landið. Í öldungadeildum eru greidd skólagjöld sem nema um þriðjung af kennslukostnaði.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið m.a. stíga eftirtalin skref sem varða:

- mat á námi í fullorðinsfræðslu,
- eflingu og samvinnu farskóla,
- samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um almenna fullorðinsfræðslu og eftirmenntun.

4.7.1 Samdar verði **reglur um mat á námi í fullorðinsfræðslu** til námseininga í reglubundnu námi.

4.7.2 Efla þarf starfandi **farskóla** og stuðla að því að slíkir skólar taki til starfa í fleiri landshlutum. Ráðuneytið mun stuðla að **samvinnu** þeirra með því að standa fyrir reglulegum fundum umsjónarmanna farskóla til þess að sameiginleg reynsla nýtist sem best og tækifæri skapist til þess að skiptast á skoðunum. Ekki eru áætlanir uppi um að ráðuneytið standi að öðrum kostnaði við farskóla en launum umsjónarmanns og kostnaði við störf hans.

4.7.3 Endurmenntun á vegum framhaldsskóla miðist að verulegu leyti við óskir atvinnulífsins um námstilboð. Framhaldsskólinn leggi því áherslu á að hafa **skipulega samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um almenna fullorðinsfræðslu og eftirmenntun** sbr. tillögur starfshóps um iðnmenntun sem starfaði á vegum nefndar um innra starf framhaldsskólans 1989.

4.8 Húsnæði og búnaður í samræmi við þarfir

Meginmarkmið

Á þessum áratug verði haldið áfram uppbyggingu á húsnæði og búnaði framhaldsskóla. Gengið verði út frá þeim þörfum sem fjölbreytt bóklegt og verklegt námsframboð kallar á, jafnframt því sem vinnuaðstaða kennara verði bætt, svo og skilyrði nemenda til félagsstarfa í skólahúsnæðinu. Mötuneyti verði í skólum og heimavistir þar sem þeirra er þörf.

Rök

Í skólum verður að vera vinnuaðstaða og búnaður í samræmi við kröfur sem skólinn gerir til nemenda og kennara. Þeir eiga heimtingu á því að geta búið við samfelldan vinnudag sem fram fer á einum stað. Yfirfullt húsnæði getur komið í veg fyrir sveigjanlega kennsluhætti og möguleika skóla til að mæta nútímakröfum um kennslustarf

og vinnubrögð. Nauðsynlegt er að grunnþjálfun á ýmsum sviðum verkmenntunar fari fram innan veggja skóla. Til þess að það sé unnt þurfa aðstaður og gögn að vera fyrir hendi.

Uppbygging heimavista og mötuneyta er leið til að jafna aðstöðu nemenda til náms (sbr. kafla 4.1.4).

Skilgreining

Á síðustu árum hafa verið stofnaðir nokkrir nýir skólar og töluvert byggt af skólahúsnæði. Húsnæði framhaldsskóla er mjög mismunandi. Aðstaða í sumum er góð; þar er þökkaleg vinnuaðstaða fyrir kennara, mötuneyti og aðstaða fyrir félagsstarf nemenda. Í öðrum er henni mjög ábótavant m. a. vegna þess að skólarnir eru ekki að fullu byggðir eða þeir eru í gömlu húsnæði sem svarar ekki kröfum sem eðlilegt er að gera. Viðhaldi er ábótavant í flestum skólunum.

Mikilvægt er að gerð verði áætlun um byggingu skólahúsnæðis og útbúnað skóla, svo og viðhald í samræmi við þá námsskipan sem samkomulag verður um og koma henni í framkvæmd eins fljótt og mögulegt er.

Liður í því að búa nemendum gott námsumhverfi er að þeir eigi vól á að matast í mötuneyti. Nú greiða nemendur sjálfir allan kostnað af mötuneytum, bæði efni og vinnu. Athuga þarf með hvaða hætti þau verði rekin í framtíðinni.

Til þess að ná þessum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varða:

- úttekt á núverandi húsnæði og búnaði framhaldsskóla,
- spá um nemendafjölda,
- áætlanagerð um uppbyggingu,
- nýtingu húsnæðis allt árið.

4.8.1 Í upphafi árs 1991 verði lokið **úttekt á núverandi húsnæði og búnaði** framhaldsskóla. Hún felist m.a. í yfirliti yfir núverandi húsnæði, búnað, aðstöðu og aðgengi fyrir fatlaða.

4.8.2 Gerð verði **spá um nemendafjölda** í framhaldsskólum næstu 10 árin og dreifingu þeirra. Síðan verði gerð **5 ára áætlun** sem miði uppbyggingu skóla við að allir nemendur geti stundað a.m.k. tveggja ára nám og allt að tveir þriðju nemenda fjögurra ára nám sem ýmist fer eingöngu fram í skóla eða að hluta á vinnustað.

4.8.3 Á grundvelli úttektarinnar á húsnæði og búnaði og spár um nemendafjölda verði gerðar **tillögur að áætlun um endurbætur á húsnæði einstakra skóla, nýbyggingar og búnað**. Þar verði fjallað um vinnuaðstöðu kennara, almennar kennslustofur, verkstæði, skólasöfn, aðstöðu til listiðkunar og listgreinakennslu, mötuneyti, félagsaðstöðu nemenda, heimavistir, aðgengi fatlaðra, þ.m.t. lyftur, auk búnaðar og tækja. Tekið verði tillit til sérhæfingar hvers skóla. Á árinu 1991 verði starfshópi falið að gera tillögur um **forgangsröðun** endurbóta og byggingarframkvæmda.

Við þessa áætlanagerð þarf að taka mið af stefnumörkun um verklegt nám, þ.e. annars vegar um samvinnu skóla og samnýtingu skóla á dýrum tækjum og hins vegar að hve miklu leyti verkleg þjálfun á að fara fram innan veggja skóla eða fari í auknum

mæli fram í fyrirtækjum og stofnunum til þess að nýta tækjakost og tryggja að námið sé í takt við tækniþróun.

4.8.4 Til þess að nýta betur aðstöðu og húsnæði og svara jafnframt kröfum nemenda sem flýta vilja námi eða eiga ekki kost á sumarvinnu, verði gerð tilraun með **sumarönn** með námstilboði í ákveðnum greinum. Þetta fyrirkomulag ætti að jafna dreifingu nemenda í störf á vinnumarkaði. Nýtt verði reynsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti af slíkri tilraun sumarið 1990.

Samantekt um framhaldsskólastigið og tengsl við næstu kafla

Ráðuneytið leggur höfuðáherslu á að allir nemendur sem lokið hafa grunnskóla geti fundið nám við hæfi í framhaldsskólum og að nám á öllum námsbrautum sé að hluta verklegt (verkstæði, listiðkun, störf í atvinnulífnum o.fl.) og/eða tengist atvinnulífnum á einhvern hátt. Listiðkun eða umfjöllun um listir verði hluti af námi á öllum námsbrautum; hlutur framhaldsskóla í fullorðinsfræðslu aukist; skipulögð verði verkaskipting milli skóla hvað varðar námsframboð og þróunarstarf og sjálfstæði þeirra aukið; nægileg námsgögn séu fyrir hendi og húsnæði og búnaður svari þörfum á hverjum tíma.

Stór hluti nemenda í framhaldsskólum hefur áhuga á að stunda áframhaldandi nám að framhaldsskóla loknum. Til þess að stuðla að farsælu vali og þar með meiri líkum á árangri verður námsráðgjöf og upplýsingamiðlun um háskólanám, nám í sérskólum og símenntun eða fullorðinsfræðslu að vera öflug bæði í framhaldsskólum og háskólum, en einnig utan skólakerfisins. Nemendum verður að vera ljóst að aðrar áherslur eru á námi í háskólum og sérskólum en í framhaldsskóla um vinnubrögð, inntak náms og kröfur til árangurs. Þrátt fyrir áherslumun milli þessara skólastiga er mikilvægt að háskólanám sé skipulagt með þeim hætti að það komi í eðlilegu framhaldi af því sem nemendur hafa verið að fást við á sambærilegu sviði í framhaldsskóla.

Nemendum þarf einnig að vera ljóst að námi lýkur í raun aldrei, örar breytingar á öllum sviðum gera það m.a. að verkum að líkur eru á að þeir stundi ýmisskonar símenntun í meira eða minna mæli allt lífið.

5. HÁSKÓLAR

Staðan 1990

1. Fjöldi skóla á háskólastigi	7
2. Nemendafjöldi í námi á háskólastigi, hér heima og erlendis (p.e. lánþegar LÍN; ath. ekki taka allir nemendur lán):	
1990	rúmlega 8.000
1981	3.760
1971	1.730
1961	790
3. Nemendafjöldi erlendis	2.400
4. Fjöldi lánþega hjá Lánasjóði ísl. námsmanna þar af í sérskólum á framhaldsskólastigi	um 7.600 800 - 900
5. Brautskráðir nemendur úr háskólum á ári þar af við innlenda háskóla	um 1.000 - 1.200 tæplega 800
6. Hlutfall af árgangi sem fer í háskólanám	um 25%
7. Fjöldi í árgangi fæddir 1970-1980	4.000-4.500
8. Fjöldi 20-24 ára, árið 1990	um 21.000
Spá fyrir árið 2000	um 21.000
9. Heildarútgjöld til háskóla:	
1980	1,1 milljarður kr.
1984	1,2 milljarðar kr.
1988	1,8 milljarðar kr.
1990 (fjárlög)	um 1,85 milljarðar kr.
10. Hlutfall framlaga til háskóla af heildarútgjöldum menntamálaráðuneytisins	7%
11. Fjárframlög til LÍN, hlutfall af heildarútgjöldum menntamálaráðuneytisins	10%
12. Vinnuafli við Háskóla Íslands, ársverk 1989	um 600

Lög er varða háskóla og skóla á mörkum háskólastigs:

Lög um búnaðarfræðslu 55/1978.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Breyt. 87/1989.

Lög um Fósturskóla Íslands nr. 10/1973.

Lög um Háskóla Íslands nr. 131/1990. Breyt. nr. 133/1990.

Lög um Háskólann á Akureyri nr. 18/1988.

Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 65/1972.

Lög um Kennaraháskóla Íslands nr. 29/1988.

Lög um Leiklistarskóla Íslands nr. 37/1975.

Lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands nr. 38/1965.

Lög um námslán og námsstyrki nr. 72/1982. Breyt. 1. nr. 70/1989, 107/1989.

Lög um skólakerfi nr. 55/1974.

Lög um Tækniskóla Íslands nr. 66/1972.

Lög um Proskafjálaskóla Íslands nr. 40/1985.

Frumvarp um háskóla:

Frumvarp til laga um Listaháskóla Íslands. 1990.

Reglugerðir um háskóla:

Reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979 með áorðnum breytingum frá 1980 til 1991.

Reglugerð um búnaðarfræðslu nr. 525/1979.

Reglugerð um Háskólann á Akureyri nr. 405/1990.

Reglugerð um Kennaraháskóla Íslands nr. 496/1990.

Skipulagsskrá um Samvinnuháskólann 1990.

Nýlegar skýrslur sem fyrir liggja um háskóla:

Bandalag háskólamanna. 1983. *Ráðstefna um markmið og skipulag háskólanáms.*

Bandalag háskólamanna. 1983. *Ráðstefna um undirbúning háskólanáms og aðgang að háskóla.*

Bandalag háskólamanna. 1984. *Menntun og hagsæld. Fjölgun arðbærra starfa í þjóðfélaginu.* Ráðstefna.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Menntamálanefnd. 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.

Félagsvísindastofnun HÍ. 1989. *Háskólamenntun. Tölulegar upplýsingar lagðar fram á ráðstefnu um háskólastigið á vegum menntamálaráðuneytisins 26. maí 1989.* Menntamálaráðuneytið.

Fósturskólanefnd. 1988. *Nefndarálit.* Menntamálaráðuneytið.

G. Thomas Fox. 1990. *Cocoon or Butterfly?* [Skýrsla um reynslu skóla af því að flytjast af framhaldsskólastigi á háskólastig]. Menntamálaráðuneytið.

Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990. *Niðurstöður skoðanakönnunar menntamálaráðuneytisins um háskólastigið.* Menntamálaráðuneytið.

Gerður G. Óskarsdóttir. 1990. *Skólar á Íslandi* (sérprent). Menntamálaráðuneytið.

Jón Torfi Jónasson. 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár 1985-2010.* Sérprent úr Menning og menntun á tæknioöld. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun. Sérrit 2.

Kennslumálanefnd Háskóla Íslands. 1987. *Undirbúningur náms við Háskóla Íslands. Leiðbeiningar til framhaldsskóla og nemenda þeirra.* Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands.

Kennslumálanefnd háskólaráðs. 1989. *Námshenging og fráhvarf í Háskóla Íslands.* Háskóli Íslands.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. 1990. *Skýrsla nefndar um framtíðarverkefni LÍN.*

Nefnd um fjölmiðlakennslu á öllum skólastigum. 1989. *Tillögur.* Menntamálaráðuneytið.

Nefnd um kennslu í byggingarlist á Íslandi. 1988. *Nefndarálit.* Menntamálaráðuneytið.

Nefnd um viðbótarnám við rekstrardeild Háskólans á Akureyri. 1990. *Skýrsla.* Háskólinn á Akureyri.

Tækniskóli Íslands. 1990. *Tæknifræði heim? Verkefni í FFÁ.*

Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1988. *Úttekt á háskóladeild. Leiðbeiningar fyrir deildir.* Háskóli Íslands.

Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1984. *Skýrsla.* Háskóli Íslands.

Úttektarnefnd skipuð af Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1987. *Úttekt á Verkfæræðideild Háskóla Íslands. Skýrsla nefndar.*

Núverandi staða

Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands frá 1985 er háskólanám talið allt nám í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, nám í tæknifræði og tæknigreinum heilbrigðisstétta í Tækniskólanum og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Síðan hafa Háskólinn á Akureyri, Samvinnuháskólinn og Tölvuháskóli Verslunarskóla Íslands bæst við. Einnig má skilgreina hluta náms í listaskólum á háskólastigi.


Nú er þetta skólastig í vexti sem m.a. sést á því að á síðari árum hefur nemendum fjölgað, skólar hafa tekið upp nýjar námsleiðir og risið hafa skólar sem skilgreint hafa nám sitt á háskólastigi en skilgreining á háskólum eða háskólastigi er nokkuð óljós hér á landi sem annars staðar.

Hvað sem þessari skilgreiningu líður má segja að nú sé um að ræða ferns konar nám á háskólastigi hér á landi:

- a) Á síðustu árum hefur verið stofnað til **eins til tveggja ára námsbrauta** á háskólastigi sem veita nám til undirbúnings ákveðinna starfa í atvinnulífinu. Slíkt nám fer nú t.d. fram í Samvinnuháskólanum á Bifröst, Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.
- b) Þá eru námsleiðir með þriggja til fjögurra ára starfsmiðað og fræðilegt nám sem útskrifa nemendur með **B.A.-, B.S.- og B.Ed.-gráðu** við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og búvísindadeildina á Hvanneyri, auk tæknifræðináms við Tækniskóla Íslands.
- c) Námsleiðir sem búa nemendur undir **kandidatspróf til ákveðinna starfa** eru í Háskóla Íslands (sem segja má að séu 120-180 einingar). Til þessa flokks má einnig telja **viðbótarnám** við B.A./B.S./B.Ed. próf eins og t.d. nám í sérkennslu og skólastjórnun við KHÍ; nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda, fjölmiðlun, námsráðgjöf eða 4. ár í líffræði við HÍ; eða 4. ár í búvísindum á Hvanneyri.
- d) Að lokum er **fræðilegt framhaldsnám** á háskólastigi sem miðar einkum að því að mennta rannsókn- og vísindamenn t.d. til cand. mag.-, meistara- og síðar e.t.v. doktorsprófs. Slíkt nám fer nú eingöngu fram við Háskóla Íslands. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands segir að skólanum sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til framhaldsnáms fyrir kennara er ljúki með æðri prófgráðu.

Mynd 8

Hlutfallsleg dreifing nemenda á námsgreinar utan- og innanlands á háskólastigi




Heimild: Jón Torfi Jónasson, 1990.

Skólar á háskólastigi eru nær allir reknir af ríkinu og í þeim eru ekki innheimt kennslugjöld (innritunargjöld renna til nemendafélaga og stofnana á þeirra vegum).

Sjálfstæði skóla á háskólastigi er með öðrum hætti en á öðrum skólastigum, einkum þess stærsta, Háskóla Íslands. Hann fjármagnar byggingar og viðhald þeirra með arði af Happpdrætti HÍ. Háskólar hafa talsvert sjálfstæði um námsframboð en viðbótarkostnaður t.d. vegna nýmæla í námsframboði er að sjálfsögðu háður samþykki fjárveitingavaldisins.

Mynd 9

Framlag ríkisins til háskólastigsins og til rannsókna 1945 - 1990




Heimild: Jón Torfi Jónasson, 1991, óútg.

Áætlað er að um 5.600 manns stundi háskólanám hér á landi og um 2.400 séu við nám í háskólum erlendis. Tæplega 800 útskrifast frá háskólum hér á landi árlega og milli 300 og 400 á ári frá erlendum háskólum. Áætlað hefur verið að 20 til 30 Íslendingar ljúki doktorsprófi erlendis árlega, en um þetta vantar áreiðanlegar tölur.

Spáð er mikilli fjölgun nemenda á háskólastigi á komandi árum sbr. mynd 10.

Mynd 10


**Áætluð aukning nemenda í háskóla
1990 - 2010**



Heimild: Jón Torfi Jónasson, 1990.

Línurit frá Lánasjóði íslenskra námsmanna er hér notað (mynd 11) til þess að sýna fjölgun nemenda í háskólanámi frá 1967-1990. Ýmsa fyrirvara verður þó að hafa á þessum tölum. Ekki taka allir nemendur á háskólastigi námslán og inn í þessum tölum eru, a.m.k. á seinni hluta tímabilsins, 10% - 15% lánþega í námi sem ekki flokkast sem háskólanám.

Mynd 11



Heimild: Ársskýrsla LÍN, starfsárið 1988-89.

Árið 1989 gaf kennslumálanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands út niðurstöður könnunar á námsgengi og fráhrarfi nemenda frá námi í skólanum.¹⁰⁰ Könnunin náði til rúmlega 1000 nemenda sem innrituðust í skólann haustið 1982. Þar kemur m.a. fram að aðeins um 44% þeirra höfðu stúdentspróf frá skólaárinu á undan; sumarið 1988 höfðu 36% þeirra lokið námi, 47% horfið frá námi og 17% voru enn í námi og líklegir til að ljúka því.

Í ljós kom að af þeim sem hurfu frá námi höfðu um 73% þegar gert það í lok fyrsta árs frá innritun og var hlutfall kvenna og karla svipað. Tímasókn þeirra sem síðar hurfu frá námi er miklu minni en hinna strax á fyrsta misseri. Um 62% þeirra sem hurfu frá námi fóru í annað nám hérlendis eða erlendis og luku því nær allir. Þeir sem hurfu frá námi nefndu margar og mismunandi ástæður en flestir (32%) sögðu að námið hefði verið of þungt og ekki höfðað til þeirra. Einnig kom í ljós að því fyrir sem nemendur ákveða að fara í nám við Háskólann í tiltekinni grein, þeim mun líklegra er að þeir ljúki námi.

Slíkar reglulegar kannanir eru mikilvægar við stefnumótun og skipulag, m.a. um námsframboð á háskóla- og framhaldsskólastigi.

Reikna má með að sá vöxtur sem nú er á háskólastiginu haldi áfram á næstu árum. Nokkrir skólar til viðbótar munu sækjast eftir að verða skilgreindir sem háskólastofnanir, einkum á lista- og uppeldissviðum, nemendum fjölgar og námsleiðir bætast við. Þróun innan hvers skóla fyrir sig mun að öllum líkindum gerast að mestu að frumkvæði skólanna sjálfra innan ramma laga og fjárveitinga. Sókn fólks í háskóla til endur- og símenntunar mun aukast.

Í Svíþjóð hafa um 30% háskólanema verið starfandi í atvinnulífnum um nokkurra ára skeið fyrir háskólanám.¹⁰¹ Ekki er ólíklegt að svipuð þróun verði hjá okkur. Mikilvægt er að menn geti stundað hlutanám í háskóla með störfum í atvinnulífnum.

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum misserum staðið fyrir skipulagðri umræðu um háskólastigið meðal starfsmanna skóla á háskólastigi og nokkurra skóla sem starfa á mörkum háskóla- og framhaldsskólastigs. Í maí 1989 var haldin ráðstefna um háskólastigið þar sem m.a. var boðið erlendum fyrirlesara. Í tengslum við hana tók Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands saman fyrir ráðuneytið tölulegar upplýsingar um háskólastigið og nokkra sérskóla því tengdu sem lagðar voru fram á ráðstefnunni.¹⁰² Um haustið sama ár voru sendir umræðupunktur til skólanna um margar hugmyndir sem fram komu á ráðstefnunni. Þeir voru ræddir af starfsmönnum allra skólanna og síðan á fundi menntamálaráðuneytisins með fulltrúum þeirra í nóvember 1989. Um sama leyti réði ráðuneytið dr. G. Thomas Fox til þess að gera athugun á reynslu fjögurra skólastofnana af því að flytjast af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig.¹⁰³ Ráðuneytið gaf út skýrslu hans og sendi til viðkomandi skóla. Í upphafi árs 1990 sendi ráðuneytið spurningalista til háskóla, nokkurra sérskóla og Bandalags háskólamanna, alls 14 aðila, um málefni háskólastigsins. Niðurstöður hennar hafa verið gefnar út í skýrslu.¹⁰⁴ Í lok október var síðan haldin ráðstefna um þessar niðurstöður, skýrslu T. Fox og áherslur í þróun háskólastigsins á næstu árum.

Spurningarnar í áðurnefndum lista fjölluðu m.a. um mikilvægi orðsins háskóli í nafni skóla, inntökuskilyrði, tegundir náms og önnur hlutverk skólanna en kennslu; einnig um mismunandi starfsskyldur kennara, önnur störf en kennslu, mat á störfum kennara og afnám æviráðninga; þá var fjallað um sjálfstæði skóla, aðila að stefnumótun og tilhögun mats á heildarskólastarfi; spurt var um áhuga á samstarfi við aðra skóla hérlendis og erlendis; og að lokum voru menn spurðir álits á þörf fyrir heildarlöggjöf um háskólastigið.

Hér fer samantekt úr skýrslunni sem gefin var út um niðurstöður þessarar könnunar:

Flestallir þeir skólar sem fjallað er um í þessari skýrslu eru því fylgjandi að nafnið háskóli sé innifalið í heiti þeirra. Yfirleitt er lögð mikil áhersla á rannsóknarhlutverk skólanna en hins vegar eru skilgreiningar á því hvað teljist rannsóknir mjög mismunandi. Þá eru nokkuð óljós svör við þeirri spurningu hvað gerir skóla að háskóla. Varðandi inntökuskilyrði vekur sterk staða stúdentsprófsins athygli. Allmargir skólar hafa áhuga á að starfrækja stuttar eins til tveggja ára námsbrautir en aðrir, þ.m.t. Háskóli Íslands, hafa ekki áform um að koma á fót þess konar námi. Talsverð áhersla er lögð á að byggja upp framhaldsnám eftir B.A./B.S./B.Ed. nám. Um mismunandi starfsskyldur kennara eru skiptar skoðanir enda þótt meirihluti skólanna styðji þess háttar fyrirkomulag. Allflestir skólanna styðja að utanaðkomandi aðilar meti skólastarfið og lítil andstaða kemur fram við mat nemenda á kennurum. Skólarnir eru fremur hlyntir afnámi æviráðninga. Langflestir skólanna telja faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði vera mikilvægustu þættina er varða sjálfstæði þeirra. Fámennari skólarnir hafa mikinn áhuga á samstarfi við Háskóla Íslands og í sumum tilvikum virðist vera meiri áhugi á samstarfi við erlenda en innlenda skóla. Lagasetning, þ.e. heildarlöggjöf um háskólastigið, nýtur allnokkurs stuðnings en efasemdir heyrast þó um tilgang hennar.¹⁰⁵

Meginverkefni á sviði háskólastigsins

Það er hlutverk ráðuneytisins á næstu árum að sinna ýmsum stefnumarkandi þáttum er varða háskólastigið í heild og þróun þess. Mikilvægt er m.a. að skilgreina nám í háskóla og gera þá grein fyrir því að hvaða leyti það er frábrugðið námi í framhaldsskóla og skilgreina upp á nýtt mörk framhaldsskóla- og háskólastigs. Móta þarf stefnu um verkaskiptingu og samvinnu milli skóla. Einnig er mikilvægt að marka stefnu um sjálfstæði háskóla og hlut rannsókna og annarrar nýsköpunar í starfi einstakra stofnana. Ráðuneytið leggur áherslu á að auka fjölbreytni á stuttum starfsmiðuðum námsbrautum á háskólastigi og að lagðar verði línur um það hvað skuli kennt hér á landi og hvaða nám rétt sé að sækja til annarra landa. Fljótlega þarf síðan að gera sér grein fyrir því hvort æskilegt sé að setja löggjöf um háskólastigið einkum til að tryggja lágmarks samræmingu og samstarf.

Síðast en ekki síst þarf að móta stefnu um það hvers konar námslánakerfi þjóðin vill hafa og ræður við. Líta þarf á skipan og þróun námslánakerfisins í tengslum við uppbyggingu náms á háskólastigi. Ljóst er að tilhögun námsaðstoðar getur haft áhrif til að auka eða draga úr aðsókn í nám.

Tekið skal fram að í þessari framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í skólamálum er ekki fjallað um rannsóknir og stefnu í þeim efnum. Þær eru að sjálfsögðu nátengdar kennslu á háskólastigi en ná einnig langt út fyrir skólamál. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu sem unnin var að tilhlutan menntamálaráðuneytisins kom út í nóvember 1990.¹⁰⁶

Á þessum áratug má reikna með að listnám flytjist með formlegum hætti á háskólastig verði drög að frumvarpi um Listaháskóla Íslands lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög.¹⁰⁷ Tillögur hafa komið fram um að nám uppeldisstétta eins og íþróttakennara,¹⁰⁸ fóstra¹⁰⁹ og þroskaþjálfara flytjist einnig á háskólastig. Nám grunn-skólakennara lengist væntanlega úr þremur í fjögur ár frá og með haustinu 1991. Námsleiðum mun trúlega fjölga í flestum háskólanna, allt frá stuttum brautum í eitt til tvö ár upp í margra ára framhaldsnám. Á komandi árum þarf að leysa húsnæðisvanda margra þessara stofnana.

Ráðuneytið ítrekar mikilvægi námsráðgjafar fyrir nemendur í háskólanámi og þá sem hyggja á nám í háskóla.

Áherslupættir menntamálaráðuneytisins á háskólastigi á næstu árum eru því:

5.1 Skilgreining á háskólanámi og mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs.

5.2 Samvinna og verkaskipting milli skóla.

5.3 Sjálfstæði háskóla - stefnumótun.

5.4 Áherslur í námsframboði:

Fjölgun stuttra, starfsmiðaðra námsbrauta á háskólastigi.

Framhaldsnám á fáum sviðum.

Nám sem rétt þykir að sækja til annarra landa, a.m.k. fyrst um sinn.

5.5 Störf háskólakennara.

5.6 Byggingar og búnaður.

5.7 Fjárhagsaðstoð til námsmanna.

Sjá einnig 1. kafla þar sem fjallað er um meginverkefni sem ná til allra skólastiga og 7. kafla um kennaramenntun.

5.1 Skilgreining á háskólanámi og skilum framhaldsskóla- og háskólastigs

Meginmarkmið

Nám í háskóla verði skilgreint og jafnframt verði inntökuskilyrði í háskóla skilgreind upp á nýtt án þess að vísa eingöngu í stúdentspróf, þannig að þau geti verið mismunandi eftir skólum og sviðum.

Rök

Stúdentspróf er nú tekið að loknum margvíslegum og mismunandi brautum og er þar af leiðandi nokkuð sundurleit viðmiðun sem inntökuskilyrði í allt háskólanám. Það sem er sameiginlegt öllum gerðum stúdentsprófs, þ.e. áfangar sem finna má í brautarlýsingum allra stúdentsprófsbrauta, er aftur á móti ekki nægjanlegur undirbúningur fyrir nám í háskóla. Annars konar reynsla getur einnig skipt máli um gengi í háskólanámi, svo sem starfsreynsla á viðkomandi sviði. Þörf er á að taka upp annars konar viðmiðun, þar sem skilgreining á inntaki og vinnubrögðum í háskóla hefur m.a. áhrif á inntökuskilyrði.

Með skýrari skilgreiningu á inntökuskilyrðum má koma í veg fyrir að háskólar þurfi að starfrækja undirbúningsnámskeið á ákveðnum sviðum fyrir hóp nemenda. Eðlilegra væri að nemendur lykju slíku námi í framhaldsskóla (dagskóla, öldungadeild eða fjarkennslu) fyrir háskólanám.

Skilgreining

Í lögum um skólakerfi frá 1974 segir í 5. gr. um háskóla:

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf eða jafngildi þess samkvæmt því, sem lög um háskóla ákveða. Menntamálaráðuneytið getur að fengnu áliti háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist.¹¹⁰

Í lögum um yngsta háskólann, þ.e. Háskólann á Akureyri, segir: „*Hver sá sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann.*”¹¹¹ og er þetta ákvæði nánast samhljóða lögum þess elsta, þ.e. Háskóla Íslands. Í 8. gr. laga um Kennaraháskólann segir m.a. að inntökuskilyrði í almennt kennaranám séu „*Stúdentspróf eða önnur próf við lok framhaldsskólastigs svo og náms- og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning.*”¹¹²

Engin skýr eða samhæfð skilgreining er nú til á háskólanámi eða mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs. Margir líta nú svo á að stúdentspróf skilji þarna á milli og skólar sem gera stúdentspróf að inntökuskilyrði séu á háskólastigi. Með skilgreiningu af þessu tagi er hvorki tekið mið af inntaki og vinnubrögðum í námi að stúdentsprófi loknu né mikilvægi starfsreynslu.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- skilgreiningu á námi á háskólastigi,
- skilgreiningu á inntökuskilyrðum,
- lagasetningu um háskólastigið.

5.1.1 Lög um skólakerfi verði endurskoðuð á árinu 1991. Við þá endurskoðun verði mörkuð stefna um það hvaða **skilyrðum þarf að fullnægja** til þess að **nám teljist á háskólastigi**. Námsbrautir sem fullnægja þeim verði settar undir háskóla- og vísindadeild menntamálaráðuneytisins.

5.1.2 Skólar sem nú kallast háskólar og skólar á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs **skilgreini sveigjanleg inntökuskilyrði í mismunandi námsleiðir**. Stúdentspróf verði áfram inntökuskilyrði í nám á háskólastigi en jafnframt verði opnaðar fleiri leiðir í háskóla. Nemandi sem lokið hefur stúdentsprófi geti hafið eitthvert háskólanám en ekki geti allir stúdentar gengið án viðbótarundirbúnings í hvaða nám sem er á háskólastigi. Inntökupróf hlýtur alltaf að verða í deildir listaháskóla. Við skilgreiningu á inntökuskilyrðum verði tekið mið af fyrra námi, starfsreynslu o.fl. Einnig verði tekið mið af aðstæðum í öðrum löndum, t.d. á öðrum Norðurlöndum og í löndum innan Evrópubandalagsins. Ekki verði stefnt að inntökuprófum umfram þau sem nú tíðkast.

Skipuð verði **nefnd** síðari hluta árs 1991 sem falið verður að **samræma** vinnu skólanna við skilgreiningu á inntökuskilyrðum og veiti skólum aðstoð verði eftir því leitað. Nefndin safni saman tillögum skólanna, meti þær og skili niðurstöðum til ráðuneytisins eigi síðar en að ári liðnu.

5.1.3 Athugað verði nánar **hvort þörf er talin á lagasetningu** um háskólastigið með áherslu á samvinnu og verkaskiptingu milli háskóla.

5.2 Samvinna og verkaskipting milli skóla

Meginmarkmið

Skólar á háskólastigi tengist í eitt samfellt kerfi í því augnamiði að auðvelda nemendum að fara á milli skóla; auknir verði möguleikar fyrir kennara að kenna í fleiri en einum skóla, flytja sig á milli skóla um stundarsakir eða eiga náíð samstarf við kennara í öðrum skólum um kennslu og rannsóknir. Jafnframt geti nemendur stundað nám að hluta í öðrum skóla en þeir eru formlega innritaðir í og fengið það metið til lokaprófs eða prófgráðu. Skólar hafi samvinnu um gagnasöfnun og upplýsingamiðlun.

Skilgreining

Með slíkri samtengingu eða samvirku kerfi sjálfstæðra stofnana er átt við að nemandi geti eftir settum reglum verið innritaður í ákveðinn skóla, tekið meirihluta náms síns þar og útskrifast úr þeim skóla en geti jafnframt tekið hluta náms síns í öðrum skóla eða skólum. Nemendur geri áætlun sem þarf að hljóta skriflegt samþykki en ekki verði um sérstök formleg leyfi að ræða. Um geti verið að ræða heila aukagrein, eitt misseri eða einstök námskeið. Ákveðinn skóli beri ábyrgð á heildarnámi nemandans. Lokapróf þurfa að vera vel skilgreind, sömuleiðis skyldunámskeið innan námsáfanga. Ljóst þarf að vera hvaða námskeið eru metin á mismunandi námsbrautum.

Rök

Íslendingar eru fámenn þjóð sem vill standa undir jafngóðu þjónustu- og menntakerfi og gerist meðal stærri þjóða. Það verður til þess í mörgum tilfellum að þyngri byrðar eru lagðar á hvern einstakling en í öðrum löndum. Skyld er að taka mið af þeirri staðreynd og hagræða málum eins vel og unnt er. Háskólar á Íslandi geta því ekki verið í samkeppni innbyrðis um nemendur og nám, heldur ber þeim að starfa náíð saman til þess að skapa hér möguleika á sem fjölbreyttustu námi og draga úr óþarfa endurtekningu. Flutningur nemenda á milli skóla stuðlar að fjölbreytni í námi.

Ráðuneytið hefur staðið fyrir vinnu og umræðu að undanförunu, sbr. það sem sagt var frá hér að framan, til þess að skapa jarðveg fyrir meiri samvinnu og samtengingu en nú er fyrir hendi.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið m.a. stíga eftirtalin skref er varða:

- reglur um samvinnu háskóla,
- verkaskiptingu,
- erlend samskipti.

5.2.1 Samstarfsnefnd háskólastigsins sem ráðuneytið á aðild að hefur starfað síðan 1987. Ráðuneytið vill styðja nefndina til að sinna því verkefni sem hér um ræðir og í samvinnu við hana móta reglur um samstarf og verkaskiptingu milli skólanna.

Skipuð verði nefnd til þess að gera tillögur að **reglum um samvinnu háskóla**, svo sem um mat og jafngildingu á námskeiðum, ráðningu og samstarf starfsmanna, rannsóknir o.fl.

Starfshópur á vegum samstarfsnefndarinnar hefur það verkefni að semja sveigjanlegar almennar reglur um aðferðir við mat á einstökum námskeiðum eða námi milli skóla og milli deilda í sama skóla. Hugsanlegt er að meta sambærileg námskeið þótt ekki sé um nákvæmlega sama inntak að ræða. Skólar ráði innan marka slíkra reglna hvaða heildstætt nám í öðrum skóla er metið til útskriftar eða prófgráðu. Reglurnar taki mið af möguleikum á þverfaglegu námi.

5.2.2 Í framhaldi af niðurstöðum nefndarinnar verði lagðar línur um **verkaskiptingu** milli skólanna sem byggð verði á skilgreiningu einstakra skóla á hlutverki sínu. Sú vinna fari einnig fram í samvinnu samstarfsnefndarinnar og ráðuneytisins.

5.2.3 Undir samstarf skóla heyrir einnig samstarf við skóla í öðrum löndum. Ráðuneytið leggur áherslu á að hlúð sé að **samstarfi við erlenda háskóla** með nemendaskiptum (íslenskir stúdentar stundi hluta náms erlendis, sbr. lið 5.4.2 hér á eftir og erlendir stúdentar vinni ákveðin verkefni hér á landi), kennaraskiptum og með samstarfi skóla um prófgráður og verkefni.

Skólar á háskólastigi hér á landi eru aðilar að fjölmörgum samningum innan svonefndrar **Nordplus-áætlunar** sem ætlað er að stuðla að nemendaskiptum og samstarfi háskóla á Norðurlöndum. Ísland tekur nú ásamt öðrum EFTA ríkjum þátt í að semja um aðild að **ERASMUS-áætlun Evrópubandalagsins** sem er sambærileg samstarfsáætlun.

5.2.4 Skólar hafi **samstarf um mat á gæðum kennslu** (sbr. kafla 5.5.4).

5.3 Sjálfstæði háskóla - stefnumótun

Meginmarkmið

Menntamálaráðuneytið vill stuðla að því að sjálfstæði háskóla verði aukið hvað varðar ráðstöfun fjármagns sem þeim er úthlutað árlega og við mannaáætlningar.

Ráðuneytið styður háskóla í því að móta sjálfir stefnu um námsframboð en telur eðlilegt að samþykki þess þurfi að koma til, m.a. vegna heildarsýnar og vegna ákvarðana um nýjar námsbrautir sem krefjast viðbótarfjárveitinga til skóla.

Jafnframt er eðlilegt að unnt sé að fela háskólum að starfrækja nám sem stjórnvöld vilja koma á vegna uppbyggingar skólakerfisins eða atvinnulífsins í landinu enda falli viðkomandi nám að fyrra námsframboði skólans og því fylgi nauðsynlegar fjárveitingar. Samfara auknu sjálfstæði skóla eykst eftirlitshlutverk ráðuneytisins.

Rök

Með auknu sjálfstæði má ætla að metnaður skóla aukist til þess að nýta vel það fjármagn sem þeim er úthlutað, námið verði betra og virkni skólanna í áætlanagerð og þróun verði meiri en ella.

Nýtt námsframboð á háskólastigi kostar yfirleitt mikið og krefst vandaðs undirbúnings og samvinnu við marga aðila, þar með taldir fulltrúar þeirra sviða í atvinnulífinu sem menntunin tengist.

Ráðuneytið leggur áherslu á að ákvörðun um nýtt námsframboð á háskólastigi sé tekin í samvinnu viðkomandi skóla og ráðuneytis og sé rædd í samstarfsnefnd háskólastigsins. Ákvarðanir um meiriháttar breytingar eru að sjálfsögðu teknar á Alþingi með löggjöf og fjárveitingum.

Skilgreining

Með auknu **fjárhagslegu sjálfstæði** er átt við að stofnanir fái heildarfjárveitingu sem þær ráðstafi sjálfar til einstakra verkefna og undirstofnana sinna.

Ráðuneytið hefur þegar tekið þá stefnu að flytja forræði yfir **mannaráðningum** sem mest til einstakra stofnana eftir því sem gildandi lög leyfa. Á árinu 1991 kemur sú tilhögun til endanlegrar framkvæmdar í Háskóla Íslands (sama hefur gerst með framhaldsskóla og fræðsluskrifstofur vegna grunnskóla). Stefnt er að sambærilegum tilflutningi til annarra háskóla á næstu mánuðum.

Aukið sjálfstæði háskóla krefst **mats** á árangri í meira mæli en verið hefur. Þar getur verið um að ræða utankomandi mat, sjálfsmat og eftirlit og mat á vegum ráðuneytisins (sjá einnig kafla 5.2.4, 5.3.4 og 5.5.4).

Tengsl skóla á háskólastigi við **atvinnulífið** eru ekki síður mikilvæg en tengsl framhaldsskóla við atvinnulífið (sbr. kafla 4.2). Þau geta verið með ýmsu móti. Ráðuneytið er hlynnt því að skólar kalli til fólk utan skólanna, t.d. af þeim sviðum atvinnulífsins sem námið tengist, til samráðs um menntastefnu skólans. Sumir háskólar hafa valið að hafa utankomandi aðila í stjórn, t.d. eru skólanefndir Samvinnuháskólans og Tækniskóla Íslands að meirihluta skipaðar aðilum utan skólans. Ísland hefur nú gerst aðili að COMETT-áætlun Evrópubandalagsins sem tekur til samvinnu háskóla og atvinnulífs um þjálfun á tæknisviði. Samvinna við atvinnulífið getur einnig falist í mati á námi, sbr. mat Verkfræðingafélags Íslands á verkfræðideild Háskóla Íslands.¹¹³

Þessi þróun á háskólastigi er í samræmi við það sem er að gerast í nágrenna löndunum, en aukið faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skóla, kröfur um gæði menntunar og rannsókna, hagnýti náms, áætlanagerð og aukið mat og eftirlit einkennir nú þróun háskólastigs í öðrum Evrópulöndum.¹¹⁴

Til þess að ná þessum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref er varða:

- sjálfstæði háskóla við mannráðningar,
- sjálfstæði við ráðstöfun fjárveitinga,
- eftirlit með skólastarfi,
- reglur um stofnun nýrra námsbrauta,
- mat á námsbraut vegna háskólagráðu,
- þróunaráætlanir.

5.3.1 Árið 1991 verði **mannaráðningar**, svo sem kostur er innan gildandi laga, fluttar til skólanna.

5.3.2 Veturinn 1991-92 verði unnin frumvörp til laga um **breytingar á lögum** einstakra háskólastofnana í þeim tilgangi að auka sjálfstæði þeirra í **mannaráðningum**.

5.3.3 Við fjárlagagerð fyrir árin 1992-95 verði sjálfstæði háskóla um **ráðstöfun eigin fjárveitinga** aukið eftir því sem kostur er. Samhliða þessu verði fjármálastjórn skólanna styrkt.

5.3.4 Samfara auknu sjálfstæði verði leitað leiða til þess að hafa eðlilegt **eftirlit** með starfi skólanna (sbr. kafla 1.3, 3.6, 4.6.7 og 5.5.4)

5.3.5 Mótaðar verði á vegum ráðuneytisins og samstarfsnefndar um háskólastigið reglur um framkvæmd við **stofnun nýrra námsbrauta** á háskólastigi. Sú vinna verði unnin á skólaárinu 1991-92.

5.3.6 Leiti skóli eftir **heimild** til þess að útskrifa nemendur með **háskólagráðu** sem ekki hefur verið völ á við skólann áður, verði fengnir **utanaðkomandi aðilar** (í sumum tilfellum erlendis frá) til þess að **meta** viðkomandi námsbraut áður en heimild er veitt.

5.3.7 Háskólastofnanir verði hvattar til þess að gera **þróunaráætlanir** (sbr. þróunaráætlanir HÍ¹¹⁵).

5.4 Áherslur í námsframboði

Ráðuneytið ítrekar þá stefnu að háskólar skuli vera sem sjálfstæðastir um námsframboð (sbr. kafla 5.3), en vill þó leggja eftirfarandi línur um þróun á næstu árum um aukið framboð á stuttum starfsmiðuðum brautum, stofnun framhaldsnáms á háskólastigi, stofnun nýrra háskóla og stefnumörkun um hvaða nám rétt þyki að sækja til annarra landa enn um sinn (sbr. 5.3.5).

Meginmarkmið

Við lok þessa áratugar eigi aukinn fjöldi nemenda (a.m.k. 10% árgangs) þess kost að stunda nám á eins til tveggja ára námsbrautum í háskóla sem skipulagðar verði í nánnum tengslum við atvinnulífið. Þess sé gætt að þessar námsbrautir verði ekki blindgötur í námi.

Unnið verði að markvissri uppbyggingu á fræðilegu framhaldsnámi á háskólastigi á takmörkuðum fjölda sviða og möguleikar á hagnýtu viðbótarnámi auknir.

Sérskólar á listasviði verði sameinaðir í einn Listaháskóla Íslands.¹¹⁶ Hugað verði að staðsetningu náms allra uppeldisstétta á háskólastigi. Að öðru leyti verði ekki stofnaðir nýir háskólar á næstu árum.

Mörkuð verði stefna um hvaða nám þykir rétt að sækja til annarra landa, a.m.k. fyrst um sinn. Miðað verði við að setja ekki upp nám fyrir fámennar starfsstéttir meðan góðir möguleikar eru á því að stunda viðkomandi nám erlendis.

Rök

Við stofnun nýrra námsbrauta á háskólastigi leggur ráðuneytið áherslu á að tekið sé mið af þeim stóra og **ólíka hópí** sem nú sækir í nám á þessu skólastigi. Þetta á bæði við um fólk sem er að hefja háskólanám og þá sem koma aftur í háskóla til viðbótar- og framhaldsnáms.

Fjöldi nemenda sem æskir þess að stunda nám að loknu námi í framhaldsskóla eykst nú hröðum skrefum. Þarfir og forsendur þeirra til náms eru mjög mismunandi. Skólaárið 1988-89 luku um 1.400 nemendur stúdentsprófi sem samsvarar um 40% árgangs (34% karla og 47% kvenna). Afla þarf upplýsinga um hve stór hluti þeirra sem ljúki stúdentsprófi taki lokapróf frá háskóla og hve stór hluti nemenda ljúki skólanámi með almennu stúdentsprófi en ekki starfsmiðuðu námi. Þess ber að geta að margir nemendur sem ljúka stúdentsprófi og fara ekki í háskólanám afla sér sérhæfingar á vinnustað eða í endurmenntun í atvinnulífínu eða fara síðar í starfsréttinda- eða sérnám á framhaldsskólastigi. Draga má þá áyktun að þessi hópur fari ekki í háskólanám m.a. vegna þess að langt fræðilegt nám höfði ekki til hans. Því er mikilvægt að mæta áhuga þessara nemenda m.a. með fjölbreyttu námsframboði á **stuttum starfstengdum brautum**, jafnframt því sem þörfum atvinnulífsins fyrir þekkingu er mætt.

Ráðuneytið leggur áherslu á að nánar verði skilgreint hvert eigi að vera eðli og markmið háskólanáms og ennfremur hagkvæma verkaskiptingu háskólastofnana á grundvelli þeirrar skilgreiningar áður en farið verður að byggja upp tiltölulega langt og kostnaðarsamt **fræðilegt framhaldsnám** við allmargar stofnanir hér á landi. Víða erlendis eru nemendur sem vilja taka tvær eða fleiri háskólagráður hvattir til þess að taka þær við mismunandi skóla innanlands eða utan. Með þetta í huga þarf að athuga á hvaða sviðum þykir heppilegra að nemendur sækji nám sitt til annarra landa. Raunvísindadeild HÍ hefur þegar hafið samvinnu við erlendan háskóla um meistaranám. Engu að síður getur þörf fyrir sérmenntað fólk til rannsókn- og vísindastarfa reynst það mikil á ákveðnu sviði að rétt þyki að stofna til slíks náms hér á landi og einnig vegna þess að við viljum leggja fram okkar skerf á viðkomandi sviði í alþjóðasamvinnu.

Ætíð skal þó haft í huga mikilvægi þess að sækja nám til annarrar stofnunar í **öðru landi**, kynnast þar nýjum viðhorfum og ekki síst að öðlast þjálfun í notkun erlends tungumáls, en það skiptir íslenska fræðimenn miklu máli. Möguleikar á doktorsnámi hér á landi drægju úr sókn til annarra landa.

Með því að stefna ekki á stofnun fleiri skóla á háskólastigi er fyrst og fremst verið að hugsa um skipulagslega og fjárhagslega hagkvæmni og gæði náms.

Sökum fámennis hér á landi er ljóst að ekki verður um fyrirsjáanlega framtíð unnt að bjóða fram nám hér á landi til allra starfa í atvinnulífínu sem krefjast háskóla-menntunar.

Skilgreining

Nú eru í boði stuttar eins til tveggja ára námsbrautir, t.d. í Tækniskóla Íslands, Samvinnuháskólanum á Bifröst, Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. M.a. er um að ræða nám á tölvu- og rekstrarsviði og í iðnfræði. Nýjar námsbrautir gætu m.a. verið á sviði sjávarútvegs, tækni, iðnaðar og þjónustu, svo sem ferðaþjónustu. Ekki er unnt að spá langt fram í tímann um þörf fyrir slíkt nám. Því er mikilvægt að sveigjanleiki sé í slíkum námstilboðum og reynt að svara þörfum á hverjum

tíma en ekki stefna að því að hafa námsbraut stöðugt í boði. Æskilegt væri að byggja upp slíkt nám í nánnum tengslum við atvinnulífið.

Með fræðilegu framhaldsnámi á háskólastigi er átt við meistaranám og doktorsnám. Ljóst er af könnun ráðuneytisins¹¹⁷ að vilji er talsverður meðal háskólastofnana hér á landi til að stofna til meistaranáms og jafnvel doktorsnáms á ýmsum sviðum. Um alllangt skeið hefur verið í boði cand. mag. nám í íslensku, sögu og ensku við Háskóla Íslands. Það verður nú meistaranám. Fjórar deildir skólans hafa nú fengið leyfi ráðuneytisins til þess að stofna til meistaranáms. Hí hefur einnig fengið leyfi til að starfrækja nám til doktorsprófs við heimspekideild og samkvæmt reglugerð skal a.m.k. eitt ár þess fara fram við erlendan háskóla. Í undirbúningi er doktorsnám í íslenskum bókmenntum, málfræði og sagnfræði.

Sé framhaldsnám skipulagt í samvinnu við skóla erlendis er hugsanlegt að það sé að stórum hluta stundað erlendis en verkefni unnin hér á landi. Einnig þurfa skólar að huga að skipulagi slíks náms sem hlutanáms með starfi og sem þverfaglegs náms milli deilda eða skóla.

Viðbótarnám án skilgreindrar prófgráðu sem lýkur t.d. með viðurkenningu („diplóma“) af einhverju tagi miðar ekki að rannsóknarstörfum en er einkum hugsað til þess að auka færni viðkomandi einstaklings til starfa á sínu sviði í atvinnulífinu. Gera má ráð fyrir að flestir fari í slíkt nám eftir nokkurra ára starfsreynslu. Því er í raun um endurmenntun eða símenntun að ræða.

Drög að frumvarpi til laga um Listaháskóla Íslands liggja fyrir. Hugmyndir eru nú uppi um að á Laugarvatni verði Íþróttaskóli Íslands með margs konar mislangar námsleiðir einkum á íþróttasviði. Hugsanlegt er að innan hans verði háskóladeild sem mennti **íþróttakennara**. Stefnt er að því að nám í **Fósturskóla Íslands** verði þróað yfir á háskólastig og tengist kennaranámi (sjá kafla 7.2.3). **Proskapjálffaskóli Íslands** hefur hingað til heyrt undir heilbrigðisráðuneytið. Vorið 1990 lagði heilbrigðisráðherra fyrir Alþingi frumvarp til laga um flutning hans og fleiri skóla á heilbrigðissviði til menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðuneytið hefur hafið undirbúning að því að **ljós-mæðranám** heyri undir Háskóla Íslands. Athuga þarf framtíðarstöðu Proskapjálffaskólans innan skólakerfisins og tengsl hans við aðra skóla sem mennta uppeldisstéttir. Við flutning skóla milli skólastiga eða við sameiningu skóla leggur ráðuneytið áherslu á að sérstaða og reynsla þeirra haldist svo sem kostur er.

Ekki er stefnt að því að fjölga háskólum frá því sem nú er, utan stofnun Listaháskóla. Aftur á móti styður ráðuneytið þá þróun að háskólar færi starfsemi sína út um landið með tímabundnum útibúum eða sveigjanlegri og dreifðri menntun eins og Kennaraháskóli Íslands hefur þegar hafið, t.d. með viðbótarnámi í sérkennslu á Austurlandi og Akureyri og fyrirhugaðri svokallaðri dreifðri og sveigjanlegri kennaramenntun. Sams konar undirbúningur að dreifðri og sveigjanlegri fósturmenntun er nú í gangi í Fósturskóla Íslands. Þannig verði þessir skólar staðsettir víða um land sem er liður í því að jafna aðstöðu landsmanna til náms. Samtengd bókasöfn auðvelduðu slíkt fyrirkomulag. Ætlast er til að reynslan marki leiðina að slíku námi á fleiri sviðum.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varða:

- fjölgun stuttra námsbrauta,
- uppbyggingu framhaldsnáms,
- nám í fámennum greinum erlendis,
- undirbúning skóla undir flutning á háskólastig,
- námsráðgjöf á háskólastigi.

5.4.1 Fjölgæð verði stuttum námsbrautum á háskólastigi sem tengjast tilteknu starfssviði.

Skilgreindar verði kröfur um fagþekkingu og hæfni í nokkrum greinum á næstu 5-10 árum. Þessi vinna verði unnin í samvinnu við aðila í atvinnulífinu.

Háskólar **skipti með sér þessum námsbrautum** svo sem kostur er (sbr. lið 5.2 hér að framan). Þess verði gætt að innbyggður sveigjanleiki verði í skipulagi þessa náms og áherslur verði í stöðugri endurskoðun og þeim breytt eftir þörfum og eftirspurn. Í fjárveitingum til skóla vegna þessara brauta verði gert ráð fyrir talsverðri vinnu við **námskrárgerð** og undirbúning. Námið verði skipulagt í náinni samvinnu við atvinnulífið og fari að einhverjum hluta fram á vinnustöðum.

5.4.2 Á ákveðnum sviðum verði byggt upp **framhaldsnám** þar sem gert er ráð fyrir að hluti námsins fari fram erlendis. Ráðuneytið vill stuðla að samningum við erlenda háskóla um samvinnu um nám á meistarastigi sem bæði færi fram hér á landi og í erlendum skóla (sbr. það sem HÍ hefur þegar byrjað á).

Jafnframt verði athugaðir möguleikar á að gera samninga við erlenda háskóla um að taka íslenska námsmenn í framhaldsnám.

5.4.3 Samið verði við ákveðna skóla erlendis um **gagnkvæman aðgang** námsmanna í stað þess að koma af stað hér á landi löngu námi fyrir mjög fámennar stéttir.

5.4.4 Farið verði fram á það við skóla sem óska eftir að **færa nám sitt** af framhaldsskólastigi **yfir á háskólastig** að þeir skili ráðuneytinu ítarlegri áætlun um það með hvaða hætti þeir hyggjast breyta náminu til þess að það falli undir kröfur sem gerðar eru til háskólanáms. Sú áætlun verði m.a. tekin til umræðu í samstarfsnefnd háskólastigsins.

5.4.5 Með meiri fjölbreytni í námi á háskólastigi og auknum fjölda nemenda eykst þörf á **námsráðgjöf**. Stefnt verði að því að einn námsráðgjafi verði á hverja 500 nemendur í háskólanámi og verði því marki náð á næstu fimm árum (sjá kafla 3.2.7, 4.1.6, 6.4.2 og 7.2.5 a).

5.5 Störf háskólakennara

Meginmarkmið

Ráðning háskólakennara verði með margvíslegum og sveigjanlegum hætti. Kennarar sinni á hverjum tíma ýmist einungis kennslu eða kennslu og öðrum störfum, þar með taldar rannsóknir, þróunarstörf, þjónusta og stjórnun. Hlutfall milli þátta geti verið breytilegt frá einum kennara til annars og einnig hjá sama aðila, t.d. á milli ára. Möguleiki verði á ráðningu við fleiri en eina deild og fleiri en einn skóla. Störf kennara verði metin reglulega.

Rök

Ráðuneytið telur óframkvæmanlegt að allir kennarar við alla háskóla sinni rannsóknnum eða annarri nýsköpun sem allt að helmingi starfsskyldu sinnar. Rannsóknir eiga ekki við á mörgum sviðum náms á háskólastigi miðað við núverandi þróun og það yrði afar kostnaðarsamt fyrir ríkið að standa undir svo mikilli rannsóknarstarfsemi í mismunandi háskólastofnunum; í mörgum tilfellum yrði því fé betur varið til sérstakra rannsóknarstofnana. Því er lögð áhersla á að mótaðar verði í samráði við viðkomandi stofnanir reglur um margs konar og mismunandi starfsskyldur sem taka mið af starfsemi hvers skóla.

Til þess að skapa aðhald og stuðla að sem bestu háskólanámi þarf reglulega að meta störf allra kennara. Æskilegt er að háskólar hafi náð samstarf um slíkt mat, menn taki t.d. þátt í mati hver hjá öðrum, til þess að stuðla að samræmi og sambærilegum kröfum (sbr. kafla 5.5.4). Líta ber á slíkt mat sem hvatningu til þess að gera vel.

Skilgreining

Fastir kennarar við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og búvísindadeildina á Hvanneyri eru nú almennt ráðnir í stöður sem skiptast í kennslu (48%), rannsóknir (40%) og stjórnun (12%). Starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri eru með hliðstæðum hætti. Rannsóknarþátturinn í störfum kennara við Samvinnuháskólann á Bifröst er minni (24%). Ekki eru hugmyndir uppi um að breyta þessu fyrirkomulagi í meginatriðum. Starfsskylda almennra kennara við Tækniskóla Íslands og Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands er aðeins á sviði kennslu.

Í könnun menntamálaráðuneytisins um háskólastigið¹¹⁸ kemur fram að meirihluti skólanna telur skynsamlegt að kennarar hafi mismunandi starfsskyldur og skipting starfa geti verið breytileg hjá sama kennara. Í könnuninni kom fram mikil áhersla á rannsóknir en afar mismunandi skilgreiningar á því hvað geti talist rannsóknir. Einnig komu þar fram bæði hefðbundin viðhorf til skiptingar starfa háskólakennara í kennslu, rannsóknir og stjórnun og óhefðbundin viðhorf til hlutverka háskóla og háskólakennara, svo sem að þeir sinntu þjónustu ýmiss konar og þróunarstörfum utan skóla, listsköpun, námsgagnagerð og störfum á viðkomandi sviði, auk þess að vera málsvarar fræðigreinar sinnar.

Reglulegt mat á störfum kennara er ekki algengt hér á landi. Háskóli Íslands hefur þó farið af stað með reglubundið mat í því formi að nemendur meta kennslu að afloknu hverju misseri og síðan er unnið úr því mati. Einnig hefur HÍ farið af stað með mat deilda og skora á árangri sínum og utanaðkomandi aðilar hafa verið fengnir til að meta deildir.¹¹⁹ Mat á rannsóknarstarfi fer fram við úthlutun styrkja úr rannsóknarsjóðum og við umbun fyrir sérstaklega vel unnin verk.

Mat á störfum kennara getur verið með ýmsu móti. Mat sem framkvæmt er af öðrum en nemendum þarf að vera í samræmi við skilgreiningu starfsins og ná til allra þátta þess; matsaðilar þurfa að kynna sér öll störf viðkomandi, lesa ritverk hans, ræða við hann, tala við nemendur o.s.frv. Einnig getur verið um að ræða starfsframa eftir einhvers konar framgangskerfi og fá kennarar þannig að njóta vel unninna verka. Sömuleiðis er unnt að veita umbun fyrir sérstaklega viðamikil verk.

Mikilvægt er að allir háskólakennarar, á hvaða sviði sem þeir starfa, séu í nánú samstarfi við starfsbræður sína og systur erlendis. Við mat á störfum kennara þarf að taka mið af þátttöku þeirra í alþjóðlegri umræðu í sinni grein á ráðstefnum og í fagritum.

Ekki er krafist sérstakrar kennaramenntunar til þess að gerast háskólakennari nema við Kennaraháskóla Íslands.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið m.a. stíga eftirtalin skref er varða:

- áætlanir um starfsskyldur kennara,
- fjármagn til skóla vegna nýsköpunar,
- hæfnismat,
- alþjóðlegt samstarf háskólakennara,
- kennslufræðilega menntun háskólakennara.

5.5.1 Við stofnun nýrra háskóla, t.d. Listaháskólans, verði unnin **áætlun um starfsskyldur kennara** í þeim anda sem hér hefur verið talað um.

5.5.2 Stefnt verði að því að háskólar fái **ákveðið fjármagn til rannsókna, þróunarstarfs og fleiri starfa** umfram kennslu, sem kalla má einu nafni **nýsköpun**, og geti sjálfir ráðstafað því til starfsmanna í formi ákveðins hluta af starfsskyldu. Í sumum tilfellum geti starfsmenn að einhverju marki valið í samráði við yfirstjórn stofnunar sinnar þá starfsþætti sem þeir einbeita sér að hverju sinni. Við ráðstöfun á skiptingu starfa þarf að tryggja að bæði sé gætt réttlætis gagnvart viðkomandi einstaklingi og starfsfélaga hans og jafnframt full ábyrgð borin gagnvart almenningi sem opinbera stofnunin á að þjóna. Hugsanlegt er að ákveðið ráð eða nefnd innan stofnunar fjalli um þessi mál. Sé t.d. ákveðinn kvóti ætlaður til rannsókna hjá stofnuninni sækji starfsmenn um að nýta hann og keppi þannig um hann.

5.5.3 Dórnefndir meta nú umsækjendur um stöður háskólakennara. Við **mat á hæfni umsækjanda um stöður** við háskóla gefi dórnefndir umsögn um hæfni viðkomandi umsækjanda til að sinna kennslu, rannsóknum og stjórnun og einnig öðrum störfum eftir því sem við á í viðkomandi stofnun. Við mat á kennsluhæfileikum mætti taka mið af mati nemenda, liggi það fyrir.

5.5.4 Háskólastofnanir verði hvattar til þess að þróa einhvers konar **matskerfi** til að meta starfsmenn. Um getur verið að ræða heildarmat sem yfirstjórn hvers skóla eða deildar skipuleggur og stýrir, viðmiðunar- og framgangskerfi og skipulagt sjálfsmat kennara. Sumar stofnanir gætu valið að viðhafa reglulegt mat nemenda eða að leita eftir mati utanaðkomandi aðila eins og fyrri nemenda eða fólks úr atvinnulífinu (sjá kafla 5.3.4 og 5.2.4).

5.5.5 Háskólakennurum verði gert kleift að sinna **alþjóðlegu samstarfi**, ekki síst á sviðum þar sem Íslendingar hafa mikið til málanna að leggja. Það verði m.a. gert með ferðastyrkjum og aðild að fjölþjóðlegum samstarfsáætlunum.

5.5.6 Æskilegt er að þeir sem hyggja á kennslu á háskólastigi afli sér kennaramenntunar og að háskólar geri sér far um að veita nýjum kennurum leiðsögn í þessum efnum, t.d. með námskeiðum og leiðbeiningarefni. Ráðuneytið leggur jafnframt áherslu á að starfandi háskólakennarar eigi kost á **námskeiðum í hagnýtri kennslufræði**. Hugsanlegt er að stofnanir sameinist um slík námskeið (sjá einnig kafla 7.2.4).

5.6 Byggingar og aðbúnaður

Meginmarkmið

Leitað verði leiða til þess að tryggja háskólum viðunandi húsnæði með hliðsjón af starfi þeirra.

Rök

Í háskóla verður að vera vinnuaðstaða í samræmi við markmið skólans og kröfur sem gerðar eru til nemenda og kennara.

Skilgreining

Hér er átt við alla þætti í starfi viðkomandi stofnunar. Þarfir skóla eru mjög mismunandi og starfsemin margbreytileg. Hér er ekki endilega átt við að öll starfsemin þurfi að vera á einum stað. Í sumum tilfellum getur verið æskilegt að starfsemi háskóla tengist öðrum stofnunum fjarri höfuðstöðvum skóla, jafnvel í öðru bæjarfélagi eða landshluta.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varðar:

- áætlun um uppbyggingu og viðhald húsnæðis.

5.6.1 Gerð verði **áætlun um uppbyggingu og viðhald húsnæðis** háskóla. Í því augnamiði verði skipuð nefnd sem fái það hlutverk að taka saman yfirlit yfir núverandi húsnæði, forgangsraða verkefnum og gera áætlun um uppbyggingu húsnæðis háskóla sem ekki hafa sjálfstæða fjáröflunarleið til húsnæðis. Aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða verði tryggð.

Sérstaklega verði athugaðir möguleikar á að kaupa húsnæði sem rúmar allar deildir tilvonandi Listaháskóla Íslands og hugað verði að framtíðarhúsnæði fyrir Tækniskóla Íslands.

5.7 Fjárhagsaðstoð til námsmanna

Meginmarkmið

Fyrirkomulag námsaðstoðar verði í meginatriðum óbreytt. Stefnt verði að því að einfalda útlánareglur og nýta fjármagn Lánasjóðs íslenskra námsmanna betur en verið hefur. Þetta verði m.a. gert með því að flytja ákvarðanatöku og fjárhagslega ábyrgð í ríkari mæli til lánþega. Jafnframt verði stefnt að því að auka bein framlög ríkisins til sjóðsins á komandi árum, þannig að unnt verði að draga úr lántökum sjóðsins í náinni framtíð. Þannig verði sköpuð skilyrði til þess að framlag ríkisins geti minnkað síðar þegar endurgreiðslur námslána verða stærri hluti fjárþarfar sjóðsins.

Rök

Helstu kostir núverandi fyrirkomulags eru þeir að öllum er gert kleift að afla sér menntunar óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Einnig má benda á að hagstæð kjör námslána virka hvetjandi til menntunar.

Gallarnir eru hár fjármagnskostnaður vegna mikillar lántöku sjóðsins, flóknar útlánareglur og að hluta til ómarkviss útteiling á fjármunum sjóðsins sem stafar m.a. af því óbeina styrkjakerfi sem núverandi námslánakerfi býður upp á, þar sem hluti lána endurgreiðist aldrei. Því getur lánsupphæð ráðið því hvort og hversu háan styrk námsmenn fá úr sjóðnum.

Í ljósi þess menntunar- og samfélagslega ávinnings sem núverandi fyrirkomulag námsaðstoðar veitir, leggur ráðuneytið áherslu á að það haldist í meginatriðum óbreytt. Fjölgun lánþega getur þó skipt sköpum. Fjölgi þeim umfram 2,5% að meðaltali á ári verða stjórnmöld að endurskoða í grundvallaratriðum afstöðu sína til námslánakerfisins.

Skilgreining

Engar líkur eru á því að LÍN geti á næstu einum til tveimur áratugum verið án verulegs fjárframlags frá ríkinu hvernig sem á málum verður haldið, einkum vegna þess að endurgreiðslur skila sér hægt til baka og fjölgun lánþega hefur verið mun meiri en gert var ráð fyrir. Beint framlag ríkisins getur því ekki lækkað fram til ársins 2000 miðað við núverandi aðstæður. Því lægri sem lánsfjármögnun sjóðsins verður þeim mun minna þarf beint framlag ríkisins að vaxa árlega.

Í skýrslu nefndar um Lánasjóð íslenskra námsmanna¹²⁰ koma m.a. eftirtaldar upplýsingar og spár fram:

Fjöldi lánþega:		
1968		1.000
1973-78		3.000
1982		4.500
1984		6.000
1989		6.400
2000 - spá		8.300
Meðaltalsfjölgun á ári 1978-86		5,5%
1989:	Námsmenn á Íslandi sem hlutfall lánþega	60%
	Námsmenn erlendis:	40%
	- á Norðurlöndum	40%
	- í enskumælandi löndum	40%
	- annars staðar	20%
	- þar af í EB-löndum	45%
	Nemar í HÍ sem hlutfall af lánþegum á Íslandi	55%
	Hlutfall námsmanna í HÍ sem taka lán hjá LÍN	50%
	um 70% í KHÍ; um 60% í MHÍ og FÍ	
	„Sérskólanemar“ sem hlutfall af lánþegum á Íslandi	45%
	„Sérskólanemar“ sem hlutfall af lánþegum alls.	29%

Upplýsingar um lánin:

- Bera ekki raunvexti.
- Eru að fullu verðtryggð.
- Endurgreiðslur hefjast þremur árum eftir að námi lýkur.
- Lán eru til langs tíma - endurgreiðslum skal lokið á innan við 40 árum, eftirstöðvar falla þá niður.
- Áætlað hefur verið að endurgreiðslum ljúki að meðaltali á 23 árum.
- Árlegar endurgreiðslur eru tengdar tekjum (3,75% útsvarstofns næsta árs á undan).
- Áætlað að 10 - 15% af heildarskuldum hvers árgangs skili sér ekki (andlát eða mjög há lán).
- Ekki er lánað fyrir skólagjöldum erlendis ef unnt er að stunda námið á Íslandi.
- Frá 1985 hefur verið miðað við fulla framfærsluviðmiðun.

Nú er miðað við:		
í leiguhúsnæði/eigin húsnæði	100%	
í foreldrahúsum	50%	(50% lánþega)
		(hefur verið 50 - 75%)
aukalán v/barna og sambýlisfólks	25%	
aukalán v/sambýlisfólks	50%	
		(36% lánþega)
- Tekjutillit er nú 75% en það merkir að 75% af tekjum umfram framfærslu í leyfi dragast frá láni.
- Sami framfærslugrunnur hefur gilt í tæplega 20 ár (hann er nú í endurskoðun).
- Frá hausti 1990 er miðað við að framfærsla námsmanns í leiguhúsnæði sé um 53.000 kr. á mánuði.

Námsmönnum hefur fjölgað mikið frá því að núgildandi lög um námslán og námsstyrki voru samþykkt árið 1982.¹²¹ Þá var gert ráð fyrir að lánþegar gætu orðið 4.500 árið 1989 er í raun urðu þeir um 6.400 það ár, sbr. hér að framan. Námsmönnum á Íslandi hefur fjölgað hlutfallslega meira en erlendis og eru ástæður m.a. þessar:

- Menntun er sífellt talin mikilvægari í þjóðfélaginu og auknar menntunarkröfur gera það að verkum að skólaganga lengist og fleiri afla sér framhaldsmenntunar á háskólastigi sem er sama þróun og orðið hefur meðal annarra vestrænna þjóða.
- Með vexti framhaldsskólakerfisins sem hófst við upphaf áttunda áratugarins ljúka nú mun fleiri stúdentsprófi en áður, eða um 40% árgangs (voru um 30% árið 1982) og öðlast þar með rétt til þess að stunda nám í háskóla og taka lán hjá Lánasjóðnum.
- Í byrjun níunda áratugarins voru mjög stórir árgangar að fara í gegnum skólakerfið.
- Þess má einnig geta að skólum sem veita lánsrétt hjá LÍN hefur fjölgað verulega og líklega hraðar en gert var ráð fyrir í upphafi.

Spáð er að þessi fjölgun verði 2,5% á ári næstu 10 árin, þ.e. lánþegar fari yfir 8.000 um aldamótin. Spáð er að hlutfall þeirra sem stunda nám hér á landi hækki og lækkar það meðallán.

Ástæður fjölgunar lánþega á næstu árum:

- aukin endurmenntun (30-50 ára),
- skólum með lánsrétt fjölgar (ákvörðun menntamálaráðherra hverju sinni ef um sérskóla á framhaldsskólastigi er að ræða),
- hærra hlutfall nemenda í HÍ tekur námslán (hækkar úr 50% í 55%),
- lenging námstíma,
- aukin sókn kvenna í háskólanám,
- fleiri ljúka stúdentsprófi (40-50% á næstu 10 árum).

Það skal tekið fram að skólasókn fólks yfir tvítugt er hærri hér á landi en að meðaltali í Evrópubandalagslöndunum.

Fjármögnun LÍN er nú:

1) Framlög ríkisins:

- Samkvæmt ríkisreikningi 1989 voru þau tæplega 1,8 milljarður kr.
- Um 280 þús. kr. á hvern lánþega; hefur verið á bilinu 240 - 340 þúsund kr. á hvern lánlega frá 1980 á verðlagi 1989.
- Líta má á vaxtaleysi lánanna sem styrk.
- Frá 1986 hefur framlagið verið um 2% af heildarútgjöldum ríkisins (það fór hækkandi á árunum 1980 - 1985 úr tæplega 1,5% í tæplega 3%).

2) Tekjur sjóðsins af endurgreiddum lánnum:

Hlutfall endurgreiðslna af veittum lánnum eykst; var um 5% árið 1978 en er nú um 10%. Spáð er að árið 2000 megi fjármagna yfir 35% af veittum lánnum með endurgreiðslum (45% árið 2010).

3) Lántökur hjá lánastofnunum:

- Hlutfall lána af heildarfjárförf hefur verið mjög breytilegt frá 1978, fór lægst í 17% árið 1980 en er um 40% árið 1990.
- Lántökur valda því að vaxtagreiðslur og afborganir taka sífellt stærri hluta af heildarútgjöldum sjóðsins.

- Frá 1984 - 1989 lækkaði hlutfall námslána og styrkja úr rúmlega 90% af heildarútgjöldum sjóðsins í um 75%.
- Lán sem sjóðurinn tekur eru með raunvöxtum og til skemmri tíma en sjóðurinn sjálfur veitir; aukin lánsfjármögnun sjóðsins leiðir því af sér stöðugt aukna fjárþörf í núverandi kerfi.

Samantekt um háskólastigið og tengsl við næstu kafla

Eins og sjá má á þessum kafla um háskóla og næsta kafla á undan um framhaldsskóla er mörkuð sú stefna að efla ýmisskonar starfsmenntun á stuttum brautum þannig að ungt fólk komist tiltölulega fljótt út í atvinnulífið. Á móti er reiknað með að endurmenntun hvers konar og símenntun allt lífið jafnhliða starfi, skipi stærri sess á næstu árum en nú er. Um það er fjallað í næsta kafla. Taka þarf mið af þessari þróun við áætlanagerð um þróun háskóla.

Lögð er höfuðáhersla á samvinnu og samtengingu skóla á háskólastigi til þess að stuðla að hagkvæmni og aukinni fjölbreytni í námi, t.d. um innritun, gagnkvæma viðurkenningu náms, brautskráningu nemenda og störf kennara. Gert er ráð fyrir að menntun í einhverjum greinum flytjist á háskólastig. Umfram það er ekki gert ráð fyrir nýjum skólum á þessu stigi en á móti er hvatt til þess að háskólar flytji ákveðinn þátt starfsemi sinnar um skemmri eða lengri tíma út um landið eða skipuleggi nám með hliðsjón af dreifðri búsetu nemenda.

Hér er ítrekað það sem sagt var í 1. kafla að aukist kröfur um fagmenntun til ákveðinna starfa leggur ráðuneytið áherslu á að athugaðir séu möguleikar á því að skipuleggja viðbótarmenntun, framhaldsmennun og símenntun ofan á grunnmenntun með styttri og lengri námskeiðum fyrir starfandi fólk í stað þess að byggja undir námið með auknum forkröfum áður en eiginlegt sérnám hefst, t.d. í því formi að flytja námið á háskólastig. Undirstöðumenntun má bæta með öðru móti en að lengja námstíma.

Tengsl háskólastigs við framhaldsskólastig skiptir miklu máli. Í því sambandi má m.a. nefna upplýsingamiðlun um nám, námsráðgjöf og námsmat. Frumkvæði Háskóla Íslands um að gefa framhaldsskólakennurum kost á að nýta rannsóknaraðstöðu í skólanum og veita þeim aðgang að rannsóknarsjóðum hans ætti að gefa dýrmæta möguleika á margs konar tengslum og veita örvun og aðhald.

Á það skal bent að þótt áherslumunur verði í starfi skóla er hér fyrst og fremst lagt til að gerður verði greinarmunur á námsleiðum og störfum kennara. Þannig er ekki lagt til að skilgreindar verði tvenns konar tegundir háskóla eins og víða er gert erlendis.

6. FULLORÐINSFRÆÐSLA

Staðan 1990

1. Fjöldi þeirra sem árlega sækir einhvers konar fullorðinsfræðslu, styttri eða lengri námskeið	um 45.000
2. Hlutfall fullorðinna sem sóttu einhverja fullorðinsfræðslu árið 1989	30%
þar af á starfstengdum endurmenntunarnámskeiðum	50%
3. Aldur: undir 30 ára	um 66%
undir 50 ára	um 90%
4. Fræðsluaðilar: s.s. grunnskólar, framhaldsskólar, sérskólar og háskólar, námsflokkar, tólmundaskólar, bréfaskólar, einkaskólar, fræðslu- og félagasamtök, stéttarfélög, samtök atvinnurekenda, fyrirtæki	um 150
5. Framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu á vegum nær allra ráðuneyta eða undirstofnana	áætlað um 3-400 millj. kr.

Lög er varða fullorðinsfræðslu:

Lög um Skálholtsskóla nr. 31/1977.

Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum (35. og 36. gr.).

Lagafrumvörp:

Frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu 1990.

Frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu 1990.

Reglugerð um Skálholtsskóla nr. 463/1978.

Nýlegar skýrslur og útgáfur um fullorðinsfræðslu:

Fjarkennslunefnd menntamálaráðuneytisins. 1987. *Skýrsla. Menntamálaráðuneytið.*

Framkvæmdanefnd um fjarkennslu. 1989. *Starfsskýrsla og greinargerð. Menntamálaráðuneytið.*

Jón Torfi Jónasson. 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár. 1985-2010.* Sérprent úr Menning og menntun á tækniöld. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun. Sérrit 2.

Menntamálaráðuneytið. 1990. *FF-fréttir 1/1990, 2/1990.*

Menntamálaráðuneytið. 1990. *Niðurstöður úr könnun menntamálaráðuneytisins á fullorðinsfræðslu.*

Menntamálaráðuneytið. 1990. *Upplýsingabæklingur um fullorðinsfræðslu.*

Notkun hugtaka

Með fullorðinsfræðslu er átt við nám sem fullorðið fólk stundar á lengri eða styttri námskeiðum. Annars vegar er um að ræða almenna fullorðinsfræðslu, þ.e. nám til þess að öðlast aukinn þroska og alhliða menntun sem nýtist í starfi, fjölskyldulífi og tómstundum og stuðlar að virkri þátttöku einstaklingsins í samfélaginu. Hins vegar er nám sem jafnframt er hugsað til þess að auka færni viðkomandi í ákveðnu starfi eða starfssviði og er sú fullorðinsfræðsla nefnd starfsmenntun í atvinnulífinu, endurmenntun, eftirmenntun eða starfstengd fullorðinsfræðsla.

Með símenntun er átt við möguleika fólks til að stunda nám allt lífið og eiga þess kost að koma inn í menntakerfið þar sem frá var horfið. Símenntun er samofin daglegu lífi og starfi í atvinnulífinu. Í sumum tilfellum eru skörp skil á milli símenntunar og starfs, í öðrum tilfellum verður vart greint á milli starfs og menntunar. Símenntun nær til grunnnáms á öllum skólastigum sem stundað er á öllum aldri, náms í fullorðinsfræðslu sem ýmist er stundað á fullorðinsfræðslunámskeiðum í ýmisskonar tilgangi og lengra náms í námsorlofum eftir að formlegu grunnnámi er lokið og eftir að viðkomandi hefur öðlast einhverja starfsreynslu. Þannig má segja að símenntun hefjist um leið og barn hefur skólagöngu í leikskóla og vari allt til þess að fullorðið fólk sækir námskeið fyrir aldraða.

Fjarkennsla er ákveðið form á námi og kennslu sem nýta má í námi á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu. *Framkvæmdanefnd um fjarkennslu* sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins hefur eftirfarandi skilgreiningu í skýrslu sinni:

Með fjarkennslu er átt við það að nemandi geti stundað nám að mestu fjarri skóla, ráðið námshraða og náð jafn góðum árangri og væri hann í skóla.¹²²

Fræðsluaðilar eru þeir nefndir sem standa fyrir fullorðinsfræðslu. Þeir geta verið skólar, félagasamtök, einkaaðilar og opinberar stofnanir.

Fullorðinsfræðsla getur tekið til grunnskóla-, framhaldsskóla-, háskóla-, tómstunda- og trúnaðarmannanáms, en er einnig endurmenntun og viðbótarmenntun fyrir fólk sem lokið hefur grunnskólanámi, framhaldsskólanámi eða háskólanámi. Fræðslan er þá ýmist sótt vegna starfs eða að persónulegu frumkvæði til að auka við menntun. Fullorðinsfræðsla er einnig almenningsfræðsla sem farið getur fram t.d. á bókasöfnum, í fjölmiðlum eða á vegum félagasamtaka.

Núverandi staða

Ýmisskonar fullorðinsfræðsla fer fram á vegum skóla, s.s. framhaldsskóla (öldungadeildir og farskólar, sjá kafla 4.7), námsflokka á vegum sveitarfélaga, tómstundaskóla, einkaskóla (þ.m.t. málaskólar og tölvuskólar), bréfaskóla, stofnanaskóla (t.d. Bankamannaskólans eða Lögregluskólans), háskóla (t.d. HÍ og KHÍ) og sérskóla. Sömu leiðis standa verkafélög, samtök atvinnurekenda og félagasamtök fyrir fullorðinsfræðslu. Þar má nefna kvenfélög, bændasamtök og fræðslusamtök, svo sem Menningar- og fræðslusamband alþýðu. Fjöldi fyrirtækja rekur einnig umfangsmikla fullorðinsfræðslu. Þá má einnig nefna fjölmiðla og menningarstofnanir eins og bókasöfn,

listasöfn og félagsmiðstöðvar. Elstu starfandi stofnanir á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi eru *Námsflokkar Reykjavíkur* sem stofnaðir voru árið 1939 og *Bréfaskólinn* sem stofnaður var árið 1940.

Fullorðinsfræðsludeild var stofnuð í menntamálaráðuneytinu á árinu 1990. Verkefni hennar er m.a. að hafa yfirsýn yfir fullorðinsfræðslu í landinu og vera samtengjandi og ráðgefandi aðili á þessu sviði. Henni er ekki ætlað að standa fyrir fullorðinsfræðslu.

Tvö frumvörp um fullorðinsfræðslu voru lögð fram á Alþingi árið 1990, annað um almenna fullorðinsfræðslu og hitt um starfsmenntun í atvinnulífinu. Samráð var milli menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis um samningu þeirra.

Í *frumvarpi til laga um almenna fullorðinsfræðslu*¹²³ er sett fram það markmið að stuðlað skuli að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar og að fullorðnir hafi hliðstæð tækifæri til náms og nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Einnig skulu fullorðnum sköpuð skilyrði til aukins þroska og alhliða menntunar og í samræmi við fjárveitingar á hverjum tíma verði fræðsluáðilum sköpuð skilyrði til að geta boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu.

Í *frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu*¹²⁴ er hins vegar sett fram það markmið að starfsmenntun verði eflað til að stuðla að aukinni framleiðni og verkkunnáttu og til að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaðnum og auka og jafna möguleika fólks þar.

Í báðum frumvörpum er gert ráð fyrir stofnun sjóðs, annars vegar menntunarsjóðs fullorðinna og hins vegar starfsmenntasjóðs, til að veita styrki til fræðsluáðila. Gert er ráð fyrir að fjármagn til sjóðanna ákveðist á fjárlögum hverju sinni. Þá er einnig gert ráð fyrir stofnun fullorðinsfræðsluráðs á vegum menntamálaráðuneytisins.

Með tilkomu beggja frumvarpa er mörkuð sú stefna að almenn fullorðinsfræðsla heyri undir menntamálaráðuneytið og starfsmenntun í atvinnulífinu heyri undir félagsmálaráðuneytið. Því verður starfsmenntunar í atvinnulífinu að litlu getið hér nema hvað varðar upplýsingamiðlun og ráðgjöf.

Meginverkefni menntamálaráðuneytisins á sviði fullorðinsfræðslu

Víða erlendis er talað um síðasta áratug þessarar aldar sem áratug fullorðinsfræðslu, ekki síst vegna þess að færra ungt fólk kemur út á vinnumarkaðinn þar eð fæðingar-árgangar fara minnkandi. Meirihluti þeirra sem nú eru starfandi verða það allan áratuginn. Stöðug þörf er fyrir þjálfun í nýjum vinnubrögðum og tími fólks til þess að stunda tómsundanám eykst. Vætanlega verður svipuð þróun hér á landi.

Meginmarkmið menntamálaráðuneytisins á sviði fullorðinsfræðslu er að á hverjum tíma liggi fyrir greinargóðar upplýsingar um námstilboð, framkvæmd fræðslunnar og aðsókn að henni svo unnt sé á grundvelli yfirlits að vinna áætlanir um uppbyggingu náms fyrir fullorðna með tilliti til þarfa, eftirspurnar og fjárhagslegrar getu. Jafnframt skipuleggi menntamálaráðuneytið á grundvelli þessara upplýsinga ráðgjöf um fræðsluna og auk þess þróunarstarf og skiptingu styrkja til námsgagnagerðar í almennri fullorðinsfræðslu.

Það er jafnframt markmið menntamálaráðuneytisins að tengja fullorðinsfræðslu og grunnám svo sem kostur er. Þannig má nýta aðstæður sem skólarnir og skólakerfið hafa

fyrir fullorðinsfræðslu og stuðla jafnframt að því að þættir í fullorðinsfræðslu nýtist í grunnnámi.

Áhersluþættir menntamálaráðuneytisins á sviði fullorðinsfræðslu á þessum áratug eru því:

- 6.1 Öflun og miðlun upplýsinga um almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu hjá opinberum aðilum og einkaaðilum.
- 6.2 Leiðsögn og ráðgjöf vegna fullorðinsfræðslu og fjarkennslu.
- 6.3 Styrkir til námsefnisgerðar vegna fjarkennslu.
- 6.4 Áætlanagerð og þróunarstaf.
- 6.5 Fullorðinsfræðsluráð og nefnd um almenna fullorðinsfræðslu.
- 6.6 Menntunarsjóður fullorðinna.

6.1 Öflun og miðlun upplýsinga um almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu hjá opinberum aðilum og einkaaðilum

Meginmarkmið

Á vegum menntamálaráðuneytisins liggja fyrir á hverju ári ítarlegt yfirlit yfir stöðu fullorðinsfræðslu í landinu.

Rök

Takmarkaðar upplýsingar hafa legið fyrir hjá yfirvöldum um umfang fullorðinsfræðslu í landinu um framboð, þátttöku og fjármagn. Fjárframlög og forgangsröðun hefur því ekki stuðst við neina heildarsýn og ekki hefur verið unnt að rekja hvernig þessi mál hafa þróast. Nauðsynlegt er að safna upplýsingum árlega til þess að fræðsluaðilar geti m.a. byggt áætlanagerð um námstilboð á þeim, unnt sé að skipuleggja víðtæka upplýsingamiðlun og til þess að opinberir aðilar geti miðað skiptingu fjármagns sem ríkið leggur í fullorðinsfræðslu við heildaryfirsýn.

Skilgreining

Fjölbreytt framboð er hér á landi á fullorðinsfræðslu á vegum hins opinbera, félagasamtaka og einkaaðila. Drög að fyrsta heildaryfirliti yfir fullorðinsfræðslu lágu fyrir árið 1990. Ætlunin er að safna sem ítarlegustum upplýsingum frá þessum aðilum um þátttöku í ýmsum námskeiðum, skiptingu þátttakenda t.d. á námssvið eftir aldri, kyni og búsetu og hvort námskeið veiti réttindi eða kaupauka. Sömuleiðis verði aflað upplýsinga um kostnað við fræðsluna og hvernig hann skiptist á þátttakendur, hið

opinbera, starfsmenntunarsjóði og atvinnurekendur, hvort kennslan hafi farið fram í vinnutíma o.s.frv. Miðla þarf þessum upplýsingum í aðgengilegu formi, m.a. til þeirra sem standa fyrir fullorðinsfræðslu, veita fé til hennar og stjórnvalda. Liggi slíkar upplýsingar fyrir geta fræðsluaðilar betur séð hvar þörf er á námstilboði, fyrirtæki eða starfshópar sjá hvað er í boði og eiga því auðveldara með að verða sér úti um námskeið. Æskilegt er að stjórnvöld geti t.d. séð hvernig fjármagn á þess vegum skiptist á milli atvinnugreina og landssvæða og á hvaða sviðum framboð er af skornum skammti. Einnig þarf að afla upplýsinga um einstök námstilboð á hverjum tíma og miðla til markhópa og í sumum tilfellum til alls almennings.

Síðari hluta árs 1990 sendi ráðuneytið öðru sinni spurningalista til um 300 fræðsluaðila. Niðurstöður verða birtar á vormánuðum í **FF-fréttum** sem er fréttabréf menntamálaráðuneytisins um fullorðinsfræðslu.

Fyrsti upplýsingabæklingurinn um framboð fullorðinsfræðslu kom út í janúar 1991.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- árlega upplýsingaöflun um fræðsluaðila og námsframboð,
- miðlun upplýsinga, m.a. með útgáfu upplýsingabæklinga um námstilboð.

6.1.1 Upplýsinga verði aflað árlega með því að senda spurningalista til allra þeirra aðila sem bjóða upp á fullorðinsfræðslu. Komandi verði upp **skrá yfir fræðsluaðila og námsframboð**.

6.1.2 Árlega verði gefinn út **upplýsingabæklingur** til almennings um fræðsluaðila og námstilboð í almennri fullorðinsfræðslu. Hugsanlegt er að tengja slíka upplýsingamiðlun annarri útgáfu.

6.1.3 Hafin verði **upplýsingamiðlun til markhópa** um möguleika þeirra á fullorðinsfræðslu, bæði almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu. Á hverju ári verði valdir ákveðnir hópar og þeim sendur bæklingur. Árið 1992 verði stefnt að bæklingi fyrir fatlaða sem margir hverjir hafa hlotið takmarkaða skólagöngu.

6.1.4 Ofan nefndum **upplýsingum** og öðrum verði m.a. **dreift** til bókasafna, ljósvakamiðla og fræðsluskrifstofa.

6.2 Leiðsögn og ráðgjöf vegna fullorðinsfræðslu og fjarkennslu

Meginmarkmið

Menntamálaráðuneytið komi á fót á næstu fimm árum viðtækri og fjölbreyttri ráðgjöf og leiðsögn um framkvæmd fullorðinsfræðslu og fjarkennslu.

Rök

Margir aðilar sem nú standa fyrir fullorðinsfræðslu hafa langa reynslu og búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu sem mikilvægt er að nýtist öðrum og einkum þeim sem eru að

byrja starfsemi á þessu sviði. Fræðsluaðilar í fullorðinsfræðslu þurfa að eiga aðgang að ráðgjöf varðandi ýmsa þætti hennar til þess að tryggt sé að fræðslan verði eins góð og framast er unnt og að fjármunir nýtist sem best.

Tiltölulega lítil reynsla er hér á landi af fjarkennslu. Aftur á móti hafa sumar nágrannaþjóðir okkar mikla reynslu af fjarkennslu í ýmsum myndum sem sjálfsagt er að nýta hér á landi. Með aðgengilegri ráðgjöf má koma í veg fyrir kostnað og fyrirhöfn sem hlýst af því að allir séu að fíkra sig áfram á eigin spýtur og geri e.t.v. dýrkeypt mistök.

Skilgreining

Með leiðsögn og ráðgjöf vegna fullorðinsfræðslu er m.a. átt við ráðgjöf um heildarskipulag á námskeiði, tímasetningu og lengd þess, heildarumfang viðfangsefna, kennsluáferðir sem reynst hafa vel fyrir fullorðna á ákveðnu sviði, ytri aðstæður á námskeiðsstað, auglýsingar og upplýsingamiðlun.

Á sviði fjarkennslu getur verið um að ræða ráðgjöf um miðla sem nýta má og nýtingu þeirra á viðkomandi sviði, svo sem tölvu, síma, bréfasíma, bréfa, hljómbanda, myndbanda og útvarps. Einnig ráðgjöf um hvernig best sé að útbúa námsefni í hendur viðtakenda svo það komi þeim að sem mestu gagni og hvernig best sé að haga leiðsögn við nemendur.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem varða:

- samvinnu þeirra sem standa að fullorðinsfræðslu,
- endurmenntun fyrir kennara sem starfa innan fullorðinsfræðslu,
- leiðsögn og ráðgjöf á vegum menntamálaráðuneytisins.

6.2.1 Stuðlað verði að **samvinnu** þeirra sem fást við fullorðinsfræðslu og greitt verði fyrir samnýtingu náms- og kennsluefnis. Í því skyni verði einnig hugað að samræmingu í dreifingu **upplýsinga** um fullorðinsfræðslu.

6.2.2 Komið verði á **endurmenntun fyrir kennara** sem starfa innan fullorðinsfræðslu, hugsanlega á vegum endurmenntunar KHÍ og HÍ. Sömu leiðis verði kennaramenntunarstofnanir hvattar til þess að bjóða upp á **valmöguleika í kennslu fullorðinna** innan grunnmenntunar kennara (sjá lið 7.2.4 um kennara- og fóstrumenntun).

6.2.3 Á vegum menntamálaráðuneytisins verði miðlað upplýsingum og veitt leiðsögn og ráðgjöf um eftirtalda þætti:

- a) möguleika á **opnu og sveigjanlegu fræðslustarfi** og verði í því skyni aflað upplýsinga um möguleika á þessu sviði,
- b) **fjarkennsluáferðir**, s.s. gerð námsefnis, leiðsögn og notkun ýmisskonar tækni eins og síma, bréfasíma og tölva; ráðgjöf af þessu tagi getur verið veitt einstökum fræðsluaðilum eða farið fram á námskeiðum,
- c) **möguleika bókasafna** til að vera fræðslu- og þjónustuaðilar í fullorðinsfræðslu,
- d) **form á ráðningum kennara** í fullorðinsfræðslu og verði upplýsinga aflað í því skyni,
- e) möguleika á **nýtingu skólahúsnæðis** eða annars húsnæðis á vegum hins opinbera til afnota fyrir fullorðinsfræðslu; dreift verði **reglum** um aðgang að skólahúsnæði, afnot af tækjum og gögnum skóla og greiðslur fyrir húsnæði.

6.3 Styrkir til námsefnisgerðar vegna fjarkennslu

Meginmarkmið

Pennan áratug verði ákveðinni upphæð varið árlega til að styrkja námsefnisgerð vegna fjarkennslu og jafnframt tryggð leiðsögn til þeirra sem taka að sér verkefni á þessu sviði.

Rök

Margir eiga þess ekki kost að sækja skóla eða fullorðinsfræðslu vegna búsetu eða starfs. Til þess að jafna aðstöðu fólks til náms þarf að stuðla að opnara og sveigjanlegra skóla- og fræðslustarfi en tíðkast hefur hingað til og gera fólki þannig kleift að stunda fjölbreytt nám óháð búsetu. Grundvöllur þess er að fyrir hendi sé sérstakt námsefni eða að fyrirbyggjandi efni sé aðlagð að fjarkennslu og sveigjanlegum kennsluháttum.

Skilgreining

Um væri að ræða styrki til vinnslu ýmiss konar fjarkennsluefnis eins og kennslubréfa og hljóð- og myndefnis á framhaldsskóla-, háskóla- og fullorðinsfræðslustigi. Grunnefni verði að hluta byggt á fyrirbyggjandi efni en einnig verði nýtt efni samið og erlent efni þýtt og staðfært. Leiðbeiningar og leiðsagnarefni þarf að fylgja grunnefni. *Framkvæmdanefnd um fjarkennslu* sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins sjái um úthlutun styrkjanna.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem varða fjarkennsluefni vegna:

- náms í kjarnaáföngum framhaldsskóla,
- náms í áföngum framhaldsskóla sem fáir sækja,
- náms til kennsluréttinda,
- endurmenntunar og viðbótarmenntunar í tengslum við atvinnulíf,
- náms á háskólastigi.

6.3.1 Á næstu þremur árum verði unnið að því að útbúa „fjarkennslupakka“ í öllum **kjarnaáföngum í framhaldsskóla** svo unnt verði að stunda nám í þeim í fjarkennslu (sbr. kafla 4.5.6).

6.3.2 Unnið verði fjarkennsluefni í **fámennum áföngum framhaldsskóla** svo unnt verði að stunda nám í þeim með fjarkennslu. Þannig verði hægt að stunda fjarnám í áföngum sem sakir fámennis er ekki unnt að hafa í boði í öllum skólum. Tilteknir framhaldsskólar taki að sér verkefni á þessu sviði í ákveðnum greinum (sjá kafla 4.6).

6.3.3 Námsefni til **kennsluréttinda** bæði á grunn- og framhaldsskólastigi verði lagað að fjarkennslu (sjá kafla 7.3). Slík vinna er þegar hafin á vegum KHÍ og HÍ.

6.3.4 **Viðbótarmenntun og endurmenntun** í tengslum við atvinnulífið verði eftir föngum skipulögð í fjarkennslu.

6.3.5 Möguleikar á fjarnámi aukist á **háskólastigi**. Á síðari hluta áratugarins verði farið að veita fé til námsefnisgerðar vegna fjarnáms á háskólastigi.

6.4 Áætlanagerð og þróunarstarf

Meginmarkmið

Áætlanagerð og þróunarstarf í fullorðinsfræðslu verði eftt á þessum áratug.

Rök

Þarfir einstaklinga og atvinnulífs fyrir fullorðinsfræðslu og endurmenntun af margvíslegu tagi eru breytilegar. Sem dæmi má nefna að nýjungar í at-vinnulífi geta t.d. kallað á endurmenntun stórra hópa manna og samfélagsbreytingar vekja upp aukna þörf á fullorðinsfræðslu, t.d. fyrir lífeyrisþega. Því þarf sífellt að endurskoða og laga námstilboð fyrir fullorðna að áhuga einstaklinga og atvinnulífs á hverjum tíma.

Skilgreining

Átt er við að gerðar séu áætlanir fram í tímann um námstilboð á vegum opinberra aðila (ráðuneyta, skóla og sveitarfélaga) og um styrki til samtaka eða einkaaðila þar sem tekið er tillit til þeirra þarfa sem fyrir hendi virðast vera á hverjum tíma. Þróunarstarf beinist að kennsluháttum, námsinntaki, námsgögnum og námsaðstöðu svo að allir geti fundið nám við hæfi.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- ýmisskonar þróunarstarf í fullorðinsfræðslu,
- náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna.

6.4.1 Á næstu 5 árum verði markvisst **unnið að þróunarverkefnum** sem auka möguleika fullorðinna til að afla sér menntunar heima í héraði. Þetta starf verði unnið í samvinnu þeirra sem standa fyrir fullorðinsfræðslu, ráðuneytisins, sveitarfélaga, félagsamtaka og samtaka atvinnulífsins.

Byrjað verði á ákveðnum völdum svæðum og reynslan nýtt í næsta verkefni. Ráðuneytið hefur þegar hafið viðræður við aðila á Vestfjörðum og Austurlandi í þessum tilgangi.

Markmiðið verði að þróa kennsluhætti, námsinntak, námsgögn og námsaðstöðu í ákveðnu námstilboði.

Dæmi um þróunarverkefni gæti m.a. verið: námsframboð fyrir fullorðna með stutta skólagöngu að baki, nám vegna breytinga í starfsgreinum svo sem landbúnaði og trillu-

bátaúngerð, lestrarkennsla fyrir fullorðna, umhverfismenntun, námstilboð fyrir atvinnulausa og nám fyrir innflytjendur.

Skóðaðir verði möguleikar á námstilboðum á vegum grunnskóla í dreifbýli til þess að nýta kennsluáðstöðu skólans og þekkingu kennara og annarra í byggðarlaginu og festa grunnskólann þar með í sessi sem menningarmiðstöð skólahverfisins (sbr. kafla 1.4).

6.4.2 Komið verði á **náms- og starfsráðgjöf** fyrir fullorðna sem farið getur fram á vegum skóla, fræðsluskrifstofa, vinnumálaskrifstofa sveitarfélaga og laupegasamtaka.

Sjá kafla 4.6.3 og kafla 6.3.1 og 6.3.2.

6.5 Fullorðinsfræðsluráð og nefnd um almenna fullorðinsfræðslu

Meginmarkmið

Stofnað verði fullorðinsfræðsluráð um alla fullorðinsfræðslu og nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins um almenna fullorðinsfræðslu.

Rök

Með stofnun fullorðinsfræðsluráðs og nefndar um almenna fullorðinsfræðslu er stuðlað að nauðsynlegu samræmi og samstarfi þeirra aðila er fást við ýmis svið fullorðinsfræðslu þannig að fjármunir, aðstaða, námsgögn og þekking nýtist sem best.

Skilgreining

Samkvæmt frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu skal stofnað fullorðinsfræðsluráð sem sé stjórnvöldum til stuðnings við fræðsluna. Það skal fjalla um almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífnum, vera ráðgefandi við stjórnvöld, afla gagna, miðla upplýsingum, stuðla að samstarfi, beita sér fyrir menntun kennara og leiðbeinenda fyrir fullorðna o.fl.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að stofnuð verði fimm manna nefnd um almenna fullorðinsfræðslu (þar af fjórir úr fullorðinsfræðsluráði) til að vera til ráðuneytis um framkvæmd fræðslunnar, vera tengiliður við fræðsluáðila, fara með stjórn menntunarsjóðs fullorðinna og annast styrkveitingar úr honum og veita þjónustu t.d. vegna námsefnis og upplýsinga. Samkvæmt frumvarpi til laga um starfsmenntun í atvinnulífnum skal önnur nefnd stofnuð á vegum félagsmálaráðuneytisins til að fjalla um starfsmenntun í atvinnulífnum.

Þótt frumvarpið verði ekki að lögum leggur ráðuneytið engu að síður áherslu á að þetta starf verði hafið.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref er varðar:

- starfsreglur.

6.5.1 Þegar tekin hefur verið ákvörðun um stofnun fullorðinsfræðsluráðs og nefndar um almenna fullorðinsfræðslu verði þeim settar **starfsreglur**.

6.6 Menntunarsjóður fullorðinna

Meginmarkmið

Menntunarsjóður fullorðinna verði stofnaður um leið og nefnd um almenna fullorðinsfræðslu. Á næstu 10 árum verði sjóðurinn eflur jafnt og þétt þannig að hann geti m.a. skapað fræðsluaðilum skilyrði til að þeir geti boðið þátttakendum viðunandi nám og námsaðstöðu. Jafnframt verði unnið að því að koma á námsstyrkjum fyrir fullorðna.

Rök

Markmiðið með styrkveitingum úr menntunarsjóði fullorðinna er að stuðla að fjölbreyttu framboði á sviði fullorðinsfræðslu og draga úr kostnaði nemenda. Þá er gert ráð fyrir að veita styrki til þróunarverkefna og námsgagnagerðar en oft skortir talsvert á að fræðsluaðilar hafi nauðsynlegt bolmagn til slíkra verkefna.

Eins vantar tilfinnanlega möguleika á að jafna aðstöðu fullorðinna er hug hafa á skemmra eða lengra námi.

Skilgreining

Hér er tekin upp tillaga í frumvarpi til laga um almenna fullorðinsfræðslu.¹²⁵ Þar er lagt til að stofnaður verði menntunarsjóður fullorðinna í umsjón menntamálaráðuneytisins (nefnd um almenna fullorðinsfræðslu er jafnframt sjóðsstjórn) sem veiti styrki til fræðsluaðila til þróunarverkefna og til annarra verkefna á sviði fullorðinsfræðslu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

Þar sem menntunarsjóðnum er ekki ætlað að styrkja einstaklinga til náms, þarf að huga að fjárhagslegum möguleikum þeirra sem verst eru settir til að afla sér frekari menntunar.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirfarandi skref sem varða:

- *reglur fyrir menntunarsjóð fullorðinna,*
- *reglur um skiptingu kostnaðar á milli aðila í fullorðinsfræðslu sem ríkið á aðild að.*

6.6.1 Settar verði **reglur** um nýtingu sjóðsins.

6.6.2 Jafnframt verði settar **reglur um skiptingu kostnaðar** milli aðila í fullorðinsfræðslu sem ríkið á aðild að, þ.e. skiptingu kostnaðar milli ríkis, sveitarfélaga, fræðsluaðila og þátttakenda.

Samantekt um fullorðinsfræðslu

Fullorðinsfræðsla, bæði almenn fullorðinsfræðsla og starfsmenntun (endurmenntun) í atvinnulífinu, og fjarkennsla mun stórukast á þessum áratug. Mjög mikilvægt er að stjórnvöld marki markvissa stefnu um þátt sinn í þeirri þróun. Þar er bæði um að ræða yfirsýn, stefnumótun og fjárframlög.

Ráðuneytið leggur áherslu á öflun og miðlun upplýsinga um almenna fullorðinsfræðslu og endurmenntun í atvinnulífinu sem bæði er starfrækt af opinberum aðilum og einkaaðilum; leiðsögn og ráðgjöf vegna fullorðinsfræðslu og fjarkennslu; áætlanagerð og þróunarstarf á þessu sviði og stofnun menntunarsjóðs fullorðinna.

Samvinna menntamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins um fullorðinsfræðsluna þarf að vera markviss og hnökralaus.

7. KENNARA- OG FÓSTRUMENNTUN

Staðan 1990

1. Fjöldi skóla sem nú mennta uppeldisstétti kennara, fóstrur, þroskaþjálfar	6
2. Fjöldi útskrifaðra á ári að meðaltali á síðustu árum:	
KHÍ: almennir kennarar fyrir grunnskóla	100 - 110
verkmenntakennarar fyrir framhaldsskóla	20 - 25
HÍ: uppeldis- og kennslufræði	70 - 100
Íþróttakennaraskóli Íslands	25
Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmenntadeild	5
Fósturskóli Íslands	60
Þroskaþjálfaskóli Íslands	20

Lög er varða kennara- og fósturmenntun:

Lög um Fósturskóla Íslands nr. 10/1973.

Lög um Háskóla Íslands nr. 131/1990. Breyt. nr. 155/1990.

Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 65/1972.

Lög um Kennaraháskóla Íslands nr. 29/1988.

Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986.

Lög um Myndlista- og handfíðaskóla Íslands nr. 38/1965.

Reglugerðir er varða kennara- og fósturmenntun:

Ráðuneytisbréf um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík nr. 181/1959.

Reglugerð fyrir Fósturskóla Íslands nr. 137/1979. Breyt. nr. 492/1986.

Reglugerð um kennaramenntun í söng og tónlist nr. 158/1959.

Reglugerð um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 457/1987.

Reglugerð um Íþróttakennaraskóla Íslands nr. 311/1981. Breyt. nr. 139/1984.

Reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979 með áorðnum breytingum frá 1980 til 1991.

Reglugerð um Kennaraháskóla Íslands nr. 496/1990.

Nýlegar skýrslur um kennaramenntun:

- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Menntamálanefnd. 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi*. Menntamálaráðuneytið.
- Fósturskólanefnd. 1988. *Nefndarálit*.
- Fósturskóli Íslands. 1990. *Tillögur að skipulagi um dreifða og sveigjanlega fósturmenntun*.
- Gerður G. Óskarsdóttir. 1988. *Kennaramenntun við Háskóla Íslands. Fyrirhugaðar breytingar og brýnustu þróunarverkefni á næstu 5 árum*. Sérprent af erindi. Háskóli Íslands.
- Gerður G. Óskarsdóttir. 1990. *Skólar á Íslandi* (sérprent). Menntamálaráðuneytið.
- Jón Torfi Jónasson. 1990. *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár. 1985-2010*. Sérprent úr Menning og menntun á tækniöld. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun. Sérrit 2.
- Kennaraháskóli Íslands. 1989. *Farskóli Kennaraháskóla Íslands. Tillögur að skipulagi dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar*.
- Kennaraháskóli Íslands. 1990. *Framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands. Skýrsla starfshóps*.

Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um menntun fóstura og kennara fyrir allt skólakerfið frá leikskóla til fullorðinsfræðslu og því kemur hann hér í lok umfjöllunar um skólastigin fimm. Tekið er á menntun kennara og fóstura í sérstökum kafla til þess að leggja áherslu á mikilvægi þessarar menntunar fyrir allt skólastarf og þróun þess. Ekki er fjallað um nám þroskaþjálfna þar sem það heyrir ekki undir menntamálaráðuneytið heldur heilbrigðisráðuneytið (sjá þó kafla 5.4). Menntun kennara í Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands er á háskólastigi en segja má að önnur kennaramenntun og fósturmenntun séu enn sem komið er á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs (sbr. kafla 5.4). Með kennara- og fósturmenntun er átt við grunnmenntun þessara stétta, auk viðbótar- og framhaldsnáms (sjá skilgreiningar í kafla 5.4), endurmenntunar þróunarstarfs sem getur farið fram alla starfsævina.

Núverandi staða

Samkvæmt lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra¹²⁶ má m.a. skipa eða ráða grunnskólakennara þann sem lokið hefur námi frá Kennaraskóla Íslands (þ.e. fyrir 1971), B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-, B.S.- eða cand. mag. prófi ásamt fullgildu námi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda, námi frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands eða Hússtjórnarkennaraskóla Íslands (lagður niður árið 1988).

Þann má ráða eða skipa framhaldsskólakennara sem hefur lokið námi á háskólastigi er jafngildir a.m.k. 120 námseiningum og skulu þar af vera 30 einingar í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda og eigi færri en 60 einingar í sérgrein og þann sem hefur meistaraéttindi í iðngrein eða tæknifræði til viðbótar 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum og tveggja ára starfsreynslu. Auk þess má skipa þann framhaldsskólakennara sem lokið hefur íþrótt-, hússtjórnar-, handavinnu- og myndmenntakennaraprófi eða sérnámi í ýmsum greinum ásamt 30 einingum í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi lög hafa nú verið endurskoðuð og frumvarp til breytinga á þeim hefur verið lagt fram á Alþingi.

Kennaraháskóli Íslands er samkvæmt lögum frá 1988 „*miðstöð kennaramenntunar ... að því er tekur til grunnskólastigs.*”¹²⁷ Almenn tónmenntakennaranám er nú 90 einingar og tekur þrjú ár en lengist í 120 einingar eða fjögur ár væntanlega frá og með haustinu 1991. Námið skiptist í almennar greinar, uppeldisgreinar og valgreinar og því lýkur með B.Ed.-gráðu. Við skólann er nú í undirbúningi dreifð og sveigjanleg kennaramenntun eða farskóli KHÍ þar sem skipulag námsins verði lagað að búsetu nemenda (sbr. kafla 7.3). Valgreinar eða kjörsvið í kennaranáminu (um þriðjungur þess) eru m.a.: hússtjórn, smíðar, hannyrðir, myndmennt, tónmennt, íþróttir og allar helstu bóklegar greinar grunnskólans. Unnt er að bæta við valgreinarnám allt til B.A.-gráðu, t.d. í hússtjórn (sjá 7.2.2 b-lið). Vinna við námskrá fjögurra ára náms er nú á lokastigi.

Íþróttakennarar á grunn- og framhaldsskólastigi sækja nám sitt í **Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni**. Skólinn tekur tvö ár. Fyrirhugaðar eru breytingar á

skólanum og liggja nú fyrir tillögur um að lengja nám íþróttakennara og flytja það á háskólastig.¹²⁸

Tónlistarskólinn í Reykjavík menntar tónmenntakennara fyrir grunnskóla, auk þess að mennta kennara fyrir tónlistarskóla.

Flestir kennarar í bóklegum greinum á framhaldsskólastigi og margir grunnskólakennarar sem kenna í efstu bekkjum grunnskóla hafa sótt menntun sína í **Háskóla Íslands** eða háskóla erlendis. Verðandi kennarar stunda nám í kennslugreinum sínum m.a. í heimspekideild, félagsvísindadeild og raunvísindadeild. Nám í uppeldis- og kennslufræðum er eins árs nám. Nám framhaldsskólakennara í bóklegum greinum er því a.m.k. 120 einingar og er meðalnámstími fjögur ár.

Verkmenntakennarar hafa meistaráréttindi í sinni grein, eru tæknifræðingar eða hafa aðra sérmenntun í faggrein og stunda síðan nám í uppeldis- og kennslufræðum við KHÍ eða HÍ.

Á árunum 1950-87 fór menntun myndmenntakennara fram í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Nú er engin kennaramenntun til í landinu fyrir myndmennta- eða handmenntakennara fyrir framhaldsskólastigið. Þó geta þeir sem lokið hafa myndlistarnámi í MHÍ tekið uppeldis- og kennslufræði í KHÍ eða HÍ og fengið þar með kennsluréttindi. Um tíma hefur ekki verið fyrir hendi menntun fyrir heimilisfræðikennara í framhaldsskólum en nú verður breyting þar á, nám til B.A.-prófs í heimilisfræðum hefst væntanlega á árinu 1991. Engin formleg menntun er til í landinu fyrir kennara í leiklist, en starfandi leikurum hefur verið boðið upp á námskeið í kennslu við Leiklistarskóla Íslands.

Fóstrur sækja menntun í **Fósturskóla Íslands**. Námið tekur þrjú ár og er bæði verklegt og bóklegt. Nú er í undirbúningi dreifð og sveigjanleg fóstrumenntun þar sem fósturnám verður aðlagð dreifðri búsetu nemenda. Fyrir liggja tillögur um að flytja námið á háskólastig og sameina skólann Kennaraháskóla Íslands.¹²⁹


Kennarar og fóstrur eiga kost á margskonar **viðbótarnámi** og **endurmenntun**. Við Kennaraháskólann fer fram ýmisskonar viðbótarnám, t.d. í sérkennslu og skólastjórnun. Skólinn stendur fyrir endurmenntun fyrir starfandi kennara bæði á sumarnámskeiðum og með starfi. Kennarar eiga einnig kost á árs viðbótarnámi við HÍ, t.d. í íslensku, námsráðgjöf og bókasafnsfræði. Endurmenntun framhaldsskólakennara í bóklegum greinum er skipulögð í samstarfi fagfélaga þeirra og Endurmenntunar HÍ. Verkmenntakennarar sækja í sumum tilfellum endurmenntun til faggreinafélaga. Fósturskóli Íslands hefur einnig staðið fyrir endurmenntun fyrir fóstrur og viðbótarmenntun, t.d. í stjórnun, sérkennslufræðum og vegna starfa á skóladagheimilum.

Stöðugildi í leikskólum landsins eru nú um 1.000, þar af um 500 skipuð fóstrum og 70 fólki með aðra uppeldismenntun. Önnur stöðugildi eru skipuð ófaglærðu fólki. Skólaárið 1989 - '90 voru **stöðugildi á grunnskólastigi** rúmlega 2.600, þar af voru tæplega 2.200 skipuð grunnskólakennurum og rúmlega 400 leiðbeinendum. Sama ár voru **stöðugildi í framhaldsskólum** tæplega 1.300, að tveimur þriðju skipuð framhaldsskólakennurum en í um þriðjungum þeirra voru leiðbeinendur. Samkvæmt könnun frá 1988¹³⁰ störfuðu 248 kennarar við kennslu í iðngreinum og höfðu um 50% þeirra kennsluréttindi. Rösk 41% voru með menntun í verkfræði, tæknifræði, vélfræði eða iðnfræði. Könnunin miðaði við einstaklinga, niðurstaðan væri önnur ef litið væri á kennslumagnið þar sem margir kenna fáa tíma.

Sjá kafla 3.1.3 um þörf á fjölgun grunnskólakennara og kafla 2.1.8 um þörf á fjölgun fóstura.

Mynd 12

Útskrifaðir kennarar úr KHÍ og HÍ 1974 - 1990



Byggt á upplýsingum frá skrifstofu KHÍ og skrifstofu félagsvísindadeildar HÍ.
Míðað er við hvert ár en ekki við skólaár.

Meginverkefni í kennaramenntun

Menntamálaráðuneytið telur meginmarkmið sitt á sviði kennaramenntunar vera að sjá til þess að í landinu sé völ á kennaramenntun á öllum helstu sviðum leik-, grunn- og framhaldsskólastigs og fyrir fullorðinsfræðslu. Námskeið séu í boði fyrir háskólakennara. Það leggur jafnframt áherslu á að menntunin búi verðandi kennara undir skólastarf í anda laga, reglugerða og námskráa. Stefnu á hverjum tíma þarf að hafa til hliðsjónar við faglegan undirbúning kennara. Ráðuneytið virðir engu að síður sjálfstæði háskóla til þess að marka stefnu um innihald náms og rannsókna, þ.m.t. kennaramenntun. (sbr. kafla 5.3 um sjálfstæði háskóla og kafla 5.3.5 um stofnun nýrra námsbrauta á háskólastigi).

Lögð er áhersla á að formlegt samstarf og skipulögð verkaskipting sé milli stofnana sem mennta uppeldisstéttir til þess að tryggja samræmi og hagræðingu. Engu að síður skapar fjölbreytni í menntun kennara margbreytileg viðhorf og því er æskilegt að kennarar hafi mismunandi bakgrunn. Listgreinakennarar verða fyrir sterkum listrænum áhrifum í alhliða listaháskóla, menntun íþróttakennara á Laugarvatni nýtur góðs af tengslum við menntun íþróttajálfara og alhliða íþróttamiðstöð. Við Háskóla Íslands hefur á undanförunum árum verið unnið að því að styrkja samstarf uppeldisgreina í félagsvísindadeild við nám í faggreinum í öðrum deildum. Því er ekki, að svo stöddu, lagt til að skipuleggja alla kennaramenntun í einni stofnun eins og stundum hefur verið nefnt. Aukið samstarf gæti stuðlað að formlegri samtengingu sem leitt gæti, þótt síðar verði, til samruna allra háskólastofnana á Íslandi í einn alls herjar Háskóla Íslands.

Áhersluþættir ráðuneytisins í kennarmenntun á næstu árum eru þessir:

7.1 Samstarf menntamálaráðuneytis við stofnanir sem sjá um kennara- og fósturmenntun.

7.2 Menntun fyrir starfsfólk skóla á öllum helstu sviðum skólastarfs.

7.3 Kennara- og fósturmenntun fyrir fólk sem búsett er víðs vegar um landið.

7.4 Endurmenntun fyrir kennara og fósturur.

Sjá kafla 5.2 um samvinnu háskóla.

7.1 Samstarf menntamálaráðuneytis við stofnanir sem sjá um kennara- og fósturmenntun

Meginmarkmið

Menntamálaráðuneytið eigi reglubundið samstarf við stofnanir sem mennta kennara sem feli m.a. í sér samráð og upplýsingamiðlun um stefnu og stefnubreytingar í skólamálum.

Rök

Eigi samræmi að vera milli almennrar stefnumörkunar í skólamálum og menntunar þeirra sem starfa í skólum er nauðsynlegt að upplýsingum sé miðlað með skipulegum hætti og höfð séu víðtæk samráð um áhersluþætti.

Sam dæmi má nefna að í þessari framkvæmdaáætlun er lögð áhersla á kennslu sem miðist við að þroski og færni nemenda sé mismunandi og hefur það markmið að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Þannig getur grunnskólinn orðið við hæfi allra og framhaldsskólinn orðið opinn öllum að loknu grunnskólanámi. Eigi slík stefnumörkun að bera árangur skiptir samvinna kennaramenntunarstofnana og menntamálaráðuneytis höfuðmáli.

Skilgreining

Það er hlutverk ráðuneytisins að miðla upplýsingum um breytingar á stefnu stjórnvalda á sviði skólamála á hverjum tíma og fylgja þeim eftir með umræðum og skoðanskiptum við þá sem starfa að kennaramenntun.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem m.a. lúta að:

- kynningu á frumvörpum, reglugerðum og nefndarálitum,
- samráðsveitvangi í þróunarráði þriggja skólastiga (sbr. kafla 8.3),
- stofnun samstarfsnefndar stofnana sem mennta uppeldisstéttir,
- hlut kennara- og fósturmenntunar í framkvæmd þessarar áætlunar.

7.1.1 Frumvörp, reglugerðir og nefndarálit um skólamál verði send aðilum í kennaramenntun til **kynningar og sérfræðilegrar álitsgerðar** til þess að þeir geti fylgst með þróuninni, haft áhrif á hana og tekið tillit til hennar við uppbyggingu námsins.

7.1.2 Þróunarráð leik-, grunn- og framhaldsskóla verði m.a. vettvangur upplýsingamiðlunar milli ráðuneytis, skóla og stofnana á sviði kennara- og fósturmenntunar þar sem allir aðilar veiti upplýsingar um áherslur í starfi sínu á hverjum tíma (sbr. kafla 8.3).

7.1.3 Fyri hluta árs 1991 verði stofnuð **samstarfsnefnd stofnana sem mennta uppeldisstéttir** sem hafi m.a. það hlutverk að samhæfa menntun kennara í mismunandi stofnunum og gera tillögur um verkaskiptingu. Hún fjalli m.a. um samnýtingu kennslukrafta og samvinnu þeirra, nemendaskipti og samsett nám, samræmt einingakerfi, samnýtingu bókasafna, skráningarkerfi, samvinnu um rannsóknaraðstöðu og viðbótar- og framhaldsnám og samstarf við erlenda háskóla.

Á vegum þessarar nefndar geta starfað **undirnefndir** t.d. nefndir um samstarf KHÍ og HÍ og einnig KHÍ og FÍ, nefnd um menntun kennara í listum eða einstökum listgreinum og nefnd um menntun verkmenntakennara.

7.1.4 Í kjölfar útkomu þessarar áætlunar fari fram ítarlegar viðræður ráðuneytisins og þeirra er sinna grunn- og endurmenntun kennara og fóstura um **hlut kennara- og fósturmenntunar í framkvæmd áætlunarinnar**.

7.2 Menntun fyrir starfsfólk skóla á öllum helstu sviðum skólastarfs

Meginmarkmið

Hér á landi verði vól á kennaramenntun í öllum helstu námsgreinum grunnskóla- og framhaldsskólastigs, svo og í fullorðinsfræðslu, auk námskeiða í kennslu fyrir háskólakennara.

Rök

Kennslu verður tæpast haldið uppi með árangursríkum hætti í greinum sem ekki eru hluti af reglubundinni kennaramenntun hér á landi. Hætt er við að greinar sem verða útundan í kennaramenntun fari einnig halloka í skólunum. Vegna ýmissa þátta sem áhersla er lögð á í skólakerfinu er þörf á margs konar viðbótar- og framhaldsnámi fyrir kennara.

Með vexti háskólastigsins og stórauðinnu sókn fólks í hvers konar fullorðinsfræðslu, bæði almenna fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í atvinnulífínu, aukast kröfur um gæði kennslunnar.

Verði frumvarp um leikskóla að lögum og þar með litið á leikskólann sem skólastig verður það opinber viðurkenning á stórauðinu uppeldis- og menntunarhlutverki leikskóla. Það hefur áhrif á menntun fóstura.

Skilgreining

Hér er bæði átt við grunnmenntun, viðbótar- og framhaldsmenntun og endurmenntun.

Ekki er enn völ á grunnmenntun hér á landi fyrir framhaldsskólakennara í heimilisfræðum, hannyrðum, myndlist eða leiklist. Nám í leiklist eða leikrænni tjáningu er ekki hluti af námi grunnskólakennara.

Lögð er áhersla á aukinn þátt lista í starfsemi leikskóla, gunnskóla og framhaldsskóla og verkmennta í grunn- og framhaldsskólum (sbr. kafla 1.4, 3.3 og 4.3). Það tekst ekki nema í landinu sé allstór hópur vel menntaðra kennara í listum og margs konar verkmenntum. Bæði getur verið um að ræða kennara sem taka þessar greinar sem aðalgreinar í kennaranámi og kennara sem taka þær sem valgreinar innan almenns kennaranáms eða bæta við sig menntun á þessum sviðum.

Ennfremur er mikil þörf á endur- og viðbótarmenntun í kennslufræði starfsmenntagreina. Þess ber að geta að fimm íslenskir starfsmenntakennarar stunda nú 30 eininga samnorrænt framhaldsnám á þessu sviði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og er KHÍ framkvæmdaaðili hér á landi. Í náminu er lögð áhersla á rannsóknir og þróunarstarf. Stefnt er að framhaldi á þessu starfi.

Eðlilegt er að þeir sem sinna kennslu fullorðinna í fullorðinsfræðslu eða í háskólum eigi kost á námskeiðum þar sem þeir fá leiðsögn um kennsluhætti. Við Kennaraháskólann er þess krafist að kennarar skólans hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið beita sér fyrir að eftirfarandi skref verði stigin er varða:

- kennaranám í listum,
- menntun verkmenntakennara,
- eflingu fósturmenntunar,
- nám í kennslu fullorðinna og nám fyrir háskólakennara,
- viðbótarnám á ýmsum sviðum,
- framhaldsnám til æðri háskólagráðu,
- leiðsögn við nýliða í kennarastarfi.

7.2.1 Ráðuneytið vill beita sér fyrir formlegu samstarfi um menntunarleiðir fyrir **kennara í listum** milli Kennaraháskóla Íslands, listaskólanna (Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólans í Reykjavík og Leiklistarskóla Íslands eða Listaháskóla Íslands verði hann að veruleika) og Háskóla Íslands þannig að allir kennarar í þessum greinum eigi kost á a.m.k. 60 eininga námi í aðalgrein (sbr. kafla 5.2). Nám í uppeldis-

og kennslufræðum verði ekki nema að litlu leyti byggt upp innan listaskóla þar sem um litlar einingar yrði að ræða.

- a) Kostur verði á 60 eininga **kennaranámi í myndlist**, sem síðar þróist í 90 eininga nám.
- Eflt verði samstarf KHÍ og Myndlista- og handíðaskóla Íslands (verðandi Listaháskóla Íslands) um samræmt 30 eininga byrjunarnám sem jafnframt því að vera valgrein í námi grunnskólakennara sé grunnur að lengra kennaranámi.
 - Samstarfið leiði til þess að unnt verði að byggja ofan á þetta nám 30 einingar í MHÍ (síðar 60 einingar) sem bæði geti verið nám til viðbótar við valgrein fyrir nemendur KHÍ og framhald á námi verðandi framhaldsskólakennara í MHÍ.

Dæmi:

Nemandi gæti t.d. tekið 60 einingar í myndlist við MHÍ, 30 einingar í sögu við HÍ og uppeldis- og kennslufræði við HÍ eða KHÍ. Annar gæti tekið 60 einingar í myndlist í MHÍ, 30 einingar í hannyrdum í KHÍ og uppeldis- og kennslufræði í KHÍ eða HÍ. Nemendur útskrifast síðan úr þeim skóla sem þeir tóku aðalgrein

Skólaárið 1990-91 fari fram undirbúningur að þessu námi. Skólaárið 1991-92 fari 60 eininga nám af stað.

- b) Í þessari áætlun er lagt til að unnið verði að því að **leiklist** hljóti hærri sess í skólastarfi, sbr. kafla 3.3 og 4.3. Kennarar þurfa því að eiga völ á námi í leikrænni tjáningu og þjálfun til að standa fyrir leiklistarstarfsemi í skólum, auk þess þarf að vera menntunarleið fyrir þá sem vilja taka að sér kennslu á framhaldsskólastigi í leiklist og leikrænni tjáningu.
- Skoða þarf möguleika á 30 eininga kennaranámi við Leiklistarskóla Íslands (verðandi Listaháskóla Íslands) sem orðið gæti val í KHÍ (skipulagt í náinni samvinnu við KHÍ) eða aukagrein fyrir framhaldsskólakennara sem tækju aðra grein í öðrum skóla sem aðalgrein (t.d. bókmenntir eða aðra listgrein). Þetta nám gæti jafnframt verið viðbót við nám almennra kennara. Sömuleiðis þarf að huga að því að einhver hluti námsins nýttist leikhúsfólki sem afla vildi sér kennsluréttinda og tæki þá auk þess uppeldis- og kennslufræði í HÍ eða KHÍ.
 - Fyrri hluta árs 1991 verði skipuð nefnd með fulltrúum Leiklistarskólans, KHÍ, HÍ og ráðuneytisins sem falið verði að vinna að þessu máli (sjá kafla 7.1.3).
- c) Ráðuneytið vill beita sér fyrir eflingu kennaramenntunar í **tónmennta- og tónlistargreinum** (sbr. tillögur um kennaramenntun í nefndarálitum samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar, 1990).¹³¹

7.2.2 Ráðuneytið vill beita sér fyrir formlegu samstarfi um menntunarleiðir fyrir **kennara í verkmenntagreinum**, þ.m.t. löggiltum iðngreinum, milli Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands, þannig að allir kennarar í þessum greinum eigi kost á a.m.k. 60 eininga námi í aðalgrein (sbr. kafla 5.2).

- a) Árið 1991 verði sett af stað vinna við að skoða grunn- og endurmenntun allra starfsmenntakennara. Hugsanlegt er að byrja á undirbúningi að 30 eininga námi fyrir starfandi iðnmenntakennara í **tré-, málm- og rafgreinum** á fagsviði þeirra. Námið taki rúmlega tvö ár og verði skipulagt með námskeiða- og fjarkennslusniði. Í framhaldi af því verði skipulagt nám í öðrum faggreinum.

- b) Ráðuneytið vill styðja undirbúning að auknu námi við KHÍ í **heimilisfræðum, smíðum og hannyrðum, þ.m.t. heimilisiðnaðargreinar**, þannig að námið verði alls 60 einingar. Þetta nám geti annars vegar verið 30 (eða 45) eininga nám í valgrein og 30 (15) einingar til viðbótar til B.A.-prófs fyrir grunnskólakennara og hins vegar samfelld 60 eininga nám fyrir verðandi framhaldsskólakennara. Þeir taki þá auk þessa 30 einingar í aukagrein til B.A.-prófs og uppeldis- og kennslufræði. Gert er ráð fyrir að nám í heimilisfræðum hefjist við KHÍ á árinu 1991. Sama ár verði hafinn undirbúningur að auknu námsframboði í hannyrðum og/eða smíðum.

Stefnt skal að því að nemendur sem taka þessar greinar sem valgreinar í kennaranámi hafi lokið lágmarksundirbúningi í þeim á framhaldsskólastigi.

7.2.3 Á næstu fimm árum verði unnið að því að þróa **fóstrunám** í Fósturskóla Íslands yfir á háskólastig bæði hvað varðar inntak námsins og starfskjör og starfsskilyrði starfsfólks. Skólaárið 1991-92 verði hafin endurskoðun námskrár Fósturskólans þannig að fóstrumenntunin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til náms á háskólastigi. Jafnframt verði mótuð stefna skólans um inntöskilyrði í fóstrunám. Miðað verði við að Fósturskóli Íslands verði ekki sérstök háskólastofnun heldur verði unnið að tengslum og síðar sameiningu fóstrunáms og kennaranáms í einum háskóla - nýrri stofnun þar sem forsendur beggja verði virtar til fulls.

7.2.4 Ráðuneytið vill hvetja kennaramenntunarstofnanir til þess að bjóða upp á valmöguleika í **kennslu fullorðinna** innan grunn- og endurmenntunar kennara (sjá kafla 6.2.2).

Einnig er mikilvægt að í boði séu **námskeið fyrir háskólakennara**, sbr. þau námskeið sem Háskóli Íslands hefur haldið fyrir starfsmenn sína (sbr. kafla 5.5.6).

7.2.5 **Viðbótarnám** (sjá skilgreiningu í kafla 5.4) fyrir kennara og fóstrur fer nú fram við Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Fósturskóla Íslands. **Framhaldsnám** (sjá skilgreiningu í kafla 5.4) til meistaraþráðu hefur farið af stað í íslensku við HÍ. Það er á valdi þessara stofnana að gera tillögur um áherslu í þessum efnun innan marka fjárveitinga en mikilvægt er að mótuð verði stefna um samstarf og verkaskiptingu þeirra um viðbótar- og framhaldsnám til þess að stuðla að hagræðingu og forðast tvítekningu.

Vegna þátta sem ráðuneytið leggur áherslu á er mikilvægt að eftirtaldir námsmöguleikar fyrir kennara og skólastjórnendur sem þegar eru fyrir hendi við þessar stofnanir verði áfram í boði:

- a) Vegna átaks ráðuneytisins í námsráðgjöf er lögð áhersla á að viðbótarnám í **námsráðgjöf** sem hófst við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands haustið 1990 verði reglulega í boði ýmist sem eins árs samfelld nám eða það dreifist á tvö ár. Til að markmiðum ráðuneytisins um námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum verði náð má ætla að útskrifa þurfi um 20 námsráðgjafa á ári næstu 10 árin (sjá kafla 3.2.7, 4.1.6, 5.4.5 og 6.4.2).
- b) Hlutur skólastjórnenda er mikill í öllu nýbreytnistarfi og daglegu starfi skóla. Því leggur ráðuneytið áherslu á að viðbótarnám fyrir **skólastjórnendur** í KHÍ verði reglulega í boði og stefnt að því að sem flestir skólastjórnendur fari í slíkt nám (sbr. kafla 3.5.3, 4.6.2 og 7.4.2).

- c) Haldið verði áfram þeirri stefnu að bjóða upp á viðbótarnám í **sérkennslu** á vegum KHÍ víða um land. Fjárframlög til sérkennslu hafa aukist mjög á síðustu árum og er langt frá því að nægilega margir kennarar hafi hlotið sérmenntun á þessu sviði (sjá kafla 3.2). Nú er í gangi 10 eininga viðbótarnám í sérkennslu fyrir framhaldsskólakennara á vegum KHÍ. Þótt ekki sé stefnt að því að byggja upp sérkennslu í framhaldsskólum með sama hætti og í grunnskólum er engu að síður mikilvægt að þjálfra framhaldsskólakennara í vinnubrögðum sérkennslu eftir að framhaldsskólinn er nú öllum opin að loknum grunnskóla (sbr. kafla 4.1).
- d) Ráðuneytið leggur áherslu á að það eins árs nám fyrir **kennara á skólasöfnum** sem nú er í boði við HÍ verði sem best aðlagð þörfum bæði grunn- og framhaldsskóla. Þar sem námið er tengt lengra námi á þessu sviði gefur það kennurum möguleika á frekara framhaldi eða samsetningu við aðrar greinar (sjá. kafla 3.1.5 og 4.5.9).
- e) Hugmyndir hafa verið settar fram um viðbótarnám á ýmsum öðrum sviðum sem skipta miklu máli fyrir skólastarfið eins og í námskráfræðum, námsefnisgerð, kennslutækni, byrjendakennslu o.fl.
- f) Auk þeirrar viðbótarmenntunar sem nú þegar hefur verið boðið upp á fyrir **fóstrur** í Fósturskóla Íslands þarf að skapa skólanum aðstæður til að bjóða upp á slíkt nám á fleiri sviðum, t.d. í listgreinum.
- g) Framhaldsnám (meistaránám) er nú farið af stað í heimspeki- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og félagsvísindadeild hefur fengið heimild til þess að fara af stað með meistaránám. Einnig verði stefnt að **framhaldsnámi við KHÍ** fyrir kennara. Í október 1990 kom út skýrsla á vegum skólans með tillögum að skipan slíks náms.¹³² Hugað verði að samstarfi KHÍ og HÍ um framhaldsnám fyrir kennara (sbr. kafla 7.1.3).
- h) Þegar nám í listum og íþróttakennslu flyst á háskólastig þarf að móta stefnu um viðbótar- og framhaldsnáms í þeim greinum.

7.2.6 Allir **nýliðar** í kennslustarfi í grunn- og framhaldsskólum njóti leiðsagnar reyndra kennara fyrsta ár í starfi.

7.3 Kennara- og fósturmenntun fyrir fólk sem búsett er viðs vegar um landið

Meginmarkmið

Unnt verði að ljúka kennaramenntun grunnskólakennara, námi í uppeldis- og kennslufræðum fyrir framhaldsskólakennara og fósturmenntun óháð búsetu.

Rök

Mikilvægt er að í landinu sé völ á kennara- og fósturmenntun sem unnt er að stunda óháð búsetu. Tilgangur með slíku námi sé að bæta úr skorti á kennurum og fósturum víða

um landið og að koma til móts við fólk sem sýnt hefur áhuga á þessum störfum en hefur ekki aðstæður til að stunda slíkt nám eins og það er nú skipulagt.

Skilgreining

Námsskipan sem ekki byggist á heilsdags, staðbundnu námi hefur verið nefnd dreifð og sveigjanleg menntun. Hún byggir á fjölbreytilegu fyrirkomulagi náms sem m.a. er lýst í skýrslu frá Kennaraháskóla Íslands 1989.¹³³ Þar segir að slík námsskipan miði við aðstæður og námsþarfir hvers nemanda um inntöku, námsferil og endurgjöf, að sjálfsögðu innan ramma laga um viðkomandi menntun og í samræmi við gildandi námskrá. Leiðsögn við hvern nemanda sé einn höfuðþátturinn í skipulaginu. Námið geti farið fram sem sjálfstætt nám, á staðbundnum námskeiðum, með bréfaskiptum, fjarskiptum, heimsöknum og viðtölum. Nemandi og skóli geta gert með sér námssamning um ákveðin markmið. Skipulagi og hugtökum er varða dreifða og sveigjanlega menntun er einnig lýst í skýrslu frá Fósturskóla Íslands frá desember 1990.

Þess er vænst að sú reynsla og þekking sem menn öðlast hér á landi við skipulagningu kennara- og fóstrumenntunar með þessum hætti verði fyrirmynd að slíku námi á fleiri sviðum. Hugsanlega rísa miðstöðvar fyrir slíkt nám á einum eða tveimur stöðum úti á landi.

Við KHÍ og KHÍ hefur verið boðið upp á 30 eininga nám í uppeldis- og kennslufræðum sem aðlagð hefur verið fólki búsettu víða um land.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref er varða:

- dreifða og sveigjanlega kennaramenntun,
- dreifða og sveigjanlega fóstrumenntun.

7.3.1 Dreifð og sveigjanleg kennaramenntun á vegum KHÍ fyrir grunnskóla-kennara - Farskóli KHÍ - fer væntanlega af stað samkvæmt áætlun skólans árið 1991. Slík námsskipan verði fastur liður í starfsemi skólans.

7.3.2 Dreifð og sveigjanleg fóstrumenntun fari af stað samkvæmt áætlun Fósturskóla Íslands haustið 1991. Slíkri námsskipan verði haldið uppi með reglubundnum hætti.

7.3.3 Með þessu námi verði byggð upp hér á landi **þekking og reynsla á skipulagningu dreifðs og sveigjanlegs náms** sem síðar verði nýtt við uppbyggingu slíks náms á öðrum sviðum.

7.4 Endurmenntun kennara og fóstura

Meginmarkmið

Stefnt verði að því að endurmenntun kennara og fóstura fari í auknum mæli fram í skólunum sjálfum á starfstíma skóla samhliða kennslu til þess að tengja hana starfsleikni kennara í daglegu starfi, en án þess að skerða árlegan starfstíma nemenda. Endurmenntun á sumarnámskeiðum verði eftir sem áður haldið uppi þar sem kennurum gefst meira tóm til þess að dýpka þekkingu sína á ákveðnum sviðum.

Endurmenntunarnámskeið fyrir grunnskólakennara verði skipulögð í samvinnu við fræðsluskrifstofur og fari gjarnan fram innan fræðsluumdæma.

Rök

Mjög mikilvægt er að kennarar á öllum skólastigum og í öllum greinum og sviðum eigi kost á reglubundinni endurmenntun ýmist á sumrin þegar skólar eru ekki starfandi eða samhliða starfi til þess að halda við þekkingu sinni og leikni og fá hvatningu til þess að bæta starf sitt. Það felst einnig mikil endurnýjun og uppörvun í því að skiptast á skoðunum við aðra kennara um starfið og miðla hugmyndum og reynslu.

Skilgreining

Í könnun ráðuneytisins á viðhorfum ýmissa aðila á því hver ættu að vera 10 helstu forgangsverkefni í skólamállum á næstu áratug var endurmenntun kennara ofarlega á blaði (sjá inngang þessarar áætlunar). Sókn kennara í endurmenntun hvers konar er mjög mikil og komast færri að en vilja. Endurmenntun kennara hefur um árabíl verið fastur liður í starfsemi Kennaraháskólans, í upphafi einkum sem sumarnámskeið en á undanförunum árum hefur einnig verið lögð áhersla á svonefnt starfsleikninám fyrir kennara samhliða starfi. Möguleikar framhaldsskólakennara á endurmenntun hafa verið mun minni. Framboð á endurmenntun fyrir bóknámskennara hefur aukist á síðari árum eftir að fast form komst á endurmenntun á vegum Háskóla Íslands og nú er hafið á vegum skólans svonefnt vettvangsnám samhliða starfi (sbr. kafla 4.6.1). Möguleikar á endurmenntun fyrir verkmenntakennara eru aftur á móti mjög litlir.

Verði gerðar breytingar á vinnuskyldu kennara er æskilegt að litið verði á símenntun sem hluta af starfinu og fari hún fram ýmist meðfram starfi eða við upphaf og lok skólaárs.

Í kjarasamningum vorið 1989 var samið við kennarasamtök um reglubundin framlög ríkisins til starfsmenntunar kennara sem nemur 1,5% af föstum mánaðarlaunum. Reglur fyrir *Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands* segja að honum skuli skipt á milli:

- a) starfsmenntunarstyrkja (um 500 styrkir hafa verið veittir),
- b) þróunarverkefna (26 hópar og einstaklingar, auk aðildarfélaga KÍ, hafa fengið styrki að upphæð um 11 milljónir kr.),
- c) námslauna (þeim hefur tvisvar verið úthlutað til 29 kennara, þar af voru 26 heil árslaun).

Í reglum um *Vísindasjóð Hins íslenska kennarafélags* sem gilda til loka ársins 1991 segir að um fimm sjöttu hlutar tekna sjóðsins skuli fara í að greiða hverjum sjóðfélaga árlegt framlag upp í kostnað vegna endur- og viðbótarmenntunar gegn framvísun reikninga og einum sjötta hluta skuli úthlutað samkvæmt umsóknum til sérstakra verkefna á sviði endur- og viðbótarmenntunar.

Þessir sjóðir bæta möguleika kennara á endurmenntun og þróunarstörfum sem telja má til endurmenntunar og skapa fleirum möguleika á viðbótar- og framhaldsmenntun bæði erlendis og hérlendis.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum vill ráðuneytið því stíga eftirtalin skref er varða:

- endurmenntun verkmenntakennara,
- starfsleikninám/vettvangsnám,
- sumarnámskeið.

7.4.1 Endurmenntun í faggreinum **verkmenntakennara** verði skipulögð í samvinnu menntamálaráðuneytisins, skóla og fræðslunefnda viðkomandi iðngreinaflokks, þar sem það á við.

7.4.2 **Starfsleikninám grunnskólakennara á vegum KHÍ og vettvangsnám framhaldsskólakennara á vegum HÍ** (sams konar form en sitt hvort nafnið) verði áfram byggt upp í ýmsum greinum og sviðum vítt og breitt um landið. Hér er um að ræða nám sem fram fer samhliða kennslu á starfstíma skóla. Kennaraháskólinn hefur skipulagt slíkt nám nú um nokkurt skeið einkum á sviði sérkennslu. Við Háskólann hófst slíkt nám haustið 1990 í erlendum tungumálum og skólastjórnun.

Sama gildir um nám af þessu tagi og um viðbótar- og framhaldsnám að mikilvægt er í framtíðinni að horfa á þessi námstilboð í samhengi og sum þeirra verði jöfnum höndum boðin grunn- og framhaldsskólakennurum.

7.4.3 **Sumarnámskeiðum** verði fjölgað.

Sjá kafla 5.2 um samvinnu og samtengingu háskóla. Sú samvinna gildi einnig um endurmenntun.

Samantekt um kennara- og fósturmenntun

Ráðuneytið leggur höfuðáherslu á að vól sé á kennaramenntun (grunn-, viðbótar- og endurmenntun) í landinu fyrir allar helstu greinar upp að háskólastigi og að unnt verði að stunda kennara- og fósturmenntun óháð búsetu. Jafnframt er lögð áhersla á gott samstarf ráðuneytisins við þær stofnanir sem mennta fóstur og kennara vegna tengsla kennaramenntunar við stefnumótun í skóla- og uppeldismálum svo og samvinnu og markvissa verkaskiptingu milli þessara stofnana.

8. MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Staðan 1990

1. Skrifstofur	4
2. Deildir	15
3. Starfsmenn (stöðugildi) í ráðuneytinu	81(67)
4. Fræðsluskrifstofur	8
5. Stöðugildi á fræðsluskrifstofum	um 70

Lög, reglugerð og auglýsingar:

Auglýsing um skiptingu starfa ráðherra nr. 4/1990.

Auglýsing um skipulag menntamálaráðuneytisins, nr. 211/1990.

Lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969. Breyt. 1. nr. 3/1990.

Reglugerð nr. 96/1969.

Núverandi staða

Eins og segir í fyrsta kafla telur menntamálaráðuneytið það hlutverk sitt að skilgreina þörf fyrir opinbera þjónustu og afskipti af mennta- og menningarmálum og leitast síðan við að skapa skilyrði og benda á leiðir til þess að unnt sé að sinna þeirri þörf sem greind hefur verið og stefna mörkuð um.

Til þess að starfsemi ráðuneytisins sé markviss er mikilsvært að skipulag þess sé lagað að aðstæðum á hverjum tíma og starfshættir þess séu sem skilvirkastir.

Um mitt sumar 1989 fól menntamálaráðherra ráðgjafarfyrirtæki það verkefni að gera úttekt á ráðuneytinu og gera tillögur um breytingar á skipulagi og starfsháttum ef ástæða væri til. Nokkru áður hafði ráðherra sent spurningalista til starfsmanna um hugmyndir þeirra um breytingar á starfsemi ráðuneytisins. Ráðgjafarnir unnu verk sitt í samvinnu við starfshóp ráðuneytismanna.

Á grunni skýrslu frá starfshópnum¹³⁴ unnu ráðgjafarnir ítarlega skýrslu sem út kom í desember 1989.¹³⁵ Þar er annars vegar fjallað um breytingar á skipulagi og hins vegar starfsháttum og að lokum fjallað um framkvæmd breytinga.

Stýrihópur um breytingar á menntamálaráðuneytinu vann síðan úr tillögum ráðgjafanna. Fyrrihluta árs 1990 fjallaði hann um skipulagsbreytingarnar og mælti með flestum þeirra við ráðherra og stýrði síðan þeim breytingum sem gerðar voru. Um miðjan maí hafði flestum verið hrint í framkvæmd. Þær helstu voru: stofnun almennrar skrifstofu, sameining deilda og stofnun nýrra, tilfærsla verkefna á milli deilda og flutningur ákveðinna verkefna út úr ráðuneytinu. Birt var ný auglýsing um skipulag ráðuneytisins vorið 1990.


Stýrihópurinn fjallaði um breytingar á starfsháttum síðari hluta árs 1990 og stýrði breytingum sem gerðar voru. Hópurinn skilaði lokatillögum sínum í upphafi árs 1991. Þær fjalla m.a. um áætlanagerð og mat á árangri; upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga utan og innan ráðuneytisins; úrvinnslu verkefna; þjónustu við starfsmenn, starfslýsingar og símenntun starfsmanna (sjá kafla 8.1).

Reiknað er með að það skipulag sem nú hefur verið staðfest með nýrri auglýsingu um ráðuneytið¹³⁶ henti í stórum dráttum næstu árin og stefnt er að því að treysta það. Því eru ekki gerðar áætlanir um frekari skipulagsbreytingar en að sjálfsögðu geta aðstæður breyst og haft í för með sér þörf fyrir breytingar á núverandi skipan.

Menntamálaráðuneytið vill auka hlut skólakerfisins í almennri umræðu um þjóðfélagsmál í landinu og hlut þess þegar fjármunum er skipt á Alþingi; það vill færa menntamálin ofar á forgangslista þjóðarinnar. Ef svo á að verða er mikilvægt að öll starfsemi ráðuneytisins sé vel skipulögð, tekið sé af festu á málum, upplýsinga um skólakerfið sé aflað og miðlað og sem flestum gefið tækifæri til þess að sjá skólamálin í heild. Haft sé samráð sem víðast, bent á mál sem sérstaklega þurfi að taka á og haldið sé uppi stöðugri endurskoðun. Síðast en ekki síst sé mörkuð stefna fram á við um alla helstu þætti starfsins. Þessi framkvæmdaáætlun er liður í þeirri viðleitni.

Ráðuneytið er nú skipulagt sem hér segir:

Mynd 13



Ráðuneytið leggur áherslu á eftirtalda þætti á næstu misserum:

- 8.1 Sarfshætti menntamálaráðuneytisins.
- 8.2 Eflingu fræðsluskrifstofa.

Ráðuneytið bendir einnig á eftirtalin verkefni:

- 8.3 Samráð um stefnumörkun - þróunarráð og menntamálaþing.
- 8.4 „Átaksár” til umræðu og aðgerða á ákveðnum sviðum.

8.1 Starfshættir menntamálaráðuneytisins

Meginmarkmið

Starfshættir ráðuneytisins verði stöðugt til endurskoðunar í þeim tilgangi að bæta starfsemina og auka skilvirkni og viðbragðsflýti.

Rök

Menntamálaráðuneytið fjallar um mjög stór svið í þjóðlífinu þ.e. skólana, vísindin og menningarstarfsemi. Endurskoðun starfshátta er gerð til þess að stuðla að því að þeir fjármunir sem lagðir eru í stjórnun skólakerfisins nýtist sem best og þjónusta við viðskiptavinum ráðuneytisins verði sem skilvirkust.

Skilgreining

Hvað varðar bættu starfshætti verði m.a. lögð áhersla á eftirfarandi: virka stjórnun í yfirstjórn ráðuneytisins og deildum, langtíma- og skammtíma áætlanagerð sem stjórn-tæki og mat á árangri, upplýsingastreymi og formleg og óformleg samskipti. Lögð er sérstök áhersla á að öllum breytingum sé fylgt eftir með virkum hætti.

Möguleikar til samhæfðra vinnubragða og samstarfs hafa stóruáhrif eftir að öll starfsemi ráðuneytisins komst undir sama þak í Sölvhóli.

Því vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref nú á næstunni sem varða:

- áætlanagerð og mat á árangri,
- öflun og miðlun upplýsinga,
- starfsmannamál,
- starfsmannastefnu,
- alþjóðlegt samstarf.

8.1.1 Áætlanagerð verði efl. **Framkvæmdaáætlun til 10 ára** verði endurskoðuð við ráðherraskipti, en að öðru leyti á tveggja ára fresti. **Árlega** verði gerðar **starfsáætlanir** í deildum sem byggja m.a. á 10 ára áætlun. Starfsáætlanir fyrir árið 1991 hafa nú verið unnar í flestum deildum.

Árangur verði **metinn** reglulega.

8.1.2 Öflun og miðlun upplýsinga verði tekin fastari tókum en verið hefur. Miklar upplýsingar liggja nú fyrir um mennta- og menningarmál, þar með talið framlag háskóla á vísindasviði. Gert verði átak í frekari öflun upplýsinga, úrvinnslu og dreifingu. Þær verði settar í tölvugagnabanka sem sé í stöðugri endurnýjun.

Fréttabréf ráðuneytisins komi út a.m.k. tvisvar á ári. Það verði sent öllum stofnunum á stjórnsýslusviði ráðuneytisins og fleiri aðilum eftir aðstæðum. Auk þess komi út **innan hússfregnir** eftir þörfum.

Fylgst verði með skipulegum hætti með störfum **nefnda** og nefndum sem fengið hafa afmörkuð verkefni markaður starfstími. **Skýrslur nefnda** sem erindi eru taldar eiga til fleiri aðila en ráðuneytisins verði gefnar út og dreift til þeirra er málið varðar.

Sömuleiðis verði upplýsingamiðlun og samráð innanhúss gert markvissara.

8.1.3 Starfsmannamál ráðuneytisins sjálfs og þjónusta við starfmenn er nú í höndum almennu skifstofunnar. Starfsmannadeild sér aftur á móti um starfsmannamál stofnana á vegum ráðuneytisins.

Í lok árs 1990 kom út **starfsmannahandbók** með margvíslegum upplýsingum fyrir starfsmenn. Hún verður í stöðugri endurskoðun. Nú er hafin vinna við **lýsingar á störfum** innan ráðuneytisins, því verki ljúki á árinu 1991.

Hafin er uppsetning **handbókasafns** ráðuneytisins í kjallara Sölvhóls og uppsetning fræðslumyndasafns.

Símenntun starfsmanna verði fastur liður í starfsemi ráðuneytisins. Haldin verði námskeið þar sem m.a. verði fjallað um stjórnun, upplýsingamiðlun, samstarf, áætlanagerð og starfshætti. Þegar hefur verið skipulagt námskeiðahald fyrir árið 1991.

Nú hafa verið mótaðar **starfsreglur** m.a. um úrvinnslu mála til þess að bæta þjónustuna og verið er að endurskipuleggja símaþjónustu og afgangi.

8.1.4 Áfram verði unnið að mótun **starfsmannastefna** ráðuneytisins og geti hún orðið leiðbeinandi fyrir stofnanir á vegum þess. Auk þess sem segir í kafla 8.1.3 verði m.a. tekið á hlutfalli verkefnaráðninga, æskilegri menntun og reynslu starfsmanna, hvernig unnt sé að fá sem hæfast fólk til starfa, hvernig nýta megi sérmenntun fólks sem best, hvernig hvetja má fólk til þess að fara í framhaldsnám innanlands eða utan á sviðum þar sem vantar sérþekkingu og hvernig hafa má yfirlit yfir slíka þörf. Á sviði skólamála virðist nú t.d. vanta fólk með sérþekkingu í prófagerð, mati á skólastarfi, leiðsögn með þróunarstarfi og kennslufræðilegri leiðsögn.

8.1.5 Alþjóðlegt samstarf er vaxandi og stöðugt mikilvægari þáttur í starfi ráðuneytisins og kallar á aukna vinnu. Stefnt verði að því að það nýtist sem best, m.a. með því að starfsmenn ráðuneytisins og aðrir sem sækja ráðstefnur og fundi á vegum þess skili jafnan frásögn til ráðuneytisstjóra að aflokinni ferð sem unnt sé að dreifa til þeirra er málið varðar.

8.1.6 Ráðuneytið hagnýti sér og stuðli að **vísindastarfsemi** á sviði menntamála m.a. með því að leita til stofnana, svo sem háskóla, Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála eða Hagstofu, og einstaklinga um **ráðgjöf og rannsóknir** á ákveðnum sviðum (sbr. kafla 1.3).

8.2 Efling fræðsluskrifstofa

Meginmarkmið

Ráðuneytið mun stuðla að eflingu fræðsluskrifstofa í öllum fræðslu-umdæmum landsins, m.a. með aukinni kennsluráðgjöf og kennslugagnamiðstöðvum.

Skilgreining

Fræðsluskrifstofur og embætti fræðslustjóra voru stofnuð í kjölfar nýrra laga um grunnskóla sem samþykkt voru 1974. Með nýjum lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 1989 eru þær nú alfarið á vegum ríkisins.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um störf fræðslustjóra frá 1990 er fræðslustjóri:

fulltrúi menntamálaráðuneytisins um fræðslumál í fræðsluumdæminu varðandi kennslu- og stjórnunarmál allra skóla sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Hann hefur umsjón með kennslu og skólahaldi í grunnskólum umdæmisins og skal fylgjast með því að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum um fræðslumál í þessum skólum. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem grunnskólalög taka til.¹³⁷

Á vegum fræðsluskrifstofanna starfar ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta og er umfang þeirrar þjónustu mismikið eftir umdæmum. Á síðari árum hefur verið byggð upp kennsluráðgjöf á vegum þeirra, einkum á sviði sérkennslu en einnig í ýmsum námsgreinum eða almenn ráðgjöf.

Nefnd um kennslugagnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum skilaði tillögum 1989. Hún lagði til að slíkar miðstöðvar yrðu byggðar upp við allar fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur, en Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar þjónaði skólum í Reykjavík eins og verið hefur.

Í frumvarpi til laga um grunnskóla sem nú liggur fyrir Alþingi segir að verkefni fræðsluskrifstofa séu einkum þessi:

áætlanagerð og eftirlit með námi og kennslu; sálfræðiþjónusta, kennsluráðgjöf; skólaþróun og nýbreytnistarf; endurmenntun og símenntun kennara í samráði við skóla sem veita kennaramenntun.¹³⁸

Rök

Mikilvægt er að ráðgjöf og þjónusta við grunnskóla sé sem næst þeim er eiga að njóta. Því hefur við þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á ráðuneytinu verið mörkuð sú stefna að ráðgjöf við skóla og kennara um daglegt skólastarf og skólaþróun færist úr höfuðstöðvum ráðuneytisins út til umdæmanna.

Við uppbyggingu leikskóla telur ráðuneytið mikilvægt að efla faglega ráðgjöf til þeirra og einnig að sálfræðiþjónusta sé fyrir hendi sem næst starfsvettvangi einstakra skóla. Slík þjónusta getur verið á fræðsluskrifstofum. Sömu leiðis er stefnt að því að byggja upp sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla sem á fámennari svæðum getur tengst

sálfræðiþjónustu leik- og grunnskóla (sjá tillögur um víðtækari samtengingu þessarar þjónustu í kafla 1.1). Með samvinnu fræðsluskrifstofa við stofnanir sem mennta kennara eru þær einnig í tengslum við háskólastigið. Þannig verða fræðsluskrifstofurnar alhliða þjónustumiðstöðvar fyrir skóla í sínu umdæmi.

Til þess að ná þessu markmiði vill ráðuneytið stíga eftirtalin skref sem varða:

- eflingu fræðsluskrifstofa, einkum á sviði kennsluráðgjafar,
- ráðningar umdæmisfóstra,
- uppbyggingu kennslugagnamiðstöðva,
- störf listamanna í skólum.

8.2.1 Starfsmönnum fræðsluskrifstofa, einkum **kennsluráðgjöfum**, verði smátt og smátt fjölgað (sbr. kafla 3.2.3 og 3.5.6).

Á undanförunum árum hefur áherslan beinst að sálfræðiþjónustu og sérkennslu. Nú á næstunni verði áherslan á að auka kennsluráðgjöf og **sálfræðiþjónustu fyrir öll skólastig**.

8.2.2 Sjá kafla 2.1.1 um **umdæmisfóstrur** og kafla 2.1.3 um **sálfræðiþjónustu** fyrir leikskóla.

8.2.3 Kennslugagnamiðstöðvar verði eflar í tengslum við allar fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur. Þær hafi Kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar í Reykjavík sem bakhjarl og þjónustuaðila. Verkefni þeirra verði fræðslu- og upplýsingastarfsemi, útlán gagna og þjónusta í formi aðstöðu og ráðgjafar.

Hugað verði að því hvort útfæra megi starfsemi þessara þjónustumiðstöðva þannig að þær þjóni öllum skólastigum. Það væri ein leið til þess að tengja skólastigin betur.

8.2.4. Fræðsluskrifstofum verði gert kleift að ráða teymi **listamanna** til þess að vinna tímabundið með kennurum umdæmisins (sjá kafla 3.3.4).

8.3 Samráð um stefnumörkun - þróunarráð og menntamálaþing

Meginmarkmið

Stofnað verði þróunarráð þeirra skólastiga er heyra undir skólamála- og framhaldsskólum til þess að efla samhæfingu og skapa vettvang fyrir gagnrýna umræðu og aðhald.

Menntamálaþing verði haldin reglulega.

Rök

Mikilsvert er fyrir viðamikid kerfi eins og skólakerfið sem þarf að vera í stöðugri þróun að fram komi efnisleg gagnrýni á starf þess og tækifæri gefist til að ræða áætlanir til langs tíma með skipulegum og reglubundnum hætti við ákveðinn hóp manna.

Þróunarráð verði vettvangur fyrir heildarumræðu þar sem horft verði til framtíðarinnar fremur en að huga að einstökum dægurmálum.

Á menntamálaþingi um öll skólastig gefast ýmsum aðilum möguleikar á að koma fram með hugmyndir um stefnumörkun og áherslubreytingar og tækifæri til að ræða stefnuna í víðu samhengi við stóran hóp manna. Einnig mætti halda menntamálaþing í fræðsluumdæmum.

Skilgreining

Þróunarráðið getur verið 12-14 manna ráð sem í sitji fulltrúar þeirra aðila sem sinna málefnum þessara skólastiga. Þeir geti m.a. verið samtök fóstura, kennara og skólastjórnenda, samtök foreldra, stofnanir sem mennta kennara og fósturur, Námsgagnastofnun, fræðsluskrifstofur og samtök sveitarfélaga. Auk þess sætu í ráðinu aðilar utan skólakerfisins skipaðir af ráðherra og formaður þess hugsanlega skipaður af ráðherra. Fulltrúar ráðuneytisins sitji fundi ráðsins. Það verði skipað til tveggja til þriggja ára í senn og komi saman nokkrum sinnum á ári.

Hlutverk þróunarráðs verði:

- a) að miðla upplýsingum á milli aðila um þróun innan einstakra stofnana og þróun á ákveðnum sviðum. Því hvíli sú skylda á einstökum fulltrúum stofnana eða hópa að miðla upplýsingum í ráðinu um sinn vettvang (t.d. gæfu þrír aðilar skýrslu á hverjum fundi ráðsins) en ekki síst að miðla upplýsingum sem fram koma í ráðinu á þann vettvang sem viðkomandi er fulltrúi fyrir;
- b) að vera ráðherra og ráðuneyti til ráðgjafar um heildarþróun skólakerfisins og koma með yfirvegaða gagnrýni;
- c) að fylgjast með framkvæmd þeirrar stefnu sem hér hefur verið mörkuð og koma með hugmyndir að breytingum.

Fyrsta menntamálaþing á vegum ráðuneytisins sem fjallaði um öll skólastigin var haldið í nóvember 1990. Þangað var boðið um 200 aðilum víðs vegar að úr skólakerfinu og utan þess.

Að sjálfsögðu hefur ráðuneytið samráð við fjölda aðila með ýmsum öðrum hætti, t.d. í öðrum ráðum, nefndum og starfshópum um margvísleg mál, með því að fela aðilum utan ráðuneytisins ýmisskonar verkefni, með skoðanakönnunum og fyrirspurnum, með fundum og ráðstefnum af ýmsu tagi og heimsóknum í skóla og stofnanir.

Skref sem stíga þarf á næstunni:

8.3.1 Leitað verði eftir **tilnefningu fulltrúa** í þróunarráð leik-, grunn- og framhaldsskóla þegar framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í skólamálaum til ársins 2000 liggur fyrir, ráðið skipað og því markaðar starfsreglur.

8.3.2 Hugað verði að þróunarráði fyrir háskólastigið eða að samstarfsnefnd um háskólastigið verði falið verkefni á þessu sviði.

8.3.3 Fyrsta menntamálaþingið var haldið 16. - 17. nóv. 1990. Næsta þing verði haldið 1992.

8.4 „Átaksár” til umræðu og aðgerða á ákveðnum sviðum

Meginmarkmið

Menntamálaráuneytið geri öðru hvoru sérstakt átak á ákveðnu sviði og helgi því t.d. eitt ár til sérstakra aðgerða og umfjöllunar.

Rök

Með slíku átaki er unnt að virkja stóra hópa fólks til framkvæmda á ákveðnu sviði og sérstakri fjárupphæð er varið til þess. Það gefur tilefni til þess að taka á ýmsum málum sem annars hefði að öllum líkindum ekki verið sinnt á þeim tíma og síðast en ekki síst fær málefnið umfjöllun í fjölmiðlum og aukna athygli almennings. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðherra á hverjum tíma haft samstarf við fjölda aðila um að vinna að máli sem er honum hugleikið.

Skilgreining

Menntamálaráðuneytið hefur að undanförmu helgað eitt ár átaki á ákveðnu sviði. Þannig hófst árið 1990 barnamenningarátak, sem einkum er helgað listiðkun og listsköpun barna og þætti þeirra til verndar og ræktunar náttúrunnar. Árið 1989 var málræktarátak og árið 1991 er stefnt að ári söngsins og undirbúningi raungreinaátaks. Þótt ár málræktar sé liðið heldur sú vinna áfram og átakið þykir hafa skilað árangri. Ekki þykir rétt að stefna að slíkum átaksárum árlega, þá hætta þau að vekja athygli og áhuga, fremur er gert ráð fyrir að þau séu nokkrum sinnum á áratug.

Után sérstakra átaksára sem menntamálaráðuneytið á frumkvæði að tekur það að sjálfsögðu þátt í alþjóðlegum átaksárum og t.d. var árið 1990 nefnt „Ár læsis” að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna og tileinkað baráttunni fyrir aukinni lestarkunnáttu í heiminum. Það ár hófst einnig norrænt umhverfisár sem stendur fram á mitt árið 1991. Árið 1988 var Norrænt tækniár.

Menntamálaráðuneytið getur einnig ákveðið að sinna ákveðnum málaflokki sérstaklega á tilteknu árabili; t.d. hófst fimm ára átak til eflingar námsráðgjafar og starfsfræðslu í skólum haustið 1989 (sbr. kafla 3.2.7, 4.1.6, 5.4.5, 6.4.2 og 7.2.5 a).

Í tengslum við slík átaksár þarf að stíga eftirfarandi skref sem varða:

- undirbúning,
- framkvæmd,
- tengsl við önnur verkefni.

8.4.1 Hefja undirbúning ataksárs árið á undan, ákveða áherslur fyrrihluta árs og leita til ýmissa aðila um framkvæmdina.

8.4.2 Skipa **framkvæmdanefnd** og stóran **samráðshóp** til ráðgjafar og aðstoðar upp úr miðju undirbúningsári, fela framkvæmdanefnd að skipuleggja árið og gera fjárhagsáætlun. Framkvæmdanefndin sjái síðan um aðgerðir, útgáfur, auglýsingar, opinbera umfjöllun o.s.frv. sbr. síðustu átaksár.

8.4.3 Ráðuneytið tengi átakið svo sem unnt er þeim verkum sem þar er verið að vinna og hvetur stofnanir sínar til þátttöku.

Samantekt um menntamálaráðuneytið

Ráðuneytið lítur hér í eigin barm og setur sér markmið um bættu þjónustu og aukna áherslu á yfirsýn, samhæfingu og stefnumörkun. Lögð er áhersla á aukið samstarf við ýmsa aðila, öflun og miðlun upplýsinga um skólakerfið og eflingu fræðsluskrifstofa í fræðsluumdæmunum til þess að stuðla að sem bestri þjónustu við allar byggðir landsins.

Lagt er til að stofnað verði þróunarráð sem fjalli um skólastigin frá leikskóla til framhaldsskóla og fylgist m.a. með framvindu þessarar áætlunar.

Niðurlag

Ráðuneytið leggur áherslu á að framkvæmdaáætlunin sem hér hefur verið gerð til 10 ára er langt frá því að vera endanleg; hún þarf þvert á móti að vera í stöðugri endurskoðun eftir því sem aðstæður og forsendur breytast. Með henni er reynt að gefa yfirlit yfir skólakerfið í heild og bent er á mál sem talin eru þarfnast úrlausnar á næstu árum. Ljóst er að skoðanir eru skiptar um marga þætti og getur áætlunin þannig orðið grundvöllur umræðna og skoðanaskipta sem leiða af sér frekari stefnumörkun. Það er von ráðuneytisins að áætlunin stuðli að markvissum vinnubrögðum og heildarsýn við úrlausn verkefna á sviði skólamála á komandi árum.

HEIMILDIR

- 1 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu.*
- 2 Menntamálaráðuneytið. 1991. *Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastefna til ársins 2000.*
- 3 Ásta Bárðardóttir og Jón Torfi Jónasson. 1989. *Förgangsverkefni í skólasterfi.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- 4 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Um könnun á förgangsverkefnum á sviði skólamála.*
- 5 Halldór Jónsson (samantekt og úrvinnsla). 1990. *Samantekt úr svörum framhaldsskólakennara við spurningum frá menntamálaráðuneytinu er varða stefnumörkun á sviði framhaldsskólástigsins.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- 6 Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990. *Niðurstöður skoðanakönnunar menntamálaráðuneytisins um háskólastigið.* Menntamálaráðuneytið.
- 7 Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Menntamálanefnd. 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.
- 8 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastefna til ársins 2000.*
- 9 Evrópuráðstefna Alþjóðakennarasamtakanna (WCOTP), Reykjavík. 1990. *Uppeldi í Evrópu árið 2000, ábendingar.* [Íslensk þýðing].
- 10 *Hagtíðindi*, júlí 1990 og *framreikningur Bygðastofnunar.*
- 11 *Hagtíðindi*, júlí 1990.
- 12 *Lög um grunnskóla nr. 63/1974 með innfelldum breytingum laga nr. 29/1978, 23/1983, 43/1984 og 87/1989.*
- 13 *Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988 með innfelldum breytingum laga nr. 107/1988 og laga nr. 72/1989.*
- 14 *Frumvarp til laga um leikskóla.* 1990.
- 15 *Frumvarp til laga um almenna fullorðinsfræðslu.* 1990.
- 16 *Frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.* 1990.
- 17 *Lög nr. 63/1974.*
- 18 *Lög nr. 57/1988.*
- 19 *Frumvarp* 1990.
- 20 Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri). 1985. *Staða íslenskra kvenna í kjölfar kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna 1975-1985.* Reykjavík, 85-nefndin.
- 21 Starfshópur um stöðu kynja í skólum. 1990. *Jöfn staða kynja í skólum. Stefna - markmið - leiðir.* Skýrsla. Menntamálaráðuneytið.
- 22 Starfshópur um stöðu kynja í skólum. 1990, bls. 15-17.
- 23 Starfshópur fræðslustjóra um kennaravandann á landsbyggðinni. 1990. *Álitsgerð til menntamálaráðherra.*
- 24 Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnússon. 1990. *Fámennir skólar. Niðurstöður úr könnun.* Menntamálaráðuneytið.
- 25 Erna Árnadóttir og Ingibjörg B. Frímannsdóttir. 1990. *Drög að skýrslu um Ár læsis á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.
- 26 *Frumvarp* 1990.
- 27 *Lög nr. 63/1974.*
- 28 *Lög nr. 57/1988.*
- 29 *Frumvarp* 1990.
- 30 Fulltrúar foreldra- og kennarafélaga. 1990. *Samstarf heimila og skóla. Skýrsla til menntamálaráðherra.* Menntamálaráðuneytið.
- 31 *Lög nr. 63/1974.*
- 32 *Lög nr. 63/1974.*
- 33 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Yfirlýsing ríkisstjórnar um vísinda- og tæknistefnu*, bls. 6.
- 34 *Frumvarp* 1990.
- 35 *Lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga*, nr. 87/1989.
- 36 Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 1989. *Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra.*
- 37 Menntamálaráðuneytið. 1985. *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili - markmið og leiðir.*
- 38 Menntamálaráðuneytið. 1987. *Uppeldisáætlun sem leiðarvísir. Fylgirit með Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili.*

- 39 Menntamálaráðuneytið. 1988. *Fjöldi nemenda og kennara í grunnskólum 1988 - 1989.*
- 40 Umboðsmaður Alþingis. 1990. *Álit í tilefni af kvörtun Jóns Kristjánssonar* (mál nr. 32/1988).
- 41 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Niðurstöður könnunar um efnisgjöld, kaup nemenda á námsgögnum og kostnað við valgreinar.*
- 42 Nefnd um tengsl safnastofnana og skóla. 1988. *Samskipti safna og skóla. Nefndarálit.* Menntamálaráðuneytið.
- 43 Kennarasamband Íslands. 1990. *Skólafestna - Mennt er máttur - 3. útg.*
- 44 Alþýðubandalagið. 1989. *Ályktanir landsfundar um uppeldi og menntun í breyttu samfélagi.*
- 45 Alþýðuflokkurinn. 1987. *Viðreisn velferðarríkisins. Nýsköpun í efnahagslífinu. Stefnunámál við Alþingiskosningar 1987.*
- 46 Borgaraflokkur. 1990. *Samþykktir 2. landsfundar um menntamál.*
- 47 Framsóknarflokkur. 1988. *Ályktun 20. flokksþings um félagsmál.*
- 48 Kvinnalístinn. 1987. *Stefnuskrá í landsmálum.*
- 49 Sjálfstæðisflokkurinn. 1989. *Ályktanir landsfundar.*
- 50 Samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál. 1988. *Áfangaskýrsla um skóla- og dagvistarmál.*
- 51 Stefán Ólafsson. 1990. *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum.* Reykjavík, Íðunn.
- 52 Lög nr. 87/1989, 34. gr.
- 53 Fjárlaga- og hagsýslustofnun. 1990, 13. febr. *Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla.*
- 54 Kennarasamband Íslands. 1990, bls. 40.
- 55 Vinnuhópur um tengsl heimila og skóla. 1984. *Samfelldur skóladaur. Tengsl heimila og skóla.* Menntamálaráðuneytið.
- 56 Starfshópur fræðslustjóra um kennaravandann á landsbyggðinni. 1990. *Álitsgerð til menntamálaráðherra.*
- 57 Jón Torfi Jónsson. 1989. *Lenging skóladags og einsetinn grunnskóli. Skýrsla unnin á vegum vinnuhóps menntamálaráðherra um lengingu skóladags og einsetinn skóla.* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- 58 Hópur um stefnumörkun í bókasafna- og upplýsingamálum til aldamóta. 1990. *Bráðabirgðaskýrsla.*
- 59 Menntamálaráðuneytið. 1987. *Bækur og tímarit fyrir skólasöfn í grunnskólum (stofnkostur), 3. útg.*
- 60 Helga Einardóttir. 1990. *Barnabækur. Yfirlit árána 1987-1989. Bókasafnið, 14, 10-15.*
- 61 Lög nr. 87/1989, 41. gr.
- 62 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastefna til ársins 2000.*
- 63 Kennarasamband Íslands. 1990, bls. 31.
- 64 Menntamálaráðuneytið. 1989. *Aðalnámskrá grunnskóla.*
- 65 Reglugerð nr. 98/1990.
- 66 Fulltrúar foreldra- og kennarafélaga. 1990. *Samstarf heimila og skóla. Skýrsla til menntamálaráðherra.*
- 67 Menntamálaráðuneytið. 1991. *Grunnskólinn okkar. Rit til foreldra.*
- 68 SAMFOK. 1990. *Foreldrastarf. Hugmyndir að samstarfi heimila og skóla.*
- 69 Lög nr. 49/1956.
- 70 Menntamálaráðuneytið. 1989. *Skýrsla menntamálaráðherra um stöðu list- og verkgreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og um menntun kennara í þessum greinum.*
- 71 Margrét Harðardóttir og Sigurlín Sveinbjarnardóttir. 1987. *Nýting tíma í íslenskum grunnskólum. Áfangaskýrsla.* Menntamálaráðuneytið.
- 72 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastefna til ársins 2000.*
- 73 Menntamálaráðuneytið. 1986. *Um heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldi í skólum.*
- 74 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar. Nefndarálit.*
- 75 Aure, V. og Boyesen, M. 1990. *Forsök með kunstkolen for barn og unge i 16 kommuner (1989 - 1992). Rapport nr. 1 Bakgrunn, oppstart og status.* Norsk kulturråd - Grunnskolerådet.
- 76 Nefnd um Námsgagnastofnun. 1989. *Skýrsla um stöðu Námsgagnastofnunar og framtíðarþróun.* Menntamálaráðuneytið.
- 77 Námsgagnastofnun. 1988. *Könnun á þörf fyrir sérkennsluefni.*
- 78 Umboðsmaður Alþingis. 1990. *Álit í tilefni af kvörtun Jóns Kristjánssonar* (mál nr. 32/1988).
- 79 Kennarasamband Íslands. 1990, bls. 52.
- 80 Margrét Harðardóttir og Sigþór Magnússon. 1990. *Fámennir skólar. Niðurstöður úr könnun.* Menntamálaráðuneytið.
- 81 Ársæll Guðmundsson. 1988. *Um kennslu viðskiptagreina í framhaldsskólum.* Menntamálaráðuneytið. Baldur Hafstað. 1987. *Um íslenskukennslu í framhaldsskólum.* Menntamálaráðuneytið. Benedikt Jóhannesson. 1987. *Um stærðfræðikennslu í framhaldsskólum.* Menntamálaráðuneytið.

- 82 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Samræmd könnunarpróf í grunnskólum. Álit og tillögur starfshóps.*
- 83 Starfshópur á vegum menntamálaráðherra um samræmd próf í íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla. 1990. *Tillögur um samræmd próf í íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla.* Menntamálaráðuneytið.
- 84 Þroskarannsókn 1976-1988 (óútg.).
- 85 Lög nr. 55/1974.
- 86 Kennarasamband Íslands. 1990, bls. 30.
- 87 Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Menntamálanefnd. 1990. *Education, Demography and the Labour market: Illustrative Data. Meeting of the Education Committee at Ministerial Level. 13. - 14. Nóvember 1990.*
- 88 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar. 3. útg.*
- 89 Gunnlaug Hartmannsdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir. 1989. *Námsferill nýnema í framhaldsskóla. Háskóli Íslands. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. (Óútg. BA-ritgerð).*
- 90 Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 1990. *Vinna framhaldsskólanema með námi.*
- 91 Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988 með innfelldum breytingum laga nr. 107/1988 og laga nr. 72/1989.
- 92 Nefnd um innra starf framhaldsskóla. 1989. *Um innra starf framhaldsskóla. Tillögur ásamt greinargerðum.* Menntamálaráðuneytið.
- 93 Starfshópur um þróunarverkefni í Fjölbautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi skólaárið 1989-1990. 1990. *Skýrsla.* Menntamálaráðuneytið.
- 94 Starfshópur um námstilboð fyrir þroskahefta. 1990. *Skýrsla um námstilboð fyrir þroskahefta nemendur við Fjölbautaskólann á Sauðárkróki.* Menntamálaráðuneytið.
- 95 Reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990.
- 96 Efnahags- og framfarastofnunin (OECD). Menntamálanefnd. 1987. *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi.* Menntamálaráðuneytið.
- 97 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Námskrá handa framhaldsskólum. Námsbrautir og áfangalýsingar. 3. útg.*
- 98 Starfshópur iðnfræðsluráðs um þróun verkmenntunar á Íslandi. 1989. *Skýrsla. Iðnfræðsluráð.*
- 99 Lög nr. 57/1988.
- 100 Kennslumálanefnd háskólaráðs. 1989. *Námshenging og fráhvarf í Háskóla Íslands.* Háskóli Íslands.
- 101 Persson, G. 1990. *Recurrent education and lifelong learning. A Swedish synthesis.* [Ræða flutt á ráðherrafundi í menntamálanefnd OECD. 13. - 14. nóvember 1990].
- 102 Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. 1989. *Háskólamenntun. Tölulegar upplýsingar lagðar fram á ráðstefnu um háskólastigið á vegum menntamálaráðuneytisins 26. maí 1989.* Tekið saman fyrir menntamálaráðuneytið.
- 103 Fox, Th. G. 1989. *Cocoon or Butterfly?* [Skýrsla um reynslu skóla af því að flytjast af framhaldsskólastigi á háskólastig]. Menntamálaráðuneytið.
- 104 Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990. *Niðurstöður skoðanakönnunar menntamálaráðuneytisins um háskólastigið.* Menntamálaráðuneytið.
- 105 Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990, bls. 10.
- 106 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um vísinda- og tæknistefnu.*
- 107 *Drög að frumvarpi til laga um Listaháskóla Íslands.* 1990.
- 108 Nefnd um Íþróttakennaraskóla Íslands. 1989. *Tillaga að frumvarpi til laga um Íþróttaháskóla Íslands.*
- 109 Fósturskólanefnd. 1988. *Nefndarálit.* Menntamálaráðuneytið.
- 110 Lög nr. 55/1974.
- 111 Lög nr. 18/1988.
- 112 Lög nr. 29/1988.
- 113 Úttektarnefnd skipuð af Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1987. *Úttekt á verkfræðideild Háskóla Íslands. I. Skýrsla nefndar.* Þróunarnefnd Háskóla Íslands.
- 114 Kyvik, S. og Ódegård, E. 1990. *Universitetene i Norden foran 90-tallet. Endringer i styring og finansiering av forskning. EPR-publikation nr. 13. Nord 1990:89.* Nordiska ministerrådets sekretariat.
- 115 Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1984. *Skýrsla.*
- 116 Menntamálaráðuneytið. 1990. *Drög að frumvarpi til laga um Listaháskóla Íslands.*
- 117 Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990.
- 118 Gerður G. Óskarsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. 1990.
- 119 Úttektarnefnd skipuð af Þróunarnefnd Háskóla Íslands. 1987.
- 120 Lánasjóður íslenskra námsmanna. 1990. *Skýrsla nefndar um framtíðarverkefni LÍN.*
- 121 Lög um námslán og námsstyrki nr. 72/1982.

- 122 Fjarkennslunefnd menntamálaráðuneytisins. 1987. *Skýrsla*. Menntamálaráðuneytið, bls. 1.
- 123 Frumvarp 1990.
- 124 Frumvarp 1990.
- 125 Frumvarp 1990.
- 126 *Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra* nr. 48/1986.
- 127 *Lög um Kennaraháskóla Íslands* nr. 29/1988.
- 128 Nefnd um Íþróttakennaraskóla Íslands. 1989. *Tillaga að frumvarpi til laga um Íþróttaháskóla Íslands*.
- 129 Fósturskólanefnd. 1988.
- 130 Starfshópur iðnfræðsluráðs um þróun verkmenntunar. 1989. *Staða verkmenntunar á Íslandi. Skýrsla*. Iðnfræðsuráð.
- 131 Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar. 1990. *Nefndarálit*. Menntamálaráðuneytið.
- 132 Kennaraháskóli Íslands. 1990. *Framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands. Skýrsla starfshóps*.
- 133 Kennaraháskóli Íslands. 1989. *Farskóli Kennaraháskóla Íslands. Tillögur að skipulagi dreifðrar og sveigjanlegrar kennaramenntunar*.
- 134 Starfshópur um hlutverk og markmið menntamálaráðuneytisins, skipulag og verkefni. 1989. *Hlutverk og markmið menntamálaráðuneytisins, skipulag þess og verkefni. Skýrsla starfshóps*. Menntamálaráðuneytið.
- 135 Skipulag og stjórnun. 1989. *Tillögur um skipulag og stjórnun menntamálaráðuneytisins*. Reykjavík.
- 136 *Auglýsing um skipulag menntamálaráðuneytisins* nr. 211/1990.
- 137 *Reglugerð um störf fræðslustjóra* nr. 57/1990.
- 138 Frumvarp 1990.

VIÐAUKI
UM FJÁRMÁL

Formáli

Í þessum viðauka er leitast við að reikna út þann árlega kostnaðarauka sem fellur á ríkissjóð ef markmið framkvæmdaáætlunarinnar ná fram að ganga. Menntamálaráðuneytið gerir ekki tilraun til að leggja mat á hvaða áhrif þetta hefur á útgjöld sveitarfélaganna, en bendir á útreikninga sem birtast hér í viðaukanum eftir Ingvar Ingvarsson, stjórnarmann í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Kostnaðartölur viðaukans eru miðaðar við hvert ár þegar viðkomandi markmið framkvæmdaáætlunar hefur náð fram að ganga. Á tíu árum kallar það á tæplega 2,2 milljarða kr. árlegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Árlegur kostnaður við menntamálaráðuneytið færi þá úr 14,9 milljörðum kr., eins og hann var árið 1990, í rúmlega 17 milljarða kr. árið 2000.

Ekki er gerð tilraun til að skipta þessum útgjöldum niður á einstök ár en nauðsynlegt verður að forgangsraða verkefnum á síðari stigum.

Útgjaldaauki ríkissjóðs

Þessi áætlun felur í sér tæplega 2,2 milljarða kr. árlegan útgjaldaauka fyrir menntamálaráðuneytið, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á tíu ára tímabili. Eins og bent hefur verið á voru útgjöld til skólamála um 13 milljarðar árið 1990. Hér er því verið að tala um 16,9% raunhækkun á útgjöldum til skólamála, sem jafngildir tæplega 1,6% árlegri raunaukningu. Rétt er að taka fram að í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir framlögum frá ríki til reksturs leikskóla. Komi ríkið inn í þann rekstur hækka heildarútgjöldin talsvert.

Hægt er að ná árlegri raunaukningu með ýmsu móti. Benda má á að hlutfall skólamála af heildarútgjöldum ríkissjóðs (þ.e. A-hluta) hefur lækkað nokkuð frá því sem það var hæst, eða úr rúmum 15% 1985 í um 13,5% árið 1990. Náist að endurheimta hlutfallið frá 1985, þá gerði það meira en að standa undir öllum þeim útgjöldum sem framkvæmdaáætlunin hefur í för með sér. Einnig má benda á að hagvöxtur á árunum 1979 - 1989 var um 2,5% á ári að meðaltali, og að Þjóðhagsstofnun spáir 1,6 - 1,7% árlegum hagvexti fram til ársins 1993 og batnandi afkomu eftir það. Gangi þessi spá eftir er ekki óraunhæft að ætla að þjóðfélagið sjái sér fært að veita auknum framlögum til skólamála, enda fátt sem stuðlar betur að auknum hagvexti til langs tíma en menntun.

Allar tölur í töflunum hér á eftir eru í milljónum króna.

Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framkvæmdaáætlunar


Aukning:

- Leikskólar	80
- Grunnskólar	1.015
- Framhaldsskólar	302
- Háskólar	345
- Fullorðinsfræðsla	183
- Kennara- og fóstrumenntun	263

Samtals árlegur kostnaðarauki ríkissjóðs eftir að öllum markmiðum þessarar áætlunar hefur verið náð:

2.188 milljónir kr.

Kostnaðarauki ríkissjóðs skipting



Leikskólar


Aukning:

- Þróunarstarf	2
- Uppeldisáætlun og útgáfa stuðningsefnis	1
- Aðstoð við fötluð börn	50
- Umdæmisfóstrur	14
- Sálfræðiþjónusta	13

**Samtals árlegur kostnaðarauki
til leikskóla:**

80 milljónir kr.

Aukning til leikskóla skipting




Grunnskólar

Aukning:

- Námsráðgjöf	100
- Listateymi	20
- Minni námshópar í listum og verkgreinum	36
- Efling Námsgagnastofnunar	143
- Lengri skóladagur, 35 vikustundir	435
- Þjónusta við fatlaða vegna lengingar skóladags	166
- Fjölgun skólasafnskennara	15
- Fækkun í nemendahópum	45
- Mat og eftirlit (þ.m.t. könnunarpróf)	15
- Efling fræðsluskrifstofa, kennsluráðgjöf, kennslugagnamiðstöðvar, sálfræðiþjónusta o.fl.	40
- Skólamáltíðir: Geta valdið auknum kostnaði sem grundvallar m.a. á kjarasamningum.	

**Samtals árlegur kostnaðar
auki til grunnskóla:**

1.015 milljónir kr.




Framhaldsskólar

Aukning:

- Próunarstarf		17
- Námsefni:		40
Námsefnisgerð, þ.m.t. hugbúnaður	30	
Þjónustumiðstöð	10	
- Útgáfa námskrár		5
- Farskólar		7
- Kennslueftirlit		10
- Aukið námsframboð		25
- Efling listiðkunar		5
- Skólamötuneyti		80
- Fjölgun eins árs framhaldsdeilda		8
- Þjónusta:		75
Sérkennsla	20	
Námsráðgjöf	42	
Sálfræðiþjónusta	13	
- Leiðsögn við nýliða í kennslu í framhaldsskólum		5
- Meistaránám		25

Samtals árlegur kostnaðarauki til framhaldsskóla:

302 milljónir kr.



Háskólar, kennsluhluti


Aukning:

- Viðbótar- og framhaldsnám	75
- Stuttar atvinnutengdar námsbrautir	160
- Stofnun Listaháskóla	100
- Námsráðgjöf	10

**Samtals árlegur kostnaður
auki til háskóla:**

345 milljónir kr.

Aukning til háskóla skipting



Fullorðinsfræðsla

Aukning:


- Menntunarsjóður fullorðinna	150
- Námsráðgjöf til fullorðinna	3
- Fjarkennsla á öllum skólastigum	30

**Samtals árlegur kostnaðarauki
til fullorðinsfræðslu:**

183 milljónir kr.

Aukning til fullorðinsfræðslu skipting

Menntunarsj. 82%



Fjarkennsla 16%

Námsráðgjöf 2%

Kennara- og fósturmenntun

Aukning:


- Dreift og sveigjanlegt kennaranám	52
- Dreift og sveigjanlegt fósturánám	39
- Lenging kennaranáms og fjölgun nemenda	100
- Listgreinanám	10
- Viðbótarnám verkmenntakennara	30
- Endurmenntun grunnskólakennara	9
- Endurmenntun framhaldsskólakennara	13
- Endurmenntun fóstura	10

(Sjá einnig töflu um háskóla,
m.a. um viðbótar- og framhaldsnám).

Samtals árlegur kostnaðarauki til
kennara- og fósturmenntunar:

263 milljónir kr.

Aukning til kennara- og fósturmenntunar skipting



Sveitarfélög

Eins og fram kom í inngangi að þessum viðauka um fjármál þá leggur menntamálaráðuneytið ekki mat á þann kostnaðarauka sem kann að lenda á sveitarfélögum náí framkvæmdaáætlunin fram að ganga. En til fróðleiks þá er hér birtur úrdráttur úr útreikningum sem Ingvar Ingvarsson stjórnarmaður í Sambandi íslenskra sveitarfélaga gerði.

Aukning:

Rekstrarkostnaður:


Leikskólar	1.855
Grunnskólar	876

Samtals rekstrarkostnaður: 2.731 milljónir kr.

Byggingarkostnaður:

Leikskólar	7.166
Grunnskólar	8.790
Framhaldsskólar	1.190

Samtals byggingarkostnaður: 17.146 milljónir kr.



Viðauki - heimildir:

Hagtölur mánaðarins, október 1990, Seðlabanki Íslands.
Ágrip úr Þjóðarbúskapnum nr. 1, 1989, Þjóðhagsstofnun.
Hagtíðindi, ágúst 1990, Hagstofa Íslands.
Sveitarsjóðareikningar 1979-1981, Hagstofa Íslands.
Fjárlög 1980-1990.
Fjárlagafrumvörp 1979-1991.
Ríkisreikningar 1979-1989.

